13. gr. laganna, sbr. 24. gr. laga nr. 108/1988 og 7. gr. laga nr. 47/1990, orðast svo: Stjórnir sveitarfélaga eða aðrir, sem annast eyðingu refa og minka samkvæmt lögum þessum, skulu ár hvert fyrir septemberlok skila umhverfisráðuneyti reikningum og sundurliðuðu reikningsyfirliti um kostnað við starfsemi þessa. veiðistjóri úrskurðar um reikningana. Nú úrskurðar veiðistjóri reikninga rétta og hóflega og endurgreiðir ríkissjóður þá sveitarfélögum helming útlagðs kostnaðar við framkvæmd laga þessara. Í sveitarfélagi, þar sem heildarkostnaður við refa- og minkaveiðar verður hærri en 3.000 kr. á hvern íbúa miðað við íbúafjölda 1. desember árið á undan, greiðir ríkissjóður þó allt að þremur fjórðu hlutum af kostnaði við framkvæmdina.

Um breytingu á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

34. gr.

Á eftir VIII. kafla laganna kemur nýr kafli sem verður IX. kafli með fyrirsögninni **Afgreiðslugjald skipa**, með einni grein sem verður 15. gr. laganna, og breytist töluröð kafla og greina í lögnum til samræmis við það. Greinin orðast svo:

Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip sem koma hingað einvörðungu vegna fiskveiða og vöru- og flutningaskip sem koma frá útlöndum og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipið á að fá hér á landi skal greiða 30 kr. af hverri nettórúmllest skipsins. Hálf rúmllest eða þar yfir telst heil. Af farþegaskipum skal greiða helmingi lægra gjald.

Gjald þetta skal greiða í fyrstu höfn er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftast en sex sinnum á almanaksári.

Undanþegin afgreiðslugjaldi eru herskip, spítalaskip og skip sem leita hafnar í neyð.

35. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögnum bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ákvæði þessara laga, sem fjalla um fjárnám, gilda með sama hætti um lögtök til 1. júlí 1992.

Um breytingu á lögum nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

36. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., er orðast svo:

Hlutaðeigandi ráðherra er þó heimilt að setja mann eða nefnd manna, um tiltekinn tíma, til að vera tilsjónarmenn stofnana, einnar eða fleiri í senn, ef sýnt þykir að kostnaður við rekstur þeirra fari fram úr þeim fjárveitingum sem fjárlög ákveða. Starfssvið tilsjónarmanna er að skipuleggja og hafa eftirlit með reikningshaldi og gerð fjárhagsáætlana stofnana og taka ákvarðanir um fjárskuldbindingar, þar á meðal um umfang starfsmannahalds, í samráði við ráðherra, eftir því sem nánar er lýst í erindisbréfi hverju sinni. Ráðherra skal enn fremur í erindisbréfi tilsjónarmanna kveða skýrt á um ábyrgðarsvið þeirra. Kostnaður við starf tilsjónarmanna greiðist af viðkomandi stofnun.

II. KAFLI

37. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1992 vegna aðflutningsgjalda af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

38. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 3. gr. laga nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi vera hærra en 12.000 þús. kr. á árinu 1992.

39. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 88/1989, Þjóðminjalaga, skal framlag ríkissjóðs í Húsafriðunarsjóð eigi nema hærri fjárhæð en 10.500 þús. kr. á árinu 1992.

40. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 91.500 þús. kr. á árinu 1992. Þar af skulu 14.000 þús. kr. renna til norræns kvikmyndaverkefnis.

41. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957, um Menningarsjóð, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi nema hærri fjárhæð en 6.000 þús. kr. á árinu 1992.

42. gr.

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhöfðu og endurbætur menningarbygginga, skal á árinu 1992 heimilt að ráðstafa fé af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögunum til framkvæmda við Bessastaði.

43. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi nema hærri fjárhæð en 60.000 þús. kr. á árinu 1992 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda.

44. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 32/1979 um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingapjónustu í sveitum falla þær greiðslur niður á árinu 1992.

45. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, og 7. gr. laga nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögunum leiðir.

46. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 37. gr. laga nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með 2. gr. laga nr. 29/1987, skal framlag ríkissjóðs til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á árinu 1992 vera 340.000 þús. kr.

47. gr.

Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1992.

48. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 26. gr. laga nr. 21/1963, um kirkjugarða, sbr. lög nr. 89/1987, skal hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti lækka um 20% á árinu 1992.

49. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 21/1981, um kirkjubyggingasjóð, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 1.000 þús. kr. á árinu 1992.

50. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1992.

51. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 36. gr. laga nr. 67/1971, almannatryggingalaga, skal framlag ríkissjóðs til varasjóðs slysatrygginga falla niður á árinu 1992.

52. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga nr. 39/1965, um meðferð ölvaðra manna og drykkju-sjúkra, skal framlag ríkissjóðs til Gæsluvistarsjóðs falla niður.

53. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 42. gr. laga nr. 49/1978, lyfjalaga, skal framlag ríkissjóðs til Lyf-sölusjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 900 þús. kr. á árinu 1992.

54. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, um Hafnabótasjóð, skal framlag ríkissjóðs ekki nema hærri fjárhæð en 90.000 þús. kr. á árinu 1992.

55. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 8. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrr-nefndum lögum ekki nema hærri upphæð en 68.000 þús. kr. á árinu 1992.

56. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 35. gr. laga nr. 19/1964, skipulagslaga, sbr. lög nr. 42/1974, skal mótfamlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 4.500 þús. kr. á árinu 1992.

57. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. másl. 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, skulu 265 m.kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt lögum renna í ríkissjóð á árinu 1992 en ekki vera varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun.

58. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 33. gr. laga þessara (13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka) er umhverfisráðherra heimilt, að fengnum tillögum veiðistjóra, að ákveða að ríkis-

sjóður taki ekki þátt í kostnaði við minkaveiðar, grenjaleit og grenjavinnslu á tilteknum svæðum á árinu 1992. Umhverfissráðuneytið skal auglýsa fyrir 1. maí 1992 til hvaða land-svæða ákvörðunin tekur og hver séu mörk þeirra.

Þrátt fyrir ákvæði 3., 4. og 5. gr. laga nr. 52/1957 er sveitarstjórnnum og stjórnnum upp-rekstrarfélaga heimilt að fella niður grenja- og minkaleitir á árinu 1992 á svæðum þar sem ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við veiðarnar.

59. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 12. og 13. gr. laga nr. 56/1972, um lögreglumenn, skulu sveitar-félög greiða hluta kostnaðar við löggæslu á árinu 1992 sem hér segir:

Sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri greiði 2.370 kr. á hvern íbúa, sveitarfélög með færri en 300 íbúa greiði 1.420 kr. á hvern íbúa. Miða skal við íbúafjölda 1. desember 1991.

Framlög sveitarfélaga skulu greidd með jöfnum mánaðarlegum greiðslum samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

60. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 12. og 13. gr. laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, skal því 100 millj. kr. aukaframlagi í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem ákveðið var við loka-afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1992, einungis varið til jöfnunarframlaga, sbr. 14. gr.

III. KAFLI

61. gr.

Upphafsmálsliður 1. gr. laga nr. 80/1991, um breyting á lögum um eftirlaun til aldr-aðra, nr. 2 14. febrúar 1985, sbr. lög nr. 130/1989, orðast svo: Í stað lokamálsliðar 1. mgr. 6. gr. laganna koma þrír nýir málsliðir er orðast svo.

62. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 13.–17. og 24. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. febrúar 1992.

Ákvæði 8. gr. laga þessara, um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, taka þó eigi gildi fyrr en 1. mars 1992. Frá þeim tíma falla úr gildi 1.–4. gr. laga nr. 88/1990, um ríkis-ábyrgð á launum. Þá verða eftirfarandi breytingar á lögum nr. 88/1990:

1. Í stað orðsins „ríkissjóður“ í 5.–7. gr., 1. másl. 1. mgr. og 2. mgr. 8. gr., 9. gr., 1. másl. 1. mgr. og 2. mgr. 11. gr., 12.–13. gr. og 1. másl. 2. mgr. 14. gr. þeirra laga kemur (í viðeigandi beygingarföllum): ábyrgðasjóður.
2. Í stað orðsins „ríkisábyrgð“ í 8. gr. og „ríkisábyrgðar“ í 10. gr. kemur: ábyrgð og ábyrgðar.
3. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 13. gr. kemur: stjórn sjóðsins og í stað orðanna „fjármálaráðherra“ og „hann“ í 2. mgr. 14. gr. kemur: stjórn sjóðsins og stjórnin.
4. Orðin „skv. a- til d-liðum 1. mgr. 4. gr.“ í 5. gr. falla brott.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu er heimilt að fella ákvæði I. kafla inn í megin-mál þeirra laga sem þau breyta og gefa þau lög út svo breytt. Jafnframt skal eftir 1. mars 1992 gefa út að nýju ákvæði 6.–8. gr. laga þessara, að viðbættum ákvæðum 5.–15. gr. laga nr. 88/1990, með áorðnum breytingum, með fyrirsögninni: Lög um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

Ákvæði til bráðabirgða.**I.**

Á meðan vextir, verðbætur og gengishagnaður eru frádráttarbærar tekjur við ákvörðun tekjuskattsstofns skulu þessar tekjur hvorki hafa áhrif á tekjur til skerðingar elli- og örorkulífeyris, sbr. 11. og 12. gr., né tekjutryggingar, sbr. 19. gr. laga um almannatryggingar.

II.

Þeir sem ákveðið hafa frestun ellilífeyris fyrir 1. janúar 1992, sbr. 11. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, skulu halda rétti sínum. Tryggingastofnun ríkisins skal breyta fjárhæðum vegna frestunarinnar til samræmis við breytingar sem verða á fjárhæðum bóta almannatrygginga hverju sinni. Nú andast maður sem frestað hefur töku lífeyris fram yfir 67 ára aldur fyrir 1. janúar 1992 og lætur eftir sig maka á lífi og skal þá hinn eftirlifandi maki til viðbótar eigin lífeyri eiga rétt á þeirri hækkun sem hinn látni átti rétt á vegna frestunar.

III.

Þrátt fyrir ákvæði 62. gr. laga þessara öðlast c-, d- og e-liður 1. tölul. 20. gr. gildi 1. mars 1992. Fram til 1. mars 1992 skal hlutdeild sjúkratrygginga miðast við gildandi gjaldskrá tannlækna. Ráðherra er þó heimilt að fresta gildistöku c-, d- og e-liðar 20. gr. fram til 1. september 1992.

IV.

Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. laga þessara (44. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum) skulu þeir sem njóta eiga endurgreiðslna á árinu 1991 samkvæmt reglum nr. 63/1991 um endurgreiðslur sjúkratrygginga af tannréttingskostnaði samkvæmt lögum um almannatryggingar njóta þess réttar áfram, enda teljist sannað að þeir hafi átt þennan rétt. Tryggingastofnun ríkisins skal fyrir 15. febrúar 1992 auglýsa með áberandi hætti eftir þeim aðilum sem telja sig eiga rétt samkvæmt framansögðu og ber þeim sem ekki hafa þegar sent inn umsóknir að gera það fyrir 15. mars 1992 á eyðublöðum sem stofnunin lætur í té. Að öðrum kosti fellur rétturinn niður. Greiðslum samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu skal ljúka 31. desember 1993.

V.

Teljast nauðsynlegt til þess að tryggja endurgreiðslur skv. II er ráðherra heimilt að setja sérstaka gjaldskrá.

VI.

Ákvæði 8. gr. laga þessara gilda um kröfur sem hlotið hafa umsögn skiptaráðanda 1. mars 1992 eða síðar.

Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

LÁNSFJÁRLÖG

fyrir árið 1992.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Lántökur ríkissjóðs.

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka að láni allt að 13.950 m.kr. á árinu 1992.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1992 og þessara laga.

3. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að endurlána allt að 5.095 m.kr. af fjárhæð skv. 1. gr. til eftirtalinna aðila:

1. Lánasjóður íslenskra námsmanna, allt að 2.815 m.kr.
2. Alþjóðaðflugþjónustan, allt að 480 m.kr.
3. Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar, allt að 1.650 m.kr.
4. Fiskeldisfyrirtæki, allt að 150 m.kr.

II. KAFLI

Ríkisábyrgðir.

4. gr.

Eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, er heimilt að nýta þær á árinu 1992, með þeim takmörkunum sem koma fram hér að neðan, sbr. 13. gr. laga nr. 84/1985, um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga:

1. Landsvirkjun, allt að 845 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
2. Byggingarsjóður ríkisins, allt að 2.785 m.kr., sbr. 9. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
3. Byggingarsjóður verkamanna, allt að 5.640 m.kr., sbr. 64. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
4. Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, allt að 12.000 m.kr., sbr. 35. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
5. Stofnlánadeild landbúnaðarins, allt að 700 m.kr., sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með áorðnum breytingum.
6. Byggðastofnun, allt að 850 m.kr., sbr. 18. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.
7. Iðnlánasjóður, allt að 1.600 m.kr., sbr. 6. og 10. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, með áorðnum breytingum.
8. Ferðamálasjóður, allt að 130 m.kr., sbr. 27. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, með síðari breytingum.

5. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántökur eftirtalinna aðila á árinu 1992:

1. Herjólfur hf., allt að 400 m.kr. til smíði á nýrri ferju.
2. Hitaveita Akureyrar, allt að 356 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
3. Bæjarveitur Vestmannaeyja, allt að 21 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
4. Skallagrímur hf., allt að 85 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
5. Rafmagnsveitur ríkisins, allt að 76 m.kr. til kaupa á eignum Hitaveitu Seyðisfjarðar.

6. gr.

5. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, með síðari breytingum, orðast svo: Ríkissjóður ber eigi ábyrgð á þeim skuldbindingum sem Fiskveiðasjóður stofnar til eftir 1. mars 1992.

7. gr.

Heimilt er að afnema ábyrgð ríkissjóðs á nýjum skuldbindingum sem Iðnþróunarsjóður stofnar til eftir gildistöku laga þessara, enda sé leitað eftir staðfestingu ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um viðeigandi breytingu á samningi um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland, sbr. lög nr. 9/1970, með síðari breytingum.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

8. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán að hluta eða öllu leyti í stað þess að veita ríkisábyrgð á lántökur þeirra aðila sem tilgreindir eru í 2.–4. tölul. 4. gr. og í 5. gr. og endurlána til þeirra með þeim kjörum og skilmálum sem hann ákveður.

Erlendar lántökur þeirra aðila sem tilgreindir eru í 1. mgr. og ríkissjóðs mega nema allt að 8.581 m.kr. á árinu 1992.

Frá hámarki því, er um getur í 2. mgr., má víkja svo fremi að nettó innstreymi erlends lánsfjár sé í samræmi við forsendur fjárlaga og lánsfjárlaga.

9. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:

- a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör bjóðast,
- b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxtabreytingum,
- c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána, sem tekin voru á grundvelli heimilda í II. kafla, að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

10. gr.

Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta heimildir II. kafla eða 9. gr. skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

11. gr.

Yfirtekin lán, ábyrgðir veittar á lántökum þriðja aðila og milliganga um töku erlendra lána fyrir innlenda aðila á grundvelli auglýsingar viðskiptaráðuneytis, nú nr. 314/1990,

um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar, eða annarra heimilda veittra einstökum fyrirtækjum, teljast til lántöku og skulu rúmast innan þeirra heimilda sem tilgreindar eru í II. kafla.

12. gr.

Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardeggi lánsfjárlaga.

13. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að yfirtaka skuldir Framkvæmdasjóðs Íslands að fjárhæð allt að 1.700 m.kr.

14. gr.

Lántökuheimildir og heimildir til veitingar ríkisábyrgða, sem tilgreindar eru í I.–III. kafla, gilda á árinu 1992. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. apríl 1993 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

um breyting á lögum nr. 70/1985, um Framkvæmdasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Framkvæmdasjóður Íslands (á ensku The Development Fund of Iceland) er eign ríkissjóðs og undir stjórn Lánasýslu ríkisins. Um starfsemi hans fer eftir lögum nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Lánasýslu ríkisins er heimilt að endurfjármagna skuldir Framkvæmdasjóðs í nafni ríkissjóðs.

3. gr.

3.–6., 8. og 10.–11. gr. laganna falla brott og breytist greinatala samkvæmt því.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lánasýsla ríkisins tekur frá sama tíma við umsjá allra eigna og skulda, krafna og skuldbindinga Framkvæmdasjóðs Íslands eins og þær standa við gildistöku laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 – 1992

Nr. 4

18

27. janúar 1992

LÖG

um breyting á lögum nr. 40 15. maí 1990,
um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Stofna skal sjóð er nefnist Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins. Hlutverk Hagræðingarsjóðs er að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð, koma til aðstoðar byggðarlögum er standa höllum fæti vegna breytinga í útgerðarháttum og að efla hafrannsóknir.

Sjóðurinn skal stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð með því að laga stærð og afkastagetu fiskiskipastólsins að afrakstursgetu nytjastofna sjávar. Í þessu skyni skal sjóðurinn veita styrki til úrelingar fiskiskipa, enda sé tryggt að í stað hinna úreltu skipa komi ekki ný skip í fiskiskipaflotann eða að afkastageta flotans aukist með öðrum hætti.

Sjóðurinn skal koma til aðstoðar einstökum byggðarlögum með því að efla vinnslu sjávarfangs á þeim stöðum þar sem straumhvörf hafa orðið í atvinnulífi vegna sölu fiskiskips. Í því skyni getur sjóðurinn framselt tímabundið aflaheimildir, enda verði aflanum landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands skal jafnframt annast stjórn Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins.

Fiskveiðasjóður annast reikningshald og rekstur Hagræðingarsjóðs.

Fjárhagur Hagræðingarsjóðs skal aðskilinn fjárhag Fiskveiðasjóðs.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Hagræðingarsjóði skal á hverju fiskveiðiári úthlutað aflaheimildum er nema 12.000 þorskígildum í lestum talið. Skal þessum aflaheimildum skipt á þær botnfisktegundir sem sæta ákvæðum um leyfðan heildarafla og miðað við þau verðmætahlutföll er ráðherra ákveður. Skal allt að fjórðungi þessara aflaheimilda varið til eflingar fiskvinnslu í byggðarlögum er höllum fæti standa, sbr. 7. gr., en aflaheimildum sjóðsins skal að öðru leyti ráðstafa samkvæmt ákvæðum 6. gr. og 1. mgr. 8. gr. Taka skal tillit til aflaheimilda Hagræðingarsjóðs við ákvörðun aflamarks einstakra skipa.

4. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Hagræðingarsjóður skal við upphaf hvers fiskveiðiárs gefa útgerðum þeirra skipa, er aflahlutdeild hafa af botnfisktegundum sem sjóðurinn fær úthlutað skv. 5. gr. og ekki eru boðnar byggðarlögum skv. 7. gr., kost á að fá framseldar til sín aflaheimildir sjóðsins gegn endurgjaldi. Skal forkaupsrétturinn boðinn í hlutfalli við aflahlutdeild hvers skips af þeim tegundum sem sjóðurinn hefur forræði á. Endurgjald skal miðað við almennt gangverð á sams konar heimildum að mati ráðherra. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið lágmark þeirra aflaheimilda sem forkaupsréttur samkvæmt þessari grein nær til.

5. gr.

Á eftir 6. gr. laganna koma tvær nýjar greinar svohljóðandi:

a. (7. gr.)

Óski sveitarstjórn að fá forkaupsrétt að aflaheimildum sjóðsins skal umsókn þar að lútandi send Hagræðingarsjóði einum mánuði fyrir upphaf fiskveiðiárs. Skilyrði fyrir að sveitarstjórn fái forkaupsrétt að aflaheimildum sjóðsins er að sala fiskiskips eða fiskiskipa hafi valdið straumhvörfum í atvinnumálum viðkomandi byggðarlags þannig að fyrir-sjáanleg sé veruleg fækkun starfa og byggðaröskun sé yfirvofandi. Sjóðstjórn skal taka afstöðu til óska sveitarstjórna um forkaupsrétt að fengnum tillögum Byggðastofnunar.

Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar að tilteknum aflaheimildum samkvæmt ákvæðum 1. mgr. skulu aflaheimildirnar framseldar fiskiskipi eða fiskiskipum sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni gegn því skilyrði að aflanum verði landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi. Um endurgjald fyrir þær aflaheimildir sem framseldar kunna að verða samkvæmt ákvæðum þessarar greinar gilda ákvæði 3. málsl. 6. gr.

b. (8. gr.)

Þær aflaheimildir, sem forkaupsréttur er ekki nýttur á skv. 6. og 7. gr. laga þessara, skal framselja hæstbjóðanda samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð.

Öllum tekjum Hagræðingarsjóðs af ráðstöfun aflaheimilda skal varið til að standa straum af kostnaði við rekstur Hafrannsóknastofnunarinnar. Sjóðurinn skal standa stofn-uninni jafnharðan skil á innheimtum tekjum.

6. gr.

7. gr. laganna, er verður 9. gr., orðast svo:

Úreldingarstyrkur skal vera tiltekið hlutfall af húftryggingarverðmæti fiskiskips að hámarki 30%. Skal ráðherra ákveða styrkhlutfall fyrir upphaf hvers almanaksárs að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins. Úreldingarstyrkur vegna hvers einstaks skips skal þó aldrei vera hærri en 50 m.kr. Sú fjárhæð er grunnfjárhæð sem breytist í sama hlutfalli og gjald til sjóðsins skv. 4. mgr. 4. gr.

Sjóðurinn veitir eingöngu styrki vegna úreldingar þeirra skipa sem gjaldskyld eru skv. 1. mgr. 4. gr. Skal styrkur miðaður við það hlutfall er gildi á því ári er umsókn um styrkinn barst og styrkur reiknaður af húftryggingarverðmæti skips í upphafi þess árs.

Komi í ljós að fjárhagur sjóðsins leyfi ekki greiðslu úreldingarstyrkja skv. 1. mgr. þessarar greinar er ráðherra heimilt að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins að lækka þegar ákveðið styrkhlutfall ársins. Jafnframt er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða frestun á greiðslu styrkja ef hún telur að um tímabundinn skort á ráðstöfunarfé sé að ræða.

7. gr.

8. gr. laganna, er verður 10 gr., orðast svo:

Skilyrði fyrir veitingu loforðs um styrk vegna úreldingar fiskiskips er að eigandi þess lýsi því yfir að skipið verði tekið af skipaskrá, að réttur til endurnýjunar þess verði ekki nýttur og enn fremur að allar veiðiheimildir skipsins verði varanlega sameinaðar aflaheimildum annarra fiskiskipa.

Óheimilt er að greiða úreldingarstyrk fyrr en fyrir liggur vottorð Siglingamálastofnunar ríkisins um afskráningu skipsins af skipaskrá og yfirlýsing frá sjávarútvegsráðuneytinu um að allar aflaheimildir skipsins hafi varanlega verið sameinaðar aflaheimildum annarra skipa og að fallið hafi verið frá rétti til endurnýjunar skipsins.

8. gr.

9. og 10. gr. laganna falla brott.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 40/1990 og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á fiskveiðiárinu 1. september 1991 til 31. ágúst 1992 skal þeim aflaheimildum, sem Hagræðingarsjóður fær til ráðstöfunar skv. 5. gr. laga nr. 40 í 5. maí 1990, varið til hækkunar á aflamarki einstakra skipa í hlutfalli við aflahlutdeild hvers skips af þeim fisktegundum sem sjóðurinn hefur til umráða.

Gjört í Reykjavík, 27. janúar 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46 27. júní 1985, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætast eftirfarandi orðskýringar í rétttri stafrófsröð:

Efri og neðri mörk greiðslumarks eru leyfileg fráviksmörk framleiðslu á lögbyli frá greiðslumarki býlisins án þess að frávikid valdi breytingu á beinum greiðslum úr ríkissjóði.

Greiðslumark lögbylis er tiltekið magn kindakjöts, mælt í kílógrömmum, sem ákveðið er fyrir hvert lögbyli samkvæmt búvörusamningi og veitir rétt til beinnar greiðslu úr ríkissjóði.

Heildargreiðslumark sauðfjárafurða er tiltekið magn kindakjöts, mælt í tonnum, sem ákveðið er samkvæmt búvörusamningi með tilliti til heildarneyslu innan lands og skiptist milli lögbyla eftir greiðslumarki þeirra.

2. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Við gerð verðlagsgrundvallar skulu beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda teljast til tekna og koma til lækkunar á afurðaverði þeirra afurða sem beinar greiðslur taka til.

3. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verði 2. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er verðlagsnefnd heimilt að víkja frá því að gera ársfjórðungslega breytingu á verðlagsgrundvelli og afurðaverði til framleiðenda, að hluta eða öllu leyti. Þrátt fyrir ákvæði 8.–10. gr. er verðlagsnefnd heimilt við ákvörðun á nýjum verðlagsgrundvelli að semja um tilteknar fyrir fram ákveðnar framleiðnikröfur á gildistíma grundvallarins. Verðlagsnefnd er heimilt við ákvörðun og breytingar á verðlagsgrundvelli og afurðaverði til framleiðenda að víkja frá ákvæðum 8.–10. gr. og 1. mgr. 12. gr. og breyta einstökum liðum og verði einstakra afurða, enda sé um það fullt samkomulag innan nefndarinnar.

4. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verði 3. mgr., svohljóðandi:

Fimmannanefnd er, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., heimilt í samkomulagi um heildsöluverð að gera tilteknar fyrir fram ákveðnar framleiðnikröfur til afurðastöðva, enda sé það samhljóða ákvörðun nefndarinnar.

5. gr.

Við 29. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Á meðan ákvæði IX. kafla um beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda sauðfjárafurða eru í gildi eða ef samið hefur verið um slíkar greiðslur til framleiðenda mjólkur- og sauðfjárafurða samkvæmt heimild í a-lið 30. gr. gilda ákvæði þessarar greinar um greiðslur afurðastöðvar fyrir innlagðar afurðir allt að efri mörkum greiðslumarks lögbýlis. Sama gildir um slátur, gætur og ull vegna þeirrar framleiðslu.

Áður en afurðastöð kaupir eða tekur til sölumeðferðar sauðfjárafurðir umfram efri mörk greiðslumarks framleiðanda skal gert sérstakt samkomulag milli afurðastöðvar og framleiðanda um slátrun, afurðaverð og greiðslu þess, eftir því sem við á. Samsvarandi magn afurða skal markaðsfært erlendis á ábyrgð viðkomandi aðila. Þó getur Framleiðsluráð landbúnaðarins heimilað sölu þeirra innan lands ef framleiðsla verður minni en sala.

Hafi verið tekin ákvörðun um verðskerðingu vegna birgðasöfnunar í lok verðlagsárs skv. 44. gr. er afurðastöð skylt að halda henni eftir við uppgjör til framleiðenda á næsta verðlagsári og standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á hinu innheimta verðskerðingarfé.

6. gr.

Við a-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist: Á sama hátt er landbúnaðarráðherra heimilt í stað ofanefndra samninga að semja um beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda mjólkur- og sauðfjárafurða á lögbýlum.

7. gr.

Á eftir VIII. kafla laganna kemur nýr kafli, sem verður IX. kafli, með fyrirsögninni **Um aðlögun og stjórn framleiðslu sauðfjárafurða 1991–1998**, og breytist kafla- og greinatala í lögnum til samræmis við það. Kaflinn orðast svo:

a. (39. gr.)

Frá 1. maí 1991 til 31. ágúst 1992 skal laga fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða að innanlandsmarkaði með því að ríkissjóði er heimilt að greiða fyrir fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða allt að 3.700 tonnum og greiða förgunarbætur vegna fækkunar áa eftir nánari ákvörðun í reglugerð.

Framleiðendur sauðfjárafurða á lögbýlum geta fram til 31. ágúst 1992 haft aðilaskipti að fullvirðisrétti, enda séu uppfyllt skilyrði þau sem ráðherra setur í reglugerð. Ríkissjóði er við slík aðilaskipti heimilt samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra að fella niður allt að 20% fullvirðisréttarins gegn greiðslu eftir nánari ákvörðun í reglugerð.

Eigendum lögbýla er heimilt að leggja fullvirðisrétt/greiðslumark lögbýlisins inn til geymslu til 31. ágúst 1998 án þess að það veiti hlutdeild í heildargreiðslumarki á tímabilinu og greiðir ríkissjóður þá förgunarbætur vegna fækkunar áa.

Fullvirðisréttur utan lögbýla, sem ekki hefur verið boðinn ríkissjóði skv. 1. mgr. fyrir 1. september 1992, skal falla niður.

Takist ekki eftir ofangreindum leiðum að laga fullvirðisréttinn að innanlandsmarkaði skal færa fullvirðisrétt miðað við 31. ágúst 1992 niður um það sem á vantar og komi greiðsla fyrir eftir nánari ákvörðun í reglugerð. Við lok aðlögunar fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði skal miða við að hann verði í samræmi við heildargreiðslumark verðlagsársins 1993/1994, sbr. þó 1. mgr. Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð, að höfðu samráði við Stéttarsamband bænda, að niðurfærsla skuli vera mismunandi eftir landsvæðum. Jafnframt er heimilt að undanþiggja einstaka framleiðendur niðurfærslu að því marki sem þegar gerðir samningar við ríkissjóð kveða á um.

Aður en greiðslur ríkissjóðs fyrir fullvirðisrétt og förgun bústofns verða inntar af hendi skal liggja fyrir staðfesting þess að ám hafi verið fargað og að ásetningur haustin 1991 og 1992 verði í samræmi við umsamda fækkun og niðurfærslu.

b. (40. gr.)

Heildargreiðslumark sauðfjárafurða er tiltekið magn kindakjöts, reiknað í tonnum, sem beinar greiðslur ríkissjóðs miðast við. Heildargreiðslumark skiptist í greiðslumark lögbýla. Það skal endanlega ákveðið fyrir 15. september ár hvert vegna framleiðslu næsta verðlagsárs, en verður 8.600 tonn verðlagsárið 1992–1993.

Við ákvörðun heildargreiðslumarks skal byggt á neyslu síðasta almanaksárs og söluþróun fyrstu sex mánuði yfirstandandi árs. Heimilt er einnig að taka tillit til líklegar neysluþróunar á komandi ári. Þá skal tekið tillit til birgða 1. september þannig að þær samsvari þriggja vikna sölu innan lands. Til neyslu telst öll sala kindakjöts frá afurðastöð á innlendum markaði, svo og það kindakjöt sem framleiðendur taka úr sláturhúsi.

Landbúnaðarráðherra skal, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins, ákveða heildargreiðslumark fyrir hvert verðlagsár og setja í reglugerð nánari ákvæði um skiptingu í greiðslumark lögbýla.

c. (41. gr.)

Greiðslumark skal bundið við lögbýli. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal halda skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beinna greiðslna samkvæmt því. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega.

Greiðslumark hvers lögbýlis fyrir verðlagsárið 1992–1993 skal vera í hlutfalli við fullvirðisrétt þess eins og hann er að loknum 1. hluta aðlögunar fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði að teknu tilliti til aðilaskipta að fullvirðisrétti fram til 31. ágúst 1992. Heimilt er að binda greiðslumark verðlagsársins 1992–1993 við tiltekinn ásetning sauðfjár á hverju lögbýli.

Greiðslumark hvers lögbýlis verðlagsárið 1993–1994 skal vera í hlutfalli við fullvirðisrétt þess að lokinni aðlögun að innanlandsmarkaði 31. ágúst 1992 að teknu tilliti til aðilaskipta að fullvirðisrétti.

Við ákvörðun greiðslumarks ofanefndra verðlagsára er heimilt að taka tillit til fullvirðisréttar sem bundinn er í samningum og heimtekens kjöts haustin 1990 og 1991.

Greiðslumark þaðan í frá breytist í hlutfalli við breytingar á heildargreiðslumarki.

Fari framleiðsla á lögbýlinu umfram efri mörk greiðslumarks þess, án sérstaks samkomulags við afurðastöð, skal það sem umfram er og ekki rúmast innan heildargreiðslumarks koma til lækkunar á greiðslumarki þess á næsta verðlagsári. Þá er heimilt að skerða greiðslumarkið um allt að 0,5 kg fyrir hvert framleitt kílógramm umfram efri mörk.

d. (42. gr.)

Frá 1. september 1992 eru heimil aðilaskipti greiðslumarks á milli lögbýla, enda séu uppfyllt skilyrði þau sem ráðherra setur í reglugerð. Slík aðilaskipti taka ekki gildi fyrir en staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir. Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi þess þarf samþykki beggja fyrir aðilaskiptum að greiðslumarki frá lögbýli.

Leiguliða er heimilt að kaupa greiðslumark á lögbýlið og skal það skráð sérstaklega á nafn hans. Nú vill leiguliði selja slíkt greiðslumark og skal jarðareigandi eiga forkaupsrétt að greiðslumarkinu. Tilkynna skal jarðareiganda um fyrirhugaða sölu, verð og greiðsluskilmála og hann skal hafa sagt til um það innan 30 daga frá því tilkynning barst honum hvort hann ætlar að neyta forkaupsréttar.

Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um aðilaskipti með greiðslumark og skráningu þess. Ef hætta skapast á að tilfærsla á greiðslumarki gangi gegn æskilegum landnýtingarsjónarmiðum er landbúnaðarráðherra heimilt að takmarka eða stöðva slík aðilaskipti að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið. Sama gildir ef fyrir liggur rökstutt álit Landgræðslu ríkisins um að hin fyrirhuguðu aðilaskipti fari í bága við gróðurverndarsjónarmið.

e. (43. gr.)

Bein greiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðanda sauðfjárafurða og skal svara til 50% af framleiðslukostnaði kindakjöts. Það greiðist samkvæmt greiðslumarki hvers lögbýlis.

Beinar greiðslur skulu greiðast mánaðarlega á tímabilinu frá mars til desember fyrir það verðlagsár sem hefst 1. september það ár, í fyrsta sinn í mars 1992. Fullnaðargreiðsla skal innt af hendi eigi síðar en 15. desember. Heimilt er að binda beinar greiðslur við tiltekinn ásetning sauðfjár á lögbýlinu.

Beinar greiðslur breytast ekki þegar framleiðsla á lögbýlinu er 80–105% af greiðslumarki þess verðlagsárið 1992–1993. Þó er heimilt að greiða beinar greiðslur út á framleiðslu allt að efri mörkum greiðslumarks við lokauppgjör enda rúmist þær greiðslur innan heildargreiðslumarks ársins. Fráviksmörk þessi, þ.e. efri og neðri mörk greiðslumarks, skulu endurskoðuð árlega með hliðsjón af markaðsaðstæðum. Nái framleiðsla ekki tilskildu hlutfalli greiðslumarks skerðast beinar greiðslur ársins hlutfallslega frá því marki sem sett er hverju sinni. Heimilt er að víkja frá framangreindu ákvæði vegna fjárskiptasamninga á vegum sauðfjárveikivarna. Heimilt er að telja sölu líffjár til framleiðslu. Heimilt er að skerða eða fella niður beinar greiðslur ef framleiðandi hefur gerst sekur um ólöglega sölu eða dreifingu á kjöti af heimaslátruðu sauðfé.

Landbúnaðarráðherra skal að fengnum tillögum Framleiðsluráðs setja nánari reglur um beinar greiðslur, m.a. um framkvæmd þeirra, viðmiðun við framleiðslukostnað og gæðaflokkun, hlutfall nýtingar til að fá fulla beina greiðslu og greiðslutilhögun.

f. (44. gr.)

Framleiðsla innan heildargreiðslumarks skal notuð til að fullnægja þörfum innlenda markaðarins. Verði birgðir kindakjöts í lok verðlagsárs umfram þriggja vikna sölu skulu þær markaðsfærðar innan lands eða utan með markaðsstuðningi sem kostaður skal með innheimtu verðskerðingar hjá framleiðendum kindakjöts við slátrun og innlegg á því verðlagsári sem birgðirnar verða markaðsfærðar. Verðskerðing þessi má vera allt að 5% af afurðaverði kindakjöts til framleiðenda eftir nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra í reglugerð sem hann setur að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins, en það ákveð-

ur, að höfðu samráði við samtök sauðfjárframleiðenda og afurðastöðva, hvernig birgðunum skuli ráðstafað og er afurðastöðvum, framleiðendum og öðrum sem kunna að eiga umrætt kjöt skylt að lúta ákvörðun Framleiðsluráðs. Ákvæði 24., 26. og 27. gr. gilda um innheimtu verðskerðingar.

Þá er heimilt með samkomulagi landbúnaðarráðherra og Stéttarsambands bænda að ákveða sérstaka lækkun á heildargreiðslumarki næsta verðlagsárs til að koma birgðastöðu í jafnvægi á allt að tveimur árum. Fjármunum, sem sparast vegna þessa, skal varið til söluátaks á birgðunum innan lands.

Ríkissjóður ábyrgist að birgðir 1. september 1992 verði ekki umfram áætlaða þriggja vikna neyslu, þ.e. 500 tonn, og mun bera kostnað af markaðsfærslu á birgðum umfram þau mörk.

g. (45. gr.)

Ágreiningi um ákvörðun á greiðslumarki lögbýlis, skráningu á greiðslumarki, rétt til beinna greiðslna og framkvæmd verðskerðingar samkvæmt þessum kafla og reglugerðum þar um er heimilt að skjóta til þriggja manna úrskurðarnefndar sem landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skal einn tilnefndur af Stéttarsambandi bænda, einn án tilnefningar og einn samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands. Ráðherra skipar einn úr þeirra hópi formann nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Úrskurði nefndarinnar verður ekki skotið til ráðherra.

h. (46. gr.)

Allir þeir, sem hafa fullvirðisrétt til ráðstöfunar eða hagnýtingar eða hafa með höndum framleiðslu sauðfjárafurða, eru háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lög þessi hafa í för með sér.

Með hugtakinu fullvirðisréttur í lögum þessum er átt við rétt í sérstakri fullvirðisréttarskrá Framleiðsluráðs landbúnaðarins, sbr. reglugerð nr. 313/1991, með síðari breytingum.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um aðlögun og stjórn framleiðslu sauðfjárafurða og störf og málsmeðferð úrskurðarnefndar skv. 45. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 20., 21. og 36. gr., 2. mgr. 37. gr. og 38. gr. laga nr. 46/1985 falla úr gildi 1. september 1992. Eftir þann tíma skal gefa löggin út í heild að nýju með áorðnum breytingum. Ákvæði laga þessara um greiðslumark og beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda sauðfjárafurða á lögbýlum falla úr gildi 31. ágúst 1998, nema samningur hafi verið gerður á grundvelli a-liðar 30. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í stað I-liðar ákvæða til bráðabirgða koma tvö ný ákvæði er orðast svo:

a. (I)

Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal bera kostnað við sölu á kindakjöti sem fellur til haustið 1992 vegna ákvæða reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur skv. 5. mgr. 39. gr. laganna um mismunandi niðurfærslu eftir landsvæðum.

b. (J)

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 43. gr. laganna er landbúnaðarráðherra heimilt að fresta allt að ½ hluta greiðslna ársins 1992 til janúar–febrúar 1993 að höfðu samráði við Stéttar-samband bænda.

Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

Nr. 6

26. febrúar 1992

LÖG

**um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978,
sbr. lög nr. 85 1. júní 1989.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Bera má úrlausn þinglýsingarstjóra um þinglýsingu samkvæmt lögum þessum undir héraðsdómara í lögsagnarumdæmi þinglýsingarstjóra. Heimild til þess hefur hver sá sem á lögvarðra hagsmuna að gæta vegna ákvörðunar þinglýsingarstjóra. Úrlausnin skal borin undir dóm áður en fjórar vikur eru liðnar frá henni ef þinglýsingarbeiðandi eða umboðsmaður hans var við hana staddur, en ella áður en fjórar vikur eru liðnar frá þeim tíma er hann eða umboðsmaður hans fékk vitneskju um hana.

Nú ber aðili úrlausn þinglýsingarstjóra undir dóm og skal þá skrá um það athugasemd í þinglýsingabók.

Sá er bera vill úrlausn um þinglýsingu skv. 1. mgr. undir dóm skal afhenda þinglýsingarstjóra skriflega tilkynningu um það. Skal þar greina úrlausn þá sem borin er undir dóm, kröfu um breytingar á henni og rökstuðning fyrir kröfunni. Þinglýsingarstjóri skal afhenda hlutaðeigandi staðfest ljósrit gagna og endurrit úr þinglýsingabók svo fljótt sem við verður komið. Sá sem bera vill úrlausn þinglýsingarstjóra undir dóm skal án tafar afhenda héraðsdómara málgögn. Heimilt er þinglýsingarstjóra að senda héraðsdómara athugasemdir sínar um málefnið. Héraðsdómari skal kveða upp rökstuddan úrskurð svo fljótt sem kostur er og ekki síðar en þremur vikum eftir að honum bárust málgögn.

Ef annar en þinglýsingarbeiðandi vill bera úrlausn um þinglýsingu undir dóm skv. 1. mgr. skal þinglýsingarstjóri tilkynna það þinglýsingarbeiðanda og eftir atvikum öðrum þeim er hagsmuni kunna að eiga og gefa þeim kost á að koma á framfæri skriflegum kröfum sínum og athugasemdum. Að því búnu tekur héraðsdómari málið til úrskurðar og kveður upp rökstuddan úrskurð innan frests þess sem greinir í 3. mgr. Ef héraðsdómari

telur mál sérstaklega umfangsmikið getur hann ákveðið að fram fari munnlegur málflutningur um ágreiningsefnið áður en það er tekið til úrskurðar.

Úrskurður héraðsdómara um úrlausn þinglýsingarstjóra sætir kæru til Hæstaréttar samkvæmt almennum reglum um kæru í einkamáli. Skal úrskurður kærður áður en tvær vikur eru liðnar frá uppsögn hans ef kærandi eða umboðsmaður hans var við hana staddur, en ella áður en tvær vikur eru liðnar frá þeim tíma er hann eða umboðsmaður hans fékk vitneskju um úrskurðinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

Gjört í Reykjavík, 26. febrúar 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 4 – 1992

Nr. 7

28

31. mars 1992

LÖG

um breytingu á lögum um viðskiptabanka, nr. 86 4. júlí 1985.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:
Erlendur hlutafélagsbanki getur þó notað sama heiti og notað er í heimalandinu.

2. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr. og orðast svo:
Ráðherra getur veitt hlutafélagsbönkum, sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis, leyfi til að starfrækja útibú hér á landi. Lög þessi gilda um starfsemi útibúa erlendra hlutafélagsbanka eftir því sem við getur átt. Að öðru leyti gilda um slík útibú lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1991.

2. mgr. 8. gr., sem verður 3. mgr., orðast svo:

Ákvæði laga um hlutafélög, einkum XVII. kafli, gilda um útibú og umboðsskrifstofur sem sett eru á stofn skv. 1. og 2. mgr. en að öðru leyti setur ráðherra nánari reglur um starfsemi þeirra að fengnum tillögum bankaeftirlitsins, þar á meðal um skilyrði fyrir leyfisveitingu og afturköllun leyfisins ef starfrækslan brýtur í bága við settar reglur. Um gjald fyrir veitingu leyfis fer eftir ákvæðum laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 79 23. desember 1975.

3. gr.

Við 21. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr. og orðast svo:
Tilkynna skal bankaeftirliti Seðlabanka Íslands fyrir fram um stofnun útibús.

4. gr.

36. gr. laganna orðast svo:

Eigið fé viðskiptabanka, eins og það er skilgreint skv. 2. mgr., skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af áhættugrunni, þ.e. heildareignum bankans og liðum utan efnahagsreiknings samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli viðskiptabanka sem Seðlabanki Íslands setur. Eiginfjárfrafan skv. 1. málsl. skal gilda um samstæðureikning, sbr. 37. gr.

Við útreikning á eiginfjárhlutfalli, sbr. 1. mgr., skal eigið fé samsett af tveimur þáttum, eiginfjárþætti A og eiginfjárþætti B, sbr. 3. og 4. mgr. Eiginfjárþáttur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár.

Eiginfjárfáttur A telst vera:

1. Innborgað hlutfé.
2. Endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgu-reikningsskilum.
3. Varasjóðir og annað eigið fé samkvæmt ársreikningi sem ekki fellur undir eiginfjárfátt B.
4. Afskriftareikningur vegna almennrar útlánaáhættu að hámarki 1,25% af áhættugrunni. Með afskriftareikningi útlána vegna almennrar útlánaáhættu er ekki átt við þau framlög, almenn og sérstök, sem lögð hafa verið til hliðar vegna útlánatapa og sérstaklega hafa verið metin eða talin eru hugsanleg á uppgjörstigi með hliðsjón af tapreynslu í útlánastofninum og endurspeglar rýrnun á verðmæti útlánanna.
5. Frá eiginfjárfætti A skal draga eigin hlutabréf, viðskiptavild og aðrar óáþreifanlegar eignir, svo og áfallnar ófærðar skattskuldbindingar sem rýra möguleika bankans til að mæta tapi.

Eiginfjárfáttur B telst vera víkjandi lán sem viðskiptabanki tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot bankans eða slit hans fáið það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur bankanum en endurgreiðslu hlutafjár eða sambærilegs eigin fjár ríkisviðskiptabanka. Þegar fimm ár eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast niður um 20% fyrir hvert ár sem liður af þessum fimm árum nema um sé að ræða lán sem greiðist niður með jöfnum afborgunum á tímabilinu. Heildarfjárhæð víkjandi lána má hæst nema 50% af eiginfjárfætti A.

Frá eigin fé skv. 2. mgr. skal draga bókfært virði á eignarhlutum og víkjandi lánnum viðskiptabanka hjá félögum, sem falla undir skilgreiningu 1. mgr. 28. gr., öðrum en þeim sem teljast vera dótturfélög og reiknast með í samstæðureikningi viðskiptabanka og dótturfélaga, sbr. eftirfarandi:

1. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutir viðskiptabankans nema meira en 10% af hlutfé viðkomandi félaga. Enn fremur víkjandi lán hjá sömu félögum.
2. Eignarhlutur í félagi, sem viðskiptabanki hefur eignast tímabundið vegna endurskipulagningar þess félags, skal ekki dragast frá.
3. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutir viðskiptabankans nema allt að 10% af hlutfé viðkomandi félaga. Frádrátturinn takmarkast við þá heildarfjárhæð eignarhluta og víkjandi lána sem er umfram 10% af eigin fé viðskiptabankans eins og það er reiknað skv. 2. mgr. fyrir frádrátt skv. 3. mgr.

Heimilt er ráðherra að ákveða að aðrir efnahagsliðir en greindir eru í 3. og 4. mgr. skuli teljast með eigin fé að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

5. gr.

Við 1. mgr. 37. gr. laganna bætast þrjú nýir málslíðir svohljóðandi: Þegar um er að ræða viðskiptabanka, sem á það stóran hlut í félagi að það síðarnefnda telst dótturfélag, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1978, um hlutfélög, skal semja samstæðureikning fyrir félagasamstæðuna. Ákvæðið um skyldu til að semja samstæðureikning gildir þó ekki þegar um er að ræða félag sem viðskiptabanki hefur eignast tímabundið hlut í annaðhvort til að tryggja fullnustu kröfu eða vegna endurskipulagningar þess félags. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá skyldu til að semja samstæðureikning.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Viðskiptabanki skal uppfylla ákvæði um eigið fé skv. 4. gr. eigi síðar en í árslok 1992. Ákvæði 5. gr. um samstæðureikning fyrir félagasamstæðu tekur gildi frá og með reikningsárinu 1992.

Gjört í Reykjavík, 31. mars 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

Nr. 8

1. apríl 1992

L Ö G

um breytingu á lögum um sparisjóði, nr. 87 4. júlí 1985.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

40. gr. laganna orðast svo:

Eigið fé sparisjóðs, eins og það er skilgreint skv. 2. mgr., skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af áhættugrunni, þ.e. heildareignum sparisjóðsins og liðum utan efnahagsreiknings samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli sparisjóða sem Seðlabanki Íslands setur. Eiginfjárfrafan skv. 1. másl. skal gilda um samstæðureikning, sbr. 41. gr.

Við útreikning á eiginfjárhlutfalli, sbr. 1. mgr., skal eigið fé samsett af tveimur þáttum, eiginfjárþætti A og eiginfjárþætti B, sbr. 3. og 4. mgr. Eiginfjárþáttur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár.

Eiginfjárþáttur A telst vera:

1. Innborgað stofnfé.
2. Endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgu-reikningsskilum.
3. Varasjóðir og annað eigið fé samkvæmt ársreikningi sem ekki fellur undir eiginfjárþátt B.
4. Afskriftareikningur vegna almennrar útlánaáhættu að hámarki 1,25% af áhættugrunni. Með afskriftareikningi útlána vegna almennrar útlánaáhættu er ekki átt við þau framlög, almenn og sérstök, sem lögð hafa verið til hliðar vegna útlánatapa og sérstaklega hafa verið metin eða talin eru hugsanleg á uppgjörstegi með hliðsjón af tapreynslu í útlána-stofninum og endurspegla rýrnun á verðmæti útlánanna.
5. Frá eiginfjárþætti A skal draga eigin stofnfjárhluti, viðskiptavild og aðrar óáþreifanlegar eignir, svo og áfallnar ófærðar skattskuldbindingar sem rýra möguleika sparisjóðsins til að mæta tapi.

Eiginfjárþáttur B telst vera víkjandi lán sem sparisjóður tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot sparisjóðsins eða slit hans fáiast það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur sparisjóðnum en endurgreiðslu stofnfjár. Þegar fimm ár

Greiðslur til lífeyrissjóða sjómanna skv. 2. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. skulu skiptast milli sjóðanna í hlutfalli við iðgjöld sjómanna á fiskiskipaflotanum til einstakra sjóða á árinu 1991.

6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga nr. 39 15. maí 1990 skal ekki inna af hendi greiðslur til Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins vegna útflutnings frá gildistöku laga þessara til 31. desember 1992. Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. sömu laga skal ekki inna af hendi reglulegar greiðslur af verðjöfnunarreikningum sjóðsins vegna útflutnings á sama tímabili.

7. gr.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 78 23. desember 1991, um viðauka við lög nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

Gjört í Reykjavík, 27. maí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Porsteinn Pálsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 7 – 1992

27. maí 1992

77

Nr. 30

LÖG

um yfirskattanefnd.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Upphafsaðkvæði.

1. gr.

Ágreiningsmál um ákvörðun skatta, gjalda og skattstofna, þar með talin rekstrartöp, skulu úrskurðuð af sérstakri óháðri nefnd, yfirskattanefnd.

Gildissvið.

2. gr.

Úrskurðarvald yfirskattanefndar tekur til ákvörðunar skatta og gjalda samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, lögum um tekjustofna sveitarfélaga, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um tryggingagjald, lögum um Iðnlánasjóð, lögum um iðnaðarmálagjald, lögum um Útflutningsráð Íslands, lögum um málefni aldraðra, lögum um skattskyldu innlánsstofnana, lögum um Þjóðarbókhöfuð og endurbætur menningarbygginga, lögum um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, lögum um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestinga manna í atvinnurekstri, lögum um húsnæðissparnaðarreikninga, lögum um virðisaukaskatt, lögum um vörugjald, lögum um sérstakt vörugjald, lögum um almannatryggingar er varða skattákvörðun og öllum öðrum lögum um skattákvörðun.

Yfirskattanefnd skal úrskurða kærur um öll gjöld sem skattstjórar og ríkisskattstjóri úrskurða um skv. 1. mgr.

Yfirskattanefnd skal úrskurða um sektir skv. 107. gr., sbr. 108. gr., laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skv. 30. gr., sbr. 31. gr., laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, og skv. 40. gr., sbr. 41. gr., laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Aðild.

3. gr.

Skattaðilum er heimilt að skjóta til yfirskattanefndar kæruúrskurðum skattstjóra og ríkisskattstjóra um skattákvörðun og skattstofna.

Ríkisskattstjóra og eftir atvikum viðkomandi sveitarfélagi er heimilt að kæra úrskurði skattstjóra til nefndarinnar með sama hætti og skattaðilar og að uppfylltum sömu skilyrðum.

Ríkisskattstjóri skal koma fram gagnvart yfirskattanefnd fyrir hönd gjaldkrefjenda. Við ákvörðun sekta kemur skattrannsóknarstjóri fram sem kröfuaðili.

Lögsaga.

4. gr.

Yfyrskattanevnd hefur lögsögu á öllu landinu og hefur aðsetur í Reykjavík. Nefndinni er þó heimilt að ákveða málflutning og úrskurða um einstök ágreiningsmál annars staðar á landinu ef hún telur þörf á.

Kærufrestur.

5. gr.

Kærufrestur skattaðila til yfyrskattanevndar skal vera 30 dagar frá póstlagningu úrskurðar skattstjóra eða ríkisskattstjóra. Þá hefur ríkisskattstjóri heimild til þess að skjóta úrskurði skattstjóra til yfyrskattanevndar á næstu 30 dögum eftir að úrskurður skattstjóra berst ríkisskattstjóra. Með sama hætti og ríkisskattstjóri hefur heimild til að skjóta úrskurðum skattstjóra til yfyrskattanevndar getur viðkomandi sveitarfélag skotið úrskurði skattstjóra eða ríkisskattstjóra til nefndarinnar.

Kæur skattaðila skulu vera skriflegar og studdar nauðsynlegum gögnum. Heimilt er yfyrskattanevnd að krefja skattaðila um frekari upplýsingar ef hún telur ástæðu til.

Gagnaöflun.

6. gr.

Yfyrskattanevnd skal tafarlaust senda ríkisskattstjóra kæru skattaðila ásamt endurriti af þeim gögnum er kunna að fylgja kæru hans. Hafi ríkisskattstjóri kært úrskurð skattstjóra, sbr. 5. gr., skal yfyrskattanevnd tafarlaust senda skattaðila endurrit kæru ásamt gögnum er henni fylgdu og gefa skattaðila kost á, innan hæfilegs frests, að koma með andsvör sín og gögn. Sama gildir eftir því sem við á um kæru sveitarfélags.

Ríkisskattstjóri skal í tilefni af málsmeðferð fyrir yfyrskattanevnd afla frumgagna skattstjóra varðandi hina kærðu ákvörðun skattstjóra.

Ríkisskattstjóri skal hafa lagt fyrir yfyrskattanevnd innan 45 daga, frá því að honum barst endurrit kæru, rökstuðning í málinu fyrir hönd gjaldkrefjenda og nauðsynleg gögn er hann hefur aflað frá skattstjóra.

Málflutningur.

7. gr.

Skattaðila er heimilt að óska þess að hann eða umboðsmaður hans geti flutt mál munnlega fyrir yfyrskattanevnd. Sömu óskir getur ríkisskattstjóri sett fram. Ósk skattaðila eða ríkisskattstjóra um munnlegan málflutning skal koma fram í rökstuðningi hans í kæru. Formaður yfyrskattanevndar ákveður hvort munnlegur málflutningur fari fram og skal tilkynna skattaðila og ríkisskattstjóra um þá ákvörðun sína.

Ef mál er flókið, hefur að geyma vandasöm úrlausnarefni, er sérlega þýðingarmikið eða varðar ágreining um grundvallaratriði í skattarétti eða reikningsskilum er yfyrskattanevnd heimilt að ákveða sérstakan málflutning. Skal yfyrskattanevnd þá afgreiða mál skv. 4. mgr. 9. gr. og eftir atvikum 10. gr.

Sé eigi þörf á sérstökum málflutningi að mati nefndarinnar skal taka mál til uppkvaðningar úrskurðar að fenginni skriflegri kæru skattaðila og umsögn ríkisskattstjóra.

Ríkisskattstjóri skal rökstyðja kröfur sínar og rita greinargerð í málum fyrir yfyrskattanevnd að því marki sem hann telur ástæðu til. Jafnframt skal ríkisskattstjóri senda viðbótarupplýsingar ef málavextir þykja vera þess eðlis að ástæða sé til þess að afla frekari gagna. Yfyrskattanevnd er ætíð heimilt að afla frekari gagna eða upplýsinga máli til skýringa ef hún telur málið ekki nægilega upplýst.

Lok málsmeðferðar.

8. gr.

Yfirsattanefnd skal hafa lagt úrskurði á kærur þremur mánuðum eftir að henni hefur borist umsögn og greinargerð ríkisskattstjóra. Ef rökstuðningur hefur eigi verið nægjanlegur að mati nefndarinnar reiknast þriggja mánaða fresturinn frá þeim tíma er nægjanlegur rökstuðningur barst eða lokagagnaöflun lauk.

Tímamörk 1. mgr. eiga þó ekki við ef yfirsattanefnd hefur ákveðið sérstakan málflutning skv. 2. mgr. 7. gr.

Nefndarmenn.

9. gr.

Í yfirsattanefnd skulu sitja sex menn sem skipaðir skulu til sex ára í senn og skulu fjórir nefndarmannanna hafa starfið að aðalstarfi. Skulu nefndarmenn fullnægja skilyrðum sem sett eru í 86. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt um embættisgengi skattstjóra. Fjármálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi þeirra nefndarmanna sem hafa starfið að aðalstarfi. Báðir skulu uppfylla skilyrði sem sett eru um embættisgengi hér- aðsdómara. Ætíð skal annaðhvort formaður eða varaformaður taka þátt í úrlausn hvers máls.

Formaður yfirsattanefndar hefur yfirstjórn hennar með höndum og ber á henni ábyrgð. Hann fer með fyrirvar nefndarinnar út á við. Formaður úthlutar nefndarmönnum málum til meðferðar og skipar þeim í deildir ef yfirsattanefnd starfar deildaskipt. Varaformaður er staðgengill formanns og gegnir störfum hans þegar formaður er forfallaður eða fjarstaddur. Hann skipar forsæti þegar formaður situr ekki í nefnd.

Í hverju máli skulu þrjú nefndarmenn úrskurða eftir nánari ákvörðun formanns yfirsattanefndar.

Hafi yfirsattanefnd ákveðið sérstakan málflutning, sbr. 2. mgr. 7. gr., skulu fimm nefndarmenn taka þátt í úrlausn máls.

Sérfróðir aðilar.

10. gr.

Yfirsattanefnd er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila ef hún telur þörf á. Skulu þeir aðilar starfa með yfirsattanefnd eftir nánari ákvörðun formanns eða varaformanns sem ákveður þeim þóknun fyrir starfann.

Sératkvæði.

11. gr.

Formaður eða varaformaður stýrir störfum nefndarinnar. Þegar nefndarmenn eru eigi sammála um niðurstöðu ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef nefndin þriklofnar í afstöðu sinni eða niðurstaða getur eigi ráðist af atkvæðamagni ræður atkvæði formanns eða varaformanns ef formaður situr ekki í nefndinni.

Skattframtal sem kæra.

12. gr.

Berist yfirsattanefnd kæra sem rökstudd er með skattframtali sem ekki hefur sætt efnisúrlausn hjá skattstjóra skal nefndin senda kærana til skattstjóra til uppkvaðningar nýs úrskurðar. Nefndin skal tilkynna skattaðila, umboðsmanni hans og ríkisskattstjóra um þá ákvörðun.

Með slíkt mál skal skattstjóri fara skv. 99. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og

eignarskatt, og ljúka úrskurði innan tveggja mánaða frá því að honum barst málið til meðferðar frá yfirskattaneftnd.

Rökstuðningur úrskurðar.

13. gr.

Úrskurðir yfirskattaneftndar skulu ítarlega rökstuddir þannig að í forsendum þeirra komi skýrt fram á hvaða málsástæðum, kæruefnum og skattheimildum sé byggt.

Útgáfa úrskurða.

14. gr.

Yfirskattaneftnd skal gefa út helstu úrskurði nefndarinnar árlega. Heimilt er að stytta úrskurði í þeirri útgáfu en tryggja ber að úrskurðir, sem fordæmisgildi hafa, birtist þar.

Málskot til dómstóla.

15. gr.

Úrskurður yfirskattaneftndar er fullnaðarúrskurður um skattfjárhæð. Ágreining um skattskyldu og skattstofna má þó bera undir dómstóla.

Vanhæfi nefndarmanns.

16. gr.

Skylt er nefndarmanni að víkja sæti úr nefndinni í máli ef honum hefði borið að víkja sæti sem héraðsdómari í málinu.

Þá er nefndarmanni óheimilt að sitja í nefndinni til úrskurðar um kærumál skattaðila sem hann hefur haft afskipti af í fyrri störfum sínum og varðar skattákvörðun viðkomandi.

Starfsmenn yfirskattaneftndar.

17. gr.

Yfirskattaneftnd er heimilt að ráða sér starfsmenn til undirbúnings úrlausna mála auk almennra skrifstofustarfa eftir nánari ákvörðun Alþingis á fjárlögum hverju sinni.

Gjaldabreytingar.

18. gr.

Þegar yfirskattaneftnd hefur lokið úrskurði máls skal hún senda skattaðila, umboðsmanni hans og ríkisskattstjóra eintak úrskurðar og tilkynna innheimtumanni um gjalda-breytingu sem nefndin kann að ákveða samhliða því að endurrit úrskurðar er sent skattstjóra. Skattaðilum skal tilkynnt um niðurstöðu máls og breytingu gjalda í ábyrgðarbréfi.

Þagnarskylda.

19. gr.

Starfsmönnum yfirskattaneftndar er bannað að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara, þar á meðal um tekjur og efnahag skattaðila. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Hafi óviðkomandi aðili lagaheimild til að krefja yfirskattaneftnd ofangreindra upplýsinga skal sama þagnarskylda hvíla á þeim sem fær slíkar upplýsingar nema ríkari þagnarskylda hvíli á honum að lögum.

Reglugerð.

20. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um starfshætti og störf yfirskattanefndar með reglugerð, þar með talið um réttarfarsreglur sem nefndin skal starfa eftir.

Eftirlit.

21. gr.

Fjármálaráðherra hefur eftirlit með störfum yfirskattanefndar og fylgist með að hún ræki skyldur sínar. Árlega skal yfirskattanefnd senda fjármálaráðherra skýrslu um störf sín.

Sektarmeðferð.

22. gr.

Yfirskattanefnd úrskurðar um sektir fyrir brot á lögum þeim sem talin eru í 2. gr. laga þessara nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar. Við meðferð máls skal gæta ákvæða laga um meðferð opinberra mála að því er varðar rétt sökunautar og varnir hans. Skattrannsóknarstjóri kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni við ákvörðun sekta og annast kröfugerð í sektarmálum. Úrskurðir nefndarinnar um sektarfjárhæð eru fullnaðarúrskurðir. Sektir skulu renna í ríkissjóð, nema vegna brota á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, en þá skal sektarfjárhæð renna í viðkomandi sveitarsjóð.

Um innheimtu sekta gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags samkvæmt lögum sem talin eru upp í 2. gr. laga þessara.

Gildistaka.

23. gr.

Yfirskattanefnd skal hefja störf 1. júlí 1992. Skal hún þá taka við störfum ríkisskattanefndar og sektarnefndar staðgreiðslu. Frá sama tíma skulu ríkisskattanefnd, sbr. 89. og 100. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og sektarnefnd staðgreiðslu, sbr. 31. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, ljúka störfum.

Yfirskattanefnd ber að taka við öllum óloknum ágreiningsmálum fyrir ríkisskattanefnd og sektarnefnd staðgreiðslu og skal hún hafa lokið afgreiðslu þeirra eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara.

Hvarvetna þar sem í lögum kemur fyrir orðið „ríkisskattanefnd“ skal í þess stað koma orðið yfirskattanefnd. Lagaákvæði, þar sem sérstaklega er vikið að ríkisskattanefnd og ekki fá samrýmst þessum lögum, falla úr gildi við gildistöku laga þessara.

Ákvæði til bráðabirgða.**I.**

Ágreining, sem rís vegna ákvæða laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skal yfirskattanefnd úrskurða um. Einnig skal yfirskattanefnd úrskurða skattsektir vegna sömu laga, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

II.

Í fyrsta sinn við skipun nefndarinnar skulu tveir menn skipaðir til tveggja ára, tveir til fjögurra ára og tveir til sex ára en eftir það skal hún skipuð skv. 1. mgr. 9. gr.

III.

Frá og með þeim tíma, sem yfirskattanevnd tekur við störfum ríkisskattanevndar, skulu starfsmenn ríkisskattanevndar verða starfsmenn yfirskattanevndar og halda óbreyttum kjörum.

IV.

Fjármálaráðherra er heimilt að framlengja skipunartíma þeirra nefndarmanna ríkisskattanevndar sem hafa störfin að hlutastarfi til 30. júní 1992 eða skipa aðra í þeirra stað þann tíma.

Gjört í Reykjavík, 27. maí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG**um samkomudag reglulegs Alþingis 1992 o.fl.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1992 skal koma saman mánudaginn 17. ágúst. Sama dag lýkur 115. löggjafarþingi.

116. löggjafarþing skal standa til samkomudags reglulegs Alþingis 1993, sbr. 35. gr. stjórnarskrárinnar.

2. gr.

Frestur samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 36. gr. og 6. mgr. 44. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, til að leggja fram lagafrumvörp og þingsályktunartillögur, svo að þau megi koma á dagskrá og til meðferðar, skal á 116. löggjafarþingi vera til 1. apríl 1993.

3. gr.

Lög nr. 3/1967, um samkomudag reglulegs Alþingis, falla brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

LÖG

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1989.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1989 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1989

A-HLUTI

Tekjur:	Reikningur 1989
Beinir skattar	12.587.531
Óbeinir skattar	62.481.056
Aðrar tekjur	309.882
Tekjur án fjármunatekna	75.378.469
Fjármunatekjur	7.678.535¹⁾
Tekjur alls	83.057.004

¹⁾ Breytt reikningsskilaaðferð leiðir til færslu viðbótarútgjalda á neðangreindar tegundir:

Fjármunatekjur	1.152 þús. kr.
Fjármagnsgjöld	1.427 þús. kr.
Tilfærslur	53.546 þús. kr.
Ýmis rekstrargjöld	1.184 þús. kr.

Gjöld:	Reikningur 1989
Launagjöld	22.705.834
Ýmis rekstrargjöld	15.608.036
Eignakaup	1.557.686 ¹
Tilfærslur og ósundurliðað rekstrarfé	99.204.452 ¹
Rekstrargjöld, ósundurliðuð í fjárukalögum	-
-Sértekjur stofnunar	-7.683.912
Gjöld án fjármagnskostnaðar	131.392.096
Fjármagnskostnaður	16.115.924¹
Gjöld alls	147.508.020
Tekjur umfram gjöld	-64.451.016

Sundurliðun gjalda á ráðuneyti:	Reikningur 1989
00 Æðsta stjórn ríkisins	828.953
01 Forsætisráðuneyti	897.115
02 Menntamálaráðuneyti	15.598.212
03 Utanríkisráðuneyti	1.011.515
04 Landbúnaðarráðuneyti	4.869.516
05 Sjávarútvegsráðuneyti	2.358.082
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	3.965.910
07 Félagsmálaráðuneyti	3.052.175
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	32.310.964
09 Fjármálaráðuneyti	47.557.459
10 Samgönguráðuneyti	7.376.644
11 Iðnaðarráðuneyti	4.958.353
12 Viðskiptaráðuneyti	6.897.910
13 Hagstofa Íslands	95.802
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	15.729.411
Gjöld alls	147.508.020

¹⁾ Breytt reikningsskilaaðferð leiðir til færslu viðbótarútgjalda á neðangreindar tegundir:

Fjármunatekjur	1.152 þús. kr.
Fjármagnsgjöld	1.427 þús. kr.
Tilfærslur	53.546 þús. kr.
Ýmis rekstrargjöld	1.184 þús. kr.

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1989
A-HLUTI

EIGNIR	Reikningur 1989
VELTUFJÁRMUNIR	
Sjóður	148.498
Ríkisféhirðir	54.060
Aðrir ríkisaðilar, innlend mynt	94.438
Bankainnstæður	2.014.872
Seðlabanki Íslands, hlaupareikningar	1.511.531
Innlendar innlánsstofnanir	55.612
Erlendar innlánsstofnanir	447.729
Skammtímakröfur	
Óinnheimtar ríkistekjur og innheimtufé	20.098.140
Almennar ríkistekjur og skyldusparnaður	18.190.896
Markaðar ríkistekjur	1.674.932
Innheimtufé fyrir aðra	164.785
Fyrirframgreiddar geymdar markaðar tekjur	67.527
Skammtímakröfur, aðrar	5.723.230
Fyrirframgreidd gjöld	211.851
Áfallnar, ógreiddar vaxtatekjur	1.152.035
Viðskiptareikningar, bráðabirgðalán	3.870.434
Veitt stutt lán	488.910
Samtals	25.821.370
Vöru- og efnisbirgðir	121.474
Veltufjármunir samtals	28.106.214

LANGTÍMAKRÖFUR OG ÁHÆTTUFJÁRMUNIR**Langtímakröfur**

Veitt löng lán, innlend ógengisbundin	15.842.446
Stofnanir í A-hluta	33.318
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	8.610.286
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	3.860.363
Lánastofnanir	257.458
Sveitarfélög	279.147
Aðrir	2.801.874
Veitt löng lán, innlend gengisbundin	18.058.577
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	8.670.303
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	4.120.896
Sveitarfélög	3.152.834
Lánastofnanir	751.688
Aðrir	1.362.856
Veitt löng lán, til erlendra aðila	43.485
Erlendir aðilar	43.485

Langtímakröfur samtals **33.944.508**

Áhættufjármunir

Hlutabréf og stofnfjárframlög	2.595.126
Innlend	1.487.732
Erlend	1.107.394

Áhættufjármunir samtals **2.595.126**

Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals **36.539.634**

EIGNIR ALLS **64.645.848**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1989
A-HLUTI

SKULDIR	Reikningur 1989
SKAMMTÍMASKULDIR	
Bankareikningar, hlaupareikningskuld	3.313.092
Seðlabanki Íslands, aðalviðskiptareikningar	2.779.480
Seðlabanki Íslands, hlaupareikningar	533.543
Innlánsstofnanir	69
Krafa á óinnheimtar ríkistekjur, innheimtufé	321.425
Markaðar ríkistekjur á teknaliði	158.564
Innheimtufé fyrir aðra	162.861
Geymdar markaðar ríkistekjur og innheimtufé	100.313
Markaðar ríkistekjur	33.953
Innheimtufé fyrir aðra	66.360
Ríkisvixlar	5.892.027
Skammtímaskuldir, aðrar	10.848.469
Ógreidd gjöld	1.071.807
Ógreidd gjöld, sérstakar skuldbindingar	5.275.785
Viðskiptareikningar, bráðabirgðaskuldir	3.774.122
Tekin stutt lán, innlend önnur	726.755
Skammtímaskuldir samtals	20.475.326
 LANGTÍMASKULDIR	
Tekin löng lán, innlend ógengisbundin	31.112.441
Stofnanir í A-hluta	23.398
Seðlabanki Íslands	3.220.834
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	39.367
Innlánsstofnanir	2.605.182
Lánastofnanir, innlendir	2.689.581
Sveitarfélög	105.047
Aðrir	22.429.032

	Reikningur 1989
Tekin löng lán, innlend gengisbundin	939.331
Seðlabanki Íslands	7
Innlánsstofnanir	9.747
Lánastofnanir	748.531
Aðrir	181.046
Tekin löng lán, erlend	58.511.893
Ýmsar langtímaskuldbindingar	51.516.771
Langtímaskuldir samtals	142.080.436
SKULDIR ALLS	162.555.762
Höfuðstóll	
Höfuðstóll í ársbyrjun	-22.702.039
Endurmat veltufjármunir/skammtímaskuldir	260.046
Endurmat langtímakröfur/langtímaskuldir	-11.016.904
Tekjur umfram gjöld 1989	-64.451.017
Höfuðstóll í árslok samtals	-97.909.914
SKULDIR OG HÖFUÐSTÓLL ALLS	64.645.848

2. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1989 samþykkt með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1989
B-HLUTI

Reikningur
1989

Rekstrartekjur:

Seldar vörur og þjónusta	28.413.656
Seldir happdrættismiðar	1.417.843
Aðrar rekstrartekjur	144.984

Rekstrartekjur alls **29.976.483**

Rekstrargjöld:

Hráefni og vörur til endursölu	7.604.701
Laun og launatengd gjöld	6.535.050
Happdrættisvinningar	921.430
Önnur rekstrargjöld	7.526.139
Afskriftir	2.714.026
Stofnkostnaðarviðfangsefni flutt á efnahag	-631.605

Rekstrargjöld alls **24.669.741**

**Rekstrarhagnaður án fjármunatekna
og fjármagnsgjalda**

5.306.742

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:

Vaxtatekjur	7.836.769
Vaxtagjöld	-6.648.832
Arður af hlutabréfum	469
Endurmat, tekjufært	15.600.922
Endurmat, gjaldfært	-11.627.656
Reiknaðar tekjur vegna verðbreytinga	975.301
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-7.751.825

Fjármunatekjur og -gjöld alls **-1.614.852**

Hagnaður af reglulegri starfsemi

3.691.890

Óreglulegar tekjur

304.316

Óregluleg gjöld

-1.724.010

Framlög og tilfærslur

4.581.122

Hagnaður til ráðstöfunar

6.853.318

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1989
B-HLUTI

Reikningur
1989

EIGNIR

VELTUFJÁRMUNIR

Sjóður og bankainnstæður

Sjóður	103.282
Banki	3.661.290

Samtals 3.764.572

Skammtímakröfur

Fyrirframreiddur kostnaður	115.756
Viðskiptareikningar	12.320.277
Veitt stutt lán	8.942.116

Samtals 21.378.149

Vöru- og efnisbirgðir

2.128.293

Veltufjármunir samtals 27.271.014

FASTAFJÁRMUNIR

Áhættufjármunir og langtímakröfur

Langtímakröfur/veitt löng lán	90.783.124
Hlutafé og stofnfjárframlög	312.927

Samtals 91.096.051

Varanlegir rekstrarfjármunir

Vélar, tæki og áhöld	9.774.497
Fasteignir	18.197.487
Virkjanir, orku- og jarðvarmaveitur og jarðhitarannsóknir ..	7.590.870
Aðrar eignir	109.691

Samtals 35.672.545

Fastafjármunir samtals 126.768.596

EIGNIR ALLS 154.039.610

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1989
B-HLUTI

SKULDIR	Reikningur 1989
SKAMMTÍMASKULDIR	
Bankareikningar, hlaupareikningaskuldir	233.698
Aðrar skammtímaskuldir	12.556.303
Ógreidd gjöld	1.748.845
Viðskiptareikningar	9.305.115
Tryggingastofnun ríkisins, viðskiptareikningar innbyrðis . . .	256.114
Tekin stutt lán	1.246.229
Skammtímaskuldir samtals	12.790.001
 LANGTÍMASKULDIR	
Langtímaskuldir / tekin löng lán samtals	67.964.371
SKULDIR SAMTALS	80.754.372
 EIGIÐ FÉ	
Ýmsir eiginfjárreikningar	312.221
Endurmatsreikningar	39.026.297
Höfuðstóll	33.946.720
Eigið fé alls	73.285.238
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	154.039.610

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. maí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo:

Í hlutabréfum í fyrirtækjum sem hafa skráð kaup- og sölugengi á markaði hjá viðurkenndu verðbréfaþingi eða a.m.k. tveimur verðbréfafyrirtækjum. Þó skal eigi verja meira en 10% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins til hlutabréfakaupa. Árleg hlutabréfakaup samkvæmt ákvæðum þessa töluliðar teljast einvörðungu kaup umfram sölu á hlutabréfum. Eigi er sjóðnum heimilt að eiga meira en 10% af hlutafé í hverju fyrirtæki. Heildarhlutabréfaeign sjóðsins skal á hverjum tíma ekki vera meiri en nemur 15% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

2. gr.

6. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Dragist lengur en 20 daga fram yfir gjalddaga að iðgjöldum sé skilað er stjórn sjóðsins heimilt að innheimta vangoldin iðgjöld með vanskilavöxtum, sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, frá gjalddaga.

3. gr.

Við 3. mgr. 9. gr. laganna bætast eftirfarandi málslíðir: Frá 1. janúar 1992 skal í stað grundvallarlauna miða við grundvallarfjárhæð sem tengist lánskjaravísitölu þeirri sem Seðlabanki Íslands auglýsir með heimild í 39. gr. laga nr. 13/1979, með síðari breytingum. Grundvallarfjárhæð í janúar 1992 er 45.602 kr. miðað við lánskjaravísitölu sem gildir í þeim mánuði og tekur fjárhæðin sömu hlutfallsbreytingum í mánuði hverjum og lánskjaravísitalan. Verði gerð breyting á grundvelli eða útreikningi lánskjaravísitölu skal ráðherra, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, ákveða hvernig stigagrunnvelli og breytingum hans skuli háttað þaðan í frá.

4. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Lífeyrir, sem úrskurðaður hefur verið skv. 10., 11. og 12. gr., skal taka sömu hlutfallsbreytingum í mánuði hverjum og lánskjaravísitala sú sem Seðlabanki Íslands auglýsir með heimild í 39. gr. laga nr. 13/1979, með síðari breytingum. Verði gerð breyting á grundvelli eða útreikningi lánskjaravísitölu skal ráðherra, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, ákveða með hvaða hætti lífeyrir samkvæmt fyrrnefndum greinum skuli verðtryggður þaðan í frá.

5. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sjóðsins er heimilt að endurgreiða erlendum ríkisborgara, sem flyst úr landi, iðgjaldahluta launþega sem hann hefur greitt sjóðnum, enda sé slíkt ekki óheimilt

samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Sjóðurinn skal endurgreiða iðgjöld sem honum eru greidd vegna starfsmanna sem ekki hafa náð 16 ára aldri eða þeirra sem náð hafa 75 ára aldri.

6. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, að lífeyrisréttindum þeim, sem um getur í 10.–13. gr., skuli breytt til samræmis við lífeyrisréttindi samkvæmt reglugerðum þeirra lífeyrissjóða sem starfa innan þeirra sambanda lífeyrissjóða sem aðild eiga að stjórn sjóðsins.

Ráðherra er enn fremur heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. maí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

L Ö G

um Jarðasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins skal starfrækja sjóð er nefnist Jarðasjóður ríkisins. Hlutverk sjóðsins er að kaupa jarðir bænda sem afsalað hafa framleiðslurétti og jarðir sem ekki seljast á frjálsum markaði og aðstoða sveitarfélög með lánveitingum við eigendaskipti að jörðum.

Erindi, sem Jarðasjóði berast varðandi kaup og sölu jarða, skulu send til umsagnar stjórnnum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda áður en þau eru afgreidd.

2. gr.

Jarðasjóði ríkisins er heimilt að kaupa jarðir sem svo er ástatt um er hér greinir, enda hafi sveitarstjórn hafnað forkaupsrétti:

1. jarðir sem ekki seljast með eðlilegum hætti en eigandi þeirra verður að hætta búskap vegna aldurs eða vanheilsu,
2. jarðir sem hafa óhagstæð búskaparskilyrði og eru án framleiðsluréttar,
3. jarðir sem eru afskekktar og liggja illa við samgöngum,
4. jarðir sem eigendur hafa ekki tök á að sitja lengur vegna áhvílandi skulda, enda sitji seljendur jarðarinnar áfram,

5. jarðir sem hreppsnefndir hafa hafnað forkaupsrétti á en jarðanefnd sýslunnar mælir með að Jarðasjóður kaupi,
6. jarðir sem hlunnindi eða önnur sérstök verðmæti fylgja eða eru þýðingarmiklar fyrir sveitarfélög til að koma betra skipulagi á byggð,
7. jarðir sem heppilegar teljast til almennra útlífsnota.

3. gr.

Við ákvörðun kaupverðs skv. 2. gr. skal höfð hliðsjón af gangverði hliðstæðra jarða sé þess kostur. Náist ekki samkomulag um kaupverð skal mat dómkvaddra manna ráða.

4. gr.

Tekjur Jarðasjóðs eru:

- a. andvirði seldra ríkisjarða,
- b. afgangur ríkisjarða sem eru á forræði landbúnaðarráðuneytisins,
- c. framlag á fjárlögum ár hvert sem nauðsynlegt er talið til þess að sjóðurinn geti gegnt hlutverki sínu.

5. gr.

Heimilt er að selja jarðir sjóðsins sveitarfélögum eða upprekstrarfélögum sem þær tilheyra, svo og einstaklingum eða félagasamtökum.

Þá er heimilt, að fengnum meðmælum jarðanefndar, að selja jarðir þessar öðrum jarðeigendum í sama sveitarfélagi til þess að bæta búreklarastöðu þeirra. Ábúendur jarða, sem selt hafa jarðir sínar skv. 4. tölul. 2. gr., eiga rétt á að kaupa þær aftur ef þeir óska þess. Náist ekki samkomulag milli Jarðasjóðs og kaupanda skal mat dómkvaddra manna ráða.

6. gr.

Jarðasjóður ríkisins er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum af ónytjuðum jörðum sjóðsins, öðrum en fasteignaskatti og fjallskilum. Öll skjöl, sem gefin eru út af sjóðnum og í hans nafni, skulu undanþeginn stimpil- og þinglýsingargjöldum.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti og ber þá uppboðshaldara að rannsaka hvort eignin sé veðsett Jarðasjóði og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist skal landbúnaðarráðuneytinu gert aðvart svo tímanlega að unnt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

7. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi VI. kafli jarðalaga, nr. 65/1976, sbr. breytingu með 11. gr. laga nr. 90/1984, 39.–46. gr.

Gjört í Reykjavík, 27. maí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

LÖG

um forfallaþjónustu í sveitum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að veita starfandi bændum og mökum þeirra aðstoð við nauðsynleg bú- og heimilisstörf þegar veikindi, slys eða önnur forföll ber að höndum.

2. gr.

Stjórn forfallaþjónustu í sveitum skal skipuð þremur mönnum og skal einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, einn af Stéttarsambandi bænda og einn tilnefndur af búnaðarsamböndunum sameiginlega.

3. gr.

Búnaðarsambönd skulu starfrækja forfallaþjónustu eftir lögum þessum hvert á sínu svæði. Þó er tveimur eða fleiri búnaðarsamböndum heimilt að sameinast um framkvæmd þjónustunnar.

Stjórn forfallaþjónustunnar ákveður fjölda afleysingamanna (stöðugilda) og/eða greiðslur fyrir hvert búnaðarsambands svæði ásamt rétti til afleysinga samkvæmt áætlun er hún gerir árlega að höfðu samráði við Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda.

Kostnaður við forfallaþjónustu í sveitum greiðist af tekjum af búnaðarmálasjóðsgjaldi, sbr. lög um Búnaðarmálasjóð.

Búnaðarfélag Íslands annast bókhald og reikningsskil fyrir forfallaþjónustuna og skulu endurskoðaðir reikningar og ársskýrsla stjórnar lögð fram á búnaðarþingi.

4. gr.

Allir bændur og makar þeirra eiga rétt á aðstoð vegna bústarfa í veikinda- og slysa-tilfellum. Enn fremur ef bústjórar og aðrir fastráðnir starfsmenn á búum forfallast enda hafi ráðning staðið sex mánuði eða lengur.

Réttur til afleysingar skal miðast við vinnuframlag þess sem forfallast. Eitt ársverk við landbúnaðarstörf gefur rétt á hámarksþjónustu bæði fyrir bónda og maka hans.

Sé um blandaðan rekstur að ræða skal réttur til afleysingar ráðast af hlutdeild landbúnaðarstarfa í vinnu þess sem forfallast. Nemi vinnuframlagið minna en einu ársverki við landbúnaðarstörf skerðist réttur til forfallaþjónustu í samræmi við það. Þó skulu þeir sem hafa allt framfæri sitt af landbúnaði ætíð njóta fullrar þjónustu nema sá aðili, er sinnir forföllum, hafi sannanlega tækifæri til að ná fullum daglaunum með vinnu annars staðar.

5. gr.

Þegar forföll ber að höndum og óskað er aðstoðar skal tilkynna það til viðkomandi búnaðarsambands. Skal þá liggja fyrir læknisvottorð um að viðkomandi sé óvinnufær.

6. gr.

Afleysingamenn skulu hafa alhliða starfsreynslu við bústörf. Koma skal á námskeiðum við búnaðarskóla sem þjálfa fólk til afleysingastarfa.

7. gr.

Föst mánaðarlaun skulu miðast við 40 stunda vinnuviku.

Afleysingamenn skulu hafa fæði og húsnæði endurgjaldslaust hjá viðkomandi búi á starfstíma sínum þar. Einnig greiðir búið ferðakostnað og yfirvinnu sem samið er um.

Heimilt er að framlengja dvöl afleysingamanns á búi þegar tilskilinni þjónustu er lokið ef hans er ekki þörf annars staðar, enda greiðir þá viðkomandi bóndi laun afleysingamannsins. Slík ráðning skal þó vera ótímabundin ef þörf er á aðstoð annars staðar, t.d. í bráðum veikinda- eða slysatilfellum. Þá er stjórn forfallaþjónustunnar heimilt að taka upp samvinnu um skipulag og ráðningu starfsmanna við almenna afleysingaþjónustu sem rekin er á vegum samtaka bænda eða hóps bænda.

8. gr.

Leiti Stéttarsamband bænda eftir því við landbúnaðarráðherra að greiðsla einstakra búgreinafélaga á búnaðarmálasjóðsgjaldi til forfallaþjónustunnar falli niður samkvæmt heimild í 3. mgr. 4. gr. laga um Búnaðarmálasjóð, nr. 41/1990, nær sú niðurfelling einungis til þeirra félagsmanna búgreinafélagsins sem staðfest hafa með undirskrift sinni að þeir séu ekki lengur aðilar að forfallaþjónustu bænda.

9. gr.

Landbúnaðarráðuneytið setur, að fengnum tillögum stjórnar forfallaþjónustunnar, reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga. Þar skal nánar skilgreint ársverk og mat á vinnuframlagi við landbúnaðarstörf, sbr. 2. mgr. 4. gr., og kveðið á um réttindi og skyldur afleysingamanna. Jafnframt skal kveðið á um hverjir hafa rétt til aðstoðar samkvæmt lögum þessum en þó skal ávallt vera skilyrði fyrir aðstoð að sá sem hennar óskar hafi staðið skil á gjöldum sínum til Búnaðarmálasjóðs.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 32 29. maí 1979, um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

LÖG**um Fiskistofu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

1. gr.

Fiskistofa skal starfa að stjórnsýsluverkefnum á sviði sjávarútvegsmála, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Fiskistofa heyrir undir sjávarútvegsráðherra.

2. gr.

Fiskistofa skal annast framkvæmd laga um stjórn fiskveiða og eftirlit með fiskveiðum, svo sem nánar er kveðið á um í lögum um það efni. Fiskistofa skal annast söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði sjávarútvegsmála sem og önnur verkefni sem stofunni verða falin með lögum eða ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra ræður fiskistofustjóra er veitir Fiskistofu forstöðu.

Sjávarútvegsráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skipulag og starfsemi Fiskistofu.

4. gr.

Fiskistofa skal að höfðu samráði við Hagstofu Íslands fela Fiskifélagi Íslands söfnun tiltekinnna upplýsinga, úrvinnslu þeirra og útgáfu hagskýrslna á sviði sjávarútvegsmála.

II. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða.

5. gr.

Orðið „ráðherra“ í lok 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna fellur niður.

6. gr.

Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytið“ í 2. málsl. 3. mgr. 7. gr. laganna kemur orðið: Fiskistofa.

7. gr.

Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytið“ í 2. málsl. 2. mgr. 9. gr. laganna kemur orðið: Fiskistofa.

8. gr.

Á 6. mgr. 11. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:

1. Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. málsl. málsgreinarinnar kemur orðið: Fiskistofu.
2. Í stað orðsins „ráðuneytisins“ í 3. málsl. málsgreinarinnar kemur orðið: Fiskistofu.
3. Í stað orðsins „ráðuneytis“ í 4. málsl. málsgreinarinnar kemur orðið: Fiskistofu.

9. gr.

Á 12. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:

1. Í stað orðsins „ráðuneytisins“ í 2. málsl. 1. mgr. greinarinnar kemur orðið: Fiskistofu.
2. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytinu“ í 2. mgr. greinarinnar kemur orðið: Fiskistofu og í stað orðsins „ráðuneytið“ í sömu málsgrein kemur orðið: stofan.
3. Í stað orðsins „ráðuneytisins“ í 3. mgr. kemur orðið: Fiskistofu.
4. 1. málsl. 4. mgr. greinarinnar orðast svo: Veiði fiskiskip minna en 25% af samhlöðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður.

10. gr.

Á 15. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:

1. Í stað orðsins „ráðuneytið“ í 1. málsl. 1. mgr. greinarinnar kemur orðið: Fiskistofa.
2. Í stað orðsins „ráðuneytis“ í lok 2. málsl. 1. mgr. greinarinnar kemur orðið: Fiskistofu.
3. Í stað orðanna „Fiskifélagi Íslands“ í 2. mgr. greinarinnar kemur orðið: Fiskistofu.

11. gr.

Á 3. mgr. 16. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:

1. Í stað orðsins „ráðuneytið“ í 1. másl. málsgreinarinnar kemur orðið: Fiskistofa.
2. Í stað orðsins „ráðuneytisins“ í 2. másl. málsgreinarinnar kemur orðið: Fiskistofu.
3. Í stað orðsins „Ráðuneytið“ í 3. másl. málsgreinarinnar kemur orðið: Fiskistofa og í stað orðsins „ráðuneytisins“ í sama máslíð kemur orðið: stofunnar.

12. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðuneytið“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur orðið: Fiskistofa.

III. KAFLI

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. september 1992. Frá 1. september 1992 falla úr gildi lög nr. 55/1941, um afla- og útgerðarskýrslur.

Gjört í Reykjavík, 27. maí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Porsteinn Pálsson.

LÖG

um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávaraflla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Um gjaldtöku.

1. gr.

Ólögmætur er sá sjávarafli eða hluti afla:

1. sem ekki nær þeirri lágmarksstærð sem kveðið er á um í lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða sérstökum veiðileyfum,
2. sem er umfram þann hámarksaflla sem veiðiskipi er settur,
3. sem fenginn er utan leyfilegra sóknardaga,
4. sem fenginn er með óleyfilegum veiðarfærum,
5. sem fenginn er á svæði þar sem hlutaðeigandi veiðar eru bannaðar,
6. sem fenginn er án þess að tilskilin veiðileyfi hafi verið fyrir hendi,
7. sem 2. mgr. 7. gr. tekur til.

Greiða skal sérstakt gjald samkvæmt fyrirmælum laga þessara fyrir veiðar, verkun, vinnslu eða viðskipti með ólögmætan sjávaraflla.

Gjald skv. 2. mgr. skal renna í sérstakan sjóð í vörslu sjávarútvegsráðuneytisins og skal verja fé úr honum í þágu hafrannsóknna og eftirlits með fiskveiðum eftir nánari ákvörðun sjávarútvegsráðherra.

Nú hefur verið lagt hald á afla og hann gerður upptækur eftir ákvæðum annarra laga og kemur þá ekki til greiðslu gjalds skv. 2. mgr.

Um greiðsluskyldu.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. skal að jafnaði lagt á þann sem hefur gert út skip eða bát sem veitt hefur gjaldskyldan afla. Ef uppvíst verður um gjaldskyldan afla án þess að unnt reynist að ákvarða hver hafi veitt hann má þó leggja gjaldið á þann sem hefur tekið við aflanum til verkunar eða vinnslu eða hefur haft milligöngu um sölu hans eða afurða úr honum hvort sem er hér á landi eða erlendis, enda hafi þeir vitað eða mátt vita að um ólögmæt-an sjávarafla var að ræða.

Gjald skv. 1. gr. verður aðeins lagt á einn þeirra sem taldir eru upp í 1. mgr. Aðrir þeir, sem þar eru taldir og sem uppvíst er að hafi átt þátt í veiðum, verkun, vinnslu eða viðskiptum með gjaldskyldan afla, ábyrgjast þó greiðslu gjaldsins sem eigin skuld með þeim sem gjald er lagt á ef ætla má að þeir hafi vitað eða mátt vita að um ólögmæt-an sjávarafla var að ræða.

3. gr.

Gjald skv. 1. gr. skal nema andvirði gjaldskylds afla.

Ef ekki verður staðreynt hver sú fjárhæð hefur verið skal gjaldið nema því verði sem fengist hefur fyrir samsvarandi afla á þeim stað og því tímabili sem hann barst að landi. Verði gjaldskyldur afli ekki heimfærður til ákveðins tímabils skal verðleggja hann á grundvelli meðalverðs fyrir samsvarandi afla á viðkomandi fiskveiðiári.

Ef ekki verður staðreynt af fyrirliggjandi gögnum hvert hafi verið magn eða andvirði gjaldskylds afla skal það áætlað eftir því sem segir í 5. gr.

Um eftirlit.

4. gr.

Að því leyti sem fyrirmæli laga fela það ekki öðrum stjórnvöldum hafa eftirlitsmenn Fiskistofu með höndum eftirlit með því hvort sjávarafla er gjaldskyldur samkvæmt lög-um þessum. Er sjávarútvegsráðherra heimilt að kveða nánar á um eftirlit þetta í reglu-gerð.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að kveða á í reglugerð um skyldu útgerðarmanna, fisk-verkenda og fiskseljenda til að láta af hendi sérstakar skilagreinar um þann sjávarafla sem þeir hafa til umráða hverju sinni.

5. gr.

Fiskistofu er heimilt að krefja útgerðarmenn, skipstjórnarmenn, fiskverkendur, fisk-seljendur og þá sem hafa haft milligöngu um viðskipti með sjávarafla eða afurðir um öll nauðsynleg gögn og upplýsingar sem þeir geta látið í té og varða, að mati Fiskistofu, ákvörðun um hvort sjávarafla kunni að vera gjaldskyldur samkvæmt lögum þessum. Er þeim sem krafðir eru upplýsinga skylt að láta þær af hendi endurgjaldslaut og í því formi sem Fiskistofa mælist til. Fiskistofu er enn fremur heimilt í sama skyni að krefjast að-gangs að bókhaldsgögnum þeirra, sem áður er getið, samningum þeirra, verslunarbréf-um og öðrum slíkum gögnum, svo og að skrifstofum þeirra, vinnustöðvum, vinnsluhús-um, vörugeymsluhúsum og öðrum slíkum stöðum til birgðakönnunar og annars eftirlits.

Í sama tilgangi er Fiskistofu heimilt að krefjast upplýsinga af félögum og félagasam-tökum útgerðarmanna, fiskverkenda, fiskseljenda og af félögum annarra sem hlut geta átt að máli, um viðskipti félagsmanna þeirra og aðra starfsemi sem þau hafa gögn eða upp-lýsingar um.

Ef Fiskistofa telur fram komin gögn eða upplýsingar ófullnægjandi, óglögg, tortryggileg eða ekki látin í té í umbeðnu formi eða hún telur frekari skýringa þörf á einhverju atriði skal hún skora skriflega á þann sem kann að verða krafinn um gjald skv. 1. gr. að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýrslur og þau gögn sem þeir telja þörf á. Ef ekki er bætt úr annmörkum, svar berst ekki innan tiltekins tíma, þau gögn eru ekki send sem óskað er eftir eða fram komin gögn eða upplýsingar eru ófullnægjandi eða tortryggileg að mati Fiskistofu skal hún áætla magn og andvirði sjávarafla eftir þeim gögnum og upplýsingum sem fyrir liggja.

Um úrskurðaraðila.

6. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar þriggja manna nefnd til að úrskurða álagningu gjalds skv. 1. gr. og jafnmarga menn til vara. Aðalmenn og varamenn skulu skipaðir til þriggja ára í senn og skal einn nefndarmanna skipaður formaður hennar.

Þeir menn, sem eru skipaðir í nefnd skv. 1. mgr., skulu fullnægja almennum skilyrðum laga til að fá skipun í stöðu í þjónustu ríkisins. Formaður nefndarinnar og varamaður hans, sem tekur sæti formanns í forföllum hans, skulu að auki fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Um hæfi nefndarmanna til meðferðar einstakra mála skal farið eftir því sem við á eftir þeim lagareglum sem gilda um hæfi héraðsdómara. Ef nefndarmaður er vanhæfur kveður formaður nefndarinnar til varamann í hans stað.

Afl atkvæða ræður niðurstöðum nefndar skv. 1. mgr.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Ef rökstudd ástæða kemur fram við framkvæmd eftirlits til að ætla að einhver sá, sem fyrmæli 2. gr. taka til, hafi haft gjaldskyldan sjávarafla til umráða skal Fiskistofa leggja gjald á hlutaðeigandi aðila skv. 1. gr.

Nú sýna starfsmenn Fiskistofu fram á að verkun, vinnsla eða sala tiltekins aðila á sjávarafla eða afurða úr honum sé umfram uppgefin kaup hans eða aðföng og er þá heimilt að leggja á viðkomandi aðila gjald skv. 1. gr. um mismuninn enda þótt sjávaraflinn verði ekki rakinn til ákveðins veiðiskips eða tímabils.

Vilji aðili eigi una ákvörðun Fiskistofu getur hann, innan tveggja vikna frá því að hann fékk vitneskju um álagninguna, kært hana til Fiskistofu sem þá skal, innan tveggja vikna frá lokum gagnaöflunar, leggja rökstuddan skriflegan úrskurð á málið. Nú vill kærandi eigi setta sig við úrskurð Fiskistofu og getur hann þá skotið honum til nefndar skv. 6. gr., enda geri hann það innan tveggja vikna frá því að hann fékk vitneskju um úrskurðinn.

Er formanni nefndarinnar hefur borist kæra skv. 1. mgr. skal hann þegar tilkynna það Fiskistofu með ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt. Tilkynningunni skulu fylgja samrit af kæru, greinargerð kæranda og önnur gögn er kunna að hafa fylgt kærinni. Skal Fiskistofu gefinn kostur á að koma kröfum sínum, athugasemdum og öðrum gögnum á framfæri við nefndina innan tiltekins frests. Fiskistofu er jafnframt rétt að krefjast þess að kveðið verði á um ábyrgð annarra á greiðslu gjaldsins skv. 2. mgr. 2. gr.

8. gr.

Þegar frestur skv. 2. mgr. 7. gr. er á enda eða fram eru komnar athugasemdir eða gögn málsaðila skal formaður nefndar skv. 1. mgr. 6. gr. kalla hana saman til fundar til

að fjalla um kröfuna. Að jafnaði skal reynt að ráða málefnum þegar til lykta á þeim fundi, en telji nefndin þörf frekari upplýsinga eða gagna getur hún gefið málsaðilum kost á öflun þeirra innan tiltekins frests. Heimilt er nefndinni að boða málsaðila eða talsmenn þeirra á sinn fund til að tjá sig nánar um málefnið ef hún telur ástæðu til áður en úrskurður gengur.

9. gr.

Úrskurðir nefndar skv. 1. mgr. 6. gr. um álagningu gjalds skv. 1. gr. skulu vera rökstuddir og færðir í sérstaka gerðabók. Í þeim skal tekin afstaða til þess hvort afli sé gjaldskyldur, hver fjárhæð gjaldsins skuli vera og hverjum beri að greiða það. Hafi þess verið krafist skal jafnframt kveðið á um hvort aðrir ábyrgist greiðslu gjaldsins skv. 2. mgr. 2. gr. Heimild til álagningar gjalds nær til gjalds vegna afla síðustu fjögurra fiskveiðia ára sem næst eru á undan því fiskveiðiári sem álagning Fiskistofu fer fram á.

Þegar úrskurður hefur gengið skal formaður án tafar senda sjávarútvegsráðherra, Fiskistofu og þeim sem krafa hefur beinst að eintak úrskurðarins í ábyrgðarpósti eða á annan sannanlegan hátt.

Um innheimtu.

10. gr.

Fiskistofa fer með innheimtu gjalds skv. 1. gr. Sjávarútvegsráðherra er þó heimilt að fela innheimtumönnum ríkissjóðs eða öðrum aðilum innheimtu þess.

Gjald skv. 1. gr. fellur í gjalddaga við álagningu. Ber það dráttarvexti samkvæmt ákvæðum vaxtalaga frá því 30 dagar eru liðnir frá gjalddaga þess.

Álagning gjalds eða úrskurður um gjalddöku skv. 1. gr. eru aðfararhæfar ákvarðanir, bæði gagnvart þeim sem gjald hefur verið lagt á og þeim sem bera ábyrgð á greiðslu þess samkvæmt úrskurði. Má Fiskistofa krefjast fullnustu með fjárnámi þegar liðnir eru 30 dagar frá dagsetningu álagningar eða uppkvaðningu úrskurðar.

Ágreining um skyldu til greiðslu gjalds skv. 1. gr. eða um ábyrgð á greiðslu þess má bera undir dómstóla sé það gert innan 30 daga frá uppkvaðningu úrskurðar skv. 6. gr. Slíkt málskot frestar ekki fullnustu úrskurðar.

11. gr.

Ef sjávarútvegsráðherra telur veiðar á gjaldskyldum afla samkvæmt lögum þessum brjóta gegn refsíákvæðum annarra laga er honum rétt að tilkynna það ríkissaksóknara. Slík tilkynning eða opinber rannsókn eða höfðun opinbers máls í tilefni hennar raskar því ekki að gjald verði lagt á eftir fyrirmælum þessara laga.

Um dagsektir.

12. gr.

Hver sá, sem tregðast við að láta Fiskistofu í té upplýsingar er varða gjaldskyldu annarra eða tregðast við að veita aðgang að aðstöðu eða gögnum, sbr. 5. gr., skal sæta dagsektum. Sjávarútvegsráðherra kveður á um skyldu til greiðslu dagsekta og mega þær nema allt að 10.000 kr. á dag. Dagsektir má innheimta með fjárnámi.

Um gildistöku o.fl.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1992.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, með áorðnum breytingum, ásamt stjórnvaldsfyrirmælum sem hafa verið sett á grundvelli þeirra.

14. gr.

Heimilt er að leggja á gjald samkvæmt fyrirmælum laga þessara þótt sú háttsemi, sem leiðir til álagningar þess, kunni að hafa átt sér stað fyrir gildistöku þeirra ef heimilt hefði verið að gera viðkomandi afla upptækan samkvæmt fyrirmælum laga nr. 32/1976 og upptaka aflans eða andvirðis hans hefur ekki þegar farið fram.

Sjávarútvegsráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 27. maí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Porsteinn Pálsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. másl. 2. mgr. 91. gr. laganna fellur brott. Við greinina bætist ný málsgrein er verður 3. mgr., svohljóðandi:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, útreikning, gjald-daga, lögvernd, álagningu gjalda samkvæmt áætlun og annað sem lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldanna.

2. gr.

1. mgr. 92. gr. laganna orðast svo:

1. Heimilt er að veita lán og styrki úr Fiskræktarsjóði til mannvirkjagerðar er lýtur að fiskrækt eða fiskeldi enda samþykki veiðimálastjóri tilhögun framkvæmda, þær séu gerðar undir eftirliti hans og hann mæli með styrkveitingu. Enn fremur er heimilt að veita úr Fiskræktarsjóði lán eða styrki til annarra verkefna sem stuðla að aukningu og viðhaldi íslenskra laxfiska. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um ráðstöfun fjár úr Fiskræktarsjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. maí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

LÖG**um breytingu á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972, og lögum um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20/1923.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um breytingu á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972.

1. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Nú eru hjón sammála um að leita skilnaðar að borði og sæng og ber þá að veita þeim leyfi til slíks skilnaðar.

2. gr.

32. gr. laganna orðast svo:

Maki, sem telur sig ekki geta haldið áfram hjúskap, á rétt á skilnaði að borði og sæng.

3. gr.

34. gr. laganna orðast svo:

Nú eru hjón á einu máli um að leita lögskilnaðar og er hann þá kræfur er liðnir eru sex mánuðir frá því að leyfi var gefið út til skilnaðar að borði og sæng eða dómur gekk, sbr. þó 33. gr.

Hvor maki um sig á rétt á lögskilnaði eftir að eitt ár er liðið frá því að leyfi var veitt til skilnaðar að borði og sæng eða dómur gekk, sbr. þó 33. gr.

4. gr.

35. gr. laganna orðast svo:

Nú hafa hjón slitið samvistir vegna ósamlyndis og getur þá hvort þeirra krafist lögskilnaðar þegar samvistaslit hafa staðið í tvö ár hið skemmsta.

5. gr.

36. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

43. gr. laganna orðast svo:

Leyfi til skilnaðar að borði og sæng skv. 31. gr. og lögskilnaðar skv. 1. mgr. 34. gr. veita sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra.

Skilnaðar samkvæmt öðrum ákvæðum má leita hjá sýslumönnum ef hjón eru sammála um það, en ella hjá dómstólum.

Nú synjar sýslumaður um leyfi til skilnaðar og getur aðili þá skotið synjuninni til dómsmálaráðuneytis, sbr. 80. gr. Synjun er ekki því til fyrirstöðu að skilnaðar sé leitað fyrir dómstólum.

7. gr.

45. gr. laganna orðast svo:

Áður en skilnaður að borði og sæng eða lögskilnaður er veittur skal sýslumaður eða dómari reyna að koma á samkomulagi milli hjóna um skipan forsjár fyrir börnum, um framfærslueyri og aðra skilnaðarskilmála. Hjón skulu staðfesta samkomulag um þessi efni fyrir sýslumanni eða dómara.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við ef óskað er lögskilnaðar á grundvelli skilnaðar að borði og sæng, sbr. 34. gr., með óbreyttum skilnaðarskilmálum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti setur nánari reglur um umleitun skv. 1. mgr.

8. gr.

47. gr. laganna orðast svo:

Forsjá barns og framfærslueyri með því skal skipa við skilnað að borði og sæng og við lögskilnað í samræmi við ákvæði barnalaga, enn fremur framfærslueyri með maka. Áður en skilnaður er veittur skal annað tveggja vera samkomulag milli hjóna um fjárskipti eða opinber skipti hafin vegna fjárslita.

Ágreiningur foreldra um forsjá og framfærslueyri kemur ekki í veg fyrir að skilnaður verði veittur að kröfu aðila.

9. gr.

48. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

Í 1. og 2. másl. 1. mgr. 50. gr. laganna fellur niður orðið „dómsmálaráðuneyti“, en í stað þess kemur: sýslumaður.

11. gr.

Í 1. mgr. 52. gr. laganna fellur niður orðið „ráðuneytis“, en í stað þess kemur: sýslumanns.

12. gr.

53. gr. laganna fellur brott.

13. gr.

Í 2. másl. 60. gr. laganna fellur niður orðið „dómsmálaráðuneyti“, en í þess stað kemur: sýslumaður.

14. gr.

Í stað 61.–81. gr. laganna (VII. kafli: Um réttarfar í hjúskaparmálum o.fl.) koma tíu nýjar greinar er orðast svo:

a. (61. gr.)

Hjúskaparmál samkvæmt þessum kafla eru eftirfarandi dómsmál:

1. Mál sem höfðuð eru til ógildingar hjúskap.
2. Mál sem höfðuð eru til hjónaskilnaðar.
3. Mál til úrlausnar um hvort hjúskapur sé gildur eða ekki gildur.
4. Mál til úrlausnar um hvort réttaráhrif skilnaðar að borði og sæng séu fallin niður.

b. (62. gr.)

Hjúskaparmál má höfða hér á landi í eftirfarandi tilvikum:

1. Ef stefndi er búsettur hér á landi.
2. Ef stefnandi er hér búsettur og hefur verið það sl. tvö ár eða búíð hér áður svo langan tíma.
3. Ef stefnandi er íslenskur ríkisborgari og leitt er í ljós að hann geti ekki vegna ríkisfangs síns höfðað mál í því landi sem hann er búsettur í.
4. Ef bæði eru íslenskir ríkisborgarar og stefndi lýsir eigi andstöðu sinni gegn því að málið sæti úrlausn dómstóls hér á landi.
5. Ef lögskilnaðar er krafist á grundvelli undanfarandi skilnaðar að borði og sæng enda hafi leyfi verið veitt eða dómur gengið hér á landi.

Mál til ógildingar hjúskap má höfða hér á landi ef hjónavígslan hefur farið fram hér.

Ákvæði milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að, skulu þó ganga framur ákvæðum þessarar greinar.

c. (63. gr.)

Mál skal höfða á heimilisvarnarþingi stefnda. Ef stefndi á ekki heimilisvarnarþing hér á landi skal mál höfða þar sem stefnandi á heimilisvarnarþing. Aðilar geta samið um annað varnarþing en að framan greinir.

Nú er eigi til að dreifa varnarþingi skv. 1. mgr. og skal þá höfða mál fyrir dómstóli er dóms- og kirkjumálaráðuneytið kveður á um.

d. (64. gr.)

Annað hjóna og það eitt getur höfðað hjúskaparmál, sbr. þó 2. mgr. 24. gr.

e. (65. gr.)

Hjúskaparmál sæta meðferð einkamála nema um frávik sé mælt í lögum.

Ef hvorki er vitað um heimilisfang né dvalarstað stefnda er dómara heimilt að skipa honum málsvara. Sama á við þegar stefndi er búsettur eða dvelst erlendis og ekki tekst að birta honum stefnu eða hvorki hann né umboðsmaður hans sækir þing við þingfestingu máls og sérstakar ástæður mæla að öðru leyti með því að honum verði skipaður málsvari. Málsvari skal hafa samráð við umbjóðanda sinn ef unnt er. Dómari ákveður þóknun til málsvara sem greiðist úr ríkissjóði. Dómari getur kveðið á um að stefndi skuli endurgreiða ríkissjóði kostnað vegna málsvara að öllu eða nokkru leyti ef rök mæla með því.

Dómari gætir óhjákvæmilegra lagaskilyrða við úrlausn hjúskaparmáls.

Hjúskap verður ekki slitið með dómsátt.

f. (66. gr.)

Dómþing í hjúskaparmálum skulu háð fyrir luktum dyrum nema dómari kveði öðruvísi á með samþykki málsaðila.

g. (67. gr.)

Eigi má án leyfis dómara birta almenningi á nokkurn hátt annað af því sem gerst hefur í hjúskaparmálum en dóminn. Brot gegn ákvæði þessu varðar sektum.

Nú er dómur í slíku máli birtur, þar á meðal að tilstuðlan dómstólsins, og skal þá gæta leyndar á nöfnum og upplýsingum sem bent geti til þess hverjir séu aðilar máls.

h. (68. gr.)

Hjúskaparmál verður eigi höfðað eftir dauða annars hjóna.

Nú deyr annað hjóna áður en dómur gengur í hjúskaparmáli og fellur þá málið niður. Á þetta einnig við ef máli er áfrýjað.

i. (69. gr.)

Nú er máli vísað frá dómi eða það fellt niður án kröfu sækjanda og getur sækjandi þá höfðað mál að nýju innan mánaðar þó að lögmæltur málshöfðunarfræstur sé þá liðinn.

j. (70. gr.)

Heimilt er að áfrýja einstökum þáttum dóms.

Hvorugur málsaðili má ganga í nýtt hjónaband innan loka áfrýjunarfrests nema því aðeins að gagnaðili og dóms- og kirkjumálaráðuneyti, þegar það á aðild máls, hafi bréflaga fallið frá áfrýjun.

Endurupptaka máls er ekki heimil eftir lok áfrýjunarfrests.

15. gr.

Á eftir VII. kafla laganna kemur nýr kafli, **VIII. kafli: Um meðferð og úrlausn stjórnvalda á málum samkvæmt lögum þessum**, með tíu nýjum greinum er orðast svo:

a. (71. gr.)

Stjórnvöld geta leyst úr málum er tengjast öðrum ríkjum í eftirfarandi tilvikum:

1. Ef sá sem krafa beinist gegn er búsettur hér á landi.
2. Ef aðilar eru íslenskir ríkisborgarar og sá sem krafa beinist gegn samþykkir að málið sæti úrlausn hér á landi.
3. Ef lögskilnaðar er krafist á grundvelli undanfarandi skilnaðar að borði og sæng, enda hafi leyfi til skilnaðar að borði og sæng verið veitt hér á landi.

Ákvæði milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að, skulu þó ganga frammar ákvæðum 1. mgr.

b. (72. gr.)

Leysa skal úr máli í því umdæmi þar sem sá sem krafa beinist gegn er búsettur. Ef hann er ekki búsettur hér á landi skal leysa úr máli í því umdæmi þar sem krefjandi er búsettur. Hjón geta samið um annað úrlausnarumdæmi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið ákvarðar úrlausnarumdæmi ef hvorki sá sem krafa beinist gegn né krefjandi eru búsettir hér á landi eða ef annars leikur vafi á því hvar leysa skuli úr máli samkvæmt framangreindu.

c. (73. gr.)

Sýslumaður skal leiðbeina aðilum um réttindi þeirra og skyldur er málið varðar.

d. (74. gr.)

Sýslumaður leitar sátta með aðilum áður en hann leysir úr ágreiningsmáli.

Ef aðilar máls búa eða dvelja hvor í sínu umdæmi má leita sátta þar sem hvor aðila býr eða dvelst.

e. (75. gr.)

Aðilum máls ber að setja fram skýrar kröfur fyrir stjórnvaldi og afla þeirra gagna sem stjórnvald telur þörf á til úrlausnar máls. Enn fremur getur stjórnvald aflað gagna að eigin frumkvæði ef þörf krefur.

Ef sá sem kröfu gerði sinnir eigi ítrekuðum kvaðningum eða tilmælum stjórnvalds um framlagningu gagna er stjórnvaldi heimilt að synja um úrlausn.

Nú sinnir gagnaðili máls eigi ítrekuðum kvaðningum eða tilmælum stjórnvalds um gagnaöflun og má þá veita úrlausn á grundvelli þeirra krafna og gagna sem fyrir liggja.

f. (76. gr.)

Aðilum máls er heimilt að kynna sér skjöl og önnur gögn sem málið varðar. Réttur þessi nær ekki til vinnuskjala sem rituð hafa verið hjá stjórnvaldi til eigin afnota í sambandi við meðferð málsins.

g. (77. gr.)

Aðilar skulu eiga þess kost að tjá sig um mál áður en ákvörðun er tekin og getur stjórnvald sett þeim ákveðinn frest til þess.

h. (78. gr.)

Úrskurður stjórnvalds skal vera skriflegur. Þar skal greina úrlausnarefni, niðurstöðu og rökstuðning fyrir henni, þar á meðal lagaatriði er niðurstaða byggist á og önnur atriði er máli skipta, þar á meðal kærueimild og þvingunarúrræði ef því er að skipta.

i. (79. gr.)

Úrskurður stjórnvalds skal senda aðilum máls með ábyrgðarbréfi, hann birtur af einum stefnuvotti eða kynntur með öðrum sannanlegum hætti.

j. (80. gr.)

Kæra má úrlausn sýslumanns til dóms- og kirkjumálaráðuneytis innan tveggja mánaða frá dagsetningu hennar.

Kæra frestar ekki réttaráhrifum úrlausnar nema sýslumaður ákveði annað.

Málsaðilum, sem fengið hafa leyfi til lögskilnaðar, er ekki heimilt að ganga í hjúskap að nýju fyrr en eftir lok kærufrests nema þeir hafi fallið bréflaga frá kæru.

16. gr.

Í VIII. kafla laganna, er verður IX. kafli, kemur ný grein, 81. gr., er orðast svo: Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna.

II. KAFLI

Um breytingu á lögum um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20/1923.

17. gr.

II. kafli laganna, Um foreldravald (16. gr.), fellur brott.

18. gr.

Á eftir 86. gr. laganna komi tvær nýjar greinar er orðast svo:

a. (87. gr.)

Við meðferð og úrlausn stjórnvalda á málum samkvæmt lögum þessum skal beita ákvæðum VIII. kafla laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972, með síðari breytingum, eftir því sem við á.

b. (88. gr.)

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna.

III. KAFLI Gildistaka o.fl.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

Frá sama tíma fellur úr gildi 2. tölul. 62. gr. laga nr. 92/1991, um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú var sett fram krafa um skilnað að borði og sæng eða lögskilnað samkvæmt lögum nr. 60/1972, með síðari breytingum, fyrir gildistöku laga þessara og skal þá fara um þá kröfu eftir eldri lögum. Ef bæði hjón óska þess er þó heimilt að beita reglum þessara laga.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heiti XXII. kafla breytist svo að í stað „**Skírlífisbrot**“ komi: **Kynferðisbrot.**

2. gr.

194. gr. orðist svo:

Hver sem með ofbeldi eða hótun um ofbeldi þröngvar manni til holdlegs samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.

3. gr.

195. gr. orðist svo:

Hver sem með annars konar ólögmætri nauðung þröngvar manni til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

4. gr.

196. gr. orðist svo:

Hver sem notfærir sér geðveiki eða aðra andlega anmarka manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

5. gr.

197. gr. orðist svo:

Ef umsjónarmaður eða starfsmaður í fangelsi, geðsjúkrahúsi, vistheimili, uppeldisstofnun eða annarri slíkri stofnun hefur samræði eða önnur kynferðismök við vistmann á stofnuninni varðar það fangelsi allt að 4 árum.

6. gr.

198. gr. orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar með því að misnota freklega þá aðstöðu sína að hann er honum háður fjárhagslega, í atvinnu sinni eða sem skjólstaðingur hans í trúnaðarsambandi skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða, sé maðurinn yngri en 18 ára, allt að 6 árum. Önnur kynferðisleg áreitni varðar fangelsi allt að 2 árum.

7. gr.

199. gr. orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann sem heldur ranglega að mökin eigi sér stað í hjónabandi eða óvígðri sambúð eða hann er í þeirri villu að hann eigi mök við einhvern annan skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

Sömu refsingu varðar það ef samræði eða önnur kynferðismök eiga sér stað vegna þeirrar blekkingar að um læknisfræðilega eða aðra vísindalega meðferð sé að ræða.

8. gr.

200. gr. orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja skal sæta fangelsi allt að 6 árum og allt að 10 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

Önnur kynferðisleg áreitni manns gagnvart barni sínu eða öðrum niðja en sú er greinir í 1. mgr. varðar allt að 2 ára fangelsi og allt að 4 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

Samræði eða önnur kynferðismök milli systkina varða fangelsi allt að 4 árum. Hafi annað systkina eða bæði ekki náð 18 ára aldri þegar verknaður átti sér stað má ákveða að refsing falli niður að því er þau varðar.

9. gr.

201. gr. orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn eða ungmenni, yngra en 18 ára, sem er kjörbarn hans, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða ungmenni, sem

honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis, skal sæta fangelsi allt að 6 árum og allt að 10 ára fangelsi sé barn yngra en 16 ára.

Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. varðar fangelsi allt að 2 árum og allt að 4 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

10. gr.

202. gr. orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 14 ára, skal sæta fangelsi allt að 12 árum. Önnur kynferðisleg áreitni varðar fangelsi allt að 4 árum.

Hver sem með blekkingum, gjöfum eða á annan hátt tælir ungmenni á aldrinum 14–16 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

11. gr.

204. gr. orðist svo:

Hafi brot skv. 201. eða 202. gr. verið framið í gáleysi um aldur þess er fyrir broti varð skal beita vægari refsingu að tiltölu sem þó má ekki fara niður úr lægsta stigi refsivistar.

12. gr.

205. gr. orðist svo:

Refsing skv. 194.–199., 202. og 204. gr. má falla niður ef karl og kona, er kynferðismökin hafa gerst í milli, hafa síðar gengið að eigast eða tekið upp óvígða sambúð eða, ef þau voru þá í hjónabandi eða óvígðri sambúð, hafa eftir það tekið upp eða haldið áfram sambúð.

13. gr.

206. gr. orðist svo:

Hver sem stundar vændi sér til framfærslu skal sæta fangelsi allt að 2 árum.

Hver sem hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða ungmenni, yngra en 18 ára, til þess að hafa viðurværi sitt af lauslæti.

Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að því að nokkur maður flytji úr landi eða til landsins í því skyni að hann hafi viðurværi sitt af lauslæti ef viðkomandi er yngri en 21 árs eða honum er ókunnugt um þennan tilgang fararinnar.

Hver sem stuðlar að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi holdlegt samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða gerir sér lauslæti annarra að tekjulind, svo sem með útleigu húsnæðis eða öðru, skal sæta fangelsi allt að 4 árum en sektum eða varðhaldi ef málsbætur eru.

14. gr.

208. gr. orðist svo:

Nú hefur maður, sem sæta skal refsingu eftir 206. gr., áður verið dæmdur fyrir brot á þeirri grein, eða hann hefur áður verið dæmdur til fangelsisvistar fyrir auðgunarbrot, má þvingja refsingu svo að bætt sé við hana allt að helmingi hennar.

15. gr.

209. gr. orðist svo:

Hver sem með lostugu athæfi særir blygðunarsemi manna eða er til opinbers hneyksl- is skal sæta fangelsi allt að 4 árum, en varðhaldi eða sektum ef brot er smávægilegt.

16. gr.

Úr 181. gr. falli niður orðin „eða lauslæti eða fær viðurværi sitt frá kvenmanni, sem hefur ofan af fyrir sér með lauslæti“.

Enn fremur falli brott 190. gr., 203. gr. og 207. gr.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Porsteinn Pálsson.

L Ö G

um brunavarnir og brunamál.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Stjórn brunamála.

1. gr.

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn brunamála í landinu.

2. gr.

Brunamálastofnun ríkisins hefur á hendi eftirlit með öllum brunavörnum og brunamálum í landinu.

Brunamálastofnun ríkisins skal hlutast til um að farið sé í hvívetna eftir lögum og reglugerðum um brunavarnir og brunamál.

Brunamálastofnun ríkisins ber að gera sjálfstæðar athuganir og úttektir til þess að geta gert sér grein fyrir ástandi mála, hvenær sem þurfa þykir, með fullri vitneskju og í sem bestri samvinnu við hlutaðeigandi brunamálayfirvöld.

Önnur helstu verkefni Brunamálastofnunar ríkisins eru:

- a. Að leiðbeina sveitarstjórnnum um allt það er lýtur að brunavörnum, þar á meðal að skilgreina þær brunatæknilegu kröfur sem vatnsveitukerfi sveitarfélaga eiga að uppfylla og hafa eftirlit með að þeim kröfum sé fullnægt.
- b. Að yfirfara brunahönnun og uppdrætti af nýbyggingum, viðbótum og meiri háttar breytingum á mannvirkjum sem slökkviliðsstjóri eða byggingarfulltrúi vísar til hennar og stofnunin sjálf kallar eftir til að ganga úr skugga um að lögum og reglugerðum um brunavarnir sé fullnægt. Einnig skal Brunamálastofnun gefa út leiðbeiningar og reglur um brunavarnir og brunahönnun mannvirkja eftir því sem kostur er.
- c. Að hafa eftirlit með og samþykkja slökkvibúnað, brunavarnakerfi, byggingarhluta og efni og annað það er snertir brunavarnir.

- d. Að hafa forgöngu um að fylgt sé fyrirmælum reglugerðar um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna, þar á meðal slökkviliðsstjóra og eldvarnaeftirlitsmanna.
 - e. Að hafa æfingar með slökkviliðum, svo og að stuðla að aukinni menntun slökkviliðsmanna og eldvarnaeftirlitsmanna, m.a. með því að gangast fyrir reglubundnum námskeiðum.
 - f. Að beita sér fyrir kynningar- og fræðslustarfsemi fyrir þá er sinna reglubundnu eldvarnaeftirliti; að gangast fyrir ráðstefnum og námskeiðum fyrir hönnuði og aðra tæknimenn og kynna þeim nýjungar á sviði brunavarna; að beita sér fyrir kynningar- og fræðslustarfsemi meðal almennings.
 - g. Að halda uppi rannsóknastarfsemi á sviði brunavarna.
 - h. Að semja árlega skýrslu um orsakir og afleiðingar eldsvoða. Vátryggingafélög skulu senda Brunamálastofnun, eigi síðar en 1. mars ár hvert, sundurliðaðar skýrslur um brunatjón á næstliðnu ári. Skal árleg yfirlitsskýrsla Brunamálastofnunar um eldsvoða birt opinberlega.
 - i. Að undirbúa og endurskoða, eftir því sem þörf er á, reglugerðir um brunamál og sjá svo um að þær séu ávallt í samræmi við kröfur tímans.
 - j. Að hafa samvinnu við samsvarandi stofnanir í nágrannalöndunum og fylgjast með framförum og nýjungum erlendis á sviði brunavarna.
- Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um verkefni, svo og starfshætti Brunamálastofnunar.

3. gr.

Ráðherra skipar fimm manna stjórn Brunamálastofnunar ríkisins til fjögurra ára í senn. Hann skipar einn eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn eftir tilnefningu Landssambands slökkviliðsmanna, einn eftir tilnefningu Sambands íslenskra tryggingafélaga og einn eftir tilnefningu Brunatæknifélags Íslands. Einn mannskipar ráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Skipa skal varamenn með sama hætti. Ráðherra ákveður þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra.

Stjórn Brunamálastofnunar skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar og að fylgt sé ákvæðum laga og reglna sem um stofnunina gilda. Stjórnin skal móta stefnu stofnunarinnar í samráði við brunamálastjóra, m.a. með því að samþykkja starfs- og fjárhagsáætlun fyrir eitt ár í senn. Stjórnin ber ábyrgð gagnvart ráðherra.

Ráðherra skipar brunamálastjóra til sex ára í senn að fengnum tillögum stjórnar Brunamálastofnunar. Hann skal veita stofnuninni forstöðu og bera ábyrgð gagnvart stjórninni. Hann ræður starfsmenn Brunamálastofnunar og taka þeir laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Brunamálastjóri skal vera arkitekt, verkfræðingur eða tæknifræðingur eða með aðra sambærilega menntun á háskólastigi og hafa sérþekkingu á brunamálum.

4. gr.

Sveitarstjórn og slökkviliðsstjóri skulu halda uppi almennum brunavörnum og opinberu eldvarnaeftirliti í sveitarfélagi í samræmi við kröfur sem nánar er kveðið á um í reglugerðum um brunavarnir og brunamál. Kostnaður greiðist úr sveitarsjóði.

Sveitarstjórnir geta haft samvinnu sín á milli um brunavarnamál sveitarfélaga. Um þá samvinnu skulu gilda ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Félagsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn Brunamálastofnunar, undanþegið sveitarfélag skyldu til að halda uppi sérstökum brunavörnum berist rökstudd beiðni um slíkt frá sveitarstjórn.

II. KAFLI

Slökkvilið og slökkvistarf.

5. gr.

Sveitarfélögum er skylt að leggja til og halda við nauðsynlegum tækjum og búnaði til almenns slökkvistarfs og brunavarna, þar með talið nauðsynlegt húsnæði fyrir slökkviliðið.

Í reglugerð skal kveða á um lágmarkskröfur varðandi tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða, svo og vatnsnotkun til slökkvistarfa.

Sveitarfélögum ber að sjá um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað í þéttbýli, t.d. úðakerfi í meiri háttar byggingum. Í þeim sveitarfélögum, þar sem vatnsöflun er erfið, er þó heimilt að leita annarra lausna til að tryggja nauðsynlegar brunavarnir.

Við skipulag byggðar og staðsetningu slíkra bygginga í sveitarfélagi ber að taka fullt tillit til ofangreindra þátta.

6. gr.

Sveitarstjórn skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri, en í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri, er yfirmaður og stjórnandi slökkviliðs. Hann hefur umsjón með öllum tækjum slökkviliðsins og brunahönum. Um starfsemi slökkviliða og verksvið slökkviliðsstjóra skal nánar kveðið á í reglugerð.

Tæki og búnað slökkviliðs má einungis nota til slökkvi- og björgunarstarfs nema slökkviliðsstjóri heimili annað.

7. gr.

Allir verkfærir menn 18–60 ára að aldri, sem hafa fasta búsetu í sveitarfélagi, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði. Þeim er skylt að koma til slökkviafinga allt að 20 klukkustundir á ári og auk þess skulu þeir koma hvenær sem eldsvoða ber að höndum samkvæmt nánari reglum um útköll.

Sveitarstjórn skipar menn í slík slökkvilið eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Um þóknun fyrir störf í slökkviliði fer eftir ákvörðun sveitarstjórnar að höfðu samráði við samtök slökkviliðsmanna.

8. gr.

Í sveitarfélögum, þar sem slökkvilið er skipað fastráðnum starfsmönnum, má takmarka skyldur skv. 7. gr. eða fella þær niður.

Slökkviliðsstjóra er skylt að sjá um að slökkviliðsæfingar séu haldnar eins oft og áskilið er í reglugerð.

9. gr.

Slökkviliðsstjóra, eða staðgengli hans, er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að kveðja til slökkvistarfa eins marga menn og hann telur nauðsynlegt og getur enginn vinnufær maður skorast undan þeirri skyldu. Slík aðstoð skal veitt án endurgjalds.

10. gr.

Slökkviliðsmenn og aðrir, sem vinna að brunavörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, skulu slysatryggðir við æfingar og önnur störf í þágu brunavarna í samræmi við áhættu starfsins. Lágmarkstrygging þeirra skal vera í samræmi við skilmála um slysatryggingar opinberra starfsmanna samkvæmt kjarasamningum. Þeir sem verða fyrir tjóni við störf í þágu brunavarna eiga rétt á að fá tjónið bætt úr sveitarsjóði, enda verði tjónið ekki bætt af váttryggingafélagi. Náist ekki samkomulag um bætur skal tjónið metið af dómkvöddum mönnum.

11. gr.

Félagsmálaráðherra getur að nokkru eða öllu leyti undanþegið sveitarfélag þeirri skyldu að hafa slökkvilið ef það hefur samið um að slökkvilið í nærliggjandi sveitarfélagi annist slökkvistarf. Um slíka samvinnu skal gera skriflegan samning og skal hann staðfestur af félagsmálaráðherra að fenginni umsögn Brunamálastofnunar.

12. gr.

Hverjum manni er skylt, þegar eldsvoða ber að höndum, að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð og una því að brotið verði niður og rutt burt því sem til fyrirstöðu er við slökkvistarf. Heimilt er að rífa niður byggingar ef slökkviliðsstjóri álitur það nauðsynlegt til að stöðva útbreiðslu elds. Slökkvilið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld sem til næst og að gagni mega koma við slökkvistarf þegar eldsvoða ber að höndum.

13. gr.

Fjártjón, sem hlýst af ráðstöfunum skv. 12. gr., telst brunatjón.

14. gr.

Ef slökkviliðsstjóri óskar þess skal lögregla annast löggæslu við slökkviæfingar og slökkviliðsstörf, en ella hreppstjóri eða sérstakur fulltrúi sem lögreglustjóri skipar. Við eldsvoða er löggæslulið á brunastað undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra. Lögregla skal sjá slökkviliði fyrir greiðum aðgangi að brunastað, stöðva umferð um nærliggjandi götur, afgirða svæði sem slökkviliði þarf til að gegna störfum sínum, vernda brunarústir sem rannsaka þarf eða bjarga verðmætum úr og varðveita muni sem bjargað er frá bruna þar til þeir eru afhentir réttum aðilum.

15. gr.

Heimilt er slökkviliði, lögreglu eða þeim sem þessir aðilar kveðja til að fjarlægja hvern þann er truflar slökkvistarf og gera fullnægjandi ráðstafanir til að hann valdi ekki frekari truflun.

16. gr.

Slökkviliði er heimilt að veita aðstoð við að slökkva eld utan eigin umdæmis. Slökkviliðsstjóri ákveður hverju sinni hversu mikið af tækjum og mannafla megi senda með hliðsjón af því að eigin umdæmi sé ekki stofnað í óeðlilega hættu.

Kostnaður við slíka aðstoð telst til brunavarnakostnaðar þess sveitarfélags sem aðstoðar nýtur. Verði ágreiningur um kostnað skal hann ákveðinn af dómkvöddum mönnum. Héraðsdómari í því umdæmi, sem aðstoð veitir, útnefnir matsmenn.

III. KAFLI

Brunavarnir og meðferð eldfimra efna.

17. gr.

Seljanda byggingarefna eða tækja eða annars varnings, sem haft geta áhrif á öryggi mannvirkja og fólks gagnvart eldi, er skylt að afla nauðsynlegra upplýsinga um brunatæknilega eiginleika þeirra og láta Brunamálastofnun þær í té. Slíkar upplýsingar skulu vera frá viðurkenndum og óháðum aðila sem Brunamálastofnun samþykkir. Brunamálastofnun tekur á grundvelli þessara upplýsinga ákvörðun um hvort nota megi byggingarefnið, tækið eða annan varning, til hvers og með hvaða skilyrðum.

Brunamálastofnun getur bannað sölu byggingarefnis, tækis og annars varnings sem stofnunin telur geta valdið hættu á brunatjóni eða ekki hefur verið sótt um leyfi fyrir eða

fullnægjandi brunatæknilegar upplýsingar fást ekki um. Lögreglu er skylt að aðstoða við slíkar aðgerðir ef þörf krefur.

Brunamálastofnun skal halda skrá yfir þær viðurkenningar sem veittar eru á grundvelli 1. mgr., svo og það sem bannað er á grundvelli 2. mgr. Brunamálastofnun ber að senda slíka skrá reglulega til slökkviliðsstjóra, byggingarfulltrúa, hönnuða og annarra er þess óska.

18. gr.

Eigandi mannvirkis er ábyrgur fyrir því að það fullnægi kröfum um brunavarnir sem fram eru settar í lögum og reglugerðum um byggingar- og brunamál.

Forráðamanni mannvirkis er skylt að sjá til þess að það fullnægi kröfum um brunavarnir fyrir þá starfsemi sem í mannvirkinu fer fram á hverjum tíma.

Eigandi og/eða forráðamaður mannvirkis ber fulla ábyrgð á eigin brunavörnum, að þær séu virkar og því að haft sé reglubundið eftirlit með þeim. Jafnframt er þeim skylt að hlíta fyrirmælum eftirlitsmanna sveitarfélaga og opinberra stofnana um úrbætur sem eiga sér stoð í gildandi lögum og reglugerðum um brunavarnir og brunamál, byggingarmál, öryggismál og hollustuhætti.

Skylt er að láta fara fram sérstaka brunahönnun á mannvirki þegar um er að ræða nýbyggingu þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta eða þar sem margir starfa, koma saman eða dveljast eða þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða. Skal hún fullnægja þeim kröfum sem gildandi byggingarreglugerð og reglugerð um brunavarnir og brunamál mæla fyrir um.

Sé um að ræða mannvirki sem þegar er byggt og í rekstri og þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta eða þar sem margir starfa, koma saman eða dveljast eða þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða skal slökkviliðsstjóri eða byggingarfulltrúi gera úttekt á brunavörnum þess, m.a. með tilliti til viðvörunar- og slökkvibúnaðar, leggja hana fyrir eiganda eða forráðamann og senda síðan til váttryggingafélaga og Brunamálastofnunar. Sé brunavörnum slíks mannvirkis í veigamiklum atriðum ábótavant hafa slökkviliðsstjóri eða byggingarfulltrúi heimild til að fara fram á að gerð sé brunatæknileg hönnun eða úttekt á mannvirkinu.

Séu breytingar gerðar á mannvirki, eða starfsemi þess breytt þannig að gerðar eru nýjar eða auknar kröfur um brunavarnir í þeim, er eiganda eða forráðamanni skylt að fá til þess samþykki byggingarnefndar og slökkviliðsstjóra og jafnframt að gera viðeigandi ráðstafanir til að kröfum um brunavarnir sé fullnægt fyrir hið breytta mannvirki eða hina breyttu starfsemi.

Brunamálastofnun getur að höfðu samráði við sveitarfélag lagt svo fyrir að í mannvirkjum, sbr. 5. mgr., séu gerðar sérstakar ráðstafanir til brunavarna, t.d. með uppsetningu á sérhæfðum búnaði til viðvörunar- og slökkvistarfs og þjálfun tiltekinna starfsmanna í brunavörnum og slökkvistarfi.

Eiganda eða forráðamanni mannvirkis og tryggingafélagi ber að gera viðeigandi ráðstafanir til björgunar verðmæta eftir bruna.

19. gr.

Nauðsynlegum búnaði vegna almennra brunavarna má koma fyrir þar sem slíkt telst nauðsynlegt ef það veldur ekki óeðlilegu tjóni eða óþægindum. Slökkviliðsstjóri skal tilkynna aðila fyrir fram um slíkar aðgerðir.

20. gr.

Fara skal þannig með eld eða eldfim efni að sem allra minnst hætta sé á því að eldsvoði geti af því hlotist.

IV. KAFLI

Tilkynningar um eldsvoða og rannsóknir.

21. gr.

Sá sem verður fyrir brunatjóni, eða sé hann ekki viðstaddur sá er kemur í hans stað, er skyldur að tilkynna brunann hlutaðeigandi váttryggingafélagi, svo og lögreglustjóra, fulltrúa hans, sbr. 14. gr., eða hreppstjóra, svo fljótt sem unnt er.

22. gr.

Brunamálastofnun ríkisins skal sjá um að rannsókn fari fram á orsökum eldsvoða þegar eftir brunatjón. Brunarannsókn þarf ekki að fara fram séu orsakir kunnar eða tjón óverulegt. Rannsóknarlögregla ríkisins eða lögreglustjóri skal sjá um að lögreglurannsókn fari fram sé grunur um að um refsivert athæfi hafi verið að ræða. Haft skal samráð við sérfræðinga Brunamálastofnunar við slíka rannsókn. Rafmagnseftirliti ríkisins skal tilkynnt um slíkar rannsóknir.

Brunarannsókn skal beinast að því að kanna hver upptök eldsins hafi verið og þróun og útbreiðsla brunans, enn fremur hvernig háttað hafi verið brunahönnun hlutaðeigandi húss, hvernig staðið hafi verið að brunavörnum þess og hvernig slökkvistarfið hafi gengið fyrir sig. Kanna ber síðustu úttektir eldvarnaeftirlits fyrir brunann, hvaða athugasemdir þar hafi verið fram settar og hvernig eftir þeim hafi verið farið.

Afrit af gögnum um hverja brunarannsókn skal senda til hlutaðeigandi lögregluvalda, slökkviliðsstjóra og váttryggingafélags þegar rannsókn er lokið.

V. KAFLI

Fjármál brunavarna.

23. gr.

Öll tryggingafélög og aðrir, sem annast váttryggingar, skulu árlega innheimta með iðgjöldum sínum, sérstakt brunavarnagjald fyrir Brunamálastofnun ríkisins. Brunavarnagjaldið má nema allt að 0,045 prómillum af váttryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og samsettra váttrygginga sem fela í sér brunatryggingu. Viðlagatrygging skal þó ekki teljast gjaldskyld trygging í þessu efni né heldur brunatryggingar skipa og flugvéla. Félagsmálaráðherra ákveður hversu hátt fyrrgreint hlutfall skal vera og setur nánari reglur um innheimtu brunavarnagjaldsins í reglugerð. Þeir aðilar, sem innheimta brunavarnagjaldið, skulu hafa staðið Brunamálastofnun ríkisins skil á gjaldinu innan þriggja mánaða frá innheimtu þess. Endanlegt uppgjör gjaldsins fyrir hvert ár fer fram þegar ársreikningar þeirra aðila, sem annast innheimtu brunavarnagjaldsins, liggja fyrir.

24. gr.

Heimilt er Brunamálastofnun að veita slökkviliðsmönnum, eldvarnaeftirlitsmönnum og öðrum þeim, sem starfa að brunamálum, styrki til náms á sviði brunamála.

Fjármagn til þessara styrkveitinga má nema allt að 5% brunavarnagjaldsins á hverju ári. Ráðherra ákveður hversu hátt þetta hlutfall skal vera hverju sinni og setur nánari ákvæði um styrki þessa í reglugerð.

VI. KAFLI Ýmis ákvæði.

25. gr.

Slökkviliðsstjóri hefur eftirlit með því í sínu umdæmi að farið sé eftir lögum þessum og reglugerðum sem settar verða samkvæmt þeim.

Slökkviliðsstjóra og eftirlitsmönnum hans skal heimill aðgangur að atvinnu- og stofn-
anahúsnæði og öðrum þeim vinnustöðum þar sem eftirlits er þörf.

26. gr.

Nú kemur í ljós að ákvæði laga þessara eða reglugerða, sem settar eru á grundvelli þeirra, eru brotin og skal þá slökkviliðsstjóri þegar í stað gera ráðstafanir til að úr verði bætt. Slökkviliðsstjóra er heimilt að leita aðstoðar byggingarnefndar til að knýja eiganda og/eða forráðamann mannvirkis til úrbóta, sbr. 18. gr., og jafnframt er honum heimilt af sömu ástæðu að hafa samráð við Rafmagnseftirlit ríkisins og Vinnueftirlit ríkisins ef þörf krefur.

Við áhættumat einstakra mannvirkja mega váttryggingafélög setja álag á brunatryggingaiðgjöld húsa þegar og meðan fyrir liggur að eigandi hefur ekki sinnt kröfum slökkviliðsstjóra um úrbætur skv. 1. mgr.

Að fengnu samþykki sveitarstjórnar getur slökkviliðsstjóri í samráði við lögreglustjóra ákveðið að framkvæmdar verði nauðsynlegar úrbætur á kostnað eiganda eða forráðamanns eða ákveðið dagsektir uns úr verður bætt. Dagsektir renni til sveitarsjóðs.

Ef almannahætta stafar af því að settum reglum um brunavarnir er ekki fylgt ber slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra að tilkynna það tafarlaust hlutaðeigandi sveitarstjórn. Að því loknu skal lögreglustjóri stöðva rekstur í viðkomandi mannvirki og loka því þar til úr hefur verið bætt með fullnægjandi hætti að mati þessara aðila.

Ef upp kemur ágreiningur á milli slökkviliðsstjóra og sveitarstjórnar annars vegar og eiganda eða forráðamanns hins vegar um úrræði þau sem mælt er fyrir um í 1. eða 3. mgr. ber að vísa þeim ágreiningi tafarlaust til Brunamálastofnunar sem fellir úrskurð í málinu.

27. gr.

Nú telur Brunamálastofnun að brotin séu ákvæði laga þessara eða reglugerða byggðra á þeim og slökkviliðsstjóri geri ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta skv. 26. gr. og skal þá Brunamálastofnun benda slökkviliðsstjóra á misbrestina og hefur stofnunin síðan rétt til að beita þeim heimildum sem slökkviliðsstjóra eru veittar í þeirri grein ef ekki er úr bætt.

Telji Brunamálastofnun að sveitarstjórn gegni ekki skyldu sinni samkvæmt lögum þessum ber stofnuninni að undangenginni viðvörðun til sveitarstjórnar að tilkynna það félagsmálaráðuneytinu sem veita skal sveitarstjórn áminningu og skora á hana að bæta úr vanrækslunni. Verði sveitarstjórn eigi við áskorun ráðuneytisins innan frests sem það tiltekur getur ráðuneytið með lögsókn krafist dagsekta af sveitarstjórn þar til úr hefur verið bætt. Dagsektir þessar skulu renna í ríkissjóð.

28. gr.

Um matsgerðir samkvæmt lögum þessum fer að almennum reglum og venjum um mót dómkvaddra matsmanna. Meta skal raunverulegt fjártjón hverju sinni.

29. gr.

Gjöld og dagsektir samkvæmt lögum þessum, svo og kostnað skv. 26. og 27. gr., má innheimta með lögtaki.

30. gr.

Ráðherra setur, að fenginni tillögu Brunamálastofnunar, reglugerðir þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd laga þessara.

31. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim varða sektum en varðhaldi eða fangelsi ef sakir eru miklar.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 74 12. maí 1982, um brunavarnir og brunamál.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. um tímabundna skipun brunamálastjóra tekur ekki til núverandi brunamálastjóra.

Við gildistöku laga þessara skal félagsmálaráðherra skipa nýja stjórn Brunamálastofnunar ríkisins í samræmi við 1. mgr. 3. gr. Umboð núverandi stjórnar fellur niður um leið og ráðherra hefur skipað hina nýju stjórn.

Gjört í Reykjavík, 27. maí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 34/1988, um greiðslur Atvinnuleysis-
tryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 1. másl. 4. mgr. 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „laga nr. 64/1981“ komi: laga nr. 96/1990.

b. Í stað orðanna „sex vikur“ komi: níu vikur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

LÖG**um brottfall laga nr. 2/1917.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög um bann við sölu og leigu skipa úr landi, nr. 2/1917, eru felld úr gildi.

2. gr.

Þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

1. júní 1992

Nr. 44

LÖG**um breyting á lögum nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna,
sbr. lög nr. 10/1978, nr. 15/1980, nr. 48/1981 og nr. 78/1985.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:
Stjórn sjóðsins getur ákveðið aðra skipan mála.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun eða af löggiltum endurskoðendum.

3. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans. Því má ráðstafa á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í bönkum og sparisjóðum.

5. Í húsnæði til eigin nota.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum. Stjórn sjóðsins skal setja reglur um veðhæfni fasteigna.
7. Í skuldabréfum stofnlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingastofnana eða annarra lána- stofnana en þeirra er áður er getið, enda hafi Seðlabanki Íslands veitt þeim viður- kenningu í þessu skyni.
8. Í hlutabréfum í fyrirtækjum sem hafa skráð kaup- og sölugengi á markaði hjá a.m.k. tveimur verðbréfafyrirtækjum sem aðild eiga að Verðbréfaþingi Íslands. Þó er óheim- ilt að verja meira en 5% af árlegu ráðstöfunarfé til kaupa á hlutabréfum og enn frem- ur er óheimilt að eiga meira en 5% hlutafjár í hverju fyrirtæki.

4. gr.

3. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðn- um skil á þeim ásamt eigin iðgjaldahluta. Á þeim skipum, þar sem hver mánuður telst sérstakt kauptryggingartímabil, er gjalddagi iðgjalda hvers mánaðar 15. dagur næsta mán- aðar. Á þeim skipum, þar sem hver veiðiferð telst sérstakt kauptryggingartímabil, er gjald- dagi iðgjalda 15. dagur eftir að veiðiferð lýkur. Verði vanskil á greiðslu iðgjalda lengur en 30 daga fram yfir gjalddaga er stjórn sjóðsins heimilt að innheimta vangoldin iðgjöld með vanskilavöxtum, sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, frá gjalddaga. Verði breytingar í kjarasamningum á framangreindum viðmiðunartímabil- um er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða aðrar reglur varðandi gjalddaga iðgjaldagreiðslna.

5. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins undanfarin þrjú almanaksár og a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum, á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyr- ir orkutapi sem tryggingayfirlæknir metur 35% eða meira. Örorkumatið skal miða við vanhæfni sjóðfélaga til almennra starfa. Fyrstu fimm árin eftir orkutapið skal þó miða við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðn- um er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum launum fyrir starf það er hann gegndi eða fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi og aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum ör- orkunnar.

6. gr.

5. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir eða sam- býliskona hefur sannanlega annast heimili hans um árabíl, þó ekki skemur en fimm ár fyr- ir andlát hans, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri svo sem um ekkju væri að ræða. Láti sjóðfélagi eftir sig sambýliskonu og barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með eftirlifandi sambýliskonu sinni er sjóðstjórn heimilt að greiða makalífeyri þótt sambúðin hafi staðið skemur en fimm ár. Þá er sjóðstjórn heim- ilt að greiða sambýlismanni lífeyri í samræmi við ákvæði 3. og 4. mgr.

7. gr.

7. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Ekkja eða ekkill samkvæmt þessari grein telst ekki sá sem skilinn var við sjóðfélagann að borði og sæng fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

8. gr.

3. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga er njóta örorkulífeyris úr sjóðnum vegna 100% örorku. Við ákvörðun lífeyrisfjárhæðar sjóðsins skal þó ávallt reikna með að örorka samkvæmt almannatryggingalögum sé 75%. Sé örorka metin lægri en 100% skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri.

9. gr.

3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðast svo:

Frá árinu 1980 skulu elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum þessum miðast við grundvallarlaun skv. 2. mgr. 11. gr. eins og þau eru 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí, 1. október og 1. desember 1980, 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember hvert ár 1981–1984, en í byrjun hvers mánaðar frá janúar 1985.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Örorkumat örorkulífeyrisþega, sem nýtur bóta vegna orkutaps fyrir gildistöku laga þessara, skal fyrstu fimm árin eftir gildistöku laganna miða við vanhæfni sjóðfélaga til þess að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd en eftir það skal miða við vanhæfni til almennra starfa. Þá skal breyting á barnalífeyri örorkulífeyrisþega vegna áhrifa ákvæðis 8. gr. laga þessara ekki koma til framkvæmda fyrr en fimm árum eftir gildistöku þeirra.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslu-
miðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. tölul. 9. gr. laganna orðast svo:

Til Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Vélstjórafélags Íslands.

2. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Sjávarútvegsráðherra setur reglur um skiptingu fjár milli samtaka sem getið er í 2. og 3. tölul. 1. mgr. Skal við þá ákvörðun taka mið af fjölda félagsmanna sem við fiskveiðar vinna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. maí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

Nr. 46

1. júní 1992

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. og 2. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Sektir skv. 30. gr. skulu úrskurðaðar af yfirskattanefnd nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Skattrannsóknarstjóri sendir yfirskattanefnd mál til úrskurðar. Við meðferð mála hjá yfirskattanefnd skal veita sakborningi færi á að halda uppi vörnum. Úrskurðir yfirskattanefndar eru fullnaðarúrskurðir og fylgir þeim ekki vararefsing.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála vegna brota á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfs-

dáðum, svo og eftir ósk sakbornings ef hann vill ekki hlíta því að mál hans verði afgreitt af yfirskattanefnd skv. 1. mgr.

2. gr.

Í stað orðsins „sektarnefnd“ í 2. málsl. 4. mgr. 31. gr. laganna kemur: yfirskattanefnd.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

um almenna fullorðinsfræðslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið laga þessara er að

- stuðla að jafnrétti fullorðinna til að afla sér menntunar án tillits til búsetu, aldurs, kyns, starfs eða fyrri menntunar,
- fullorðnir hafi hliðstæð tækifæri til náms og nemendur í grunn- og framhaldsskólum,
- skapa fullorðnum skilyrði til aukins þroska og alhliða menntunar sem nýtist í starfi, fjölskyldulífi og tómstundum og stuðlar að virkri þátttöku einstaklingsins í samfélaginu,
- skapa, í samræmi við fjárveitingar á hverjum tíma, fræðsluaðilum skilyrði til að þeir geti boðið þátttakendum viðunandi nám og námsaðstöðu.

2. gr.

Lög þessi taka til eftirfarandi þátta:

- Náms á grunn-, framhalds- eða háskólastigi sem skipulagt er sérstaklega fyrir fullorðna og ekki er fjallað um í öðrum lögum.
- Almennrar lýðfræðslu og tómstundanáms sem ekki fellur undir a-lið.
- Þróunarstarfs innan almennrar fullorðinsfræðslu.

II. KAFLI

Yfirstjórn fullorðinsfræðslu.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar 13 manna fullorðinsfræðsluráð til tveggja ára. Í ráðið skal skipa á eftirfarandi hátt: Einn fulltrúa menntamálaráðuneytisins, einn tilnefndan af félags-

málaráðherra, tvo tilnefnda af samtökum atvinnurekenda, þrjá tilnefnda af samtökum launafólks, þrjá fulltrúa þeirra aðila sem hafa á hendi fullorðinsfræðslu, einn tilnefndan af Samtökum sveitarfélaga, einn tilnefndan af Öryrkjabandalaginu. Menntamálaráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar. Kveða skal nánar á um skipan ráðsins í reglugerð.

Kostnaður við fullorðinsfræðsluráð greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Verkefni fullorðinsfræðsluráðs eru að

- a. vera stjórnvöldum til ráðuneytis um meginstefnu og áhersluþætti í fullorðinsfræðslu, jafnt starfsmenntun samkvæmt sérstökum lögum sem almenna fullorðinsfræðslu,
- b. afla gagna og miðla upplýsingum um fullorðinsfræðslu í landinu og erlendis,
- c. beita sér fyrir samræmdu faglegu mati á námskeiðum,
- d. stuðla að samstarfi milli skóla og annarra sem hafa á hendi fullorðinsfræðslu,
- e. beita sér fyrir menntun kennara og leiðbeinenda fyrir fullorðna,
- f. sjá um önnur verkefni er ráðherra felur ráðinu eða það sjálft telur nauðsynlegt að vinna að.

III. KAFLI

Skipulag almennrar fullorðinsfræðslu.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm menn í nefnd um almenna fullorðinsfræðslu, þar af skulu að minnsta kosti fjórir eiga sæti í fullorðinsfræðsluráði. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Skipunartími nefndarinnar er hinn sami og fullorðinsfræðsluráðs.

Kostnaður við nefnd um almenna fullorðinsfræðslu greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Verkefni nefndar um almenna fullorðinsfræðslu eru að

- a. vera menntamálaráðuneyti og fræðsluaðilum til ráðuneytis um framkvæmd almennrar fullorðinsfræðslu,
- b. vera tengiliður menntamálaráðuneytis við fræðsluaðila,
- c. fara með stjórn menntunarsjóðs fullorðinna og annast styrkveitingar úr sjóðnum, sbr. 12. gr. laga þessara,
- d. stuðla að útgáfu og samnýtingu námsefnis og beita sér fyrir útgáfu upplýsingarita á sviði almennrar fullorðinsfræðslu.

7. gr.

Nemandi, sem lokið hefur námi utan hins almenna skólakerfis, sbr. lög um skólakerfi nr. 55/1974, getur fengið það metið til námseininga í skólakerfinu samkvæmt reglum sem menntamálaráðuneytið setur. Vitnisburður um námsárangur utan skólakerfisins skal metinn jafngildur vitnisburði á hliðstæðu skólastigi hins almenna skólakerfis.

Vísa má ágreiningi um námsmat til menntamálaráðuneytisins til úrskurðar. Niðurstaða ráðuneytisins er bindandi.

8. gr.

Við skipulagningu og framkvæmd almennrar fullorðinsfræðslu skal tekið tillit til sérþarfa þeirra sem vegna fráviks frá eðlilegum þroskaferli og vegna sjúkdóma eða hvers konar fötlunar geta ekki notið venjulegrar fræðsluskipunar.

9. gr.

Skólahúsnaði og aðstaða í skólum í eigu opinberra aðila skal að öðru jöfnu standa fræðsluaðilum til boða á þeim tímum þegar almenn kennsla eða starf í skólanum liggur niðri. Fræðsluaðila ber að semja um slík afnot við stjórnendur skóla og þá aðila sem eru ábyrgir fyrir rekstri skólans. Um skiptingu kostnaðar og aðra notkun skólahúsnaðis til fullorðinsfræðslu skal setja ákvæði í reglugerð.

10. gr.

Sá sem hefur með höndum almenna fullorðinsfræðslu og fær til þess fjárstuðning samkvæmt lögum þessum ber ábyrgð á þeirri fræðslu sem veitt er og að farið sé eftir gildandi lögum og reglugerðum. Kveða skal nánar á um þennan þátt í reglugerð.

IV. KAFLI

Fjármál.

11. gr.

Stofna skal menntunarsjóð fullorðinna. Tekjur sjóðsins eru:

- a. Framlag ríkissjóðs á fjárlögum ár hvert.
- b. Aðrar tekjur er sjóðurinn kann að hafa, t.d. með útgáfu og sölu á námsefni eða annarri þjónustu.

Menntunarsjóður fullorðinna er í umsjón menntamálaráðuneytis. Nefnd um almenna fullorðinsfræðslu er jafnframt stjórn sjóðsins. Nánar skal kveðið á um starfsemi sjóðsins í reglugerð.

12. gr.

Stjórn menntunarsjóðs fullorðinna úthlutar styrkjum úr sjóðnum. Fræðsluaðili er njóta vill styrks úr menntunarsjóði sækir um það til sjóðstjórnar. Hann skal leggja fram áætlun um þá fræðslu sem hann hyggst bjóða á komandi missiri, fyrir 1. júní vegna haustmissiris og fyrir 1. nóvember vegna vormissiris. Heimilt er að áskilja í reglugerð að fræðsluaðili fullnægi tilteknum skilyrðum til að geta fengið styrk, svo sem um námsaðstöðu, kennslukrafta eða námsefni. Heimilt er að veita tiltekinni menntun forgang að styrkjum.

Styrki til fullorðinsfræðslu má veita

- a. fræðsluaðilum,
- b. fjölmiðlum eða fræðsluaðila er samvinnu hefur við fjölmiðil um verkefni á sviði almennrar fullorðinsfræðslu,
- c. til þróunarverkefna og útgáfu á vegum nefndar um almenna fullorðinsfræðslu eða fræðsluaðila,
- d. til annarra verkefna á sviði almennrar fullorðinsfræðslu samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar.

Nánari ákvæði um úthlutun styrkja skal setja í reglugerð.

13. gr.

Námsefni, sem samið er með tilstyrk menntunarsjóðs fullorðinna, skal vera öðrum fræðsluaðilum til frjálsra afnota, enda beri þeir ábyrgð á að notkun þeirra á efninu brjóti ekki í bága við höfundarétt.

14. gr.

Fræðsluaðilum, sem rétt eiga á styrk samkvæmt lögum þessum, er skylt að veita menntamálaráðuneytinu upplýsingar um það nám sem í boði er. Nánari ákvæði um þetta skal setja í reglugerð.

V. KAFLI

Um gildistöku og reglugerðir.

15. gr.

Menntamálaráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð, þar á meðal um afmörkun og gildissvið, að fengnum tillögum nefndar um almenna fullorðinsfræðslu.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lögin skal endurskoða eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku þeirra.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

*Ólafur G. Einarsson.***LÖG****um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Í stað 1. mgr. 1. gr. laganna koma þrjár málsgreinar er orðast svo:

Viðskiptabankar, sparisjóðir, veðdeildir við innlánsstofnanir og opinberir fjárfestingarlánasjóðir, sbr. þó 2. gr., skulu með þeim takmörkunum, er síðar greinir, skyld til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum hvar sem þeirra er aflað og eignarskatt af öllum eignum sínum hvar sem þær eru, í samræmi við ákvæði laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Opinberir fjárfestingarlánasjóðir skv. 1. mgr. skulu undanþegnir aðstöðugjaldi, sbr. V. kafla laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga.

Lögbundin framlög, sem opinberir fjárfestingarlánasjóðir skv. 1. mgr. fá frá ríkissjóði eða sveitarfélögum, sem og lögbundnar tekjur þeirra aðrar, teljast ekki til tekjuskattstofns viðkomandi sjóðs.

2. gr.

1. másl. 2. gr. laganna orðast svo:

Til skattskyldra tekna og eigna skv. 1. gr. teljast þó ekki tekjur og eignir Bygðastofnunar, Byggingarsjóðs ríkisins, Byggingarsjóðs verkamanna, Framkvæmdasjóðs Íslands, Framkvæmdasjóðs fatlaðra, Framkvæmdasjóðs aldraðra, Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Lánasjóðs sveitarfélaga og Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda.

3. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein svohljóðandi:

Þeir sjóðir, sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skulu undanþegnir stimpilgjaldi af fjárskuldbindingum sem þeir kunna að taka á sig.

4. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

1. 29. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð.
2. 6. gr. laga nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð.
3. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 89/1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.
4. 8. gr. laga nr. 62/1979, um Landflutningasjóð.
5. 16. gr. laga nr. 45/1987, um Stofnlánadeild landbúnaðarins.
6. 33. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála.
7. 36. gr. hafnalaga, nr. 69/1984.
8. 19. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.
9. 6. gr. laga nr. 47/1970, um Útflutningslánasjóð.
10. Í 77. gr. orkulaga, nr. 58/1967, falli niður orðið „Orkusjóður“.

Jafnframt falla úr gildi önnur lagaákvæði sem undanþiggja sjóði, sem skattskyldir verða skv. 1. gr., skattskyldu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1993 vegna tekna á árinu 1992 og eigna í lok þess árs, sbr. þó ákvæði 12. gr.

II. KAFLI

Ákvæði til bráðabirgða.

6. gr.

Með skattframtali á árinu 1993 vegna tekna á árinu 1992 og eigna í lok þess árs skulu aðilar, sem skattskyldir verða samkvæmt ákvæðum þessara laga en voru það ekki samkvæmt eldri lögum, framkvæma endurmat á þeim fyrnanlegu eignum, sbr. 32. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem voru í eigu þeirra í byrjun þess árs.

Endurmatið skal framkvæma þannig að kostnaðarverði (stofnverði) skal breytt eftir verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár. Kostnaðarverð, þannig framreiknað, myndar fyrningargrunn sem fyrning reiknast af, í fyrsta sinn á árinu 1992.

Til frádráttar framreiknuðu stofnverði reiknast sá hundraðshluti fyrninga af stofnverðinu sem um getur í 38. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á, fyrir hvert ár frá og með kaup- eða byggingarári til ársloka 1991. Samtala þessara fyrninga telst fengin heildarfyrning en hún skal þó aldrei vera hærri en 90% af framreiknuðu stofnverði, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Mismunur fyrningargrunns, sbr. 2. mgr. þessa ákvæðis, og framreiknaðra fyrninga, sbr. 3. mgr., telst eftirstöðvar fyrningarverðs. Fyrningargrunnur og fengnar fyrningar breytast síðan árlega, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Ríkisskattstjóri skal reikna verðbreytingarstuðul fyrir eignir sem aðili skv. 1. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis hefur eignast á árunum 1977 til 1991. Stuðullinn reiknast í

samræmi við ákvæði 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 26. gr. sömu laga, með síðari breytingum. Hafi skattaðili eignast fyrnanlegar eignir skv. 1., 3., 4. eða 5. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, fyrir ársbyrjun 1977 skulu þær ekki endurmetnar samkvæmt þessu ákvæði. Þegar endurmetnar eru eignir skv. 2. tölul. greindrar 32. gr. sem verið hafa í eigu skattaðila í fimmtán ár eða lengur skal ríkisskattstjóri reikna stuðul til notkunar í því sambandi og skal hann hafa sömu viðmiðun og um getur í upphafi þessarar málsgreinar. Liggi byggingarvísitala ekki fyrir skal stuðullinn reiknaður eftir hliðstæðum upplýsingum og skal ríkisskattstjóri hafa samráð við Hagstofu Íslands við útreikninginn.

Endurmatsverð mannvirkja, sbr. 2. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, er skattaðila heimilt að ákveða jafnt gildandi fasteignamati í árslok 1992 í stað framreiknaðs kostnaðarverðs (stofnverðs). Sé þessi heimild notuð myndar fasteignamatið nýjan fyrningargrunn. Sé fasteignamatið notað sem fyrningargrunnur samkvæmt þessari málsgrein reiknast ekki fyrningar skv. 3. mgr. fyrir liðinn tíma.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi má víkja frá skyldu til endurmats samkvæmt ákvæði þessu að því er varðar eignir skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og veitir ríkisskattstjóri heimild til slíkra frávíka.

Reglur þessa ákvæðis gilda einnig um endurmat ófyrnanlegra eigna eftir því sem við á.

Aðilar skv. 1. mgr. þessa ákvæðis, sem eiga eignir í ársbyrjun 1992 sem ber að endurmeta, skulu senda skattstjóra, eigi síðar en með skattframtali 1993, greinargerð um endurmatið í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Endurmatsbreyting samkvæmt þessu ákvæði telst ekki til tekna heldur færast í sérstakan reikning, endurmatsreikning, sem telst til eigin fjár.

7. gr.

Við ákvörðun á söluhagnaði eigna, sem skattaðili skv. 1. mgr. 6. gr. hefur eignast fyrir árið 1992, skal stofnverð þeirra framreiknað eftir sömu verðbreytingarstuðlum og með sama hætti og endurmetið er skv. 6. gr., eftir því sem við á. Eftir þann tíma gilda ákvæði 26. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, um beitingu verðbreytingarstuðuls. Sé um sölu á fyrnanlegum eignum að ræða fer á sama hátt um framreikning fyrninga umræddra eigna.

Þegar eignir skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem aðili eignaðist fyrir ársbyrjun 1977, eru seldar framreikna stofnverð þeirra frá kaupári til söluárs með verðbreytingarstuðli kaupárs og telst söluhagnaður þá mismunur á söluverði og 10% af þannig framreiknuðu stofnverði.

Nú hefur ríkisskattstjóri veitt undanþágu frá endurmati eigna, sbr. 7. mgr. 6. gr., og telst þá söluverð þeirra að fullu til tekna á söluári.

8. gr.

Aðilar, sem skattskyldir verða samkvæmt lögum þessum, skulu reikna verðbreytingarfærslu skv. 53. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, í fyrsta sinn vegna ársins 1992 miðað við stöðu eigna og skulda í lok ársins 1991.

9. gr.

Við mat á eignum í ársbyrjun 1992 skulu skattskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum draga 1% frá samanlögðum útlánnum og veittum ábyrgðum í árslok 1991.

10. gr.

Ákvæði laga þessara skulu þó ekki koma til framkvæmda um Iðnþróunarsjóð fyrir en við álagningu 1995 vegna tekna ársins 1994 og eigna í lok þess árs.

11. gr.

Skuldaskjöl vegna lánveitinga úr Fiskveiðasjóði Íslands, sem ákveðnar hafa verið með formlegu lánsloforði Fiskveiðasjóðs fyrir gildistöku laga þessara, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

Skuldaskjöl vegna lánveitinga úr Fiskveiðasjóði skulu undanþegin stimpilgjaldi þegar andvirði lánsins gengur til greiðslu eldri lána úr sjóðnum. Slík skjöl skulu sérstaklega auðkennd.

12. gr.

Á árinu 1992 skulu aðilar, sem verða skattskyldir samkvæmt lögum þessum, greiða sérstaka fyrirframgreiðslu vegna væntanlegrar álagningar skatta samkvæmt lögum þessum. Kemur hún í stað fyrirframgreiðslu skv. 110. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Stofn sérstakrar fyrirframgreiðslu skal vera hagnaður viðkomandi aðila á árinu 1991, ákvarðaður í samræmi við góða reikningskilavenju. Skattskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum skulu skila til skattstjóra fyrir 1. júlí 1992 greinargerð um hagnað ársins 1991. Skattyfirvöld skulu ákveða fyrirframgreiðsluskyldu samkvæmt lögum þessum og skal hún innt af hendi á tímabilinu ágúst til desember 1992 með fimm jöfnum greiðslum. Gjald-dagi fyrirframgreiðslunnar er 15. dagur hvers mánaðar og eindagi 10 dögum síðar. Fyrirframgreiðsla hvers mánaðar skal nema 4% af stofni og skal hún ganga upp í álagningu á árinu 1993 vegna tekna ársins 1992.

Komi í ljós við álagningu 1993 að skattskyldur aðili hafi greitt meira í fyrirframgreiðslu en nemur álögðum gjöldum samkvæmt lögum þessum skal ríkissjóður þegar endurgreiða það sem umfram er. Reynist álögð gjöld hærri en fyrirframgreiðsla skal það sem vangreitt er innt af hendi með jöfnum mánaðarlegum greiðslum fyrsta hvers mánaðar það sem eftir lifir álagningarársins.

Ákvæði laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, að því er varðar vanskil, viðurlög vegna vanskila, könnun á skilum, ákvörðun skila vegna vanrækslu eða vanskila á greinargerð, greiðsluskrár, kærufresti, úrskurði á kærnum og áfrýjun þeirra, skulu gilda um fyrirframgreiðslu skv. 1. og 2. mgr. eftir því sem við á.

Frá og með gjaldárinu 1993 skal fara um greiðslur aðila, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, eftir ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Ákvæði þess kafla gilda einnig um innheimtu á mismun álagningar og fyrirframgreiðslu á árinu 1992 eftir því sem við getur átt.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um framkvæmd fyrirframgreiðslu samkvæmt þessu ákvæði.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 33 22. apríl 1947, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Orðin „en óheimilt er honum að selja hana aftur öðrum en Grímsneshreppi eða ríkissjóði og þá á fasteignamatsverði, nema þeir hafni kaupunum“ í 2. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 70/1974, falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

*Halldór Blöndal.***LÖG**

um breytingu á lögum nr. 96/1990, um atvinnuleysistryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III hljóði svo:

Á árunum 1992 og 1993 er Atvinnuleysistryggingasjóði heimilt að greiða þeim sem þegið hafa atvinnuleysisbætur í samtals fjóra mánuði eða lengur á tólf mánaða tímabili sambærilega uppbót og kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins gera ráð fyrir. Í reglugerð, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, skal setja nánari reglur um uppbótina.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

LÖG

um Háskólann á Akureyri.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Hlutverk.

1. gr.

Háskólinn á Akureyri skal vera vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun er veiti nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum, gegna ýmsum störfum í atvinnulífinu, öðrum ábyrgðarstöðum og stunda frekara háskólanám. Háskólanum er einnig heimilt að annast endurmenntun á vettvangi fræða sem kennd eru í deildum skólans, sbr. 9. gr.

II. KAFLI

Stjórn.

2. gr.

Háskólinn á Akureyri heyrir undir menntamálaráðuneyti.

Í háskólanefnd eiga sæti:

- a. Rektor sem jafnframt er formaður nefndarinnar.
- b. Forstöðumenn deilda háskólans.
- c. Einn fulltrúi fastráðinna kennara og annar til vara, kjörnir til tveggja ára á almennum fundi þeirra.
- d. Einn fulltrúi og annar til vara, kjörnir af starfsmönnum öðrum en fastráðnum kennurum til tveggja ára á almennum fundi þeirra.
- e. Tveir fulltrúar nemenda og tveir til vara kjörnir til eins árs á almennum fundi þeirra.
- f. Framkvæmdastjóri, sbr. 4. gr., á sæti á fundum nefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóri er ritari nefndarinnar.

Háskólanefnd kýs sér varaformann úr hópi forstöðumanna deilda til eins árs í senn og er hann jafnframt staðgengill rektors.

Rektor boðar til funda í háskólanefnd eftir þörfum. Skyld er að boða til fundar ef fjórir eða fleiri nefndarmenn krefjast þess. Varamenn sitja fundi nefndarinnar í forföllum aðalfulltrúa. Háskólanefnd er ályktunarhæf ef tveir þriðju hlutar nefndarmanna sækja fund. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði rektors.

Háskólanefnd, undir forsæti rektors, fer með yfirstjórn málefna er varða háskólann í heild, stuðlar að, skipuleggur og hefur umsjón með samvinnu deilda og samskiptum við aðila utan skólans, þar með talið samstarf við aðra skóla og rannsóknastofnanir. Enn fremur afgreiðir háskólanefnd árlega fjárhagsáætlun fyrir skólann í heild og hefur að öðru leyti úrskurðarvald í málefnum háskólans eftir því sem lög mæla og nánar er ákveðið í reglugerð.

3. gr.

Rektor er yfirmaður stjórnslu háskólans og æðsti fulltrúi hans. Hann vinnur að mörkun heildarstefnu í málefnum háskólans og hefur eftirlit með rekstri hans, kennslu, rannsóknum, þjónustu og annarri starfsemi.

Rektor er skipaður af menntamálaráðuneyti til fimm ára. Skal staðan auglýst laus til umsóknar.

Háskólanefnd skipar hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu rektors. Menntamálaráðuneytið tilnefnir einn mann í nefndina en háskólanefnd Háskólans á Akureyri hina tvo og er annar þeirra formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina sem lokið hafa æðri prófgráðu við háskóla og öðlast stjórnunarreynslu á háskólastigi.

Hæfni umsækjanda um rektorsembætti skal metin eftir vísinda- og útgáfustörfum hans, ferli hans sem háskólakennara, stjórnunarreynslu og öðrum störfum sem á einhvern hátt lúta að háskólastjórn og æðri menntun. Engum manni má veita embætti rektors við Háskólann á Akureyri nema meiri hluti dómnefndar hafi látið í ljós það álit að hann sé hæfur til þess og meiri hluti háskólanefndar hafi mælt með honum.

Heimilt er að tillögu háskólanefndar að endurskipa sama mann rektor önnur fimm ár.

4. gr.

Rektor ræður framkvæmdastjóra að fengnum tillögum háskólanefndar. Framkvæmdastjóri stýrir í umboði rektors og í samvinnu við forstöðumenn deilda skrifstofuhaldi háskólans og annast fjárreiður hans. Með sama hætti undirbýr hann árlega fjárhagsáætlun og hefur eftirlit með því að rekstur skólans sé í samræmi við gildandi heimildir.

Rektor ræður annað starfslíð við stjórnsýslu og rekstur eftir því sem fjárveitingar leyfa og heimildir standa til.

5. gr.

Forstöðumaður, í umboði deildarfundar, hefur yfirumsjón með starfsemi og rekstri deildar og vinnur að stefnumörkun í málefnum hennar. Hann á jafnframt sæti í háskólanefnd.

Forstöðumaður hvernar deildar er kjörinn á deildarfundum. Skal staðan auglýst laus til umsóknar. Kjörgengur er hver sá umsækjandi sem uppfyllir hæfnisskilyrði um stöðu háskólakennara, sbr. 10. gr. þessara laga, 11. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, eða 32. gr. laga nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands, á vettvangi fræða sem annaðhvort eru kennd í viðkomandi deild eða tengjast viðfangsefnum hennar. Að fengnu samþykki háskólanefndar ræður rektor þann sem kjör hlýtur til þriggja ára. Deildarfundur kýs jafnframt staðgengil hans til þriggja ára úr hópi fastráðinna kennara við deildina. Í reglugerð skal kveða nánar á um tilhögun við kjör forstöðumanns.

6. gr.

Á deildarfundum eiga sæti forstöðumaður deildar, prófessorar, dósentar og lektorar hvort sem þeir gegna fullu starfi eða hlutastarfi. Einnig eiga þar sæti tveir fulltrúar stundakennara og tveir fulltrúar nemenda viðkomandi deildar. Framkvæmdastjóra eða fulltrúa hans er heimilt að sitja deildarfundum með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

Deildarfundur er ályktunarfær ef fund sækir meira en helmingur atkvæðisbærra manna. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Nú eru atkvæði jöfn og ræður þá atkvæði forstöðumanns.

Deildarfundur fjallar um meginatriði í starfsemi viðkomandi deildar og ber ásamt forstöðumanni ábyrgð á að hún sé í samræmi við lög og gildandi reglur. Deildarfundur sker úr málum er varða skipulag kennslu og próf, kýs forstöðumann, leggur fram tillögu til háskólanefndar um árlega fjárhagsáætlun deildarinnar og sinnir að öðru leyti þeim verkefnum sem honum eru falin í lögum og reglugerð.

7. gr.

Nánar skal ákveðið í reglugerð um verkvið og starfsskyldur háskólanefndar, deildarfunda, rektors, framkvæmdastjóra, forstöðumanna deilda og annars starfsfólks háskólans.

8. gr.

Háskólinn á Akureyri og einstakar deildir hans skulu fyrir sitt leyti hafa samráð og samstarf við aðra skóla á háskólastigi til að nýta sem best tiltæka starfskrafta og gagnakost og stuðla með hagkvæmum hætti að fjölbreyttari menntunartækifærum. Í því skyni skulu samstarfsaðilar m.a. setja framkvæmdareglur um gagnkvæma viðurkenningu námsþátta. Háskólanum er einnig heimilt að gera samstarfssamninga við aðrar stofnanir, sem tengjast starfssviði skólans, um kennslu, rannsóknir og ráðningu starfsfólks. Réttindi þess skulu skilgreind í reglugerð.

III. KAFLI

Kennarar, deildir og stofnanir háskólans.

9. gr.

Í Háskólanum á Akureyri eru þessar deildir: heilbrigðisdeild, rekstrardeild og sjávarútvegsdeild. Menntamálaráðuneytið heimilar stofnun fleiri deilda og skiptingu deilda í námsbrautir að fengnum tillögum háskólanefndar og innan marka fjárveitinga í fjárlögum.

Deildir háskólans skulu hafa með sér náíð samstarf. Þannig skal með samnýtingu mannafla, bókasafns, kennslutækja og annarrar aðstöðu stefnt að því að efla fjölbreytta menntunarkosti og tryggja hagkvæmni í rekstri. Í þessu skyni má nýta starfsskyldu þeirra sem ráðnir eru til starfa við einhverja deild háskólans í þágu annarra deilda eða skólans í heild.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um deildir háskólans, þar með talið mat á starfsemi þeirra.

10. gr.

Fastir kennarar háskólans eru lektorar, dósentar eða prófessorar. Einnig starfa stundakennarar við skólann. Dósent- eða prófessorstöðu skal því aðeins stofna að forsendur séu fyrir því að staðan tengist rannsóknastörfum.

Forseti Íslands skipar prófessora, menntamálaráðuneyti skipar dósentar, en háskólanefnd ræður lektora. Rektor ræður stundakennara.

Þá eina má skipa fasta kennara sem lokið hafa fullnaðarprófi frá háskóla eða annarri sambærilegri stofnun í aðalgrein þeirri er þeir eiga að kenna.

Háskólanefnd skipar hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna fastri stöðu prófessors, dósentar eða lektors. Menntamálaráðuneyti tilnefnir einn mann í nefndina, Háskóli Íslands annan og háskólanefnd Háskólans á Akureyri hinn þriðja og er hann formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar í greininni.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda svo og námsferli hans og störfum megi ráða að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndarinnar skal höfð til hliðsjónar þegar embættið er veitt og má engum manni veita embætti prófessors, dósentar eða lektors við Háskólann á Akureyri nema meiri hluti dómnefndar hafi látið í ljós það álit að hann sé hæfur til þess og að meiri hluti háskólanefndar hafi mælt með honum.

Um starfsskyldur og réttindi kennara fer eftir kjarasamningum og nánari ákvæðum í lögum og reglugerðum.

11. gr.

Háskólanefnd er heimilt að veita kennurum og öðrum fastráðnum starfsmönnum háskólans rannsóknarleyfi um allt að eins árs skeið með föstum embættislaunum, enda liggja fyrir fullnægjandi greinargerð um hvernig umsækjandi hyggst verja rannsóknarleyfinu til

að auka þekkingu sína eða sinna sérstökum rannsóknaverkefnum. Leita skal umsagnar rektors um umsókn um rannsóknarleyfi.

Eftir því sem fjárlög heimila getur háskólanefnd veitt einstaklingi, sem rannsóknarleyfi hlýtur, styrk til að standa straum af nauðsynlegum ferða- og dvalarkostnaði í sambandi við rannsóknarleyfið.

Nánari reglur um rannsóknarleyfi og styrkveitingar má setja í reglugerð.

12. gr.

Háskólanum er heimilt með samþykki menntamálaráðuneytis að koma á fót rannsóknastofnun á eigin vegum eða í samvinnu við aðra aðila.

Kennarar skólans geta fullnægt rannsóknaskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu stofnunarinnar. Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við hana.

Í reglugerð skal m.a. kveða á um starfssvið og deildir stofnunarinnar, stjórn, tengsl við háskólanefnd og deildir skólans, samstarf við rannsóknastofnanir sjávarútvegsins og aðrar stofnanir sem tengjast kennslu- og rannsóknasviði háskólans hverju sinni.

Háskólanefnd skal setja reglur um skipulag og ráðstöfun á rannsóknasjóðum sem háskólinn hefur til umráða.

13. gr.

Við háskólann er rannsókn- og sérfræðibókasafn sem tengist fræðasviðum skólans. Hlutverk þess er að veita nemendum og kennurum háskólans og öðrum lánþegum safnsins sérhæfða þjónustu vegna kennslu, náms og rannsókna.

Rektor ræður yfirbókavörð að fengnum tillögum háskólanefndar. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfrækslu bókasafns og tilhögun ráðninga yfirbókavárðar og annars starfsfólks safnsins.

IV. KAFLI

Nemendur, kennsla og próf.

14. gr.

Háskólaárið telst frá 15. ágúst til jafnlengdar næsta ár. Kennsluár skiptist í tvö kennslumissiri, haustmissiri og vormissiri. Á kennslumissiri skulu vera eigi færri en 15 kennsluvikur, próf og leyfi koma þar til viðbótar. Missiraskipting, próftímabil, leyfi og önnur kennsluhlé skulu ákveðin í reglugerð.

15. gr.

Hver sá, sem staðist hefur stúdentspróf frá íslenskum skóla sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, getur sótt um að skrá sig til náms við háskólann gegn því að greiða skrásetningargjald. Háskólanefnd er heimilt að leyfa skrásetningu einstaklinga er lokið hafa öðrum prófum en að ofan greinir ef hlutaðeigandi deild eða námsbraut telur að um sé að ræða fullnægjandi undirbúning til náms við háskólann. Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um inntökuskilyrði.

Inntaka nemenda er í höndum háskólanefndar og getur hún að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis takmarkað fjölda þeirra sem hefja nám við deildir skólans. Setja skal í reglugerð ákvæði er mæla fyrir um árlega skráningu nemenda. Skrásetningargjöld skulu háð árlegu samþykki háskólanefndar og menntamálaráðuneytis.

16. gr.

Í reglugerð háskólans skal setja ákvæði um prófgreinar, próftíma, fullnaðarpróf, einunnir, prófdómara og annað er að prófum lýtur.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum háskólanefndar, reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd laganna.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög nr. 18/1988, um Háskólan á Akureyri.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur G. Einarsson.

LÖG

um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

1. gr.

Setja skal á fót ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota sem ábyrgist greiðslu vinnulauna-kröfu launþega og kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs vegna lífeyrisdögjalda á hendur vinnuveitanda við gjaldþrot.

2. gr.

Með framkvæmd laga þessara fer félagsmálaráðherra. Ábyrgðasjóðurinn lýtur þriggja manna stjórn sem skipuð er af félagsmálaráðherra til fjögurra ára samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og sá þriðji án tilnefningar.

3. gr.

Ábyrgðasjóðurinn skal fjármagnaður með sérstöku ábyrgðargjaldi af greiddum vinnulaunum, þóknun og reiknuðu endurgjaldi hvaða nafni sem nefnist sem skattskylt er skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981.

Ábyrgðargjaldið skal vera allt að 0,2% af gjaldstofni. Hlutfallið skal ákveðið með reglugerð sem félagsmálaráðherra setur fyrir eitt ár í senn að fengnum tillögum sjóðstjórnar. Ákvæði laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, eiga við um gjaldstofn, gjaldskyldu, greiðslutímabil, álagningu og innheimtu.

Ábyrgðargjald telst rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, að því leyti sem það er ákvarðað af launum sem teljast rekstrarkostnaður samkvæmt sömu grein.

Skorti ábyrgðasjóðinn reiðufé til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum skal stjórn sjóðsins þegar tilkynna það ráðherra. Ríkissjóður skal þá leggja

sjóðnum til þá fjármuni sem til þarf og skoðast það sem lántaka. Nemi uppsöfnuð skuld ábyrgðasjóðsins við ríkissjóð í árslok hærri fjárhæð en svarar til helmings áætlaðra árs-tekna af ábyrgðargjaldi er félagsmálaráðherra heimilt með reglugerð, að fengnum tillög-um sjóðstjórnar, að hækka gjaldið tímabundið um allt að 0,1% þar til jafnvægi er náð.

Kostnaður af rekstri ábyrgðasjóðsins greiðist af tekjum hans.

4. gr.

Með hugtakinu vinnulaun er átt við endurgjald fyrir starf hjá vinnuveitanda með stoð í gildandi kjarasamningi eða vinnusamningi milli aðila er rýmri rétt veitir launþega.

Með hugtakinu launþegi er í lögum þessum átt við hvern þann sem þegið hefur tíma-, viku- eða mánaðarlaun samkvæmt vinnusamningi við vinnuveitanda og gegnt hefur starfi sem veitir rétt til launa í uppsagnarfresti samkvæmt lögum eða kjarasamningi.

II. KAFLI

5. gr.

Ábyrgð sjóðsins tekur til eftirfarandi krafna í bú vinnuveitanda sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum:

- a. kröfu launþega um vinnulaun fyrir síðustu þrjá starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda, þar með talinn hluti launa sem haldið var eftir af vinnuveitanda skv. VIII. kafla laga nr. 86/1988,
- b. kröfu launþega um orlofslaun sem koma áttu til útborgunar á síðustu þremur starfs- mánuðum hans hjá vinnuveitanda,
- c. kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs um vangoldin lífeyrissjóðsiðgjöld sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir gjaldþrot, að uppfylltum skilyrðum III. kafla laga þessara,
- d. bóta vegna launamissis í allt að þrjá mánuði vegna riftunar eða uppsagnar vinnu- samnings, enda skal sá sem krefst bóta samkvæmt þessum lið sýna fram á með vott- orði vinnumiðlunar að hann hafi leitað eftir annarri atvinnu þann tíma sem bóta er krafist,
- e. bóta til launþega sem vinnuveitanda ber að greiða vegna tjóns af völdum vinnuslyss eða til þess sem tilkall á til bóta vegna dauðsfalls launþega, enda fylgi bótakröfunni forgangsréttur í bú vinnuveitandans,
- f. vaxta skv. 5. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, af kröfum samkvæmt stafliðum a–e frá gjald- daga þeirra til þess dags er krafan fæst greidd úr ábyrgðasjóði,
- g. skiptatryggingar sem launþegar eða lífeyrissjóður hafa greitt að svo miklu leyti sem hún fæst ekki greidd við skipti á bú vinnuveitanda. Sama gildir um óhjákvæmileg- an kostnað sem launþegi eða sá sem krefst bóta skv. e-lið hefur orðið að greiða vegna nauðsynlegra ráðstafana til innheimtu kröfu sinnar, þó að hámarki samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar.

Ábyrgð sjóðsins skv. a- og d-liðum 1. mgr. þessarar greinar skal þó ekki nema hærri fjárhæð miðað við einn mánuð en sem nemur þreföldum atvinnuleysisbótum eins og þær eru ákveðnar hæstar á hverjum mánuði án tillits til barnafjölda.

Ábyrgð sjóðsins nær til greiðslna skv. f- og g-liðum 1. mgr. þó að þær kröfur njóti ekki forgangsréttar í bú vinnuveitanda.

Sjóðstjórn er þegar sérstaklega stendur á heimilt að takmarka tjón sjóðsins, að ábyrgj- ast kröfur skv. a- til f-liðum þessarar greinar, án undangengins gjaldþrots, enda liggi fyrir að viðkomandi fyrirtæki hafi sannanlega hætt rekstri og kostnaður af að koma fram gjaldþroti yrði að mati sjóðstjórnar óeðlilega mikill.

6. gr.

Eftirtaldir launþegar geta þó ekki krafði sjóðinn um greiðslu krafna skv. a- til d-liðum 1. mgr. 5. gr.:

- a. Þeir sem sæti áttu í stjórn gjaldþrota félags eftir að fjárhag þess tók verulega að halla. Þetta á þó ekki við um þá sem sæti eiga í varastjórn félags nema þeir hafi gegnt stjórnarstörfum á umræddu tímabili.
 - b. Þeir sem átt hafa 5% hlutfjár eða meira í gjaldþrota hlutafélagi.
 - c. Forstjóri, framkvæmdastjóri og þeir aðrir, sem vegna starfa sinna hjá hinum gjaldþrota vinnuveitanda, áttu að hafa þá yfirsýn yfir fjárhag fyrirtækisins að þeim mátti ekki dyljast að gjaldþrot þess væri yfirvofandi á þeim tíma sem unnið var fyrir vinnulaununum.
 - d. Maki þess sem ástatt er um sem segir í a- til c-liðum, svo og skyldmenni hans í beinan legg og maki skyldmennis í beinan legg. Leiði ákvæði þetta til mjög ósanngjarnrar niðurstöðu að mati sjóðstjórnar getur stjórnin ákveðið að heimila greiðslu til þessara launþega úr ríkissjóði á grundvelli laganna.
- Sjóðstjórn úrskurðar um ágreining um greiðsluskyldu.

III. KAFLI

7. gr.

Ábyrgð sjóðsins á iðgjaldakröfum lífeyrissjóðs er háð því skilyrði að eðlilega hafi verið staðið að innheimtutilraunum af hálfu lífeyrissjóðs og lífeyrissjóðurinn hafi tvisvar ár hvert, 1. mars og 1. september, sent sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirliti þessu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir ef vanhöld sýnast á iðgjaldaskilum. Komi athugasemd ekki fram skv. 8. gr. laga þessara er viðkomandi lífeyrissjóður einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd, enda hafi lífeyrissjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna.

8. gr.

Til þess að iðgjöld launþega njóti ábyrgðar ábyrgðasjóðs skulu launþegar innan 60 daga frá dagsetningu reglulegs yfirlits frá lífeyrissjóði, sbr. 7. gr., ganga úr skugga um skil vinnuveitanda til lífeyrissjóðs sem greind eru á launaseðli hans. Séu vanskil á iðgjöldum skal launþegi innan sömu tímamarka leggja lífeyrissjóði til afrit launaseðla fyrir það tímabil sem er í vanskilum.

Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessa kafla að fengnum tilögum sjóðstjórnar og sambanda lífeyrissjóða.

IV. KAFLI

9. gr.

Ef innköllun hefur verið gefin út í bú vinnuveitanda verður greiðslukrafa á hendur ábyrgðasjóði því aðeins tekin til greina að hún berist félagsmálaráðherra innan sex mánaða frá þeirri birtingu innköllunar í Lögbirtingablaði er ræður lokum kröfulýsingarfrests í búið. Félagsmálaráðherra er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu innköllunar ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrir.

10. gr.

Greiðslukrafa á hendur ábyrgðasjóði skal vera skrifleg. Í henni skal greina eftirfarandi svo glögg sem við verður komið:

- a. nafn, kennitölu og heimilisfang þess sem kröfu gerir,

- b. nafn, kennitölu og heimilisfang vinnuveitanda og hvenær bú hans var tekið til skipta,
- c. hverjum störfum launþegi gegndi, upphaf og lok starfstíma hans, hver launakjör hans hafi verið og eftir hverjum samningum þau fóru, sundurliðun kröfu, svo sem í vinnulaun, orlof, bætur, vexti, kostnað og til hvaða tímabils krafan nær,
- d. yfirlýsingu þess er kröfuna gerir sem gefin er að viðlögðum drengskap um að atvik þau, er í 5. gr. getur, séu kröfu hans ekki til fyrirstöðu.

Kröfubréfi til félagsmálaráðherra skulu fylgja afrit kröfulýsingar í bú vinnuveitandans og gögn sem varða meðferð kröfunnar við búskiptin.

Nú brestur á að fullnægt sé framangreindum atriðum og skal þeim er kröfuna gerir á sannanlegan hátt vera gefinn kostur á úrbótum innan tiltekins frests að því viðlögðu að krafa hans á hendur ábyrgðasjóði teljist ella afturkölluð.

Sá sem gerir greiðslukröfu á hendur ábyrgðasjóði á grundvelli laga þessara má ekki aðhafast neitt það sem rýrt gæti endurkröfurétt ábyrgðasjóðs á hendur þrotabúi. Er honum óheimilt, án sérstaks leyfis félagsmálaráðherra, að samþykkja að kröfur fái komist að við gjaldþrotaskipti sem ekki hefur verið lýst fyrir lok kröfulýsingarfrests. Brjóti launþegi eða umboðsmaður hans gegn þessu ákvæði hefur það í för með sér að ábyrgð ábyrgðasjóðs á kröfu hans fellur niður.

11. gr.

Sá sem fer með skipti á þrotabúi skal svo fljótt sem auðið er láta félagsmálaráðherra í té skriflega umsögn um hverja þá kröfu í þrotabúið sem til álita kemur að njóti ábyrgðar ábyrgðasjóðs eftir lögum þessum. Í umsögninni skulu eftirfarandi atriði tilgreind:

- a. Hvenær bú hafi verið tekið til skipta og hver fari með málefni þess.
- b. Hvenær kröfulýsingarfresti í búið hafi lokið.
- c. Hvaða kröfum hafi verið lýst í búið sem ríkisábyrgð kunni að fylgja samkvæmt lögum þessum.
- d. Hvort eða að hverju marki viðurkenndur hafi verið forgangsréttur kröfunnar í búið.
- e. Hvort skilað hafi verið til innheimtuaðila ríkissjóðs þeim hluta launa sem vinnuveitanda bar að halda eftir samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Ef það hefur ekki verið gert skal enn fremur eftir föngum gerð grein fyrir þeim fjárhæðum sem vinnuveitanda bar að halda eftir af launum launþega.
- f. Hvort ákvæði 6. gr. eigi við um kröfuna eða ekki.

Nú hefur skiptafundur ekki verið haldinn í búi vinnuveitandans til þess að taka afstöðu til viðurkenningar lýstra krafna en skiptaráðandi í búinu lýsir því yfir í umsögn sinni að í skrá um lýstar kröfur í búið hafi hann tekið eða muni fyrirsjáanlega taka þá afstöðu til viðurkenningar forgangsréttar greiðslukröfunnar í búið að hann sé samþykkur henni að einhverju leyti eða öllu og er þá félagsmálaráðherra heimilt að fara með greiðslukröfu á hendur ábyrgðasjóði eins og fullnægt væri skilyrðum a-liðar 1. mgr. Hafi krafa verið greidd úr ábyrgðasjóði samkvæmt ákvörðun félagsmálaráðherra á grundvelli slíkrar yfirlýsingar skiptaráðanda en síðar kemur fram að hafnað sé viðurkenningu forgangsréttar kröfunnar í búið verður sú fjárhæð, sem ofgreidd hefur verið af þessum sökum, ekki endurkrafin.

12. gr.

Nú hefur skiptameðferð á búi vinnuveitandans verið lokið vegna eignaleysis þess án þess að innköllun hafi verið gefin út í búið og verður greiðslukrafa á hendur ábyrgðasjóði þá að berast félagsmálaráðherra innan sex mánaða frá birtingu auglýsingar um skiptalok í Lögbirtingablaði. Félagsmálaráðherra er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu auglýsingar um skiptalok ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrir.

Í greiðslukröfunni skal greina þau atriði er í 1. mgr. 10. gr. getur. Henni skulu fylgja nauðsynleg gögn til að staðreynt verði réttmæti hennar og hvort skilyrðum laga þessara sé fullnægt, þar á meðal launaseðlar eða uppgjör til launþega, kjarasamningur viðkomandi stéttarfélags, vinnusamningur og vottorð vinnuveitandans, eftir því sem við verður komið. Getur félagsmálaráðherra lagt fyrir launþega að afla þeirra gagna sem hann telur nauðsynleg í þessu skyni.

Leita skal félagsmálaráðherra umsagnar skiptaráðanda, er með bú vinnuveitandans fór, um þau atriði varðandi kröfuna sem hann getur vottað um á grundvelli gagna sem fram hafa komið við skiptameðferðina.

13. gr.

Ef launþegi hefur framselt launakröfu sína á hendur vinnuveitanda áður en bú vinnuveitandans var tekið til gjaldþrotaskipta nýtur krafan ekki ábyrgðar eftir lögum þessum. Þetta á þó ekki við ef krafan hefur verið framseld stéttarfélagi launþegans, né heldur ef krafan hefur verið að fullu eða að hluta framseld Atvinnuleysisstryggingasjóði.

14. gr.

Innan fjögurra vikna frá því að fengin hefur verið umsögn skiptaráðanda um kröfuna ber félagsmálaráðherra að taka ákvörðun um hvort hún verði greidd úr ábyrgðasjóði. Þegar félagsmálaráðherra ákveður greiðslu kröfu samkvæmt lögum þessum skal hann jafnframt tilkynna viðkomandi innheimtuaðila ríkissjóðs hvaða fjárhæð hefur verið dregin frá kröfu launþega vegna ákvæða laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Komi fram í umsögn skiptaráðanda að ágreiningur sé um kröfuna í bú vinnuveitandans hefst frestur þessi þann dag sem ráðherra verður kunnugt um lyktir ágreiningsins.

Telji félagsmálaráðherra að skilyrðum laga þessara sé ekki fullnægt til þess að krafa verði greidd úr ábyrgðasjóði skal ákvörðun hans um synjun á greiðsluskyldu vera rökstudd. Er þeim er kröfuna gerir heimilt að leita úrlausnar dómstóla um greiðsluskylduna og má veita honum gjafsóknarleyfi þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 172. gr. laga nr. 85 frá 1936 til þess.

15. gr.

Áður en greiðsla á kröfu verður innt af hendi úr ábyrgðasjóði skal staðreyna hvort greiðsla hafi fengist á henni að einhverju eða öllu leyti úr bú vinnuveitandans og skulu þær greiðslur dragast að fullu frá greiðslu úr ábyrgðasjóði.

16. gr.

Félagsmálaráðherra skal tilkynna bréflaga þeim er kröfu gerir og skiptaráðanda í bú vinnuveitandans um niðurstöðu sína um greiðsluskyldu ábyrgðasjóðs. Í tilkynningu ráðherra skal sundurliða þá fjárhæð sem greiða á.

Frá því að skiptaráðanda í bú vinnuveitandans berst tilkynning félagsmálaráðherra um fyrirhugaða greiðslu kröfunnar úr ábyrgðasjóði fer stjórn sjóðsins með fyrirsvaer fyrir kröfunni að því leyti sem ríkissjóður leysir hana til sín. Nýtur krafa ríkissjóðs sömu stöðu í skuldaröð í búinu og krafa sú, sem hann hefur leyst til sín, hefði ella notið.

17. gr.

Hafi greiðslu samkvæmt lögum þessum verið aflað úr ábyrgðasjóði með því að gefnar hafi verið rangar upplýsingar um atriði eða leynt hafi verið atriðum sem leitt hefðu til að synjað hefði verið um greiðslu úr ábyrgðasjóði ef ljós hefðu verið ber þeim er greiðslu fékk að endurgreiða ábyrgðasjóði þá fjárhæð sem hann hefur ranglega fengið.

Telji stjórn sjóðsins að sá er greiðslu fékk hafi af ásetningi veitt rangar upplýsingar eða leynt upplýsingum og þannig fengið greiðslu úr ábyrgðasjóði skal stjórn sjóðsins tilkynna það ríkissaksóknara og skal um slíkt brot fjalla í opinberu máli. Varða slík brot sektum til ríkissjóðs er numið geta allt að tífaldrí þeirri fjárhæð sem ranglega hefur fengið greidd nema þyngri refsing liggja við að lögum.

18. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um hvernig framkvæmd laganna skuli háttáð.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 88/1990, með síðari breytingum, svo og 6.–8. gr. laga nr. 1/1992.

Ábyrgðasjóður launa ábyrgist kröfur sem hlotið hafa umsögn skiptaráðanda 1. mars 1992 eða síðar.

Gjört í Reykjavík, 2. júní 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

LÖG

um brottfall laga um Skipaútgerð ríkisins, nr 40/1967.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög um Skipaútgerð ríkisins, nr. 40/1967, falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra er heimilt að fresta því að leggja niður þær stöður sem nauðsyn krefur í tengslum við lokauppgjör Skipaútgerðar ríkisins.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

LÖG

um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið veitir leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipi að uppfylltum skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Það telst fullvinnsla í þessu sambandi ef flökun eða flatning botnfisks er þáttur í vinnslunni.

2. gr.

Skipum, sem leyfi hafa til fullvinnslu afla um borð, er óheimilt að fleygja fiski, fiskhlutum eða fiskúrgangi fyrir borð. Er skylt að koma með að landi allan afla þessara skipa, þar á meðal það sem til fellur við vinnsluna, svo sem hryggi, afskurð, hausa og innyfli eða afurðir unnar úr þeim. Er óheimilt að veita skipum vinnsluleyfi nema aðstaða sé um borð til að fullnægja þessum kröfum og nýta aflann með fullnægjandi hætti. Ráðherra getur þó með reglugerð til eins árs í senn heimilað að ekki sé nýttur tiltekinn fiskúrgangur enda verði það ekki gert með arðbærum hætti miðað við vinnslutækni og markaðsaðstæður.

3. gr.

Um borð í vinnsluskipi skal vera aðstaða fyrir móttöku, geymslu, vinnslu og frágang aflans þannig að gæði framleiðslunnar séu tryggð. Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um nauðsynlegan búnað í þessu skyni og önnur atriði um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Það er skilyrði fyrir leyfisveitingu, sbr. 1. gr., að fjöldi í áhöfn sé nægilegur til að vinna afla á fullnægjandi hátt miðað við veiðar, vinnslu og gerð skips, að teknu tilliti til áskilins hvíldartíma og að fyrir hendi sé tilskilin aðstaða fyrir þá áhöfn og eftirlitsmenn, sbr. 6. gr.

Í áhöfn skal vera maður með sérþekkingu á viðkomandi framleiðslu er hafa skal umsjón með allri vinnslu ásamt nauðsynlegu gæðaeftirliti. Skal með reglugerð kveða á um menntunarkröfur og starfssvið hans.

5. gr.

Áður en fullvinnsluleyfi er veitt skal liggja fyrir álit Ríkismats sjávarafurða á því hvort búnaður sé fullnægjandi með hliðsjón af ákvæðum laga þessara og reglugerða settra með stoð í þeim. Þá skal liggja fyrir mat Siglingamálastofnunar ríkisins á því hvort reglum um öryggisbúnað varðandi fiskvinnslu og aðbúnað áhafnar sé fullnægt.

6. gr.

Eftirlitsmaður eða eftirlitsmenn skulu vera um borð í fiskiskipi sem leyfi hefur til fullvinnslu botnfisks fyrstu sex mánuðina eftir að leyfi er veitt í fyrsta sinn. Eftir þann tíma skal eftirlitsmaður vera um borð eftir því sem ástæða er talin til hverju sinni af veiðieftirliti sjávarútvegsráðuneytisins. Skal útgerð sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru við eftirlitsstörf um borð. Þá skal útgerð skips greiða allan kostnað sem hlýst af veru eftirlitsmanna um borð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipum, sem hafið hafa fullvinnslu botnfiskafla fyrir gildistöku laga þessara, skal veittur frestur til að fullnægja kröfum laganna eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Er fresturinn við það miðaður að innan hans sé heimilt að halda áfram fullvinnslu botnfisks með svipuðum hætti og hafin var fyrir gildistöku laganna. Skal fresturinn vera til 1. september 1996 en ráðherra getur með reglugerð ákveðið að tilteknum kröfum um nýtingu skuli fullnægt fyrr. Þetta ákvæði tekur einnig til nýrra fullvinnsluskipa hafi verið samið um smíði eða kaup á þeim með bindandi hætti fyrir 10. nóvember 1991, enda sé smíðin það langt komin að breytingum til samræmis við kröfur laganna verði ekki við komið án verulegrar röskunar og kostnaðarauka.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Porsteinn Pálsson.

LÖG**um Viðlagatryggingu Íslands.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Hlutverk og stjórn.

1. gr.

Hlutverk Viðlagatryggingar Íslands er að váttryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara sem nefndar eru í 4. gr. laga þessara.

Heimili hennar er í Reykjavík.

2. gr.

Stjórn stofnunarinnar skipa fimm menn. Skulu þrír kosnir af Alþingi, einn valinn af þeim váttryggingafélögum sem innheimta iðgjöld, sbr. 3. mgr. 11. gr., en tryggingamálaráðherra skipar einn og skal hann vera formaður. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Stjórnarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.

Ávöxtun fjár og ársreikningar.

3. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal annast vörslu og ávöxtun fjár og bókhald hennar eða gera samkomulag við aðila á váttryggingarsviði um vörslu og ávöxtun fjár og/eða bókhald stofnunarinnar. Við ávöxtun skal stjórnin leitast við að tryggja verðgildi fjárins og áhættu-dreifingu svo sem unnt er á hverjum tíma.

Ársreikningar skulu endurskoðaðir af tveimur skoðunarmönnum. Annar þeirra skal tilnefndur af ráðherra, en hinn valinn af stjórn stofnunarinnar. Skal hinn síðarnefndi vera löggiltur endurskoðandi. Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar birtir árlega í Lögbirtingablaði.

Áhætta sem váttryggt er gegn.

4. gr.

Viðlagatrygging Íslands skal váttryggja gegn beinu tjóni af völdum eftirtalinna náttúruhamfara: eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða. Í reglugerð skal skilgreint nánar hvað felist í 1. málsl.

Eignir sem skylt er að váttryggja.

5. gr.

Skylt er að váttryggja allar húseignir og lausafé sem er brunatryggt hjá váttryggingafélagi sem starfsleyfi hefur hér á landi. Váttryggingarskyldan nær einnig til lausafjár sem váttryggt er almennri samsettri váttryggingu er innifelur brunatryggingu, enda flokkist slík váttrygging undir eignatryggingar samkvæmt skilgreiningu Tryggingaeftirlitsins. Sé brunatrygging á lausafé innifalín í aláhættutryggingu (all risks váttryggingu) eða sértryggingu, t.d. fiskeldistryggingu, skal lausaféð ekki viðlagatryggt, nema með sérstöku samþykki stjórnar stofnunarinnar.

Einnig er skylt að váttryggja neðangreind mannvirki þótt þau séu ekki brunatryggð:

1. Hitaveitur, vatnsveitur og skolpveitur í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs.
2. Hafnarmannvirki í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs.
3. Brýr sem eru 50 m eða lengri.
4. Raforkuvirki, þar á meðal dreifikerfi, stíflur og veitumannvirki, í eigu hins opinbera.
5. Síma- og fjarskiptamannvirki í eigu hins opinbera.

Váttryggja má eignir, sem nefndar eru í 2. mgr., annars staðar en hjá Viðlagatryggingu Íslands.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um váttryggingarskyldu eftir 2. mgr., þar á meðal skal tilgreina hvaða flokkar muna teljist til greindra mannvirkja.

Eignir sem heimilt er að váttryggja.

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt með samþykki ráðherra að ákveða að stofnunin váttryggi neðangreint lausafé og fasteignir:

1. Hitaveitur, vatnsveitur og skolpveitur í einkaeign.
2. Hafnarmannvirki í einkaeign.
3. Varanlegar brýr sem eru 10–50 m langar.
4. Raforkuvirki, þar á meðal dreifikerfi, stíflur og veitumannvirki, í einkaeign.
5. Síma- og fjarskiptamannvirki í eigu einkaaðila.
6. Dæluleiðslur og aðrar lagnir.

7. Geymsluþrær, geyma og yfirfallsþrær.
8. Eldisfisk, eldisker og annan búnað fiskeldisstöðva.
9. Lóðir, lönd og það fylgifé með þeim sem ekki er brunatryggt.

Ef heimild 1. mgr. verður notuð skal gildissvið hvers töluliðar skilgreint nánar með reglugerð. Jafnframt er heimilt að undanskilja í reglugerð tiltekna flokka muna.

Auk þess er stjórn stofnunarinnar heimilt að fengnu samþykki ráðherra að ákveða að stofnunin taki að sér að viðlagatryggja aðra muni en þá sem að framan greinir. Sé heimild þessi notuð skal kveða nánar á um váttryggingu muna þessara í reglugerð.

7. gr.

Nú berst váttryggingafélagi beiðni um brunatryggingu á fasteign eða lausafé sem almennt er ekki venja að brunatryggja eða hætta á brunatjóni er mjög óveruleg og skal félagið þá leita samþykkis stofnunarinnar áður en viðlagaiðgjald er reiknað af váttryggingunni. Sé ákvæðis þessa ekki gætt telst hinn brunatryggði hlutur ekki viðlagatryggður.

8. gr.

Mannvirki, sem reist er gegn banni yfirvalda eða andstætt ákvæðum í settum rétti þannig að ætla má að mannvirkinu sé af þeirri ástæðu hætta við skemmdum af náttúruhamförum en ella, er óheimilt að viðlagatryggja hvort sem það er brunatryggt eða ekki.

Váttryggingarfjárhæð.

9. gr.

Váttryggingarfjárhæðir skulu ákveðnar þannig:

1. Allir munir, sem brunatryggðir eru, skulu viðlagatryggðir fyrir sömu fjárhæð og brunatryggingin nemur á hverjum tíma.
2. Ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar reglur um ákvörðun váttryggingarfjárhæðar fyrir aðra muni, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 6. gr.

Eigin áhætta váttryggðs.

10. gr.

Eigin áhætta váttryggðs skal vera 5% af hverju tjóni, þó eigi lægri fjárhæð en hér segir:

1. Lágmark eigin áhættu vegna muna, sem váttryggðir eru skv. 1. mgr. 5. gr., er 40.000 kr.
2. Lágmark eigin áhættu vegna muna, sem váttryggðir eru skv. 2. mgr. 5. gr., er 400.000 kr.
3. Stjórn stofnunarinnar setur reglur um lágmarksfjárhæð eigin áhættu váttryggðs vegna tjóns á munum sem váttryggðir eru skv. 6. gr.

Ofangreindar lágmarksfjárhæðir skulu umreiknast til samræmis við gildandi vísitölu byggingarkostnaðar á hverjum tíma.

Iðgjöld.

11. gr.

Árleg iðgjöld skal reikna sem hér segir:

1. Af munum, sem váttryggðir eru skv. 1. mgr. 5. gr., 0,25%.
2. Af munum, sem váttryggðir eru skv. 2. mgr. 5. gr., 0,20%.
3. Af munum, sem váttryggðir eru skv. 6. gr., reiknast iðgjald eftir reglum sem stjórn stofnunarinnar setur.

Fari hrein eign niður fyrir 1% af áætluðum váttryggingarfjárhæðum í lok almanaksárs er stjórn stofnunarinnar heimilt að innheimta iðgjöld skv. 1. og 2. mgr. 5. gr. með 50% álagi þar til 2%-markinu er náð.

Váttryggingafélög þau, er brunatryggja muni sem váttryggðir eru hjá stofnuninni, sbr. 1. mgr. 5. gr., skulu innheimta iðgjöld til hennar ásamt brunatryggingariðgjöldum, enda skulu þau hafa sama gjalddaga. Í reglugerð skal kveðið á um bókhald og skil á iðgjöldum frá félögnum. Um aðgang stofnunarinnar að gögnum váttryggingafélaga fer eftir ákvæðum 24. gr.

Iðgjöld af viðlagatryggingu annarra muna, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 6. gr., skulu reiknuð út og innheimt á vegum stofnunarinnar.

Iðgjöld af viðlagatryggingum njóta lögtaksréttar. Þau njóta einnig lögveðréttar í váttryggðri eign. Heimilt er að krefjast nauðungarsölu eignarinnar án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms til fullnustu iðgjalds sem er í vanskilum.

Tilkynning um tjón.

12. gr.

Þegar váttryggingaratburður hefur gerst skal váttryggður þegar í stað tilkynna það stofnuninni eða váttryggingafélagi því sem selt hefur honum váttrygginguna.

Váttryggingafélag, sem fær slíka tilkynningu, skal tafarlaust tilkynna stofnuninni um váttryggingaratburðinn. Þegar stofnunin fær vitneskju um tjón sem ætla má að viðlagatrygging taki til skal svo fljótt sem unnt er gera ráðstafanir til að fá úr því skorið hvort bæta skuli tjónið og eftir atvikum láta meta það.

Ráðstafanir til að afstýra tjóni.

13. gr.

Hafi váttryggingaratburð borið að höndum tekur stofnunin afstöðu til þess hvort gera þurfi sérstakar ráðstafanir til björgunar váttryggðra muna eða til að hindra frekara tjón. Slíkar ráðstafanir skulu, svo sem kostur er, gerðar í samvinnu við almannavarnir.

Ákvæði 1. mgr. leysa váttryggðan ekki undan skyldum til að gera ráðstafanir til að varna tjóni eftir lögum um váttryggingarsamninga.

Váttryggingarstaður.

14. gr.

Sé váttryggður hlutur annars staðar en greint var er váttrygging á honum var tekin þegar váttryggingaratburð ber að höndum skal réttur til bóta fara eftir ákvæðum 83. gr. laga nr. 20/1954, um váttryggingarsamninga, eftir því sem við á. Ákvæði 83. gr. um 10.000 kr. hámark bóta skal þó ekki beita.

Reglur 1. mgr. eiga við án tillits til ákvæða í brunatryggingarsamningi um bætur fyrir skemmdir á munum sem eru utan váttryggingarstaðar.

Greiðsluskylda Viðlagatryggingar og afgreiðsla bótamála.

15. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal setja reglur um meðferð og afgreiðslu bótamála. Heimilt er stjórninni að fela váttryggingafélögum uppgjör bótakrafna.

Setja skal með reglugerð ákvæði um matsmenn og meginreglur um ákvörðun váttryggingabóta.

16. gr.

Heimilt er að lækka bætur eða synja alveg bótakröfu:

1. Þegar hús eða annað mannvirki, sem skemmist, er reist á stað sem almennt var vit- að fyrir fram að var hættulegur með tilliti til náttúruhamfara, t.d. ef mannvirki á sama stað hefur oftast en einu sinni orðið fyrir sams konar tjóni. Sama á við um lausafé sem geymt er í húsi eða öðru mannvirki við þær aðstæður sem hér greinir.
2. Þegar gerð eða viðhald húss eða annars váttryggðs hlutar er óforsvaranlegt eða and- stætt fyrirmælum í settum rétti og ljóst er að tjón hefur hlotist af eða orðið við- tækara af þessum sökum.

17. gr.

Váttryggingabætur skulu inntar af hendi svo fljótt sem unnt er, sbr. 1. og 2. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954, um váttryggingarsamninga.

18. gr.

Heildargreiðsluskylda Viðlagatryggingar Íslands vegna hvers váttryggingaratburðar tak- markast við 7,5% af samanlögðum váttryggingarfjárhæðum sem í gildi eru við upphaf vá- tryggingaratburðarins. Frá 1. janúar 1994 takmarkast greiðsluskylda við 10% af saman- lögðum váttryggingarfjárhæðum.

Nemi bætur vegna sama váttryggingaratburðar hærri fjárhæð en í 1. mgr. segir skal hlutur allra váttryggðra, sem tjón bíða, skerðast í sama hlutfalli.

19. gr.

Svo fljótt sem auðið er skal stjórn stofnunarinnar taka afstöðu til ágreinings um greiðsluskyldu sína og fjárhæð váttryggingabóta. Stjórn stofnunarinnar skal úrskurða um ágreiningsefni og vilji tjónþoli ekki sætta sig við úrskurð stofnunarinnar getur hann, inn- an 30 daga frá því að honum barst tilkynning stjórnarinnar, skotið ágreiningnum til úr- skurðarnefndar. Nefndin skal skipuð af ráðherra. Fjórir menn skulu eiga sæti í nefnd- inni. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar og skal hann vera formaður. Annar skal skipaður eftir tilnefningu Veðurstofu Íslands, hinn þriðji af Háskóla Íslands og hinn fjórði án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndinni er heim- ilt að leita aðstoðar sérfræðinga ef ástæða þykir.

Endurtrygging og lántökuheimild.

20. gr.

Heimilt er stofnuninni að endurbyggja áhættu sína innan lands eða erlendis.

Nú hrökkva eignir stofnunarinnar að viðbættu fé frá endurbyggjendum ekki til þess að greiða bætur samkvæmt lögum þessum og er stjórn stofnunarinnar þá heimilt með samþykki ráðherra að taka lán til þess að geta fullnægt skuldbindingum stofnunarinnar. Ríkissjóður ber sjálfskuldarábyrgð á slíkum lánunum.

Ýmis ákvæði.

21. gr.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að veita fé til rannsókna og til að styrkja framkvæmd- ir sem ætlað er að varna eða draga úr tjóni af völdum náttúruhamfara. Árleg heildarfjár- veiting í þessu skyni má þó ekki vera meiri en 5% af bókfærðum iðgjöldum síðasta árs.

22. gr.

Viðlagatrygging Íslands er undanþegin greiðslu tekjuskatts og eignarskatts, svo og útsvars og aðstöðugjalds. Eigi skal greiða stimpilgjald af skjölum stofnunarinnar.

23. gr.

Stjórnin semur við váttryggingafélög og aðra sem annast störf fyrir stofnunina samkvæmt lögum þessum.

Verði ágreiningur um þóknun váttryggingafélags skal leyst úr honum með gerðardómi þriggja manna. Hvor aðili tilnefnir einn mann í dóminn. Þessir gerðarmenn velja síðan oddamann sem verður formaður dómsins. Formaður skal fullnægja sérstökum hæfisskilyrðum héraðsdómara til meðferðar einstaks máls. Nú er gerðarmaður ekki tilnefndur innan 15 daga frá því að þess var krafist eða gerðarmenn koma sér ekki saman um oddamann og skal þá fara eftir lögum um samningsbundna gerðardóma. Ákvæðum þeirra laga skal og beita um önnur atriði eftir því sem við getur átt.

24. gr.

Viðlagatrygging Íslands getur krafið váttryggingafélög um hvers konar gögn og upplýsingar er varða störf þeirra fyrir stofnunina. Stofnunin á einnig rétt á að fá á venjulegum skrifstofutíma óhindraðan og tafarlausan aðgang að bókhaldi félaganna og öðrum gögnum varðandi iðgjöld af viðlagatryggingu.

25. gr.

Ef eigi leiðir annað af lögum þessum skal beita reglum laga um váttryggingarsamninga eftir því sem við getur átt.

26. gr.

Tryggingamálaráðherra skal að fengnum tillögum stjórnar Viðlagatryggingar Íslands setja reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd laga þessara.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993 og falla þá úr gildi lög nr. 88/1982, um Viðlagatryggingu Íslands.

Gjört í Reykjavík, 2. júní 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna orðist svo:

Sóttvarnardýralæknir sóttvarnastöðvar skal ráðinn af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, og skal hann fá sérstakt erindisbréf. Sóttvarnardýralækni er einungis heimilt að stunda lækningar dýra utan sóttvarnastöðvar með leyfi landbúnaðarráðherra og samkvæmt reglum sem yfirdýralæknir setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

Nr. 57

2. júní 1992

LÖG

um breytingu á höfundalögum, nr. 73 29. maí 1972,
sbr. lög nr. 78 30. maí 1984.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 4. mgr., svohljóðandi:
Ákvæði 3. mgr. skulu einnig gilda um tölvuforrit.

2. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. laganna bætist: Þá skal einnig í þeim tilvikum, þegar verulegur og samfelldur flutningur verka eða umfangsmikil fjölföldun eða útleiga hefur átt sér stað, talið að flutt hafi verið, leigð út eða fjölfölduð verk sem vernduð eru að höfundalögum nema annað verði í ljós leitt.

3. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði 1. mgr. veita ekki rétt til:

1. mannvirkjagerðar eftir verki sem verndar nýtur eftir reglum um byggingarlist,

2. eftirgerðar verka sem verndar njóta eftir reglum um höggmyndalist, nytjalist eða dráttlist ef leitað er til hennar aðstoðar annarra manna,
3. eftirgerðar verndaðra tónverka og bókmenntaverka sé leitað til hennar aðstoðar aðila sem taka slíka eftirgerð að sér í atvinnuskyni,
4. eftirgerðar verndaðra tölvuforrita.

4. gr.

Eftir 11. gr. laganna kemur ný grein, 11. gr. a, svohljóðandi:

Eiganda eintaks af tölvuforriti, sem út hefur verið gefið, er, þrátt fyrir ákvæði 4. tölul. 2. mgr. 11. gr., heimil gerð eintaka eftir forritinu, þar á meðal til gerðar vara- og öryggiseintaka, sem honum er nauðsynleg vegna nýtingar þess. Slík eintök má ekki nota á annan hátt og réttur til nýtingar þeirra fellur niður ef eigandi ráðstafar frumeintaki sínu til annarra.

5. gr.

Eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, 15. gr. a, svohljóðandi:

Þeim sem aflað hefur sér heimildar til ljósritunar eða hliðstæðrar eftirgerðar verka til afnota í starfsemi sinni með samningum við samtök höfundaréttarfélaganna sem annast hagsmunagæslu fyrir verulegan hluta íslenskra höfunda á því sviði og hlotið til þess lögformlega viðurkenningu menntamálaráðuneytisins skal einnig heimilt, án sérstaks leyfis höfundar hverju sinni, að fjölfalda verk hans með sama hætti þótt höfundur sé ekki félagi í samtökunum. Hver einstakur höfundur getur lagt skriflegt bann við fjölföldun verka sinna samkvæmt þessari málsgrein.

Höfundaréttarsamtökum skv. 1. mgr. skulu settar samþykktir í samvinnu við menntamálaráðuneytið og þær vera háðar staðfestingu þess. Samtökin skulu auk samningsaðildar hafa rétt til almennrar innheimtu gjalda fyrir fjölföldun, einnig fyrir þá íslenska höfunda sem standa utan þeirra. Skal í samþykktum samtakanna kveðið á um ráðstöfun tekna vegna fjölföldunar og skulu höfundar, er standa utan þeirra, njóta sama réttar til endurgjalds fyrir afnot verka sinna og félagsmenn.

Höfundaréttarsamtök skv. 1. mgr. ábyrgjast allar kröfur sem fram kunna að koma frá handhöfum höfundaréttar sem ekki eru félagar í samtökunum og réttmætt tilkall eiga til greiðslu fyrir fjölföldun og verða slíkar kröfur aðeins gerðar á hendur samtökunum. Kröfur samkvæmt þessari málsgrein fýrnast á fjórum árum eftir að fjölföldun með rétri heimild var framkvæmd. Ágreiningi um kröfur skal ráðið til lykta af úrskurðarnefnd skv. 57. gr.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar. Í reglum þessum má m.a. mæla fyrir um að ákvæði greinarinnar skuli, eftir því sem við á, einnig taka til gerðar véllæsilegra eintaka af útgefnum verkum til afnota í tölvuböndum.

6. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Þegar útvarpsstöð hefur aflað sér heimilda til útsendinga verka með samningum við höfundaréttarsamtök sem annast samningsgerð um flutningsrétt á bókmenntaverkum eða tónverkum eða sérstökum greinum þeirra fyrir verulegan hluta íslenskra höfunda og hlotið til þeirrar hagsmunagæslu lögformlega viðurkenningu menntamálaráðuneytisins skal einnig heimilt án sérstaks leyfis höfunda hverju sinni að útvarpa verkum hliðstæðrar gerðar þótt höfundur sé ekki félagi í samtökunum. Aðeins einum félagsamtökum í hverri grein bókmennta eða tónlistar verður veitt slík réttargæsluaðild. Höfundar, er standa utan samtakanna, skulu njóta sama réttar til endurgjalds fyrir afnot verka sinna og félagsmenn.

Flutningsheimild útvarpsstöðva skv. 1. mgr. tekur þó einungis til smærri verka, svo

sem einstakra kvæða, smásagna, ritgerða, kafla úr stærri verkum, einstakra laga og tónverka ef smá eru, svo og kafla úr stærri verkum. Þá gilda framangreindar reglur um samningsgerð ekki um leiksviðsverk né heldur um verk er höfundur hefur lagt skriflegt bann við flutningi þeirra í útvarpi.

Höfundaréttarsamtök, sem hlotið hafa lögformlega viðurkenningu skv. 1. mgr., skulu hafa rétt til almennrar innheimtu gjalda fyrir flutningsrétt, einnig fyrir þá höfunda sem standa utan samtakanna, enda hafi þau áður aflað sér umtalsverðra innheimtuumboða frá slíkum höfundum.

Höfundaréttarsamtökum skv. 1. mgr. skal einnig heimilt að setja gjaldskrá um flutning verka utan útvarps. Slíkar gjaldskrár skulu háðar samþykki menntamálaráðuneytisins.

Þegar útvarpsstofnun er heimilt að útvarpa verki er henni frjáls bráðabirgðaupptaka þeirra á hljóðrit eða myndrit til sjálfs sín nota, en ekki í öðru skyni. Til varanlegrar geymdar og endurtekinna nota skal afla heimilda frá viðkomandi höfundasamtökum. Nánari reglur um upptöku verka, geymd þeirra og not skal setja í reglugerð og skal við setningu hennar höfð hliðsjón af samningum þeim sem tíðkast hefur að gera við höfundaréttarsamtökin um þessi atriði og venjur sem skapast hafa hér að lútandi.

Menntamálaráðherra getur sett frekari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

7. gr.

Eftir 23. gr. laganna kemur ný grein, 23. gr. a, svohljóðandi:

Verki, sem útvarpað er beint eða um gervihnött, má án sérstaks leyfis höfundaréttarhafa endurvarpa til almennings um kapalkerfi, að því tilskildu að verkinu sé dreift óbreyttu og samtímis hinni upphaflegu sendingu.

Höfundar og aðrir rétthafar hafa ætíð rétt til þóknunar fyrir endurdreifingu skv. 1. mgr. Dreifing um kapalkerfi, sem tekur til færri samtengdra íbúða en 25 í fjölbýlishúsi eða nærlægum húsum, er þó ekki greiðsluskyld.

Krafa til endurgjalds skv. 2. mgr. verður aðeins gerð af sameiginlegri innheimtustofnun samtaka höfunda, listflytjenda og annarra rétthafa. Stofnunin innheimtir gjöldin og ráðstafar þeim. Hún getur þó falið öðrum innheimtusamtökum höfunda að annast innheimtuna. Stofnuninni skulu settar samþykktir í samráði við menntamálaráðuneytið og þær háðar staðfestingu þess. Skal í samþykktunum m.a. kveðið á um hvernig tekjum skuli skipt meðal aðildarféлага.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

8. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Heimil er sala, lán, leiga og önnur dreifing til almennings á eintökum bókmenntaverks eða tónverks sem út hefur verið gefið. Útleiga og lán á eintökum tónverka er þó óheimil án samþykkis rétthafa.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar taka einnig til kvikmyndaverka, þar á meðal myndbanda, en útleiga og lán þeirra til almennings er þó óheimil án samþykkis rétthafa. Sama gildir um útleigu tölvuforrita.

9. gr.

25. gr. laganna breytist þannig:

1. mgr. orðast svo:

Nú hefur eintak af myndlistarverki verið afhent til eignar og er eiganda þá heimilt, nema annað sé áskilið, að láta eintakið af hendi og sýna það almenningi. Opinber kynning þess á listsýningum og með öðrum hliðstæðum hætti er þó óheimil án samþykkis höf-

undar, nema á opinberum listasöfnum sé sem almenningur hefur aðgang að. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um eintök sem gerð hafa verið eftir listaverki og gefin út.

Við 2. mgr. bætist: Einnig skal heimilt án leyfis myndhöfundar hverju sinni að sýna í sjónvarpi áður birt verk hans þegar sjónvarpsstöð hefur gert samning um það efni við samtök myndlistarmanna sem annast hagsmunagæslu fyrir verulegan hluta íslenskra myndhöfunda og hefur hlotið til þess lögformlega viðurkenningu menntamálaráðuneytisins. Höfundar, sem standa utan samtakanna, skulu njóta sama réttar til endurgjalds fyrir afnot verka sinna og félagsmenn. Hver einstakur höfundur getur þó lagt skriflegt bann við sýningu verka sinna samkvæmt þessari málsgrein. Samtökunum skal heimilt að setja gjaldskrár um sýningar verka á listsýningum eða með hliðstæðum hætti, sbr. 1. mgr. Þá skal samtökunum heimilt að setja gjaldskrár vegna annarrar birtingar myndverka. Slíkar gjaldskrár skulu háðar staðfestingu menntamálaráðuneytisins. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar.

10. gr.

Eftir 25. gr. laganna koma:

25. gr. a.

Vörslumanni myndlistarverks er skylt að veita höfundi aðgang að verkinu til fjölföldunar þess eða útgáfu eða annarrar hliðstæðrar notkunar, enda sé hún höfundi mikilvæg. Réttur höfundar samkvæmt ákvæði þessu er persónulegur, óframseljanlegur og erfist ekki.

Vörslumanni er þó ekki skylt að veita höfundi aðgang að verki eða afhenda það í þessu skyni nema tryggt sé að verkið verði ekki fyrir skemmdum eða glatist.

Sé beiðni höfundar um aðgang að myndlistarverki skv. 1. mgr. hafnað getur hann sett kröfur sínar fram í dómi og getur dómari þá m.a. sett skilyrði fyrir því að aðgangsréttur verði veittur.

Vörslumaður á ætíð rétt til gjafvarnar í slíkum málum.

25. gr. b.

Við endursölu á listaverkum í atvinnuskyni skal leggja 10% gjald á söluverð verkanna er renni til höfundar listaverks.

Gjald þetta nær ekki til mannvirkja sem lúta reglum um byggingarlist né heldur til verka er teljast til nytjalistar og geta vegna framleiðslu fyrir almennan markað ekki talist frumverk.

Réttur höfundar skv. 1. mgr. er óframseljanlegur og helst meðan höfundaréttur hans er í gildi, sbr. 43. gr. höfundalaga. Höfundaréttarsjóður myndlistarmanna eða annar sjóður, sem kæmi í hans stað, annast innheimtu gjalda skv. 1. gr., svo og skil á þeim til höfunda. Að höfundi látnum fellur rétturinn til skylduerfingja, en sé þeim ekki til að dreifa rennur gjaldið til Höfundaréttarsjóðs myndlistarmanna.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til listaverka sem seld eru á listmunauppböðum, en um gjaldtöku í þeim tilvikum gilda sérákvæði í 3. gr. laga nr. 36/1987.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar skulu sett í reglugerð.

11. gr.

Eftir 42. gr. laganna koma:

Sérstök ákvæði um tölvuforrit.

42. gr. a.

Sé annað ekki umsamið felur samkomulag um rétt til nýtingar tölvuforrits í sér rétt

til að gera þær breytingar á forritinu sem nauðsyn ber til vegna nýtingar þeirrar sem samið er um, sbr. þó 4. gr.

42. gr. b.

Nú er gerð tölvuforrita liður í ráðningarskilmálum og eignast þá atvinnurekandi höfundaréttinn að forritinu nema áskilnaður sé gerður á annan veg.

12. gr.

Við 45. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Standi fleiri en 12 listflytjendur saman að listflutningi nægir samþykki stéttarfélags viðkomandi flytjenda til eftirgerðar og endurnota, enda komi þóknun fyrir afnotin.

13. gr.

Í stað orðanna: „25 ár“ í 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 46. gr. koma: 50 ár.

14. gr.

57. gr. laganna orðast svo:

Takist ekki samningur um fjárhæð þóknunar skv. 14., 15. a, 16., 17., 20., 21., 23., 23. a, 25. og 47. gr. getur hvor aðili um sig lagt ágreiningsefnið undir úrskurð þriggja manna nefndar sem menntamálaráðherra skipar úr hópi fimm manna sem höfundaréttarnefnd skv. 58. gr. tilnefnir. Áður en til úrskurðar kemur skal nefndin leita sáttá með aðilum. Úrskurður nefndarinnar er stjórnarfarsleg fullnaðarúrlausn um ágreiningsefnið. Laun nefndarmanna skulu greidd úr ríkissjóði. Nánari ákvæði um störf nefndarinnar skulu sett í reglugerð.

15. gr.

58. gr. laganna orðast svo:

Til ráðuneytis menntamálaráðherra um höfundaréttarmál skal vera nefnd fimm sérfróðra manna á sviði höfundaréttar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Við skipun nefndarinnar skal haft samráð við helstu höfundaréttarsamtök landsins. Enn fremur skal koma á fót höfundaréttarráði. Í ráðinu skulu kynnt og rædd höfundaréttarmálefni sem efst eru á baugi á hverjum tíma. Í ráðinu skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af þeim samtökum sem hlotið hafa lögformlega viðurkenningu ráðuneytisins til meðferðar höfundaréttar, svo og annarra helstu höfundaréttarsamtaka í landinu. Enn fremur fulltrúar útvarpsstofnana og annarra hagsmunaaðila. Menn, sem skipa höfundaréttarnefnd, skulu og eiga sæti í ráðinu, svo og þeir aðilar sem ráðherra skipar sérstaklega í ráðið. Menntamálaráðherra eða sá sem hann nefnir í sinn stað skal vera í forsæti á fundum ráðsins. Ráðherra setur nánari reglur um höfundaréttarnefnd og höfundaréttarráð.

16. gr.

2. setning 1. mgr. 59. gr. laganna fellur niður.

17. gr.

Á eftir 6. tölul. 1. mgr. 60. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði 25. gr. b taka til verka íslenskra ríkisborgara og erlendra manna sem búsettir eru hér á landi. Enn fremur til verka erlendra ríkisborgara þeirra ríkja sem veita íslenskum verkum hliðstæða vernd.

18. gr.

Á eftir 61. gr. laganna kemur ný grein, 61. gr. a, svohljóðandi:

Víkka má gildissvið laganna þannig að ákvæði þeirra taki til erlendra ríkisborgara að fullnægðum skilyrðum um gagnkvæmni. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt að staðfesta milliríkjasáttmála um gagnkvæma vernd án eða með fyrirvörum sem ríkisstjórninni þykir við eiga og heimilt er að gera. Með gagnkvæmni samkvæmt þessari grein er átt við að réttthafar hvers aðildarlands njóti sama réttar í öðrum aðildarlöndum og innlendir ríkisborgarar. Ákvæði greinar þessarar hrófla í engu við gildi alþjóðlegra sáttmála á sviði höfundaréttar sem þegar hafa verið fullgiltir af Íslands hálfu.

19. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál höfundalaga, nr. 73 29. maí 1972.

Gjört í Reykjavík, 2. júní 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur G. Einarsson.

LÖG**um vernd barna og ungmenna.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Markmið og stjórn barnaverndarmála.

1. gr.

Markmið barnaverndar.

Markmið barnaverndar er að tryggja börnum og ungmennum viðunandi uppeldisskilyrði. Skal það gert með því að styrkja uppeldislutverk fjölskyldunnar og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Í barnaverndarstarfi skal jafnan það ráð upp taka sem ætla má að barni eða ungmenni sé fyrir bestu. Skal barnaverndarstarfi hagað þannig að það stuðli að stöðugleika í uppveksti barna og ungmenna.

Með *börnum* er samkvæmt lögum þessum átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs, en *ungmenni* eru einstaklingar 16–18 ára.

Þar sem talað er um foreldra í lögum þessum er einnig átt við aðra þá sem hafa forsjá barna með höndum, sbr. 6. mgr. 29. gr. barnalaga.

2. gr.

Stjórn barnaverndarmála.

Starf til verndar börnum og ungmennum rækja samkvæmt lögum þessum félagsmálaráðuneytið, barnaverndarnefndir og barnaverndarráð og eru í lögum þessum nefnd barnaverndaryfirvöld.

3. gr.

Hlutverk félagsmálaráðuneytis varðandi barnaverndarmál.

Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn barnaverndarmála og skal sérstök deild innan þess annast samræmingu og heildarskipulag þeirra.

Ráðuneytið skal hafa frumkvæði að þróunarstarfi og rannsóknum á sviði barnaverndar. Það skal enn fremur veita barnaverndarnefndum leiðbeiningar og ráðgjöf varðandi fjölskylduvernd og úrlausn barnaverndarmála. Það skal hafa eftirlit með störfum allra barnaverndarnefnda á landinu, heimta frá þeim ársskýrslur og gefa árlega út skýrslu um starfsemi barnaverndaryfirvalda. Ræki barnaverndarnefnd ekki störf þau sem henni eru falin í lögum þessum skal ráðuneytið krefja hana skýrslna og halda henni til að rækja skyldu sína. Ef ráðuneytinu þykir ástæða til getur það lagt fyrir barnaverndarnefnd að gera sérstakar ráðstafanir í máli hvort sem hún hefur fjallað um það áður eða ekki. Nú verður ráðuneytið þess áskynja að barnaverndarnefnd hefur kveðið upp úrskurð sem er andstæður lögum og getur ráðuneytið þá skotið málinu til endanlegs úrskurðar barnaverndarráðs.

Ráðuneytið skal hlutast til um að settar verði á fót stofnanir skv. 51. gr. laga þessara. Það hefur einnig eftirlit og umsjón með stofnunum þar sem börn eru vistuð á vegum barnaverndarnefnda. Ráðuneytið hefur yfirsýningu með vistun barna og ungmenna utan foreldrahúsa. Það skal annast fræðslustarfsemi fyrir þá sem starfa að barnaverndarmálum, m.a. með útgáfustarfsemi og námskeiðum.

4. gr.

Meginþættir í starfi barnaverndarnefnda.

Forvarnir. Barnaverndarnefndir skulu setja fram tillögur og ábendingar um atriði sem stuðla að því að búa börnum og ungmennum góð uppeldisskilyrði og benda á félagsleg atriði sem eru andstæð því uppeldismarkmiði.

Eftirlit og leitarstarf. Barnaverndarnefndir skulu hafa eftirlit með aðbúnaði, hátterni og uppeldisskilyrðum barna og ungmenna í þeim tilgangi að greina sem fyrst vanda þeirra sem búa við ófullnægjandi aðstæður, sæta illri meðferð eða eiga í félagslegum erfiðleikum. Barnaverndarnefndir skulu einnig hafa sérstakt eftirlit með aðbúnaði barna sem dveljast á uppeldisstofnunum í umdæmi nefndarinnar, svo sem á dagvistum barna, sumar-dvalarheimilum og barnaheimilum hvers konar, að svo miklu leyti sem eftirlit er ekki falið öðrum samkvæmt lögum.

Úrræði. Barnaverndarnefndir skulu beita þeim úrræðum samkvæmt lögum þessum sem best eiga við hverju sinni og heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð barns eða ungmennis. Þær geta úrskurðað um töku barns af heimili og dvöl á fósturheimili eða uppeldisstofnun ef önnur úrræði þykja ekki henta til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í lögum þessum.

Önnur verkefni. Einnig hafa barnaverndarnefndir með höndum önnur þau verkefni sem þeim eru falin í öðrum lögum.

5. gr.

Sérstakar skyldur barnaverndaryfirvalda.

Barnaverndarnefndarmenn, barnaverndarráðsmenn, fulltrúar þessara aðila og annað starfslid á vegum þeirra hljóta þá vernd sem opinberum starfsmönnum er tryggt og bera skyldur samkvæmt því. Ber þeim að sýna börnum og ungmennum, er þeir fjalla um mál þeirra, alla nærgætni og mega ekki skýra óviðkomandi mönnum frá því sem þeir verða vísir í starfa sínum um einkamál manna og heimilisháttu.

II. KAFLI

Um barnaverndarnefndir.

6. gr.

Kosning og kjörgengi í barnaverndarnefnd.

Á vegum sveitarfélaga skulu starfa barnaverndarnefndir. Borgarstjórn Reykjavíkur og bæjarstjórnir í kaupstöðum kjósa barnaverndarnefndir, sbr. þó 2. mgr. Minni sveitarfélög skulu sameinast um kosningu barnaverndarnefndar. Heimilt er sveitarstjórn að fela héraðsnefnd eða stjórn byggðasamlags kosningu barnaverndarnefndar er nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag eða semja um svæðisbundið samstarf með öðrum hætti en að framan greinir.

Heimilt er sveitarstjórn að fela félagsmálaráði (félagsmálanefnd) störf barnaverndarnefndar og í þeim tilvikum skal gæta þeirra sjónarmiða sem nefnd eru í 5. mgr. um kjör barnaverndarnefnda.

Barnaverndarnefnd skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum varamönnum.

Barnaverndarnefnd skal að jafnaði skipuð bæði konum og körlum. Nefndarmenn skulu vera kunnir að grandvarleik og bera gott skyn á mál þau sem barnaverndarnefnd fjallar um. Leitast skal við að kjósa lögfræðing í barnaverndarnefnd þar sem slíks er kostur og enn fremur fólk með sérþekkingu á málefnum barna.

Um kjörgengi í barnaverndarnefnd fer eftir sömu reglum og um kjörgengi í sveitarstjórn, sbr. 1. og 2. mgr. 20. gr., sbr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986. Kosning fer eftir 57. gr. sömu laga eftir því sem við á.

7. gr.

Starfslið barnaverndarnefnda.

Barnaverndarnefnd skal að fenginni heimild hlutaðeigandi sveitarstjórna ráða sérhæft starfslið. Skal við það miðað að hægt sé að veita foreldrum, forráðamönnum barna og stofnunum, er annast uppeldi, viðhlítandi ráðgjöf, fræðslu og leiðbeiningar samkvæmt lögum þessum. Jafnframt skal miðað við að nægilegir möguleikar séu til félagslegra og sálfræðilegra rannsókna á börnum er með þurfa vegna könnunar og meðferðar barnaverndarmála.

Heimilt er barnaverndarnefnd að semja við stofnanir, svo sem félagsmálastofnanir, fræðsluskrifstofur, svæðisstjórnir eða heilsugæslustöðvar, um sameiginlegt starfsmannahald og sérfræðipjónustu, svo og leita til sérfræðinga í einstökum málum.

Barnaverndarnefnd er heimilt að fela starfsmönnum sínum könnun og meðferð einstakra mála eða málaflokka og skal hún setja um það reglur sem héraðsnefnd eða sveitarstjórn staðfestir. Ákvörðun um þvingunaraðgerð getur barnaverndarnefnd þó ein tekið, sbr. þó 47. gr.

8. gr.

Valdsvið og samstarf barnaverndarnefnda.

Barnaverndarnefnd, þar sem barn er dvalfast, á úrlausn um málefni þess, sbr. þó 3. mgr.

Nú flyst barn úr umdæmi nefndar eftir að hún hefur tekið mál þess til meðferðar og skal þá barnaverndarnefnd á hinu nýja heimili barnsins taka við meðferð málsins. Ber fyrri barnaverndarnefndinni skylda til að tilkynna hinni síðari um flutninginn og fyrri afskipti sín af málefnum barnsins. Félagsmálaráðuneytið getur þó heimilað að nefnd sú, sem haft hefur málið til meðferðar, fari áfram með það ef það varðar aðgerðir á grundvelli 2. mgr. 22. gr., 24. gr. eða 25. gr. laganna. Skulu barnaverndarnefndir þá veita hver annarri upplýsingar til skýringar málum og liðsinni við framkvæmd barnaverndarráðstafana.

Ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni eða ungmenni til dvalar í annað umdæmi fer hún áfram með málið. Hún getur þó farið þess á leit að barnaverndarnefnd í dvalarumdæmi barns beri tilteknar skyldur. Barnaverndarnefndinni í dvalarumdæmi barnsins ber að tilkynna nefndinni sem ráðstafaði barninu ef aðstæður þess breytast þannig að ástæða þyki til sérstakrar íhlutunar.

III. KAFLI

Um barnaverndarráð.

9. gr.

Skipan barnaverndarráðs.

Félagsmálaráðherra skipar þriggja manna barnaverndarráð til fjögurra ára í senn og þrjú menn til vara. Formaður ráðsins skal fullnægja skilyrðum til þess að vera skipaður héraðsdómari, sbr. 5. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, með síðari breytingum. Ráðsmenn skulu vera kunnir að grandvarleik og hafa sérþekkingu á málefnum barna og ungmenna. Ráðherra tilnefnir formann og varaformann barnaverndarráðs.

Ráðherra ákveður laun barnaverndarráðsmanna og greiðast þau úr ríkissjóði ásamt öðrum kostnaði við ráðið.

10. gr.

Hlutverk barnaverndarráðs.

Hlutverk barnaverndarráðs er að fara með úrskurðarvald í þeim málum sem skotið er til ráðsins samkvæmt lokamálslið 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 49. gr.

Barnaverndarráð skal hafa sérhæfða starfsmenn í þjónustu sinni og enn fremur annað starfsfólk við hæfi. Barnaverndarráð getur einnig leitað álits sérfræðinga utan ráðsins þegar ástæða þykir til.

11. gr.

Fundir barnaverndarráðs.

Barnaverndarráð er ályktunarfært ef allir ráðsmenn sitja fund og tveir þeirra fylgjast að máli. Varamaður tekur sæti ef ráðsmaður hefur boðað forföll eða er vanhæfur, sbr. 4. mgr. 49. gr., sbr. 42. gr.

Barnaverndarráð heldur fundi eftir þörfum.

Úrskurðir ráðsins skulu skráðir í fundagerðarbók. Í reglugerð, er félagsmálaráðherra setur, skulu sett ákvæði um starfsháttu barnaverndarráðs.

IV. KAFLI

Tilkynningarskylda og aðrar skyldur við barnaverndaryfirvöld.

12. gr.

Tilkynningarskylda almennings.

Hverjum, sem verður þess vís að barni sé misboðið, uppeldi þess sé vanrækt eða aðbúnaði þess svo áfátt að barninu geti stafað hættu af, er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd þar sem barnið dvelst.

Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik sem telja má að barnaverndarnefnd eigi að láta sig skipta.

13. gr.

Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum og ungmennum.

Hverjum, sem stöðu sinnar vegna hefur afskipti af málefnum barna og ungmenna og verður í starfa sínum var við óviðunandi misfellur á uppeldi og aðbúð barna eða ungmenna, er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

Sérstaklega er fóstrum, dagmæðrum, kennurum, prestum, læknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum og öðrum þeim, sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf, skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna og ungmenna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að málefnum barns sé þannig komið að barnaverndarnefnd ætti að hafa afskipti af þeim. Tilkynningarskylda gengur að þessu leyti framur ákvæðum laga um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

14. gr.

Tilkynningarskylda lögreglu og dómara.

Skyllt er löggæslumanni að gera barnaverndarnefnd viðvart þegar hann hefur til meðferðar mál barns eða ungmennis.

Þegar brot eru framin annaðhvort af börnum eða ungmennum eða gegn þeim skal löggæslumaður eða dómari þegar í stað tilkynna það barnaverndarnefnd og veita henni þess kost að fylgjast með rannsókn máls. Sé barn innan 16 ára aldurs skal jafnframt gefa barnaverndarnefnd kost á að láta fulltrúa sinn eða starfsmann vera viðstaddan þegar barnið er yfirheyrt. Getur dómari og krafist þess ef honum þykir þörf.

Barnaverndarnefnd er skylt að tilkynna foreldri barns ef mál, er varðar barnið, er til meðferðar hjá lögreglu eða dómstólum, sbr. 1. og 2. mgr., enda mæli hagsmunir barnsins ekki gegn því. Óski foreldri eftir því að vera viðstatt yfirheyrslu yfir barni sínu yngra en 16 ára skal það að jafnaði heimilt. Dómari úrskurðar um þetta atriði ef ágreiningur verður og sætir úrskurður hans ekki kærur.

15. gr.

Nafnleynd tilkynnanda.

Ef sá sem tilkynnir barnaverndarnefnd óskar nafnleyndar gagnvart öðrum en nefndinni skal það virt nema sérstakar ástæður mæli því gegn.

16. gr.

Samstarf við barnaverndarnefndir.

Öllum þeim, sem stöðu sinnar vegna hafa afskipti af málefnum barna og ungmenna, svo sem starfsfólk heilbrigðisþjónustu, skóla, dagvistarheimila barna og löggæslu, er skylt að stuðla að því að barnaverndarstarf komi að sem mestum notum og skulu hafa samvinnu við barnaverndaryfirvöld í því skyni.

Barnaverndaryfirvöld skulu með sama hætti hafa samstarf við þá sem stöðu sinnar vegna hafa þekkingu á málefnum barna og ungmenna.

Skyllt er skólum og dagvistarheimilum að hafa náið samstarf við barnaverndarnefndir varðandi stuðning við börn og fjölskyldur þeirra sem standa höllum fæti félagslega.

Stofnanir á sviði félags- og heilbrigðismála, svo sem áfengismeðferðarstofnanir og geðdeildir, skulu skipuleggja þjónustu sína við foreldra barna þannig að tillit verði tekið til hagsmuna barnanna.

Skyllt er lögreglu, dómstólum og fangelsismálayfirvöldum að hafa samvinnu við barnaverndarnefndir og veita þeim aðstoð við úrlausn barnaverndarmála.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um samvinnu barnaverndaryfirvalda við aðrar stofnanir í samráði við þau ráðuneyti sem viðkomandi stofnanir heyra undir.

V. KAFLI

Skyldur barnaverndaryfirvalda gagnvart einstökum börnum og ungmennum og fjölskyldum þeirra.

17. gr.

Skyldur foreldra.

Foreldrum ber að gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum barna, sbr. 29. gr. barnalaga. Skyld er barnaverndarnefnd að aðstoða foreldra við að gegna foreldraskyldum sínum, en grípa til viðeigandi úrræða samkvæmt þessum kafla ef nauðsyn ber til. Að jafnaði skal þess gætt að almenn úrræði til stuðnings við fjölskyldu verði reynd áður en gripið er til þvingunarúrræða. Þó skal ávallt það ráð upp taka sem ætla má að barni eða ungmenni sé fyrir bestu.

18. gr.

Könnun máls.

Nú fær barnaverndarnefnd rökstuddan grun um að

- a. líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hættu búin sökum vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra eða
- b. barn eða ungmenni stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni og er nefndinni þá skylt að kanna málið án tafar.

Skal kosta kapps um að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barna eða ungmenna sem í hlut eiga, tengsl þeirra við foreldra eða aðra og aðbúð þeirra á heimili, skólagöngu þeirra og hegðun á heimili og utan þess, svo og um andlegt og líkamlegt ásíðkomulag þeirra. Skal leita aðstoðar sérfræðinga eftir því sem þörf krefur.

Um heimildir barnaverndarnefndar og starfsmanna hennar við könnun mála gilda að öðru leyti ákvæði 43. gr.

Foreldrum eða þeim sem barnið dvelst hjá er skylt að veita liðsinni sitt til þess að könnun máls geti gengið greiðlega fyrir sig, enda skal barnaverndarnefnd sýna þeim er málið snertir alla nærgætni. Könnunin skal ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur.

19. gr.

Áætlun um meðferð máls.

Nú er í ljós leitt að aðbúnaði, umönnun eða uppeldi barns er áfátt vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra eða barn stefnir eigin heilsu eða þroska í hættu með hegðun sinni, t.d. afbrotum eða neyslu vímuefna, og skal barnaverndarnefnd þá láta gera skriflega áætlun um meðferð málsins.

Í áætluninni skal tilgreint hvernig hagsmunir barnsins verði best tryggðir, m.a. hvaða aðstoð foreldrum verði veitt til að gera þeim kleift að fara með forsjá barnsins og einnig hvað foreldrum beri að gera fyrir sitt leyti til að mega fara áfram með forsjá þess.

20. gr.

Skráning barna í áhættuhópi.

Barnaverndarnefnd skal halda sérstaka skrá um þau börn og ungmenni í umdæmi sínu sem hún telur að sé hættu búin skv. 1. mgr. 18. gr. og 1. mgr. 19. gr. í þeim tilgangi að tryggja yfirsýn og samfellda málsmeðferð í slíkum málum. Nú breytast aðstæður þannig að mati nefndar að barn telst ekki lengur í áhættuhópi og skal nafn þess þá ekki standa

lengur á skránni. Foreldrum skal að jafnaði gerð grein fyrir að barn þeirra sé á skrá, sbr. 3. mgr. 43. gr., nema það komi í bága við hagsmunum barnsins að mati nefndarinnar. Ráðuneytið setur reglugerð um fyrirkomulag skráningar og meðferð upplýsinga í samræmi við lagaákvæði þetta og lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989.

21. gr.

Stuðningsúrræði.

Nú leiðir könnun máls í ljós að þörf er aðgerða barnaverndarnefndar og skal hún þá í samvinnu við foreldra, og eftir atvikum barn eða ungmenni, veita aðstoð eftir því sem við á með því að

- a. leiðbeina foreldrum um uppeldi og aðbúnað barns,
- b. útvega barni eða fjölskyldu tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu,
- c. útvega barni eða ungmenni dagvist, skólavist, atvinnu eða möguleika til hollrar tómsundaiðju,
- d. beita almennum úrræðum til úrbóta samkvæmt öðrum lögum, svo sem lögum um félagslega þjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni fatlaðra,
- e. aðstoða foreldra við að leita sér meðferðar vegna veikinda, áfengis- eða vímuefnaneyslu eða annarra persónulegra vandamála,
- f. vista barn um skamman tíma utan heimilis á vistheimili eða fósturheimili,
- g. taka við forsjá barns með samþykki foreldra, sbr. 44. gr., útvega því varanlegt fósturheimili og hlutast til um að barninu verði skipaður lögráðamaður.

Ráðuneytið skal setja reglugerð um úrræði skv. b-lið þessarar greinar.

22. gr.

Skylda barnaverndarnefndar við börn og ungmenni í hættu vegna eigin hegðunar.

Nú stefnir barn eða ungmenni eigin heilsu eða þroska í hættu með hegðun sinni, svo sem með neyslu áfengis eða annarra vímuefna, afbrotum eða annarri jafnskaðlegri hegðun, og skal barnaverndarnefnd þá veita sérstaka aðstoð með viðtölum, ráðgjöf, vistun á unglingaheimili eða öðrum tiltækum stuðningsaðgerðum.

Þegar svo stendur á sem í 1. mgr. segir er barnaverndarnefnd heimilt í samráði við foreldra að vista barn til skammtímameðferðar og rannsóknar í allt að fjórar vikur í senn á viðeigandi stofnun. Ef vistun er gegn vilja barns sem orðið er 12 ára skal það fá tækifæri til að tala máli sínu fyrir nefndinni með liðsinni sérstaks talsmanns ef því er að skipta, sbr. 2. og 3. mgr. 46. gr. Heimilt er að gefa barni undir 12 ára aldri kost á að tjá sig með sama hætti óski barnið þess.

Nú telur barnaverndarnefnd ekki hjá því komist að vista ungmenni gegn vilja þess á stofnun vegna þess að það stefnir eigin heilsu eða þroska í alvarlega hættu með vímuefnaneyslu og getur nefndin þá leitað samþykkis dómsmálaráðuneytis fyrir vistun ungmennis á sjúkrahúsi eða deild Unglingaheimilis ríkisins fyrir vímuefnaneytendur í samræmi við ákvæði lögræðisлага, nr. 68/1984.

23. gr.

Skylda barnaverndarnefndar við barn eða ungmenni sem verður fyrir áreitni, ofbeldi eða öðrum afbrotum.

Nú hefur barn eða ungmenni orðið fyrir áreitni, ofbeldi eða öðrum afbrotum og skal þá barnaverndarnefnd aðstoða það með ráðgjöf eða meðferð eftir því sem við á. Barna-

verndarnefnd er þá heimilt að fylgjast með rannsókn máls, sbr. 2. mgr. 14. gr. Svo og getur nefndin skipað barninu sérstakan talsmann ef því er að skipta, sbr. 3. mgr. 46. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd þess vís að ábótavant er framkomu manns sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn og skal hún þá láta málið til sín taka og koma með ábendingar til úrbóta.

24. gr.

Úrræði án samþykkis foreldra.

Nú telur barnaverndarnefnd sýnt að heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra og getur barnaverndarnefnd þá með úrskurði

- a. kveðið á um eftirlit með heimili,
- b. gefið fyrirmæli um aðbúnað og umönnun barnsins, svo sem dagvistun þess, skóla-sókn, lækniþjónustu, meðferð eða þjálfun,
- c. kveðið á um töku barns af heimili, kyrrsetningu þess á fóstur- eða vistheimili, lækni-sköðun, innlögn á sjúkrahús eða aðra stofnun til að tryggja öryggi þess eða til að unnt sé að gera viðeigandi rannsókn á barninu,
- d. ákveðið að ekki megi fara með barnið úr landi.

Ákvarðanir samkvæmt grein þessari skulu ávallt vera tímabundnar og eigi standa lengur en þörf krefur hverju sinni og skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

25. gr.

Forsjársvipting.

Barnaverndarnefnd getur með úrskurði svipt foreldra, annað eða bæði, forsjá barns ef

- a. uppeldi, daglegri umönnun eða samskiptum foreldra við barnið er alvarlega ábótavant með hliðsjón af aldri þess og þroska,
- b. barn er sjúkt eða fatlað og foreldrar tryggja því ekki viðeigandi meðferð, þjálfun eða kennslu,
- c. barninu er misþyrmt, misboðið kynferðislega ellegar það má þola alvarlega andlega eða líkamlega áreitni eða niðurlægingu á heimilinu,
- d. telja má fullvíst að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin sökum þess að foreldrar eru augljóslega vanhæfir til að fara með forsjána, svo sem vegna vímuefnaneyslu, alvarlegrar geðveilu, mikils greindarskorts, eða hegðun foreldra er líkleg til að valda barni alvarlegum skaða.

Úrskurður um forsjársviptingu skal því aðeins kveðinn upp að ekki sé unnt að beita öðrum aðgerðum til úrbóta skv. 21. gr. og 24. gr. eða slíkar aðgerðir hafa verið fullreyndar án nægilegs árangurs. Úrskurð á grundvelli d-liðar fyrri málsgreinar, þegar um er að ræða nýfætt barn sem enn hefur ekki flust í umsjá foreldra, er einungis heimilt að kveða upp hafi viðeigandi aðgerðir skv. 21. gr. verið reyndar til þrautar án árangurs.

26. gr.

Skipan lögráðamanns.

Hafi foreldrar verið sviptir forsjá barns hverfur forsjá þess til nefndarinnar að svo stöddu en jafnframt ber henni að hlutast til um að yfirlögráðandi skipi barninu lögráðamann, sbr. 2. mgr. 27. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984. Barnaverndarnefnd tekur forsjá barns í sínar hendur ef það verður forsjárlaust og hlutast á sama hátt til um að því verði skipaður lögráðamaður.

27. gr.

Börnum skal tryggð góð umsjá.

Þegar barnaverndarnefnd ráðstafar barni í samræmi við ákvæði f- og g-liða 21. gr., 2. og 3. mgr. 22. gr., c-lið 1. mgr. 24. gr., 25. gr. og 26. gr. skal hún tafarlaust tryggja því góða umsjá. Skal barnaverndarnefnd gera skriflega áætlun svo sem um hvort og hvernig barnið fer að nýju til foreldra eða hvort því skuli komið í varanlegt fóstur.

Leitast skal við að finna systkinum sameiginlegar lausnir í samræmi við þarfir þeirra.

Nú verður barn 16 ára á heimili þar sem barnaverndarnefnd hefur komið því fyrir og er nefndinni þá skylt að aðstoða það áfram svo lengi sem þörf krefur.

28. gr.

Brottvikning heimilismanns.

Ef barnaverndarnefnd þykir barni eða ungmenni háski búinn af háttsemi eða framferði heimamanns, svo sem vegna ofbeldis á heimili, ógnana eða hótana eða vegna vímuefnaneyslu eða annars athæfis er um getur í 63.–66. gr., en barninu eða ungmenninu gæti annars liðið vel á heimilinu, er nefndinni skylt, ef umvandanir eða aðrar ráðstafanir koma ekki að haldi, að leita um brottvikningu hans af heimilinu með beinni aðfarargerð, sbr. 12. kafla aðfararlaga. Er honum þá skylt að víkja manni brott af heimili um stundarsakir eða til frambúðar ef hann bætir ekki ráð sitt, sbr. 61. gr.

VI. KAFLI

Um ráðstöfun barna í fóstur.

29. gr.

Fóstur.

Með fósturi er í lögum þessum átt við að barnaverndarnefnd feli sérstökum fósturforeldrum forsjá eða umsjá barns þegar

- a. kynforeldrar samþykkja það,
- b. barn er forsjárlaust,
- c. kynforeldrar hafa verið sviptir forsjá eða barn er í umsjá barnaverndarnefndar um tíma.

Fóstur getur verið tvenns konar, varanlegt eða tímabundið. Með varanlegu fósturi er átt við að það haldist þar til forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum. Fara fósturforeldrar þá að jafnaði með forsjá barns skv. 29. gr. barnalaga, nema annað þyki betur henta þörfum barns og hagsmunum að mati barnaverndarnefndar. Að jafnaði skal ekki gerður samningur um varanlegt fóstur fyrr en að liðnum reynslutíma sem skal ekki vera lengri en eitt ár.

30. gr.

Fósturforeldrar.

Barnaverndarnefnd ber að velja fósturforeldra af kostgæfni og með tilliti til aðstæðna þeirra, hæfni og reynslu sem heppilegra uppalenda. Enn fremur skal velja fósturforeldra sérstaklega út frá hagsmunum og þörfum viðkomandi barns.

Barnaverndarnefnd ber að aðstoða og undirbúa fósturforeldra áður en fóstur hefst og enn fremur veita þeim stuðning og leiðbeiningar meðan fóstur varir eftir því sem nauðsyn ber til. Fulltrúi barnaverndarnefndar skal koma á fósturheimili eigi sjaldnar en einu sinni á ári hverju.

31. gr.

Fóstursamningur.

Kveða skal á um fóstur í skriflegum samningi milli fósturforeldra og barnaverndarnefndar. Í fóstursamningi skal kveðið á um:

- a. hver fer með forsjá barns og að hvaða leyti, sbr. 29. gr.,
- b. áætlaðan fósturtíma, þ.e. tímabundið fóstur eða varanlegt,
- c. framfærslu barns og annan kostnað, svo sem fósturlaun, sbr. 32. gr.,
- d. umgengni barns við kynforeldra og aðra,
- e. stuðning barnaverndarnefndar við barn og fósturforeldra meðan fóstrið varir,
- f. annað sem máli kann að skipta.

Félagsmálaráðuneytið skal útbúa sérstök eyðublöð fyrir fóstursamninga.

32. gr.

Framfærsla og annar kostnaður vegna barns í fóstri.

Hafi barnaverndarnefnd ráðstafað barni eða ungmenni í fóstur eða á annan hátt samkvæmt lögum þessum skal Tryggingastofnun ríkisins greiða með því umsaminnt lífeyri, en framfærslusveit barns endurgreiðir Tryggingastofnuninni. Að öðru leyti greiðist kostnaður vegna barnsins úr sveitarsjóði.

Allan kostnað, sem barnaverndarnefnd kann að hafa af hvers konar ráðstöfun barna og ungmenna úr öðrum umdæmum, skulu sveitarsjóðir þeirra umdæma endurgreiða ef ekki er öðruvísi ákveðið í lögum.

Barnaverndarnefnd skal tilkynna Tryggingastofnun ríkisins um fóstursamning samkvæmt nánari reglum er Tryggingastofnun setur.

33. gr.

Umgengni barns í fóstri við kynforeldra.

Barn, sem er í fóstri, með eða án samþykkis kynforeldra, á rétt á umgengni við þá og aðra sem eru barninu nákomnir. Kynforeldrum er rétt og skylt að rækja umgengni og samneyti við barn og hlíta nánari skilmálum er að því lúta samkvæmt ákvörðun barnaverndarnefndar.

Kveða skal á um umgengni í fóstursamningi, sbr. d-lið 31. gr.

Ef sérstök atvik valda því að mati barnaverndarnefndar að umgengni barns við foreldra sé andstæð hag þess og þörfum getur nefndin úrskurðað að umgengnisréttar njóti ekki við eða breytt fyrri ákvörðun um umgengnisrétt með úrskurði. Jafnframt getur nefndin í þeim tilvikum lagt bann við hvers konar samskiptum foreldra og barns.

Barnaverndarnefnd getur kveðið upp úrskurð um að halda dvalarstað barns leyndum ef hagsmunir barnsins krefjast þess.

Barnaverndarnefnd á úrlausnarvald um umgengni barna í fóstri við kynforeldra sína.

34. gr.

Réttur barns í fóstri til þess að vita málsatvik.

Eftir atvikum skal barnaverndarnefnd gera barni ljóst hvers vegna því var komið í fóstur að svo miklu leyti sem heppilegt er vegna aldurs þess og þroska. Með sama hætti skal gera barni grein fyrir þeim áformum sem barnaverndarnefnd hefur og varða barnið.

35. gr.

Nefnd er heimilt að úrskurða að barn sé kyrrt í fóstri.

Nú óska foreldrar, sem samþykkt hafa fóstur, eftir því að fóstursamningi verði rift og skal barnaverndarnefnd þá taka málið til meðferðar. Við úrlausn máls skal fyrst og fremst taka mið af velferð barnsins. Barnaverndarnefnd er þá jafnan heimilt að úrskurða að barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldrum ef þar fer vel um það og hagsmunir barns mæla með því.

36. gr.

- h. að greina frá niðurstöðum rannsókna í fræðslu- og vísindaritum og lýsa meginþáttum í starfsemi stofnunarinnar í árlegri skýrslu.

5. gr.

Berist um það ósk er Náttúrufræðistofnun heimilt að framkvæma gegn greiðslu rannsóknir sem falla undir 4. gr.

Stofnunin er óháð hagsmunatengdum aðilum og þiggur ekki af þeim framlög eða gjafir. Henni er heimilt að veita viðtöku fjárframlögum, vísindastyrkjum, vísindalegum eintökum, náttúrugripum og sambærilegum gjöfum frá einstaklingum eða öðrum sem ekki eru hagsmunatengdir henni. Rísi ágreiningur um hvort aðili er hagsmunatengdur stofnuninni eða ekki sker ráðherra úr.

6. gr.

Náttúrufræðistofnun skal eiga aðgang að vísindalegum upplýsingum sem opinberar stofnanir geta í té látið og varða starfssvið hennar. Skýrslur íslenskra og erlendra vísindamanna um rannsóknir á náttúru landsins skulu varðveittar í heimildasafni Náttúrufræðistofnunar.

Skylt er Náttúrufræðistofnun að varðveita vísindalegar upplýsingar og niðurstöður rannsókna í aðgengilegu formi og veita aðgang að þeim samkvæmt nánari reglum.

Grunngögn um íslenska náttúru í vörslu stofnunarinnar, svo sem um fuglamerkingar og endurheimtur, upplýsingar um dreifingu plantna og dýra, sem og skrásett safnaeintök, skulu vera aðgengileg vísindamönnum til frekari rannsókna og flokkuð á samræmdan hátt.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða samkvæmt þessari grein að fengnum tillögum stjórnar.

7. gr.

Setur Náttúrufræðistofnunar Íslands geta verið deildaskipt. Deildarstjórar og sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar Íslands skulu hafa lokið háskólaprófum á hlutaðeigandi fræðasviði eða vera að öðru leyti viðurkenndir fræðimenn á sérsviði sínu. Kveða skal á um starfsskyldur þeirra í reglugerð. Ráðherra skipar deildarstjóra og fastræður sérfræðinga að fengnum tillögum stjórnar.

8. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands getur með leyfi ráðherra gerst aðili að sýningarsöfnum sem rekin eru af öðrum en ríkinu. Hún aðstoðar við gerð sýninga og henni er heimilt að lána til þeirra gripi úr söfnum setranna um lengri eða skemmri tíma.

II. KAFLI

Náttúrustofur.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að leyfa starfrækslu einnar náttúrustofu með ríkisaðild í hverju kjördæmi. Slíkar náttúrustofur starfa í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands, sbr. 3. gr. Starfsemi náttúrustofu getur verið á fleiri en einum stað í kjördæmi eftir skipulagi sem rekstraraðilar koma sér saman um. Heimilt er kjördæmum að sameinast um eina náttúrustofu.

10. gr.

Héraðsnefndir, sveitarfélög og aðrir heimaaðilar geta átt og rekið náttúrustofu með stuðningi ríkisins. Framlag ríkissjóðs til náttúrustofu takmarkast við laun forstöðumanns í fullu starfi og stofnkostnað vegna húsnæðis, innréttinga og bóka- og tækjakaupa eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, enda liggi fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum. Nú starfar náttúrustofa í leiguhúsnæði og fer þá með sama hætti um greiðslu kostnaðar. Framlag ríkissjóðs vegna stofnkostnaðar er bundið því skilyrði að þær eignir, er til stofnkostnaðar teljast, séu einvörðungu nýttar í þágu náttúrustofu nema fyrir liggi samþykki ráðuneytisins um annað.

11. gr.

Helstu hlutverk náttúrustofu eru:

- a. að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufer og stuðla að almennum náttúruvísunum, einkum í viðkomandi landshluta,
- b. að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál,
- c. að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga.

Heimilt er náttúrustofu að gerast aðili að sýningarsafni, en fjárhagur slíks safns og stofunnar skal vera aðskilinn.

12. gr.

Stjórn náttúrustofu með ríkisaðild skipa þrír menn. Eigendur í héraði tilnefna tvo stjórnarmenn en ráðherra einn og er hann formaður. Varastjórn skal skipuð á sama hátt. Starfstími stjórnar er milli almennra sveitarstjórnarkosninga.

Standi fleiri en eitt kjördæmi að náttúrustofu tilnefnir hvert kjördæmi tvo menn í stjórn og ráðherra formann stjórnar. Um skiptingu kostnaðar vegna starfa stjórnar skal kveðið á í reglugerð.

13. gr.

Stjórn náttúrustofu ræður forstöðumann, fjallar um árlega fjárhagsáætlun fyrir stofuna og fylgist með fjárhag hennar og starfsemi.

14. gr.

Forstöðumaður náttúrustofu skal hafa háskólapróf í náttúrufræði eða þekkingu sem meta má til jafns við það. Hann er í fyrirsvari fyrir stofuna í heild, stjórnar daglegum rekstri hennar og ræður að henni annað starfslíð með samþykki stjórnar, eftir því sem fé er veitt til hverju sinni.

III. KAFLI Almenn ákvæði.

15. gr.

Náttúrufræðingum og aðstoðarmönnum þeirra, sem stunda almennar náttúrufræðingur eða söfnun náttúrugripa og annarra heimilda um náttúruna á vegum hins opinbera, skal frjáls för um lönd manna, en forðast skulu þeir óþarfa átroðning og skylt er þeim að greiða fullar bætur fyrir tjón sem þeir kunna að valda.

Sömu aðilum er og heimilt að safna náttúrugripum hvar sem er án þess að endurgjald komi fyrir. Þetta gildir þó ekki ef um er að ræða náttúrugripi sem fémætir eru fyrir landeiganda eða aðra réttihafa lands.

Nú leiðir rannsókn í ljós verðmæti sem áður voru ókunn og ber þá rannsakanda að tilkynna það réttihafa þess lands þar sem verðmætin eru.

Náttúrugripi má ekki flytja úr landi nema með leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands og með þeim skilyrðum sem stofnunin setur hverju sinni.

16. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa með ríkisaðild.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Um leið falla úr gildi lög nr. 48/1965, um almennar náttúrufræðingur og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. þessara laga skal stofnað setur Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri eigi síðar en í ársbyrjun 1993. Jafnframt skal að því unnið í samvinnu við heimamenn að koma á fót náttúrustofu á Austurlandi eigi síðar en í ársbyrjun 1994 og á Suðurlandi eigi síðar en í ársbyrjun 1995.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

LÖG

um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Óheimilt er að brenna sinu nema á jörðum sem eru í ábúð eða nýttar af ábúendum lögbýla og þá samkvæmt leyfi sýslumanns og að fylgt sé ákvæðum í reglugerð, sbr. 4. gr.

2. gr.

Aldrei má brenna sinu þar sem almannahætta stafar af eða tjón getur hlotist af á náttúruminjum, fuglalífi, mosa, lyng- eða trjágróðri og mannvirkjum.

3. gr.

Ábúendur jarða geta einir fengið leyfi til að brenna sinu á jörðum, sbr. 1. gr., enda sé það gert fyrir 1. maí ár hvert að uppfylltum skilyrðum í reglugerð, sbr. 4. gr. Eftir þann tíma er hvarvetna óheimilt að brenna sinu. Þó getur sýslumaður, að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið, ákveðið aðra dagsetningu ef sérstakar veðurfarslegar ástæður gefa tilefni til.

4. gr.

Í reglugerð, sem umhverfisráðherra setur að fenginni umsógn Búnaðarfélags Íslands og Náttúruverndarráðs, skal mælt fyrir um hver skilyrði ábúanda, sbr. 3. gr., skuli sett, m.a. um skyldu til að tilkynna hlutaðeigandi slökkviliðsstjóra, eftirlit með brennu og annað sem nauðsynlegt þykir.

5. gr.

Óheimilt er að kveikja eld á víðavangi þar sem almannahætta getur stafað af eða hætt er gróðri, dýralífi eða mannvirkjum.

Skylt er hverjum þeim sem ferðast um að gæta ýtrustu varkárni í meðferð elds.

Sá sem verður þess var að eldur er laus á víðavangi skal svo fljótt sem auðið er gera aðvart umráðamanni lands eða hlutaðeigandi yfirvaldi.

6. gr.

Sá sem veldur tjóni með sinubrennu eða meðferð elds á víðavangi þannig að saknæmt sé ber fébótaábyrgð á því tjóni sem af hlýst.

7. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerð samkvæmt þeim skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 8/1966, um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

AUGLÝSING**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór til útlanda 7. júní 1992.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 5. júní 1992.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

AUGLÝSING**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 16. júní 1992.

F. h. r.

Helga Jónsdóttir.

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við lög nr. 55 31. mars 1987, tollalög,
með síðari breytingum.

1. gr.

Á einstökum köflum tollskrárinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:

1. Við 18. kafla:

Við vörulið nr. 1806 bætist tnr. 1806.9007 er orðist svo:

1806.9007—Kakóduft sem inniheldur minna en 90% miðað við þyngd, af nýmjólkur- og/ eða undanrennufti, með eða án viðbættis sykurs eða annarra sætuefna, en án íblöndunar annarra efna, í umbúðum sem innihalda meira en 5 kg 20 0 0 YZW2

2. Við 21. kafla:

Við vörulið nr. 2106 bætist tnr. 2106.9023 er orðist svo:

2106.9023—Blöndur jurta eða jurtahluta, einnig blandaðar jurtakjörnum, til lögunar á jurtaseyði 0

3. Við 39. kafla:

Við 2. undirlið vöruliðs nr. 3920 bætist nýtt tollskrárnúmer.

Undirliðurinn orðist svo:

—Úr própylenfjölliðum:

3920-2001—0,2 mm eða meira ót.a. 5 0 0 X Z

3920.2002—Bindiborðar til umbúða um vörur, 0,50 til 1 mm á þykkt og 7 til 15 mm á breidd 0

3920.2009—Annars 5 0 0 Z

4. Við 85. kafla:

a) Tollskrárnúmerið 8529.1001 orðist svo:

8529.1001—Til tækja í nr. 8525, 8526, 8527.9001, 8527.9002, 8528.1001 og 8528.2001 . 0

b) Tollskrárnúmerið 8529.9001 orðist svo:

8529.9002—Til tækja í nr. 8525, 8526, 8527.9001, 8527.9002, 8528.1001 og 8528.2001 . 0

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 6. og 143. gr. laga nr. 55 31. mars 1987, tollalaga, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 10. júní 1992.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Áslaug Guðjónsdóttir.

LÖG

um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 9. gr. laga nr. 4 27. janúar 1992, um breytingu á lögum nr. 40 15. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, hef látið fella ákvæði þeirra laga inn í meginmál laga nr. 40 15. maí 1990, og gef þau út svo breytt:

1. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins. Hlutverk Hagræðingarsjóðs er að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð, koma til aðstoðar byggðarlögum er standa höllum fæti vegna breytinga í útgerðarháttum og að efla hafrannsóknir.

Sjóðurinn skal stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð með því að laga stærð og afkastagetu fiskiskipastólsins að afrakstursgetu nytjastofna sjávar. Í þessu skyni skal sjóðurinn veita styrki til úreldingar fiskiskipa, enda sé tryggt að í stað hinna úreltu skipa komi ekki ný skip í fiskiskipaflotann eða að afkastageta flotans aukist með öðrum hætti.

Sjóðurinn skal koma til aðstoðar einstökum byggðarlögum með því að efla vinnslu sjávarfangs á þeim stöðum þar sem straumhvörf hafa orðið í atvinnulífi vegna sölu fiskiskips. Í því skyni getur sjóðurinn framselt tímabundið aflaheimildir, enda verði aflanum landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi.

2. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands skal jafnframt annast stjórn Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins.

Fiskveiðasjóður annast reikningshald og rekstur Hagræðingarsjóðs.

Fjárhagur Hagræðingarsjóðs skal aðskilinn fjárhag Fiskveiðasjóðs.

3. gr.

Stofnfé Hagræðingarsjóðs skal vera:

1. Þær eftirstöðvar eignar hins eldra Úreldingarsjóðs sem varðveittar eru í skuldabréfum skv. d-lið 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.
2. Eignir Aldurslagasjóðs fiskiskipa, sbr. II. kafla laga nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.
3. Söluandvirði eignar eða stofnana ríkisins sem lagt kann að verða til sjóðsins með sérstökum lögum.

4. gr.

Eigendur fiskiskipa 10 brl. og stærri skulu árlega greiða gjald til Hagræðingarsjóðs. Skal gjaldið nema 800 kr. af hverri brúttórúmllest en þó skal gjaldið aldrei vera herra en 240.000 kr. fyrir hvert skip. Gjaldldagi hagræðingarsjóðsgjalds er 1. janúar ár hvert og greiðist gjaldið án tillits til þess hvort skipi er haldið til veiða eða ekki. Liggi brúttórúmllestamæling skips ekki fyrir skal miða gjaldið við brúttótonn.

Gjald skv. 1. mgr. skal innheimt gegnum greiðslumiðlunarkerfi sjávarútvegsins og skal hluti þess fjár, sem greiðist inn á váttryggingarreikning skips skv. 2. tölul. 7. gr. laga nr. 24/1986, ganga til greiðslu gjaldsins. Skal Landssamband íslenskra útvegsmanna mánaðarlega skila þessum hluta til Hagræðingarsjóðs uns fullnaðarskil vegna viðkomandi almanaksárs hafa verið gerð.

Sé gjald ekki greitt fyrir lok álagningarárs skal greiða í Hagræðingarsjóð dráttarvexti af því sem gjaldfallið er samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, með síðari breytingum. Lögveð er í skipum fyrir hagræðingarsjóðsgjaldi.

Hagræðingarsjóðsgjald skv. 1. mgr. er grunngjald. Ráðherra er heimilt að hækka gjald þetta allt að því að það hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Grunntaxti gjaldsins er miðaður við byggingarvísitölu í janúar 1990, þ.e. 159,6 stig.

5. gr.

Hagræðingarsjóði skal á hverju fiskveiðiári úthlutað aflaheimildum er nema 12.000 þorskígildum í lestum talið. Skal þessum aflaheimildum skipt á þær botnfisktegundir sem sæta ákvæðum um leyfðan heildarafla og miðað við þau verðmætahlutföll er ráðherra ákveður. Skal allt að fjórðungi þessara aflaheimilda varið til eflingar fiskvinnslu í byggðarlögum er höllum fæti standa, sbr. 7. gr., en aflaheimildum sjóðsins skal að öðru leyti ráðstafa samkvæmt ákvæðum 6. gr. og 1. mgr. 8. gr. Taka skal tillit til aflaheimilda Hagræðingarsjóðs við ákvörðun aflamarks einstakra skipa.

6. gr.

Hagræðingarsjóður skal við upphaf hvers fiskveiðiárs gefa útgerðum þeirra skipa, er aflahlutdeild hafa af botnfisktegundum sem sjóðurinn fær úthlutað skv. 5. gr. og ekki eru boðnar byggðarlögum skv. 7. gr., kost á að fá framseldar til sín aflaheimildir sjóðsins gegn endurgjaldi. Skal forkaupsrétturinn boðinn í hlutfalli við aflahlutdeild hvers skips af þeim tegundum sem sjóðurinn hefur forræði á. Endurgjald skal miða við almennt gagnverð á sams konar heimildum að mati ráðherra. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið lágmark þeirra aflaheimilda sem forkaupsréttur samkvæmt þessari grein nær til.

7. gr.

Óski sveitarstjórn að fá forkaupsrétt að aflaheimildum sjóðsins skal umsókn þar að lútandi send Hagræðingarsjóði einum mánuði fyrir upphaf fiskveiðiárs. Skilyrði fyrir að sveitarstjórn fái forkaupsrétt að aflaheimildum sjóðsins er að sala fiskiskips eða fiskiskipa hafi valdið straumhvorfum í atvinnumálum viðkomandi byggðarlags þannig að fyrirsjáanleg sé veruleg fækkun starfa og byggðaröskun sé yfirvofandi. Sjóðstjórn skal taka afstöðu til óska sveitarstjórna um forkaupsrétt að fengnum tillögum Byggðastofnunar.

Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar að tilteknum aflaheimildum samkvæmt ákvæðum 1. mgr. skulu aflaheimildirnar framseldar fiskiskipi eða fiskiskipum sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni gegn því skilyrði að aflanum verði landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi. Um endurgjald fyrir þær aflaheimildir sem framseldar kunna að verða samkvæmt ákvæðum þessarar greinar gilda ákvæði 3. másl. 6. gr.

8. gr.

Þær aflaheimildir, sem forkaupsréttur er ekki nýttur á skv. 6. og 7. gr. laga þessara, skal framselja hæstbjóðanda samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð.

Öllum tekjum Hagræðingarsjóðs af ráðstöfun aflaheimilda skal varið til að standa straum af kostnaði við rekstur Hafrannsóknastofnunarinnar. Sjóðurinn skal standa stofnuninni jafnharðan skil á innheimtum tekjum.

9. gr.

Úreldingastyrkur skal vera tiltekið hlutfall af húftryggingarverðmæti fiskiskips að hámarki 30%. Skal ráðherra ákveða styrkhlutfall fyrir upphaf hvers almanaksárs að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins. Úreldingarstyrkur vegna hvers einstaks skips skal þó aldrei vera hærri en 50 m.kr. Sú fjárhæð er grunnfjárhæð sem breytist í sama hlutfalli og gjald til sjóðsins skv. 4. mgr. 4. gr.

Sjóðurinn veitir eingöngu styrki vegna úreldingar þeirra skipa sem gjaldskyld eru skv. 1. mgr. 4. gr. Skal styrkur miðaður við það hlutfall er gildi á því ári er umsókn um styrkinn barst og styrkur reiknaður af húftryggingarverðmæti skips í upphafi þess árs.

Komi í ljós að fjárhagur sjóðsins leyfi ekki greiðslu úreldingarstyrkja skv. 1. mgr. þessarar greinar er ráðherra heimilt að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins að lækka þegar ákveðið styrkhlutfall ársins. Jafnframt er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða frestun á greiðslu styrkja ef hún telur að um tímabundinn skort á ráðstöfunarfé sé að ræða.

10. gr.

Skilyrði fyrir veitingu loforðs um styrk vegna úreldingar fiskiskips er að eigandi þess lýsi því yfir að skipið verði tekið af skipaskrá, að réttur til endurnýjunar þess verði ekki nýttur og enn fremur að allar veiðiheimildir skipsins verði varanlega sameinaðar aflaheimildum annarra fiskiskipa.

Óheimilt er að greiða úreldingarstyrk fyrr en fyrir liggur vottorð Siglingamálastofnunar ríkisins um afskráningu skipsins af skipaskrá og yfirlýsing frá sjávarútvegráðuneytinu um að allar aflaheimildir skipsins hafi varanlega verið sameinaðar aflaheimildum annarra skipa og að fallið hafi verið frá rétti til endurnýjunar skipsins.

11. gr.

Hagræðingarsjóður fiskiskipa skal undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum, sem sjóðurinn veitir eða tekur, skulu undanþeginn stimpilgjaldi.

12. gr.

Sjávarútvegráðherra setur nánari reglur um Hagræðingarsjóð fiskiskipa með reglugerð.

Gjört í Reykjavík, 26. júní 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG
um breyting á lögum um Kjaradóm nr. 92/1986
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að breyta nú þegar lögum um Kjaradóm nr. 92/1986 með síðari breytingum vegna tveggja úrskurða sem Kjaradómur kvað upp hinn 26. júní sl. Nauðsynlegt sé að breyta þeim laga- og efnisreglum, sem niðurstöður Kjaradóms hvíla á, þannig að þær taki mið af stöðu og afkomuhorfum þjóðarbúsins og almennum launabreytingum í kjarasamningum annarra launþega í landinu. Á þessu ári hafi tekist að treysta stöðugleika í efnahagslífi þjóðarinnar. Ein mikilvægasta forsenda þessa stöðugleika felist í kjarasamningum við þorra launafólks um hóflegar launahækkanir. Afar brýnt sé að varðveita þennan stöðugleika og þá samstöðu, sem náðst hafi til að mæta þeim áföllum, sem þjóðarbúið hafi orðið fyrir. Niðurstöður Kjaradóms frá 26. júní sl. tefli þessum árangri í mikla tvísýnu. Staðfesting þessa komi m.a. fram í yfirlýsingum aðila á vinnumarkaði.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Við 6. gr. laga nr. 92/1986 um Kjaradóm með síðari breytingum bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Enn fremur skal Kjaradómur við úrlausn mála taka tillit til stöðu og þróunar kjaramála á vinnumarkaði, svo og efnahagslegrar stöðu þjóðarbúsins og afkomuhorfa þess.

Telji Kjaradómur ástæðu til að gera sérstakar breytingar á kjörum einstakra embættismanna eða hópa skal þess gætt að það valdi sem minnstri röskun á vinnumarkaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kjaradómur skal svo fljótt sem verða má, og eigi síðar en 31. júlí 1992, kveða upp nýja úrskurði á grundvelli þessara laga.

Gildistaka hinna nýju úrskurða skal miðast við 1. ágúst 1992.

Gjört á Akranesi, 3. júlí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 10 – 1992

22. júní 1992

193

Nr. 67

AUGLÝSING

um flugmálaáætlun 1992–1995.

Alþingi hefur hinn 19. maí 1992 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir, um flugmálaáætlun fyrir árin 1992–1995.

Alþingi ályktar skv. I. kafla laga nr. 31/1987 að árin 1992–1995 skuli framkvæmdum í flugmálum hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

(Fjárhæðir í m.kr.)

	1992	1993	1994	1995
1.1. Markaðar tekjur:				
*1. Flugvallagjald	331	348	366	385
*2. Eldsneytisgjald	43	45	47	49
3. Lendingargjöld	57	60	63	66
4. Loftferðaefirlitsgjöld	22	23	24	25
5. Leigugjöld	54	56	59	62
6. Þjónustugjöld	46	48	50	52
7. Aðrar tekjur	17	18	19	20
	570	598	628	659
1.2. Önnur framlög:				
1. ICAO-tekjur	232	244	256	269
2. Framlag úr ríkissjóði	479	504	530	559
Samtals	1281	1346	1414	1487

* Tekjur sem bundnar eru til framkvæmda í flugmálum samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í m.kr.)

	1992	1993	1994	1995
2.1. Rekstur:				
1. Yfirstjórn	72	76	80	84
2. Loftferðaefirlit	33	35	37	39
3. Reykjavíkflugvöllur	87	91	96	101
4. Flugvalladeild	178	187	196	206
5. Flugleiðsögubjónusta	118	124	130	137
6. Flugumferðarþjónusta	174	183	192	202
7. Alþjóðaflugþjónusta	245	257	270	284
	907	953	1001	1053

	1992	1993	1994	1995
2.2. Áætlunarflugvellir I:				
1. Flugbrautir og stæði	0	0		
2. Byggingar	10	73		
3. Fjarskipta- og veðurmælitæki	0	4		
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	23		
5. Snjóhreinsibúnaður	14	44		
6. Aðflugs- og rafbúnaður	6	45		
7. Ljósabúnaður	0	14		
8. Bundið slitlag	200	18		
	230	221		
2.3. Áætlunarflugvellir II:				
1. Flugbrautir og stæði	11	0		
2. Byggingar	27	0		
3. Fjarskipta- og veðurmælitæki	0	0		
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	8	9		
5. Snjóhreinsibúnaður	0	0		
6. Aðflugs- og rafbúnaður	0	3		
7. Ljósabúnaður	1	10		
8. Bundið slitlag	0	0		
	47	22		
2.4. Áætlunarflugvellir III:				
1. Flugbrautir og stæði	25	24		
2. Byggingar	4	38		
3. Fjarskipta- og veðurmælitæki	0	0		
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	0		
5. Snjóhreinsibúnaður	0	0		
6. Aðflugs- og rafbúnaður	4	0		
7. Ljósabúnaður	0	0		
8. Bundið slitlag	0	0		
	33	62		
2.5. Aðrir flugvellir og landingarstaðir:				
1. Óskipt	0	11	21	21
2.6. Flugleiðsógu- og flugumferðarþjónusta:				
1. Flugstjórnarmiðstöð og annað	56	63	61	21
2.7. Til leiðréttinga og brýnna verkefna:	0	6	112	189
2.8. Stjórnunarkostnaður:	8	8	8	8
2.9. Óráðstafað vegna endurmats á forsendum og aðstæðum:	0	0	211	195
Samtals:	1281	1346	1414	1487

III. FLOKKUN FLUGVALLA

3.1. Áætlunarflugvellir I.

Reykjavíkflugvöllur, Akureyrarflugvöllur, Egilsstaðaflugvöllur, Alexandersflugvöllur við Sauðárkrók og Húsavíkflugvöllur.

3.2. Áætlunarflugvellir II.

Ísafjarðarflugvöllur, Vestmannaeyjaflugvöllur, Patreksfjarðarflugvöllur og Hornafjarðarflugvöllur.

3.3. Áætlunarflugvellir III.

Grímseyjarflugvöllur, Siglufjarðarflugvöllur, Vopnafjarðarflugvöllur, Flateyrarflugvöllur, Bíldudalsflugvöllur, Norðfjarðarflugvöllur, Þingeyrarflugvöllur, Þórshafnarflugvöllur, Gjögursflugvöllur, Bakkafjarðarflugvöllur, Borgarfjarðarflugvöllur, Raufarhafnarflugvöllur, Breiðdalsvíkurflugvöllur, Kópaskersflugvöllur, Rífsflugvöllur, Blönduósflugvöllur, Stykkishólmsflugvöllur, Hólmavíkflugvöllur og Reykjahlíðarflugvöllur.

3.4. Aðrir flugvellir og landingarstaðir.

Arngerðareyri, Bakki, Búðardalur, Bæir, Djúpvogur, Fáskrúðsfjörður, Grundarfjörður, Hella, Ingjaldssandur, Kirkjubæjarklaustur, Melgraseyri, Ólafsfjörður, Reykhólar, Reykjanes, Sandskeið/Kapelluhraun, Selfoss, Suðureyri og Vík. Álftaver, Auðkúluheiði, Berjanesfitjar, Bolungarvík, Borgarnes, Breiðabólstaður, Búrfell, Dagverðará, Einholtsmelar, Fagurhólsmýri, Flúðir, Forsæti, Geysir, Grímsstaðir, Gunnarsholt, Herðubreiðarlindir, Hrafnseyri, Hrísey, Húsafell, Hvammstangi, Hveravellir, Hvolsvöllur, Kaldármelar, Kerlingarfjöll, Króksfjarðarnes, Melgerðismelar, Melanes, Múla-kot, Narfastaðamelar, Núpur, Nýidalur, Sandármelar, Skálavatn, Skógarsandur, Sprengisandur, Steinasandur, Stórholt, Stóri-Kroppur, Tálknafjörður, Þórisós og Þórs-mörk.

IV. SUNDURLIÐUN VERKEFNA

(Fjárhæðir í m.kr.)

	1992	1993	1994	1995
4.1. Reykjavík				
1. Tækjageymsla	6,0			
2. Aðflugshallasendir		9,5		
3. Slökkvibúnaður		7,4		
	6,0	16,9		
4.2. Akureyri				
1. Flugstöð, hönnun	2,0	21,0		
2. Radíóviti	6,0			
3. Snjóblásari	14,0			
	22,0	21,0		

	1992	1993	1994	1995
4.3. Egilsstaðir				
1. Bundið slitlag	200,0	17,9		
2. Flugstöð		52,5		
3. Slökkvibúnaður		15,8		
4. Snjóblásari		15,9		
5. Brautarsópur		14,6		
6. Vörubifreið með snjótönn		10,8		
7. Bremsuæli		2,9		
8. Aðflugshallasendir		17,9		
9. Skyggismæli		1,2		
10. Skýjahæðarmæli		2,5		
11. Flugbrautarljós		8,0		
12. Leiðarljós		5,3		
13. Flugvallarljósiviti		1,1		
	200,0	166,4		
4.4. Sauðárkrókur				
1. Tækjageymsla	2,0			
2. Radíóviti, endurbætur		4,2		
	2,0	4,2		
4.5. Húsavík				
1. Aðflugshallasendir		12,6		
		12,6		
4.6. Ísafjörður				
1. Akbrautir og hlöð	5,4			
2. Slökkvibúnaður	8,0			
3. Vararafmagn		2,6		
	13,4	2,6		
4.7. Vestmannaeyjar				
1. Hlað, bundið slitlag	5,0			
2. Tækjageymsla	16,8			
3. Slökkvibúnaður		9,1		
4. Leifturljós	1,2			
5. Hindranalýsing		9,0		
	23,0	18,1		
4.8. Patreksfjörður				
1. Öryggissvæði	0,5			
	0,5			
4.9. Hornafjörður				
1. Tækjageymsla/pverbraut	10,0			
2. Leiðarljós		1,0		
	10,0	1,0		
4.10. Grímsey				
1. Flugbraut, lenging	3,0			
	3,0			

	1992	1993	1994	1995
4.11. Siglufjörður				
1. Flugbraut, endurbætur		2,0		
		<u>2,0</u>		
4.12. Bíldudalur				
1. Flugstöð		15,7		
		<u>15,7</u>		
4.13. Norðfjörður				
1. Öryggissvæði		6,3		
2. Markviti	0,5			
	<u>0,5</u>		6,3	
4.14. Þingeyri				
1. Flugbraut, samanburðarathugun	2,0			
2. Flugbraut, hönnun			3,1	
	<u>2,0</u>		<u>3,1</u>	
4.15. Þórshöfn				
1. Öryggissvæði	13,0			
2. Flugstöð		16,2		
3. Tækjageymsla	3,5			
	<u>16,5</u>		<u>16,2</u>	
4.16. Gjögur				
1. Öryggissvæði		10,5		
2. Markviti	1,0			
	<u>1,0</u>		10,5	
4.17. Raufarhöfn				
1. Öryggissvæði		3,7		
		<u>3,7</u>		
4.18. Kópasker				
1. Markviti	1,0			
	<u>1,0</u>			
4.19. Rif				
1. Öryggissvæði	4,0			
	<u>4,0</u>			
4.20. Stykkishólmur				
1. Markviti	1,0			
	<u>1,0</u>			
4.21. Hólmavík				
1. Hlað	3,1			
2. Tækjageymsla		6,3		
3. Markviti	1,0			
	<u>4,1</u>		<u>6,3</u>	

	1992	1993	1994	1995
4.22. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir				
1. Óskipt		10,0		
		<u>10,0</u>		
4.23. Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta				
1. Flugstjórnarmiðstöð	55,0	57,7	60,7	
2. Aðflugsathugun á Vestfjörðum	1,0	5,2		
3. Tæki og búnaður				21,0
	<u>56,0</u>	<u>62,9</u>	<u>60,7</u>	<u>21,0</u>
4.24. Stjórnunarkostnaður flugmálaáætlunar	<u>8,0</u>	<u>8,0</u>		
	8,0	8,0		
4.25. Óráðstafað til endurmats á forsendum og aðstæðum				
1. Óskipt		5,5	352,3	413,0
		<u>5,5</u>	<u>352,3</u>	<u>413,0</u>
Samtals	374,0	393,0	413,0	434,0

Samgönguráðuneytið, 22. júní 1992.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING

um þingsályktun um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1991–1994.

Alþingi hefur hinn 20. maí 1992 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1991–1994.

Alþingi ályktar að árið 1992 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað samkvæmt eftirfarandi vegáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJARÖFLUN. (Fjárhæðir í m.kr.)

Markaðar tekjur 1992:	
1. Bensingjald	4.000
2. Pungaskattur km-gjald	1.355
3. Pungaskattur árgjald	475
	<u>5.830</u>
Fært í rikissjóð	-265
Samtals	5.565

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í m.kr.)

	1992	
2.1. Stjórn og undirbúningur:		
1. Skrifstofukostnaður	136	
2. Tæknilegur undirbúningur	103	
3. Umferðartalning og vegæftirlit	37	
4. Eftirlaunagreiðslur	8	284
2.2. Viðhald þjóðvega:		
1. Almenn þjónusta		
1. Sameiginlegt	250	
2. Malarvegir	278	
3. Vegir með bundnu slitlagi	150	
4. Brýr	28	706
2. Vetrarþjónusta		490
3. Viðhald		
1. Endurnýjun bundins slitlags	320	
2. Endurnýjun malarslitlags	152	
3. Styrkingar og endurbætur	198	
4. Viðhald brúa og varnargarða	78	
5. Vegmerkingar og öryggisaðgerðir	78	
6. Vatnaskemmdir	73	899
2.3. Til nýrra þjóðvega:		
1. Stofnbrautir		
1. Almenn verkefni og bundin slitlög	862	
2. Sérstök verkefni	353	
3. Höfuðborgarsvæðið	417	
4. Stórverkefni	597	2229
2. Þjóðbrautir	282	
3. Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kaupsúnum	0	
4. Girðingar og uppgræðsla	26	2537
2.4. Til brúagerða:		
1. Brýr 10 m og lengri	152	
2. Smábrýr	13	165
2.5. Til fjallvega o.fl.:		
1. Aðalfjallvegir	24	
2. Aðrir fjallvegir	11	
3. Þjóðgarðavegir o.fl.	15	
4. Vegir á Þingvöllum	2	
5. Reiðvegir	6	58
2.6. Til sýsluvega:		163
2.7. Til vega í kaupstöðum og kaupsúnum:		234
2.8. Til tilrauna:		29
Samtals		5565

SUNDURLIÐUN**2.3. Til nýrra þjóðvega.****1. stofnbrautir.****1.1. Almenn verkefni og bundin slitlög.**

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1992 m.kr.
1	Suðurlandsvegur	
11	Um Mýrdalssand	12
1	Suðurlandsvegur	
05	Göngubrú á Ölfusá	50
30	Skeiða- og Hrunamannavegur	
04-07	Þjórsárdalsvegur-Einholtsvegur	6
31	Skálholtsvegur	
01	Skeiðavegur-Hvítá	15
34	Eyrarbakkavegur	
05	Um Ölfusárós	2
36	Pingvallavegur	
01	Biskupstungnabraut-Grafningsvegur	16
36	Pingvallavegur	
02	Lýsing í Mosfellsdal	4
41	Reykjanesbraut	
05	Lýsing (1 km)	6
06	Lýsing vegamóta	1
12	Flugvallarvegur-Víknavegur	19
46	Víknavegur	
01	Um Fitjar	42
05	Lýsing (1 km)	5
411	Arnarnesvegur	
04	Bæjarbraut-Reykjanesbraut	15
422	Njarðvíkurvegur	
03	Njarðvíkurbraut-vestribyggð	5
1	Vesturlandsvegur	
12	Arnarbæli-Hvammshorn	24
50	Borgarfjarðarbraut	
04-05	Deildartunga-Kaðalstaðir	38
54	Ólafsvíkurvegur	
02-03	Brókarlækur-Hestlækur	20
03	Hestlækur-Hítará	36
05-06	Núpa-Stóra Þúfa	10
60	Vestfjarðavegur	
03	Króksfjarðarnes-Kambur	10
27	Vestfjarðagöng	125
61	Djúpvegur	
25	Óshlíð	9
63	Bíldudalsvegur	
03	Hálfðan-Bíldudalur	13
68	Hólmavíkurvegur	
01-04	Fjarðarhorn-Kjörseyri	6
1	Norðurlandsvegur	
01	Sýslumörk-Staðarskáli	8
21	Reiðgil-Grjótá	7

Vegnr. Kaflannr.	Vegheiti Kafleheiti	1992 m.kr.
76	Siglufjarðarvegur	
03–04	Kýrholt–Hlíðarendi	36
09–10	Lambanesá–Sauðanes	11
10	Strákagöng	19
1	Norðurlandsvegur	
02	Öxnadalsá–Þverá	52
03	Þverá–Hörgárdalsvegur	34
17	Fosshóll–Aðaldalsvegur	2
22	Múlavegur–Kísiliðja	15
85	Norðausturvegur	
27	Brekkaheiði	2
87	Kísilvegur	
00	Kirkja–Mývatnsvegur	13
829	Eyjafjarðarbraut eystri	
01	Um Þverá	15
1	Austurlandsvegur	
10	Jökulsá–Dimmidalur	15
11	Skóghlíð–Fellabær	14
21–22	Ós–Núpur	25
38	Mánagarður–Myllulækur	28
43	Reynivellir–Jökulsá	2
45	Hrúta–Kvíá	30
85	Norðausturvegur	
03	Skeggjastaðir–Hafnarvegur	17
04	Á Sandvíkurheiði	10
93	Seyðisfjarðarvegur	
02	Langahlíð–Miðhúsaá	6
96	Suðurfjarðavegur	
03	Götuhjalli–Vattarnes	12
	Samtals	862

1.2. Sérstök verkefni.

Vegnr. Kaflannr.	Vegheiti Kafleheiti	1992 m.kr.
1	Suðurlandsvegur	
11	Um Mýrdalssand	35
18	Um Markarfljót	18
1	Vesturlandsvegur	
13	Hellistungur	3
54	Ólafsvíkurvegur	
03	Hestlækur–Hítará	61
60	Vestfjarðavegur	
22	Dýrafjörður	15
61	Djúpvegur	
01	Tenging Inndjúps	57
1	Norðurlandsvegur	
01	Sýslumörk–Staðarskáli	8
21	Reiðgil–Grjótá	28

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1992 m.kr.
1	Norðurlandsvegur	
02	Öxnadalsá–Þverá	51
92	Norðfjarðarvegur	
09	Ofan Eskifjarðar–Göng	18
10	Göng–Skuggahlíð	20
917	Hlíðarvegur	
04–06	Vopnafjörður–Hérað	39
	Samtals	353

1.3. Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1992 m.kr.
1	Suðurlandsvegur	
13	Umferðarljós	2
40	Hafnarfjarðarvegur	
03	Kópavogslækur–Vífilsstaðavegur	10
06	Reykjavíkurvegur–Reykjanesbraut	15
06	Engidalur–Flatahraun	70
411	Arnarnesvegur	
04	Bæjarbraut–Reykjanesbraut	30
07	Breiðholtsbraut–Elliðavatnsvegur	26
07	Elliðavatnsvegur–Suðurlandsvegur, lýsing	7
415	Álftanesvegur	
04	Hafnarfjarðarvegur–Bessastaðavegur	1
	Sæbraut/Ánanaust	25
	Geirsgata	30
	Bústaðavegur	21
	Höfðabakki (gatnamót)	15
	Vesturlandsvegur	10
	Greiðsla skulda, Reykjavík	118
	Vífilsstaðavegur	37
	Samtals	417

1.4. Stórverkefni.

Stórbrýr.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1992 m.kr.
1	Suðurlandsvegur	
18	Um Markarfljót	107
60	Vestfjarðavegur	
22	Dýrafjörður	18
1	Austurlandsvegur	
21	Breiðdalsá	2
	Samtals	127

Jarðgöng.

Vegnr.	Vegheiti	1992
Kaflannr.	Kaflaheiti	m.kr.
	Vestfjarðagöng	417
76	Siglufjarðarvegur	
10	Strákagöng	28
82	Ólafsfjarðarvegur	
06	Um Ólafsfjarðarmúla	16
	Austurlandsgöng	9
	Samtals	470
	Stórverkefni samtals	597

2. Þjóðbrautir.

Vegnr.	Vegheiti	1992
Kaflannr.	Kaflaheiti	m.kr.
26	Landvegur	
01	Suðurlandsvegur–Hagabraut nyrðri	5
239	Eldfellsvegur	3
253	Gunnarshólmavegur	
01	Landeyjavegur–Landeyjavegur	1
255	Akureyjarvegur	
01	Suðurlandsvegur–Landeyjavegur	2
264	Rangárvallavegur	
03	Þingskálavegur–Suðurlandsvegur	9
33	Gaulverjabæjarvegur	
01	Suðurlandsvegur–Holtsvegur	7
35	Biskupstungnabraut	
05	Skálholtsvegur–Reykjavegur	19
09	Kjalvegur við Gullfoss	10
37	Laugarvatnsvegur	
03	Um Laugardalshóla	12
350	Grafningsvegur neðri	
01	Alviðra–Stóri-Háls	4
417	Bláfjallavegur	
01	Suðurlandsvegur–Bláfjöll	23
50	Borgarfjarðarbraut	
04–05	Deildartunga–Kaðalstaðir	18
53	Hvítárvallavegur	
01–02	Vesturlandsvegur–Hvanneyri	19
508	Skorradalsvegur	
02	Hjá Vatnsenda	13
589	Sælingsdalsvegur	2
619	Ketildalavegur	
03	Bíldudalur–Hvesta	15
643	Strandavegur	
05–06	Kaldbaksvík–Kolbeinsvík	16
711	Vatnsnesvegur	
01	Hvammstangi–Skarð	1

Vegnr.	Vegheiti	1992
Kafln.	Kaflaheiti	m.kr.
726	Auðkúluvegur	12
752	Skagafjarðarvegur	
02	Héraðsdalsvegur–Svartárdalsvegur	7
765	Hegranesvegur eystri	14
83	Grenivíkurvegur	
03	Gljúfurá–Grenivík	15
805	Svarfaðardalsvegur	
01	Holt–Tjörn	20
830	Svalbarðseyrarvegur	
02	Norðurlandsvegur–Svalbarðseyri	4
853	Hvammavegur	2
94	Borgarfjarðarvegur	
08	Skriður–Framnes	14
931	Upphéraðsvegur	
08	Hafursá–Freyshólar	15
	Samtals	282

2.4. Til brúagerða.

1. Til brúa 10 m og lengri

Vegnr.	Vegheiti	1992
Kafln.	Kaflaheiti	m.kr.
	Eyjafjarðará (823)	13
	Leirá og Jökulkvísl (Álftaversafréttur)	4
	Reyðarvatnslækur (264)	4
	Kolbeinsdalsá (76)	22
	Gljúfurá (83)	13
	Fjallsá (1)	64
	Fjarðará (þjóðvegur í þéttbýli)	32
	Samtals	152

Samgönguráðuneytið, 16. júní 1992.

Halldór Blöndal.

Ólafur S. Valdimarsson.

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Í fjarveru Davíðs Oddssonar forsætisráðherra hefur Friðrik Sophussyni fjármálaráðherra verið falið að gegna störfum forsætisráðherra um stundarsakir.

Forsætisráðuneytið, 7. júlí 1992.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 11 – 1992

8. júlí 1992

205

Nr. 70

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 8. júlí 1992.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

11. júlí 1992

Nr. 71

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 11. júlí 1992.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

16. júlí 1992

Nr. 72

AUGLÝSING

**um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979,
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.**

Forseti Íslands féllst hinn 26. júní 1992 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

82. grein hljóði svo:

Hjúkrunarfræði er fjögurra ára nám er lýkur með B.S. prófi. Hámarksnámstími er 6 ár. Til þess að flytjast milli námsára má stúdent eiga eftir eitt próf hið mesta úr námsefni næsta námsárs á undan og ekki próf frá fyrri námsárum. Námsbrautarstjórn getur veitt undanþágu frá þessum reglum, ef sérstaklega stendur á.

Stjórn námsbrautarinnar ákvarðar kennslugreinar, skiptingu þeirra í námskeið og vægi þeirra og skal það tilgreint í kennsluskrá. Allar breytingar á kennsluskrá skal tilkynna eigi síðar en við upphaf kennsluárs.

Próf skulu að jafnaði vera skrifleg, en geta verið munnleg eða verkleg eftir ákvörðun námsbrautarstjórnar.

Ef prófþættir í námskeiði eru tveir eða fleiri, er stjórn námsbrautarinnar heimilt að tillögu kennara að ákveða, að stúdent teljist ekki lengur hafa staðist próf nema hann hafi í tilteknum prófþáttum náð lágmarkseinkunn námskeiðsins í heild. Slík ákvörðun skal tilgreind í kennsluskrá.

Árangur stúdents í verklegu námi skal metinn af þeim kennara, sem kennsluna veitir. Einkunn í verklegu námi reiknast ekki til lokaekunnar í námskeiði. Þó er kennara það heimilt með samþykki námsbrautarstjórnar og skal slík ákvörðun þá tilgreind í kennsluskrá.

Til þess að standast próf verður stúdent að hafa hlotið eigi lægri einkunn en:

1. 4,0 í efnafræði.
2. 6,0 í hjúkrunarnámskeiðum samkvæmt nánari ákvörðun námsbrautarstjórnar.
3. 5,0 í öðrum námskeiðum.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 16. júlí 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Knútur Hallsson.

FORSETA BRÉF

um setningu Alþingis mánudaginn 17. ágúst 1992.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum nr. 31 1. júní 1992, um samkomudag reglulegs Alþingis 1992 o.fl., sbr. síðari mgr. 35. gr. stjórnarskrárinnar, skal reglulegt Alþingi 1992 koma saman mánudaginn 17. ágúst 1992.

Um leið og ég birti þetta, að tillögu forsætisráðherra, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 7. ágúst 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 12 – 1992

19. ágúst 1992

207

Nr. 74

LÖG

um breytingu á lögum nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „fjögurra varaforseta“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: sex varaforseta.

2. gr.

2. mgr. 46. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra skal ljúka skýrslugerðinni innan 10 vikna og skal skýrslan þá prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

3. gr.

49. gr. laganna breytist þannig:

- a. 3. másl. 5. mgr. orðast svo: Hvor um sig, fyrirspyrjandi og ráðherra, má ekki tala oftari en tvisvar, fyrirspyrjandi eigi lengur en þrjár mínútur í fyrri sinn og eigi lengur en tvær mínútur í síðara sinn og ráðherra eigi lengur en fimm mínútur í fyrri sinn og eigi lengur en tvær mínútur í síðara sinn.
- b. Síðari málsliður 7. mgr. orðast svo: Hvor um sig, fyrirspyrjandi og ráðherra, má ekki tala oftari en þrisvar, eigi lengur en tvær mínútur í fyrsta sinn og eigi lengur en eina mínútu í annað og þriðja sinn.

4. gr.

Í stað 4. og 5. másl. fyrri málsgreinar 50. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Enginn má tala oftari en tvisvar um hvert mál, málshefjandi og viðkomandi ráðherra eigi lengur en fimm mínútur í fyrri sinn og eigi lengur en tvær mínútur í síðara sinn, en aðrir þingmenn og ráðherrar eigi lengur en tvær mínútur í senn.

5. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 55. gr. laganna orðast svo: Enginn má þó tala lengur en þrjár mínútur í senn.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. ágúst 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L.S.)

Davíð Oddsson.

Nr. 75

208

14. ágúst 1992

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Í fjarveru Davíðs Oddssonar forsætisráðherra hefur Friðriki Sophussyni fjármálaráðherra verið falið að gegna störfum forsætisráðherra um stundarsakir.

Forsætisráðuneytið, 14. ágúst 1992.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 76

31. ágúst 1992

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við lög nr. 55. 30. mars 1987, tollalög, með síðari breytingum.

1. gr.

Á einstökum köflum tollskrárinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:

1. Við 7. kafla:

- a) Við vörulið 0709 bætast tnr. 0709.9002 og 0709.9003 er orðist svo:
- | | | |
|----------------------------------------------|----|--------------|
| 0709.9002 -- Kúrbítur (Courgettes) | 30 | 0 (Tyrkland) |
| 0709.9003 -- Ólífur | 30 | 0 (Tyrkland) |

- b) Í stað tnr. 0710.8000 koma tnr. 0710.8001, 0710.8002 og 0710.8009 er orðist svo:
- Aðrar matjurtir:
- | | | |
|--------------------------------|----|--------------|
| 0710.8001 -- Paprika | 30 | 0 (Tyrkland) |
| 0710.8002 -- Laukur | 30 | 0 (Tyrkland) |
| 0710.8009 -- Annað | 30 | |

2. Við 85. kafla:

Tollskrárnúmerið 8529.9001 orðist svo:

8529.9001 -- Til tækja í 8525, 8526, 8527.9001, 8527.9002, 8528.1001 og 8528.2001	0
---------------------------------------------------------------------------------------------	---

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 6. og 143. gr. laga nr. 55 30. mars 1987, tollalaga, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. september 1992.

Fjármálaráðuneytið, 31. ágúst 1992.

Friðrik Sophusson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI A 14 – 1992

18. september 1992

209

Nr. 77

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fer til útlanda 19. september 1992.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 18. september 1992.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

21. september 1992

Nr. 78

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við lög nr. 55 30. mars 1987, tollalög, með síðari breytingum.

1. gr.

Á einstökum köflum tollskrárinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:

1. Á 19. kafla:

Í stað tollskrárnúmersins 1905.9010 komi eftirfarandi:

– – Brauð:

1905.9011 – – – Með fyllingu sem er að meginhluta til úr smjöri eða öðrum mjólkurafurðum (t.d. hvítlaukssmjör)	20 0 0 ZW
1905.9019 – – – Annað	20 0 0 ZW

2. Á 21. kafla:

Við vörulið 2106 bætist nýtt tollskrárnúmer er orðist svo:

2106.9024 – – – Sérstaklega tilreitt fyrir ungbörn og sjúka 0

3. Á 22. kafla:

Við vörulið 2202 bætast ný tollskrárnúmer er orðist svo:

2202.1002 – – Sérstaklega tilreitt fyrir ungbörn og sjúka 0

2202.9002 – – Sérstaklega tilreitt fyrir ungbörn og sjúka 0

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 6. og 143. gr. laga nr. 55 30. mars 1987, tollalaga, með síðari breytingum til að öðlast gildi 1. október 1992.

Fjármálaráðuneytið, 21. september 1992.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI A 15 – 1992

Nr. 79

210

29. september 1992

LÖG

**um breyting á lögum nr. 92/1986, um Kjaradóm,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 6. gr. laga nr. 92/1986, um Kjaradóm, með síðari breytingum, bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Enn fremur skal Kjaradómur við úrlausn mála taka tillit til stöðu og þróunar kjaramála á vinnumarkaði, svo og efnahagslegrar stöðu þjóðarbúsins og afkomuhorfa þess.

Telji Kjaradómur ástæðu til að gera sérstakar breytingar á kjörum einstakra embættis-
manna eða hópa skal þess gætt að það valdi sem minnstri röskun á vinnumarkaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kjaradómur skal svo fljótt sem verða má, og eigi síðar en 31. júlí 1992, kveða upp nýja úrskurði á grundvelli þessara laga.

Gildistaka hinna nýju úrskurða skal miðast við 1. ágúst 1992.

Gjört í Reykjavík, 29. september 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

Nr. 80

25. september 1992

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 25. september 1992.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 16 – 1992

20. október 1992

211

Nr. 81

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fer til útlanda 21. október 1992.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 20. október 1992.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

23. október 1992

Nr. 82

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55 frá 30. mars 1987 með síðari breytingum.

1. gr.

Á einstökum köflum tollskrárinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:

1. Á 39. kafla:

Tollskrárnúmerið 3925.2000 skiptist og orðist svo:

– Hurðir, gluggar og karmar til þeirra og þröskuldar í dyr:

– – Hurðir:

3925.2011 – – – Með tilheyrandi glerrúðum, einnig ísettum 5 0 0

3925.2019 – – – Annars 5 0 0

– – Gluggar og gluggakarmar:

3925.2021 – – – Með tilheyrandi glerrúðum, einnig ísettum 5 0 0

3925.2029 – – – Annars 5 0 0

3925.2030 – – Annað 5 0 0

2. Á 44. kafla:

Tollskrárnúmerið 4418.1000 skiptist og orðist svo:

– Gluggar, dyragluggar og karmar til þeirra:

4418.1001 – – Með tilheyrandi glerrúðum, einnig ísettum 5 0 0

4418.1009 – – Annars 5 0 0

2. undirliður vöruliðar nr. 4418 ásamt tollskrárnúmerum orðist svo:

– Hurðir, karmar og þröskuldar til þeirra:

– – Innihurðir:

Steindórsprent Gutenberg hf.

4418.2011	– – – Með tilheyrandi glerrúðum, einnig ísettum	5 0 0
4418.2019	– – – Annars	5 0 0
	– – Útihurðir:	
4418.2021	– – – Með tilheyrandi glerrúðum, einnig ísettum	5 0 0
4418.2029	– – – Annars	5 0 0
4418.2030	– – Annað	5 0 0

3. Á 73. kafla:

3. undirliður vöruliðar nr. 7308 ásamt tollskrárnúmerum orðist svo:

– Hurðir, gluggar og karmar til þeirra og þröskuldar í dyr:

– – Hurðir:

7308.3011	– – – Með tilheyrandi glerrúðum, einnig ísettum	5 0 0
7308.3019	– – – Annars	5 0 0
	– – Gluggar og gluggakarmar:	
7308.3021	– – – Með tilheyrandi glerrúðum, einnig ísettum	5 0 0
7308.3029	– – – Annars	5 0 0
7308.3030	– – Annað	5 0 0

4. Á 76. kafla:

Tollskrárnúmer 7610.1000 skiptist og orðist svo:

– Hurðir, gluggar og karmar til þeirra og þröskuldar í dyr:

– – Hurðir:

7610.1011	– – – Með tilheyrandi glerrúðum, einnig ísettum	5 0 0
7610.1019	– – – Annars	5 0 0
	– – Gluggar og gluggakarmar:	
7610.1021	– – – Með tilheyrandi glerrúðum, einnig ísettum	5 0 0
7610.1029	– – – Annars	5 0 0
7610.1030	– – – Annað	5 0 0

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 14. tölulið 6. gr. og 1. mgr. 143. gr. tollalaga nr. 55 frá 30. mars 1987 og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 23. október 1992.

Friðrik Sophusson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

Nr. 83

25. október 1992

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 25. október 1992.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 17 – 1992

28. október 1992

213

Nr. 84

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fer til útlanda 29. október 1992.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 28. október 1992.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

4. nóvember 1992

Nr. 85

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 4. nóvember 1992.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

9. nóvember 1992

Nr. 86

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 9. nóvember 1992.

Davíð Oddsson.

Kristján Andri Stefánsson.

Steindórsprent Gutenberg hf.

LÖG

um gjaldeyrismál.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Innlendur aðili merkir:

1. sérhvern mann sem hefur fasta búsetu hér á landi samkvæmt lögum um lögheimili án tillits til ríkisfangs; sama á við um íslenskan ríkisborgara og skyldulið hans sem hefur búsetu erlendis en gegnir störfum þar á vegum íslenska ríkisins við sendiráð, fastanefnd eða ræðismannsskrifstofu og tekur laun úr ríkissjóði eða er starfsmaður alþjóðastofnunar sem Ísland er aðili að;
2. sérhvern lögaðila sem skráður er til heimilis hér á landi á lögmæltan hátt, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi; hérlend útibú lögaðila, sem heimili eiga erlendis, teljast til innlendra aðila.

Erlendur aðili merkir alla aðra aðila en innlenda.

Innlendur gjaldeyrir merkir íslenska peningaseðla, slegna peninga, tékka og aðrar ávísanir, víxla og önnur greiðslufyrirmæli sem hljóða upp á greiðslu í íslenskum krónum, minnispeninga, gull, silfur og aðra dýra málma ef þeir eru notaðir sem gjaldmiðill í viðskiptum hér á landi.

Löggildingar- og eftirlitsskyld mælitæki skulu ávallt uppfylla þær mælitæknilegu kröfur sem til þeirra eru gerðar. Tækjunum skal þannig fyrir komið að hvorki umhverfi þeirra, uppsetning né aðbúnaður hindri notkun, prófun eða stillingu tækjanna. Sé þess ekki gætt má banna notkun þeirra.

7. gr.

Hvarvetna þar sem viðskipti fara fram og hönd selur hendi og í því sambandi notuð löggildingar- eða eftirlitsskyld mælitæki skal þannig um búíð að viðskiptavinurinn sjái greinilega þegar mæling fer fram og geti lesið mæliniðurstöður fyrirhafnarlaust.

8. gr.

Löggildingar- og eftirlitsskyld mælitæki skulu vera staðsett með þeim hætti og vera í slíku ástandi að viðskiptavinurinn geti borið traust til þeirra niðurstaðna sem tækin sýna. Merkingar og ástand mælitækja og aukabúnaðar þeirra skulu ávallt vera í fullkomnu lagi.

9. gr.

Aukabúnaður, sem tengdur er löggildingarskyldu mælitæki, skal sýna sömu mæliniðurstöðu og tækið sjálft.

Tenging hvers kyns aukabúnaðar við löggildingarskyld mælitæki, sem dregið getur úr nákvæmni þess eða búnaðarins sjálfs, er með öllu óheimil.

10. gr.

Eigendum eða vörslumönnum löggildingar- og eftirlitsskyldra mælitækja ber að sjá til þess að tækin sæti reglubundnu eftirliti og uppfylli þær kröfur sem til þeirra eru gerðar í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Nú uppfyllir löggildingar- eða eftirlitsskyld mælitæki ekki þær kröfur sem til þess eru gerðar og skal notkun þess þá bönnuð. Heimilt er Löggildingarstofunni að loka með innsigli löggildingar- eða eftirlitsskyldum mælitækjum sem notkun hefur verið bönnuð á og hafa á brott með sér slík tæki eða hluta úr þeim ef vafi leikur á að settum reglum sé fullnægt.

Óheimilt er að nota löggildingar- og eftirlitsskyld mælitæki nema þau beri gilt auðkenni þar að lútandi.

IV. KAFLI

Faggilding.

11. gr.

Löggildingarstofan annast faggildingu fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Allir, sem þess óska, skulu geta látið faggilda starfsemi sína, enda uppfylli þeir þær kröfur sem settar eru, sbr. 12. gr.

Nú er gerð krafa um faggildingu stofnana og fyrirtækja, sem framkvæma lögbundnar prófanir eða eftirlit eða votta að vara, ferli eða þjónusta, svo og hæfni og þekking starfsmanna, uppfylli lögbundnar kröfur og skal þá slíkri kröfu fullnægt af Löggildingarstofunni eða hliðstæðum stofnunum í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Ráðherra getur í reglugerð heimilað að faggilding frá stofnunum í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins gildi hér á landi.

Löggildingarstofan metur tilnefnda aðila, sbr. 2. gr.

Löggildingarstofan annast hér á landi málefni sem lúta að alþjóðlegum verklagsreglum á prófunarstofum í efnafræði.

12. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð forsendur faggildingar skv. 11. gr. enda séu þær í samræmi við hliðstæðar forsendur í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Í reglugerðinni skal telja upp þá staðla sem byggt skal á og birta meginreglur og sérreglur um faggildingu, vottun, prófun og eftirlit, svo og reglur um brottfall faggildingar á slíkri starfsemi.

13. gr.

Nú synjar Löggildingarstofan umsókn um faggildingu og skal synjunin þá rökstudd skriflega. Synjun má skjóta til sérstakrar úrskurðarnefndar. Hún skal skipuð einum fulltrúa hvors málsaðila og fulltrúa ráðuneytisins sem jafnframt er oddamaður.

V. KAFLI

Löggildingarstofan.

14. gr.

Löggildingarstofan er sjálfstæð ríkisstofnun er lýtur yfirstjórn viðskiptaráðuneytis.

15. gr.

Hlutverk Löggildingarstofunnar er að:

1. löggilda mælitæki, hafa eftirlit með mælitækjum, löggilda vigtarmenn og sjá að öðru leyti um að lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim sé framfylgt,

2. annast öflun, varðveislu og viðhald landsmæligrunna,
 3. annast kvörðun mæligrunna og mælitækja og útgáfu vottorða þar að lútandi,
 4. stunda faggildingu,
 5. veita stjórnvöldum og öðrum ráðgjöf um faggildingu og mælifræðileg málefni og stuðla að útbreiðslu þekkingar hér á landi á þeim sviðum,
 6. vera í fyrirsvari fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi um mælifræðileg málefni og á sviði faggildingar,
 7. hafa samstarf við aðra aðila sem fást við verkefni á sviði mælifræði og faggildingar.
- Ráðherra getur enn fremur falið Löggildingarstofunni að sjá um kennslu vigtarmanna og annast rannsóknir á sviði mælifræði.

16. gr.

Ráðherra getur að tillögu Löggildingarstofunnar og að höfðu samráði við samtök atvinnulífsins, eftirlitsstofnanir og samtök neytenda ákveðið að komið skuli á fót eftirliti með mælitækjum á sviðum sem ekki falla undir 5. gr. þar sem þess er talin þörf vegna einstakra atvinnugreina eða hagsmuna neytenda, svo og vegna aðstæðna er varða umhverfisvernd og heilbrigði eða öryggi almennings.

17. gr.

Löggildingarstofan skal, þar sem aðstæður mæla með, með samningi fela aðilum, sem þess óska og hafa sérþekkingu og nauðsynlega hæfni, að leysa verkefni sem henni eru falið samkvæmt lögum þessum.

18. gr.

Löggildingarstofan innheimtir gjöld fyrir þjónustu sína samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur. Við ákvörðun um gjaldskrá skal við það miðað að tekjur stofnunarinnar standi undir útgjöldum hennar.

Þess skal ávallt gætt að tekjum Löggildingarstofunnar af löggildingu mælitækja og annarri lögbundinni starfsemi sé ekki varið til að standa straum af kostnaði við þjónustu sem öðrum aðilum er einnig heimilt að veita.

VI. KAFLI

Löggiltir vigtarmenn.

19. gr.

Vigtarmenn skulu hafa löggildingu Löggildingarstofunnar sem gefur út skírteini þeim til handa. Ráðherra setur þeim erindisbréf.

Löggiltir vigtarmenn geta menn orðið uppfylli þeir eftirtalin skilyrði:

1. eru búsettir hér á landi,
2. eru fullra tuttugu ára,
3. eru sjálfráða og fjárráða,
4. hafa sótt námskeið og staðist prófkröfur í námskeiðslok.

Í reglugerð skal kveðið á um prófkröfur skv. 4. tölul. 1. mgr.

Synja má manni um löggildingu ef 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Löggilding vigtarmanns gildir í allt að fimm ár en heimilt er að ákveða styttri gildistíma í einstökum tilfellum samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.

Heimilt er að binda löggildingu vigtarmanns við tiltekinn eða tiltekna vinnustaði. Enn fremur má undanþiggja ákveðna vinnustaði. Löggildingarstofan getur kveðið á um að störf hjá tilteknum vinnuveitendum séu ósamrýmanleg störfum löggiltra vigtarmanna.

20. gr.

Vottorð löggilts vigtarmanns er full sönnun um þyngd þess sem vegið var og hvað var vegið. Ráðherra getur í reglugerð tilgreint að ákveðin störf skuli unnin af löggiltum vigtarmönnum.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

21. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða fésektum, varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum ef sakir eru miklar. Dæma má fésekt jafnframt refsivist ef skilyrði 49. gr. almennra hegningarlaga eru fyrir hendi.

Sá sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd laga þessara, rangar skýrslur skal sæta refsingu skv. XV. kafla almennra hegningarlaga.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

Dæma má upptöku eigna skv. 69. gr. almennra hegningarlaga í máli er rís vegna brota á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

22. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Hann getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993. Jafnframt falla úr gildi eftirfarandi lög:

Lög nr. 13 4. júní 1924, um mælitæki og vogaráhöld.

Lög nr. 33 16. nóvember 1907, um metramæli og vog.

Tilskipun nr. 1 13. mars 1925, um mælitæki og vogaráhöld.

Lög nr. 60 3. nóvember 1915, um löggilta vigtarmenn.

Lög nr. 36 19. maí 1930, um vigt á síld.

Lög nr. 21 22. mars 1949, um sölu á steinolú, hráolú, bensíni og smurningsolú.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 19. gr. skulu löggildingar, sem veittar hafa verið vigtarmönnum af lögreglustjórum skv. 1. gr. laga nr. 60/1915, halda gildi sínu uns þeim er breytt eða þær eru afturkallaðar samkvæmt ákvæðum þessara laga, þó ekki lengur en til 1. janúar 1998.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. öðlast ákvæði 2. mgr. 11. gr. ekki gildi fyrr en 1. janúar 1996.

Gjört í Reykjavík 16. desember 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

LÖG

um breytingu á lánsfjárlögum fyrir árið 1992, nr. 2/1992.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. tölul. 4. gr. laganna orðast svo: Húsbrefadeild Byggingarsjóðs ríkisins, allt að 16.000 m.kr., sbr. 35. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. desember 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 11. desember 1992 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Aftast í kafla um námsbraut í hjúkrunarfræði (X. kafla, lið C.) bætist ný grein, 82. gr. a., sem orðist svo:

Nú er fjöldi stúdenta, sem stenst próf í lok haustmíssis 1. námsárs meiri en svo að veita megi þeim öllum framhaldskennslu við aðstæður á hverjum tíma, og getur háskólaráð þá eftir rökstuddum tillögum námsbrautar í hjúkrunarfræði takmarkað fjölda þeirra, sem halda áfram námi. Ákvörðun háskólaráðs skal tilkynna fyrir upphaf þess háskólaárs, sem prófin eru haldin. Réttur stúdenta til framhaldsnáms skal miðaður við árangur prófa í lok haustmíssis 1. námsárs.

2. gr.

87. gr. orðist svo:

Nám til embættisprófs í lögfræði skiptist í fjóra hluta. Kennslu skal hagað þannig, að stúdent geti lokið hverjum af fyrstu þremur hlutum námsins á einu háskólaári, en fjórða hluta á tveimur háskólaárum. Stúdent er óheimilt að hefja nám í öðrum, þriðja eða fjórða hluta fyrr en hann hefur staðist próf í öllum greinum næsta hluta á undan.

Kennslugreinar í fyrsta hluta eru þrjár: Almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu, samningaréttur og stjórnskipunarréttur ásamt ágripi af þjóðarétti. Kennsla í almennri lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu fer fram á haustmísseri, en í öðrum greinum hlutans á vormísseri.

Kennslugreinar í öðrum hluta eru fjórar: Eignaréttur, sífja- og erfðaréttur, skaðabóta-
réttur og stjórnáskiluréttur. Kennsla í þeim fer fram samfelld á haust- og vormísseri.

Kennslugreinar í þriðja hluta eru þrjár: Kröfuréttur, refsiréttur og réttarfar. Kennsla í þeim fer fram samfelld á haust- og vormísseri.

Í fjórða hluta náms skal stúdent ljúka prófi í níu kjörgreinum og semja ritgerð eða ljúka sambærilegu lokaverkefni, auk þess að ljúka æfingum í úrlausn raunhæfra verkefna með fullnægjandi árangri. Fyrir hver áramót ákveður lagadeild að minnsta kosti átján kjörgreinar til kennslu á einstökum mísserum á næstu tveimur háskólaárum. Fyrir 15. mars skal stúdent, sem hyggst ljúka prófum í þriðja hluta á því vori velja níu þessara greina til náms í fjórða hluta. Kennsla í hverri kjörgrein fer fram á einu mísseri. Samhliða vali á kjörgreinum skal stúdent einnig velja svið til ritgerðar eða lokaverkefnis og einn af kennurum deildarinnar sem umsjónarkennara í því námi, en valið skal háð samþykki kennarans og deildarforseta. Stúdent getur ekki lokið ritgerð eða öðru lokaverkefni nema hann hafi áður staðist próf í minnst sex kjörgreinum. Fyrir ritgerð eða annað lokaverkefni skal gefin einkunn, sem hefur tvöfalt vægi á við aðrar greinar við embættispróf, en umsjónarkennari getur ákveðið að stúdent þreyti próf úr efni ritgerðar eða verkefnis og metið árangur hans til hluta af einkunninni. Lagadeild ákveður hve mörgum æfingum í úrlausn raunhæfra verkefna stúdentar þurfa að ljúka í fjórða hluta náms, en fyrir þær verður ekki gefin einkunn til embættisprófs.

Lagadeild getur heimilað að nám stúdents við aðra háskóladeild eða annan háskóla komi að einhverju leyti eða öllu í stað kjörgreina, ritgerðar eða annars lokaverkefnis. Umsókn um þetta skal send lagadeild að jafnaði áður en slíkt nám er hafið.

Lagadeild setur nánari reglur um nám í fjórða hluta.

3. gr.

88. gr. orðist svo:

Próf skulu vera skrifleg, en lagadeild er þó heimilt að ákveða hverju sinni að próf verði munnleg í einstökum greinum í fjórða hluta náms.

Próf í þeim greinum, þar sem kennslu er lokið á einu mísseri, skulu háð við lok þess. Próf í öðrum greinum far fram við lok vormísseris. Stúdent verður að gangast undir próf í öllum greinum mísseris eða eftir atvikum árs á sama próftímabili.

Til að standast próf verður stúdent að hljóta minnst einkunnina 7,0 í almennri lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu, en 6,0 í öðrum greinum hverri um sig.

Stúdent sem stenst ekki próf í reglulegum próftíma skv. 2. mgr. skal eiga kost á að gangast undir það á ný að hausti eða þegar reglulegt próf er haldið aftur í viðkomandi grein. Þurfi stúdent að gangast á ný undir próf í tveimur eða fleiri greinum sama námstímabils verður hann að gera það á sama próftímabili. Hann þarf ekki að gangast á ný undir próf í þeim greinum námstímabilisins, sem hann hefur staðist.

Standist stúdent, sem hefur lokið prófi í almennri lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu, ekki endurtekningarpróf í annarri grein og hann endurinnritar sig til náms við lagadeild á næsta háskólaári, heldur hann einkunn sinni í þeim greinum, þar sem hann hefur hlotið 7,0 eða hærri einkunn.

4. gr.

89. gr. orðist svo:

Stúdent skal hafa lokið prófum í fyrstu þremur hlutum náms ekki síðar en á því almanaksári þegar fimm ár eru liðin frá innritun hans í lagadeild. Námi í fjórða hluta skal lokið

á ekki lengri tíma en þremur árum. Lagadeild getur veitt undanþágu frá þessum reglum um tímamörk ef veikindi eða aðrar vítaleysisástæður koma til.

Sá sem hefur lokið embættisprófi við lagadeild ber próftítilinn *candidatus juris* (cand. jur.).

5. gr.

Á eftir 89. gr. kemur ný grein, 89. gr. a., sem orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða:

Reglum 87.–89. gr. verður beitt um stúdenta, sem innrita sig til náms við lagadeild að sumri 1993 eða síðar. Eldri reglur gilda um stúdenta, sem hafa staðist próf í almennri lögfræði haustið 1993 eða fyrr, en kennsla fer þó ekki fram í einstökum greinum að hætti eldri reglna lengur en nemur reglulegri framvindu náms.

Þrátt fyrir fyrirmæli 1. mgr. getur lagadeild heimilað að stúdent, sem eldri reglur mundu annars gilda um, leggi stund á nám og gangist undir próf eftir nýjum reglum samhliða stúdentum sem þær taka til. Lagadeild getur sett nánari reglur um framkvæmd í þeim efnum, meðal annars um gildi prófa sem stúdent hefur þegar lokið eftir eldri reglum.

6. gr.

107. gr. orðist svo:

Stjórn deildarinnar er í höndum deildarfundar, deildarráðs og deildarforseta.

Deildarfundur hefur úrslitavald í öllum málum sem deildin er bær að taka ákvörðun um. Deildarfundur er heimilt að afsala sér ákvörðunarvaldi í tilteknum málum eða málaflokkum til deildarráðs og afturkalla heimildina, að því er varðar mál er eigi hafa hlotið afgreiðslu í ráðinu. Deildarfundur ákvarðar vægi námsgreina og tekur ákvarðanir um fjárbeðinir.

Í deildarráði eiga sæti, auk deildarforseta, varaforseti deildarinnar, tveir aðrir kennarar deildarinnar og tveir fulltrúar stúdenta. Kennararnir skulu kjörnir á deildarfundum, samtímis kjöri deildarforseta, til tveggja ára í senn, úr hópi prófessora, dósentana og lektora í fullu starfi. Fulltrúar stúdenta skulu kjörnir, til eins árs í senn, af félagsamtökum þeirra úr hópi fulltrúa stúdenta á deildarfundum. Ef fjalla þarf sérstaklega um málefni kennslugreina og enginn deildarráðsmanna er kennari í þeirri grein skal deildarforseti leita umsagnar og tillagna greinarkennara og gefa þeim kost á að senda fulltrúa á fund ráðsins til að ræða það málefni, en atkvæðisrétt á hann ekki. Nýkjörið deildarráð tekur til starfa við upphaf háskólaárs.

Deildarforseti boðar til deildarráðsfunda með dagskrá og með þriggja daga fyrirvara, ef kostur er. Fundarboð skal einnig sent þeim, til kynningar, sem sæti eiga á deildarfundum. Fundur er ályktunarfær ef hann sækja eigi færri en tveir þriðju hlutar deildarráðsmanna. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði deildarforseta, enda hafi atkvæðagreiðslan ekki verið skrifleg. Gerðir deildarráðsfunda skulu bókfærðar og skal lesa fundargerð og staðfesta hana áður en fundur er slitið. Innan tveggja vikna skal senda þeim fundargerðina er sæti eiga á deildarfundum.

Deildarráði er heimilt að fjalla um öll mál er deildina varða en úrslitavald hefur það aðeins í þeim málaflokkum sem deildarfundur hefur afsalað sér ákvörðunarvaldi í, meðan slíkt afsal stendur. Þó má skjóta máli til deildarfundar ef deildarforseti eða þriðjungur deildarráðsmanna æskir þess, og hefur þá deildarfundur úrslitavald í því máli.

Kennslunefnd er skipuð tveimur kennurum, er deildarfundur kýs til tveggja ára í senn, og tveimur tannlæknanemum, tilnefndum af félagi þeirra til sama tíma. Deildarfundur ákveður formann nefndarinnar. Kennslunefnd annast endurskoðun kennsluskrár deildarinnar og kennslutilhögunar, annast samræmingu námsefnis, kennslu og prófa í samráði við kennara og stúdenta deildarinnar og gerir tillögur til deildarráðs um þessi efni.

Deildinni er heimilt að ráða kennslustjóra til eins árs í senn eða skemmri tíma enda sé fjárveiting fyrir hendi. Skal hann vinna að verkefnum á starfssviði kennslunefndar.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 40. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 131/1990, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 14. desember 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.

LÖG**um umboðssöluviðskipti.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI**Gildissvið og skilgreiningar.**

1. gr.

Lög þessi gilda um viðskipti í umboðssölu sem eiga sér stað milli Íslands og annarra ríkja. Í lögunum merkir *umboðssöluumaður* sjálfstætt starfandi millilið sem hefur ótímabundna heimild til að semja um kaup eða sölu á vörum og þjónustu sem veitt er í því sambandi fyrir hönd annars aðila — *umbjóðanda* — samkvæmt samningi þeirra í milli.

Sá telst ekki umboðssöluumaður í merkingu laga þessara sem vegna starfa síns hefur umboð til þess að skuldbinda það fyrirtæki eða félag, sem hann vinnur hjá eða er eigandi að, sameignarfélagi sem hefur heimild til þess að gera bindandi skuldbindingar fyrir meðeigendur sína. Skiptastjóri í þrotabúi telst heldur ekki umboðssöluumaður í merkingu laga þessara.

2. gr.

Lög þessi ná ekki til ólaunaðra umboðssölumanna eða umboðssölumanna þegar þeir starfa á uppboðsmörkuðum.

Ráðherra getur með reglugerð undanþegið tiltekna þætti umboðssöluviðskipta frá ákvæðum laga þessara þegar viðkomandi einstaklingar hafa umboðssölumennsku að auka-
starfi.

II. KAFLI**Réttindi og skyldur í umboðssöluviðskiptum.**

3. gr.

Umboðssöluumaður skal gæta hagsmuna umbjóðanda síns af skyldurækni og heiðarleika. Sérstaklega ber umboðssölumanni:

- a. að gera viðeigandi tilraunir til þess að semja um viðskipti og koma þeim á,
- b. að miðla öllum tiltækum upplýsingum sem máli skipta til umbjóðandans,
- c. að fylgja réttmætum fyrirmælum frá umbjóðanda sínum.

4. gr.

Umbjóðandi skal í öllum samskiptum sínum við umboðssölumann koma fram af skyldurækni og heiðarleika. Umbjóðanda ber sér í lagi:

- a. að fá umboðssöllumanni í hendur nauðsynleg gögn,
- b. að veita umboðssöllumanni nauðsynlegar upplýsingar varðandi umboðssölusamninginn, sér í lagi láta hann vita innan eðlilegra tímamarka ef hann sér fyrir að viðskiptin verða umtalsvert minni en ætla má að umboðssölumaðurinn hafi gert ráð fyrir.

Umbjóðanda ber einnig að greina umboðssöllumanni frá því innan eðlilegra tímamarka hyggist hann samþykkja, hafna eða hætta við viðskipti sem sá síðarnefndi hefur komið á.

5. gr.

Ákvæði 3. og 4. gr. eru ófrávíkjanleg.

III. KAFLI

Þóknun.

6. gr.

Liggi ekki fyrir samkomulag um þóknun milli aðila skal umboðssölumaður eiga rétt á sambærilegri þóknun sem venja er að greiða umboðssöllumönnum með umboð fyrir þær tegundir vöru eða þjónustu, sem samningur hans tekur til, á því svæði þar sem hann starfar. Ef engin slík venja er fyrir hendi skal umboðssölumaðurinn eiga rétt á eðlilegri þóknun með hliðsjón af því um hvaða viðskipti er að ræða.

Sá hluti þóknunar, sem er breytilegur eftir fjölda eða upphæð viðskiptasamninga, skal teljast umboðslaun samkvæmt lögum þessum.

Ákvæði 7.–12. gr. gilda aðeins ef þóknun umboðssöllumanns er að hluta eða að öllu leyti í formi umboðslauna.

7. gr.

Umboðssölumaður skal eiga rétt á umboðslaunum af viðskiptum sem komið var á á gildistíma umboðssamnings hafi viðskiptin komist á í beinu framhaldi af vinnu hans eða viðskipti hafi komist á við þriðja aðila sem hann hefur áður átt að viðskiptavini í sambærilegum viðskiptum.

Umboðssölumaður skal einnig eiga rétt á umboðslaunum af viðskiptum sem komið var á á gildistíma umboðssamnings hafi slík viðskipti tekist á landsvæði því eða við þann hóp viðskiptavina sem honum hefur verið falið að annast og viðskipti hafi verið gerð við viðskiptavin af því svæði eða úr þeim hópi.

8. gr.

Umboðssölumaður skal eiga rétt á umboðslaunum af viðskiptum sem fara fram eftir að umboðssamningur fellur úr gildi ef rekja má viðskiptin að mestu leyti til vinnu hans á meðan umboðssamningurinn er enn í gildi og hafi verið stofnað til viðskiptanna innan hæfilegs tíma frá því að samningstíma er lokið. Enn fremur á umboðssölumaður rétt á umboðslaunum eftir gildistíma samnings ef pöntun frá þriðja aðila, sbr. 7. gr., hefur borist umboðssöllumanni eða umbjóðanda fyrir lok samningstíma.

9. gr.

Umboðssölumaður á ekki rétt á umboðslaunum skv. 7. gr. ef þau verður að greiða fyrrverandi umboðssöllumanni skv. 8. gr. nema sérstakar aðstæður geri það sanngjarnt að þeim sé skipt á milli þeirra.

10. gr.

Krafa um umboðslaun er gjaldkræf þegar:

- a. umbjóðandi hefur gengið frá viðskiptum,
- b. umbjóðandi ætti að hafa gengið frá viðskiptum í samræmi við samkomulag við þriðja aðila,
- c. þriðji aðili hefur þegar gengið frá viðskiptunum.

Krafa um umboðslaun stofnast í síðasta lagi þegar þriðji aðili hefur gengið frá sínum hluta viðskiptanna eða ætti að hafa gert það ef umbjóðandi hefði staðið við sinn þátt viðskiptanna eins og um var samið.

Umboðslaun skulu greidd eigi síðar en á síðasta degi næsta mánaðar eftir þann ársfjórðung sem krafa um þau varð gjaldkræf.

Eigi er heimilt með samningum að víkja frá 2. og 3. mgr. þessarar greinar þannig að umboðssölumaður njóti lakari kjara en þar greinir.

11. gr.

Réttur til umboðslauna getur fallið niður þegar sanningsákvæði um viðskipti umbjóðanda og þriðja aðila eru ekki uppfyllt af ástæðum sem umbjóðanda verður ekki kennt um.

Umboðslaun, sem umboðssölumaður hefur fengið greidd, skulu endurgreidd umbjóðanda ef réttur til þeirra hefur fallið niður.

Óheimilt er með samningum að víkja frá ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar þannig að umboðssölumaður njóti lakari kjara en þar greinir.

12. gr.

Umbjóðandi skal afhenda umboðssöllumanni yfirlit yfir umboðslaun, sem kröfur hafa stofnast til, eigi síðar en á síðasta degi næsta mánaðar eftir þann ársfjórðung sem kröfurnar stofnast á. Á yfirlitinu skulu koma fram þeir liðir sem útreikningur umboðslaunanna byggist á.

Umboðssölumaður getur krafist þess að fá allar upplýsingar vegna viðkomandi viðskipta sem umbjóðandi býr yfir, þar með taldar útskriftir úr bókhaldi, til þess að sannreyna að umboðslaun séu rétt reiknuð.

Óheimilt er með samningum að víkja frá 1. og 2. mgr. þessarar greinar þannig að umboðssölumaður njóti lakari kjara en þar greinir.

IV. KAFLI

Lok og slit umboðssölusamninga.

13. gr.

Umboðssölusamningar skulu vera skriflegir.

14. gr.

Umboðssölusamningur með tiltekinn gildistíma breytist í samning með ótiltekinn gildistíma ef viðskipti halda áfram með sama hætti eftir að upphaflegum gildistíma lýkur.

15. gr.

Umboðssölusamningi með ótiltekinn gildistíma má segja upp með uppsagnarfresti af hvorum aðila um sig.

Sé ekki um annað samið skal uppsagnarfrestur vera einn mánuður ef samningur hefur verið í gildi í eitt ár eða skemur og skal uppsagnarfrestur lengjast um einn mánuð fyrir hvert ár sem samingurinn hefur verið í gildi umfram eitt ár. Uppsagnarfrestur skal þó ekki vera lengri en sex mánuðir.

Semji aðilar um lengri frest en um getur í 2. mgr. er umbjóðanda óheimilt að áskilja sér skemmri uppsagnarfrest en umboðssölumaður.

Sé eigi um annað samið miðast uppsagnarfrestur við mánaðamót.

Ákvæði þessarar greinar skulu eiga við um umboðssölusamninga skv. 14. gr. Ákvæði um uppsagnarfrest skulu miðast við upphaf gildistíma upphaflegs samnings.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 15. gr. er heimilt að segja upp umboðssölusamningi án uppsagnarfrests ef annar hvor aðilinn stendur að einhverju leyti ekki við ákvæði samningsins. Enn fremur er heimilt að segja upp umboðssölusamningi án uppsagnarfrests ef ófyrirsjáanleg atvik gerast hjá öðrum hvorum aðilanum sem raska verulega forsendum samningsins og bersýnilega er ósanngjarnt að aðilinn þurfi að standa við hann.

Vanræki umboðssölumaður eða umbjóðandi skyldur sínar samkvæmt umboðssölusamningi getur hann bakað sér skaðabótaskyldu. Sá aðili, sem krefjast vill skaðabóta, skal tilkynna hinum um kröfuna án ástæðulauss dráttar eftir að hann hefur eða ætti að hafa vitneskju um vanræksluna. Sé það ekki gert fellur skaðabótaréttur niður. Þetta gildir þó ekki ef mótaðilinn hefur starfað á óheiðarlegan hátt eða sýnt af sér vítavert gáleysi.

17. gr.

Sé umboðssölusamningi sagt upp af umbjóðanda á umboðssölumaður rétt á greiðslu vegna samningsslita ef hann hefur útvegað umbjóðanda sínum nýja viðskiptavini eða hefur aukið verulega viðskipti umbjóðanda síns við eldri viðskiptavini og umbjóðandi heldur áfram að hagnast umtalsvert af viðskiptum við þessa viðskiptavini. Enn fremur verður greiðsla vegna samningsslita að vera sanngjörn í ljósi aðstæðna og þá sér í lagi með tilliti til þeirra umboðslauna sem umboðssölumaður hlaut af aukningu viðskipta og enn fremur með tilliti til mögulegra samningsákvæða milli aðila um að umboðssölumaður leggi ekki stund á tiltekin viðskipti eftir að gildistími samnings er liðinn.

Upphæð greiðslu vegna samningsslita skal ekki vera hærri en sem svarar til eins árs umboðslauna miðað við meðaltal þeirra á föstu verðlagi síðustu fimm ár samningstímans. Hafi samningur aðila gilt skemur en fimm ár skal miðað við meðaltal umboðslauna á föstu verðlagi á gildistíma samningsins.

Umboðssölumaður fyrirgerir ekki rétti sínum til málshöfðunar til skaðabóta vegna fjárhagstjóns með því að taka við greiðslu vegna samningsslita frá umbjóðanda.

Umboðssölumaður á rétt á skaðabótum vegna þess fjárhagstjóns sem hann verður fyrir vegna uppsagnar umbjóðanda á umboðssölusamningi. Fjárhagstjón í þessum skilningi eru einkum tapaðar umboðslaunatekjur sem umboðssölumaður hefði fengið með því að uppfylla samviskusamlega ákvæði umboðssölusamningsins og jafnframt bæta verulega hag umbjóðanda síns. Enn fremur þegar umboðssölumaður situr uppi með ógreiddar og vannýttar fjárfestingar sem hann hefur lagt í vegna umboðssöluviðskiptanna í samráði við umbjóðanda.

Réttur til greiðslu vegna samningsslita skv. 1. mgr. og skaðabóta vegna fjárhagstjóns skv. 4. mgr. stofnast þótt samningi þessum sé sagt upp vegna andláts umboðssölumanns.

Umboðssölumaður missir rétt til greiðslu vegna samningsslita og til skaðabóta vegna fjárhagstjóns ef hann tilkynnir ekki umbjóðanda innan eins árs frá samningsslitum að hann hyggist notfæra sér þennan rétt sinn.

18. gr.

Umboðssölumaður á ekki rétt á greiðslu vegna samningsslita skv. 17. gr. ef umbjóðandi hefur sagt umboðssölusamningi upp vegna vanrækslu umboðssöllumanns.

Umboðssölumaður á ekki rétt til greiðslu vegna samningsslita ef hann hefur sjálfur sagt samningnum upp. Þetta á þó ekki við ef ástæður uppsagnarinnar má rekja til umbjóðanda eða þess að umboðssölumaðurinn getur ekki haldið áfram starfi sínu vegna aldurs eða sjúkleika.

Umboðssölumaður á enn fremur ekki rétt á greiðslu vegna samningsslita ef hann framselur umboðssölusamninginn til annars umboðssöllumanns með samþykki umbjóðanda.

19. gr.

Aðilum er óheimilt að semja um frávík frá ákvæðum 17. og 18. gr. þannig að umboðssölumaður njóti lakari kjara en þar er mælt fyrir um.

20. gr.

Heimilt er að semja um takmarkanir á viðskiptum umboðssöllumanns eftir að gildistíma samnings lýkur, enda sé slíkur samningur gerður skriflega og takmarkanirnar tengdar því svæði eða hópi viðskiptavina sem hann skyldi beina þjónustu sinni að samkvæmt umboðssölusamningi og enn fremur tengdar þeim tegundum vöru og þjónustu sem umboðið gildi fyrir.

Slík takmörkun á viðskiptum umboðssöllumanns má ekki gilda lengur en í tvö ár eftir að gildistíma samnings lýkur.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 19. gr. geta aðilar umboðssölusamnings vikið frá ákvæðum laganna ef starf umboðssöllumannsins samkvæmt samningnum fer fram utan ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og ekki er að finna sambærileg ófrávíkjanleg ákvæði í löggjöf viðkomandi ríkis.

V. KAFLI Gildistaka.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993. Frá og með þeim tíma skulu allir nýir viðskiptasamningar um umboðssölu gerðir í samræmi við ákvæði laga þessara. Ákvæðum eldri samninga skal breyta fyrir 1. janúar 1994 og frá og með þeim tíma gilda ákvæði laganna um alla umboðssölusamninga.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

LÖG

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. másl. 6. mgr. 15. gr. laganna (sem var 14. gr. fyrir gildistöku laga nr. 79/1991) orðast svo:

Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera 123.600 kr.

2. gr.

16. gr. laganna (sem var 15. gr. fyrir gildistöku laga nr. 79/1991) orðast svo:

Heimilt er að greiða mæðra- og feðralaun einstæðum foreldrum sem hafa börn sín undir 18 ára aldri á framfæri og eiga lögheimili hér á landi. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um greiðslu mæðra- og feðralauna. Þar er heimilt að tengja greiðslu bótanna við tekjur. Þar er einnig heimilt að skilyrða greiðslu mæðra- og feðralauna við að meðlagsúrskurður hafi verið kveðinn upp eða að fyrir liggja staðfest samkomulag um greiðslu framfærslueyris.

Árleg mæðra- og feðralaun skulu vera sem hér segir:

Með einu barni 12.000 kr.

Með tveimur börnum 60.000 kr.

Með þremur börnum eða fleiri 129.600 kr.

Tryggingaráði er heimilt að greiða mæðra- og feðralaun til maka elli- eða örorkulífeyrisþega þegar bætur almannatrygginga falla niður vegna vistunar á stofnun. Tryggingaráði er og heimilt að greiða maka einstaklings sem sætir gæslu- eða refsivist mæðra- eða feðralaun enda hafi vistin varað a.m.k. þrjá mánuði.

Mæðra- og feðralaun falla niður einu ári eftir að viðtakandi launanna skráir sig í þjóðskrá í óvígða sambúð með öðrum en foreldri barnsins eða barnanna, sbr. og 52. gr. Nú skráir viðtakandi launanna sig í óvígða sambúð með foreldri barnsins eða barnanna, fyrrverandi sambýlisaðila eða gengur í hjúskap og falla þá launin strax niður.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 27. gr. laganna:

- a. Í 1. másl. 1. mgr. falla niður orðin „og stjórnun aflvéla og ökutækja“.
- b. 2. másl. 1. mgr. fellur niður.

4. gr.

C-liður 1. mgr. 29. gr. fellur niður.

5. gr.

C-liður 35. gr. laganna orðast svo: Barnalífeyrir, kr. 123.600 fyrir hvert barn, sbr. að öðru leyti 15. gr.

6. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 36. gr. laganna:

1. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Launþegar skv. c-lið 30. gr. skulu standa skil á iðgjöldum sínum.
2. 4. mgr. orðast svo:
Með reglugerð skal ákveða fast ársiðgjald af trillubátum og meiri háttar heimilis-
aflvélum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 43. gr. laganna eins og henni var síðast breytt með lögum nr. 1/1992:

1. B-liður 1. mgr. orðast svo:
 - b. Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir hjá sérfræðingum eða stofnunum sem Tryggingastofnun ríkisins hefur samning við. Ráðherra hefur heimild til þess að ákveða að skilyrði fyrir greiðslu sjúkratrygginga skuli háð tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis. Fyrir hverja komu til sérfræðings samkvæmt tilvísun greiði sjúklingur gjald sem ákveðið skal með reglugerð. Með reglugerð skal sömuleiðis setja nánari reglur um notkun tilvísana, þar á meðal í hvaða tilvikum og með hvaða hætti Tryggingastofnun ríkisins geti tekið þátt í greiðslu kostnaðar vegna rannsókna og aðgerða hjá sérfræðingum þótt sjúklingur hafi ekki tilvísun.
2. C-liður 1. mgr. orðast svo:
 - c. Lyf sem sjúkratryggðum er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri. Af öðrum nauðsynlegum lyfjakostnaði greiðir sjúkratryggður gjald sem ákveðið skal með reglugerð. Sé heildarverð lyfs jafnt eða lægra en þessi mörk greiðir sjúkratryggður það. Eftir að lyf hefur verið skráð hér á landi skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið ákveða hvort sjúkratryggingar taki þátt í greiðslu viðkomandi lyfs.

8. gr.

44. gr. laganna, eins og henni var síðast breytt með lögum nr. 1/1992, orðast svo:

Fyrir tannlæknaþjónustu, aðra en tannréttingar, greiða sjúkratryggingar samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur. Gjaldskráin gildir bæði um tannlækningar sem starfræktar eru á vegum hins opinbera og annarra. Í stað gjaldskrár ráðherra er Tryggingastofnun þó heimilt að semja um gjaldskrá er gildi um tannlæknaþjónustu, alla eða að hluta, aðra en tannréttingar.

Greiðslur sjúkratrygginga skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir tannlækningar barna og unglinga, 15 ára og yngri, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð, 75%.
2. Fyrir tannlækningar 16 ára unglinga, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð, 50%.
3. Heimilt er að greiða allt að 50% kostnaðar við gullfyllingar, krónu- og brúargerð hjá börnum og unglingum, 16 ára og yngri, samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Því aðeins kemur til greiðslna samkvæmt þessum tölulíð að fyrir liggja sérstök umsókn og samþykki sjúkratrygginga.
4. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta fullrar tekjutryggingar, 75% kostnaðar, en 50% kostnaðar sé tekjutrygging skert, þó er ekki greitt fyrir gullfyllingar, krónur eða brýr. Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótapega í allt að 100% eftir reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Reikningi fyrir tannlæknaþjónstu skal framvísað á reikningsformi sem Tryggingastofnun ákveður.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 2. mgr. skulu börn og unglingar, 15 ára og yngri, eiga kost á einni skoðun á ári hjá tannlækni sér að kostnaðarlausu.

9. gr.

48. gr. laganna, eins og henni var breytt með lögum nr. 1/1992, orðast svo:

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að semja við stofnanir, fyrirtæki eða einstaklinga um þá þjónustu sem henni ber að veita samkvæmt lögum þessum. Slíkan samning má gera í framhaldi af útboði. Í þeim tilvikum ákveður sjúkratryggingadeild hvaða tilboði skuli taka eða hvort öllum skuli hafnað. Ef tilboð eru óhæfilega há eða að öðru leyti ekki aðgengileg getur sjúkratryggingadeild ráðstafað verkinu á grundvelli fasts samningsverðs.

10. gr.

52. gr. laganna orðast svo:

Sama rétt til bóta og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig karl og kona sem eru í óvígðri sambúð er skráð hefur verið í þjóðskrá lengur en eitt ár. Sama rétt hafa karl og kona sem átt hafa saman barn eða konan er þunguð af hans völdum, enda sé óvígð sambúð þeirra skráð í þjóðskrá. Sama gildir um bótarétt þess sem eftir lifir.

Slíkt sambúðarfolk öðlast aldrei meiri bótarétt en þau hefðu haft ef þau væru hjón. Þó er heimilt að greiða sambúðaraðila slysbætur.

Sameiginlegt lögheimili eða sambúð eftir öðrum ótvíráðum gögnum lengur en eitt ár skal lagt að jöfnu við skráningu sambúðar í þjóðskrá.

11. gr.

Síðasti málsliður 1. mgr. 65. gr. laganna fellur brott.

12. gr.

67. gr. laganna orðast svo:

Iðgjöld slysatrygginga skulu innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs og sveitarsjóðs eða sérstökum innheimtustofnunum. Ákvæði laga nr. 75/1981, þar á meðal um um dráttarvexti og lögtaksrétt, gilda um innheimtu iðgjalda.

13. gr.

71. gr. laganna orðast svo:

Iðgjöld sjómanna skv. 36. gr. og iðgjöld af aflvélum samkvæmt sömu grein skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og aflvélum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum ríkissjóðs.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993. Ákvæði 3.–4. gr., 6. gr. og 11.–13. gr. öðlast þó eigi gildi fyrr en 1. janúar 1994.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

LÖG

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Aiyub, Abdul Halim, matreiðslumaður í Kópavogi, f. 17. september 1963 í Ísrael.
2. Altuna, Elba Felicita Núñez, húsmóðir í Reykjavík, f. 2. október 1949 í Perú.
3. Anbari, Zakaria, verkamaður í Reykjavík, f. 1. janúar 1968 í Marokkó.
4. Bára Borgþórsdóttir, skrifstofustúlka í Hafnarfirði, f. 3. mars 1933 í Hafnarfirði.
5. Benfield, Guðjón Charles, nemi í Reykjavík, f. 16. júlí 1974 í Reykjavík.
6. Biscarra, Francisca, verkakona í Reykjavík, f. 17. september 1952 á Filippseyjum.
7. Calderon, Evelyn Soon, húsmóðir á Flateyri, f. 25. janúar 1967 á Filippseyjum.
8. Caparida, Amelita P., iðnverkakona í Reykjavík, f. 25. febrúar 1969 á Filippseyjum.
9. Casey, Ester Talia, nemi í Reykjavík, f. 25. nóvember 1977 í Reykjavík.
10. Chavaro, John M., netagerðarmeistari í Reykjavík, f. 2. maí 1947 á Indlandi.
11. Christensen, Pia Monrad, háskólanemi í Reykjavík, f. 17. mars 1965 í Danmörku.
12. David, Joshua Reuben, nemi í Garðabæ, f. 24. mars 1977 í Reykjavík.
13. Demarsico, Michelle, skrifstofumaður í Mýrdalshreppi, f. 28. júlí 1965 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
14. Dunkley, Amel Joy, fiskvinnslukona í Bolungarvík, f. 3. maí 1959 á Jamaíku.
15. Dyson, Kathleen Ann, ritari í Reykjavík, f. 1. janúar 1948 á Englandi.
16. Fairbairn, Hilda, nemi í Kópavogi, f. 29. mars 1973 á Íslandi.
17. Fajardo, Teresita, herbergisþerna í Hveragerði, f. 3. janúar 1951 á Filippseyjum.
18. Freshman, Karl Gunter, matsveinn í Kópavogi, f. 12. mars 1946 í Þýskalandi.
19. Fuglö, Helene, húsmóðir í Garði, f. 12. júlí 1947 í Færeyjum.
20. Galtseva, Galina, húsmóðir í Borgarnesi, f. 20. ágúst 1946 í fyrrum Sovétríkjunum.
21. Godla, Erik Daniel, nemi í Njarðvík, f. 27. ágúst 1976 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
22. Grissom, David Alan, verkamaður í Reykjavík, f. 16. ágúst 1964 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
23. Grosman, George Jiri, kennari í Reykjavík, f. 3. mars 1953 í Tékkóslóvakíu.
24. Hanni Haraldsdóttir, starfsmaður að Sólheimum, f. 11. febrúar 1950 í Þýskalandi.
25. Helga Elín Briem, húsmóðir í Reykjavík, f. 5. september 1957 í Reykjavík.
26. Hillyard, Richard Ivan, fiskvinnslumaður í Keflavík, f. 24. júní í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
27. Hong, Lu, myndlistarmaður í Reykjavík, f. 7. september 1957 í Kína.
28. Mangubat, Andrelin Valeriano, húsmóðir í Reykjavík, f. 10. apríl 1966 á Filippseyjum.
29. María Helena Guðmundsdóttir, barn í Reykjavík, f. 15. desember 1985 í Reykjavík.
30. Mortensen, Íris María, nemi í Reykjavík, f. 22. október 1979 í Danmörku.
31. Nocon, Emelita Ordonez, húsmóðir í Reykjavík, f. 11. september 1947 á Filippseyjum.

32. Reátegui, Jorge Fernando Villafuerte, leiðsögumaður í Reykjavík, f. 27. júní 1965 í Perú.
33. Rocha, Maria Ramos, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. febrúar 1966 á Grænhöfðaeypjum.
34. Russo, Rosario, rafvirki í Reykjavík, f. 18. febrúar 1952 á Ítalíu.
35. Saddouq, Said, verkamaður í Reykjavík, f. 15. ágúst 1962 í Marokkó.
36. Seba, Djamel, verkamaður í Reykjavík, f. 22. september 1964 í Alsír.
37. Snarska, Maria, verkakona á Fáskrúðsfirði, f. 19. apríl 1956 í Póllandi.
38. Tittor, Sanun, verkakona í Hafnarfirði, f. 4. febrúar 1956 á Tælandi.
39. Velasco, Marcelina D., yfirþerna í Hafnarfirði, f. 24. febrúar 1955 á Filippseyjum.
40. Wen, Xu, nemi í Kópavogi, f. 19. ágúst 1968 í Kína.
41. West, Samuel Erik, tæknimaður í Reykjavík, f. 2. febrúar 1974 í Noregi.
42. Wiggs, Aritta Kay, skólastjóri á Hellissandi, f. 8. ágúst 1941 í Bandaríkjunum Norður-Ameríku.
43. Xiaoyi, Cheng, viðskiptafræðingur í Reykjavík, f. 1. nóvember 1963 í Kína.
44. Yeoman, John William, rannsóknarmaður í Reykjavík, f. 15. apríl 1963 í Bandaríkjunum Norður-Ameríku.
45. Youyi, Xiang, matvælafræðingur í Reykjavík, f. 28. október 1962 í Kína.
46. Zanoia, Chyris Gay Villaespin, húsmóðir á Ísafirði, f. 20. desember 1967 á Filippseyjum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn, ásamt því sem hann ber fyrir, er börn hans taka sem kenninafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu og kenninafni að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Porsteinn Pálsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 53 16. maí 1978, um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðari málsliður 6. gr. fellur brott.

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, að höfðu samráði við sérfræðinga Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og ráðunauta Búnaðarfélags Íslands, hvaða upplýsingar skylt er að láta fylgja vörum sem lög þessi ná yfir. Enn fremur skal kveðið á um merkningar eða staðla yfir einstaka vöruflokka sem henti einstökum búfjártegundum.

3. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Taka skal sýni til rannsókna eins oft og þurfa þykir og skal eftirlitsaðili hafa aðgang að eftirlitsskyldum vörum hvar og hvenær sem hann óskar þess. Um framkvæmd sýnatöku skulu sett nánari ákvæði í reglugerð.

4. gr.

15. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Í stað orðsins „Áburðarverksmiðjan“ í 19. gr. laganna kemur: seljandi áburðar.

6. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við setningu reglugerðar skv. 1. mgr. skal tekið tillit til raunverulegs kostnaðar af framkvæmd eftirlits með söluaðila og hverri vörutegund fyrir sig.

7. gr.

Í stað skammstafananna FR, ÁR og SR í lögunum í 13., 16., 17., 18., 20. og 22. gr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): eftirlitsaðili. Í stað orðsins „áburðareftirlitinu“ kemur í 19. gr. orðið: eftirlitsaðila.

Í stað orðsins „eftirlitsdeildar“ í 1. málsl. 6. gr. laganna kemur: eftirlitsaðila, og í stað orðanna „eftirlitsdeild“ og „eftirlitsdeildinni“ í 10. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarfalli): eftirlitsaðili.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

LÖG

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem verður IV, svohljóðandi:

Á árinu 1993 skulu sveitarfélög greiða 500 m.kr. til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri greiði 1.950 kr. fyrir hvern íbúa en sveitarfélög með færri en 300 íbúa greiði 1.170 kr. á hvern íbúa. Miða skal við íbúafjölda 1. desember 1992. Um innheimtu gjaldsins skal fjármálaráðherra setja reglugerð.

Þrátt fyrir ákvæði 47. gr. skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt á árinu 1993 að gera tillögur um ráðstöfun á þessu fjármagni til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífs, enda dragi samsvarandi úr greiðslum atvinnuleysisbóta á hverjum stað. Úthlutun styrkja skal vera í samræmi við reglur sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur að fenginni umsógn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tveir fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga skulu taka sæti í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs þegar styrkumsóknir eru teknar til umfjöllunar og afgreiðslu. Tillögur sjóðstjórnar um styrkveitingar skulu staðfestar af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 112/1989, um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað síðari málslíðar 2. gr. laganna kemur: Þá er Stofnlánadeild heimilt að fella niður allt að helmingi af heildarskuldbindingum sem stofnað hefur verið til hjá deildinni vegna loðdýraræktar. Heimildin nær til afskriftar á lánum og niðurfellingar vaxta eftir nán-

ari reglum sem landbúnaðarráðherra setur að höfðu samráði við stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

LÖG

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 12. gr. laganna eins og henni var breytt með lögum nr. 12/1991:

- a. 3. tölul. 1. mgr. orðast svo: Að styðja sveitarfélög og heilsugæslustöðvar til að koma á fót og reka heimaþjónustu fyrir aldraða.
- b. Á eftir 3. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður er orðast svo: Að veita rekstrarfé á árunum 1993, 1994 og 1995 til stofnana fyrir aldraða í samræmi við ákvæði fjárlaga, þó aldrei meira en 55% af heildarúthlutun sjóðsins á árinu.
- c. 2. mgr. fellur niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

LÖG**um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, sbr. lög nr. 86/1991.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. tölul. bráðabirgarðákvæðis laganna:

a. Í stað ártalsins „1992“ í 1. másl. kemur: 1993.

b. Í stað orðanna „1. janúar 1993“ í 4. másl. kemur: 1. janúar 1994.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. desember 1992.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

29. desember 1992

Nr. 111

LÖG**um breytingar í skattamálum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir orðinu „fengnum“ í 1. másl. 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: niðurfærslum skv. 31. gr. og.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 1. mgr. 30. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „15“ í 2. tölul. kemur: 10.

b. 4. tölul. stafliðarins fellur niður.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „gengistöp“ í 1. másl. 1. tölul. komi orðið: niðurfærslu.

b. Í stað hlutfallstölunnar „15“ í 8. tölul. kemur: 10.

c. 11. tölul. greinarinnar fellur niður.

4. gr.

Á eftir 31. gr. laganna komi ný grein, er verði 31. gr. A, með fyrirsögninni *Niðurfærsla eigna*, svohljóðandi:

Eftirtalðar eignir má færa niður með jöfnum fjárhæðum á fimm árum:

1. Stofnkostnað, svo sem kostnað vegna skráningar fyrirtækis og öflunar atvinnurekstrarleyfis.
2. Kostnað við tilraunavinnslu, markaðsleit, rannsóknir og öflun einkaleyfis og vörumerkja.
3. Stofnkostnað við kaup á framleiðslurétti í landbúnaði.

Niðurfærsla samkvæmt grein þessari er heimil til frádráttar í fyrsta skipti á því ári þegar eignanna er aflað eða lagt er í kostnað þeirra vegna. Við sölu eigna skv. 1. og 2. tölul. telst söluverð þeirra að fullu til tekna á söluári að frádregnum þeim hluta sem ekki hefur verið færður niður. Um söluhagnað framleiðsluréttar í landbúnaði, sbr. 3. tölul., fer eftir 14. gr.

5. gr.

5. tölul. 32. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. tölul. 38. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Keyptur eignarréttur að verðmætum hugverkum og auðkennum og aðrar eignir sem um er rætt í 4. tölul. 32. gr., 15–20%.

b. Lokamálsgrein fellur niður.

7. gr.

54. gr., 55. gr., 55. gr. A og 55. gr. B laganna falla brott.

8. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „32,8“ í 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna kemur: 34,3.

9. gr.

1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna orðast svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 282.264 kr.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

a. 2. mgr. B-liðar orðast svo:

Barnabótaauki skal óskertur nema 89.284 kr. með hverju barni hjóna, en 96.784 kr. með hverju barni einstæðra foreldra, en skerðist í hlutfalli við tekjuskattsstofn á tekjuárinu og eignarskattsstofn framfærenda í lok þess, sbr. 3. og 4. mgr. þessa staflíðar.

b. Í stað fjárhæðarinnar „732.000“ í 3. mgr. B-liðar kemur: 549.000.

c. Í stað fjárhæðanna „3.900.000“ og „5.850.000“ í 4. mgr. B-liðar kemur: 4.017.000 og 6.026.000.

d. Í stað orðsins „vaxtagjöldum“ í 1. másl. 2. mgr. C-liðar kemur: 90% vaxtagjalda.

e. Í stað orðsins „tvöfalt“ í 3. og 4. másl. 2. mgr. C-liðar kemur: 80%.

f. Í stað fjárhæðarinnar „438.000“ í 2. másl. 3. mgr. C-liðar kemur: 394.000.

- g. Í stað fjárhæðarinnar „575.000“ í 2. másl. 3. mgr. C-liðar kemur: 518.000.
- h. Í stað fjárhæðarinnar „712.000“ í 2. másl. 3. mgr. C-liðar kemur: 641.000.
- i. Í stað fjárhæðarinnar „2.965.000“ í 3. másl. 2. mgr. C-liðar kemur: 3.054.000.
- j. Í stað fjárhæðarinnar „4.915.000“ í 4. másl. 2. mgr. C-liðar kemur: 5.062.000.

11. gr.

72. gr. laganna orðast svo:

Tekjuskattur lögaðila skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. skal vera 33% af tekjuskattstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.

Tekjuskattur lögaðila skv. 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. skal vera 41% af tekjuskattstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 83. gr. laganna:

Í stað fjárhæðanna „3.412.000“ og „9.550.000“ kemur: 3.514.000 og 9.837.000.

13. gr.

2. mgr. 88. gr. laganna orðast svo:

Þá skipar fjármálaráðherra vararíkisskattstjóra sem skal fullnægja sömu skilyrðum um embættisgengi og ríkisskattstjóri.

14. gr.

89. gr. laganna, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Skattrannsóknarstjóri ríkisins.

Fjármálaráðherra skipar skattrannsóknarstjóra ríkisins. Skal hann fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru í 86. gr. um embættisgengi skattstjóra.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 94. gr. laganna:

- a. Í stað 2. másl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða skattlagningu þeirra aðila eða eftirlit með eða rannsókn á henni. Með skattyfirvöldum í þessari grein er átt við skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra.
- b. Orðið „skattrannsóknarstjóri“ í 1. másl. 2. mgr. fellur niður.
- c. Lokamálsliður 2. mgr. orðast svo: Sömu heimildir hefur skattrannsóknarstjóri ríkisins vegna rannsókna skv. 102. gr. A.
- d. 3. mgr. orðast svo:
Skattyfirvöld hafa enn fremur heimildir þær er um getur í 2. mgr. þessarar greinar gagnvart þeim aðilum sem ekki eru framtalsskyldir.
- e. Á eftir orðinu „ríkisskattstjóri“ í 1. másl. 4. mgr. koma orðin: eða skattrannsóknarstjóri ríkisins.
- f. Í stað orðsins „sakadóms“ í 1. másl. 4. mgr. kemur: héraðsdóms.

16. gr.

5. mgr. 96. gr. laganna orðast svo:

Hafi skattstjóri grun um að skattsvik hafi verið framin skal hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra ríkisins sem ákveður um framhald málsins.

17. gr.

Við 101. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 4. mgr. og orðast svo:

Hafi ríkisskattstjóri grun um að skattsvik hafi verið framin skal hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra ríkisins sem ákveður um framhald málsins.

18. gr.

102. gr. laganna, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Skattefirlit.

Skattstjórar annast skattefirlit, hver í sínu umdæmi. Þá hefur ríkisskattstjóri á hendi yfirstjórn skattefirlits og skattefirlit á landinu öllu. Skattefirlitið nær til eftirlits samkvæmt lögum þessum og lögum um aðra skatta og gjöld sem á eru lögð af skattstjórum eða þeim falin framkvæmd á.

Ríkisskattstjóri skal fylgjast með eftirlitsstörfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau, leiðbeina skattstjórum um eftirlitsaðgerðir og veita þeim upplýsingar um atvinnugreinar, atvinnuvegi eða önnur atriði sem þýðingu hafa við skattefirlit. Hann getur einnig falið skattstjórum athugun á hverju því atriði sem um er getið í þessari grein.

Þegar aðgerðir ríkisskattstjóra samkvæmt þessari grein gefa tilefni til endurákvörðunar á sköttum skal ríkisskattstjóri annast endurákvörðunina, sbr. 3. mgr. 101. gr., nema hann feli hana skattstjóra.

19. gr.

Við lögina bætist ný grein er verður 102. gr. A laganna og, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Skattrannsóknarstjóri ríkisins, skattrannsóknir.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal hafa með höndum rannsóknir samkvæmt lögum þessum og lögum um aðra skatta og gjöld sem á eru lögð af skattstjórum eða þeim falin framkvæmd á.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur að eigin frumkvæði eða eftir kærni hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar skatta lagða á samkvæmt lögum þessum eða aðra skatta og gjöld, sbr. 1. mgr. þessarar greinar. Hann skal annast rannsóknir í málum sem til hans er vísað, sbr. 5. mgr. 96. gr. og 4. mgr. 101. gr.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal við rannsókn samkvæmt þessari grein hafa aðgang að öllum framtölum og skýrslum í vörslu skattstjóra og getur hann krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á frá skattstjórum og ríkisskattstjóra og aðilum sem um ræðir í 94. gr.

Skattrannsóknarstjóra ríkisins er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda að vinna að einstökum rannsóknarverkefnum.

Lögreglu er skylt að veita skattrannsóknarstjóra ríkisins nauðsynlega aðstoð í þágu rannsókna ef aðili færast undan afhendingu bókhaldsgagna og hætta er á sakarspjöllum vegna gruns um væntanlegt undanskot gagna.

Þegar aðgerðir skattrannsóknarstjóra ríkisins gefa tilefni til endurákvörðunar á sköttum skal ríkisskattstjóri annast endurákvörðunina, sbr. 3. mgr. 101. gr., nema hann feli hana skattstjóra.

20. gr.

- a. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 104., 105. og 108. gr. laganna kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.
- b. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóra“ í 115. gr. laganna kemur: skattrannsóknarstjóra ríkisins.

21. gr.

1. mgr. 119. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, svo sem um nánari ákvörðun tekna og eigna, störf skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins, ríkisskattstjóra og yfirskattanefndar og um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsóknar.

22. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1993 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1993, ákvörðun bóta á því ári og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 1994 vegna tekna á árinu 1993 og eigna í lok þess árs. Þó skulu ákvæði b- og c-liða 3. gr., 7. gr., a-, b- og c-liða 10. gr., 11. gr. og 12. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts, eignarskatts og ákvörðun barnabótaauka á árinu 1993 vegna tekna ársins 1992 og eigna í lok þess árs. Þá skulu ákvæði a-liðar 2. gr. og b-liðar 3. gr. ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1994 vegna arðs sem reiknaður er af tekjum rekstrarársins 1993.

23. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 2. laga þessara má á árunum 1993–1997 draga frá tekjum manna skv. II. kafla laga nr. 75/1981, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, fé sem varið er til aukningar á fjárfestingu í innlendum atvinnurekstri á þeim árum samkvæmt lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en 100.000 kr. hjá einstaklingi og 200.000 kr. hjá hjónum og ekki herra hlutfall af því fé sem varið er til fjárfestingarinnar en hér greinir:

- a. Vegna fjárfestingar á árunum 1994 og 1995 skal hann eigi vera hærri en 80% fjárhæðarinnar.
- b. Vegna fjárfestingar á árunum 1996 og 1997 skal hann eigi vera hærri en 50% fjárhæðarinnar.

Fjárhæð umfram frádráttarmörk, sem lögð er í hlutfjárukningu í hlutafélagi eða lögð til hlutfjárkaupa við stofnun hlutafélags, er heimilt að flytja milli ára og nýta á næstu árum en þó ekki lengur en til loka ársins 1997. Ónýtt frádráttarheimild tekur breytingu í samræmi við breytingar á verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Frádráttur vegna hlutabréfakaupa miðast við kaup á hlutabréfum í innlendum hlutafélögum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981, og er háður því skilyrði að maður eigi viðkomandi hlutabréf í a.m.k. þrjú ár. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Skal hann framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, frá því ári þegar hann var dreginn frá tekjum til söluárs. Ekki skal þó beita ákvæðum 2. og 3. másl. um tekju-færslu frádráttar ef maður kaupir önnur hlutabréf í innlendu félagi staðfestu af ríkisskattstjóra í stað hinna seldu innan 30 daga frá söludegi þeirra og kaupverð keyptra hlutabréfa nemur a.m.k. sömu fjárhæð og hinna seldu. Sé kaupverðið lægra skulu ákvæði 2. og 3. másl. eiga við um mismuninn.

Ákvæði bráðabirgðaákvæðis þessa skulu gilda með sama hætti um samvinnuhlutabréf eftir því sem við á.

Hámarksfjárhæðir skv. 2. másl. 1. mgr. skulu breytast í samræmi við skattvísitölu, sbr. 122. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, í fyrsta sinn á gjaldárinu 1993 í samræmi við skattvísitölu þess árs.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd frádráttar samkvæmt þessu ákvæði, þar með talið um millifærslu fjárhæðar umfram frádráttarmörk milli ára og meðferð hans þegar breyting verður á hjúskaparstöðu o.fl.

Þann 1. janúar 1998 falla úr gildi lög nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum, þó þannig að við álagningu opinberra gjalda árið 1998 skulu menn njóta frádráttar frá tekjum vegna fjárfestinga á árinu 1997.

II.

Fjárfestingarsjóður.

Ákvæði 54. gr., 55. gr., 55. gr. A og 55. gr. B laganna skulu gilda m.a. um bindingu, ráðstöfun og viðurlög uns fjárfestingarsjóður hefur að fullu verið nýttur.

III.

Tekjuskattur lögaðila.

Tekjuskattur lögaðila, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, skal við álagningu tekjuskatts á árinu 1993 vegna tekna ársins 1992 vera 39% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.

IV.

Sérstakur tekjuskattur manna.

Á tekjuskattsstofn manna, eins og hann er ákvarðaður samkvæmt lögum nr. 75/1981, með síðari breytingum, skal á árinu 1994 og 1995 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 2.400.000 kr., eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 4.800.000 kr., skal reikna sérstakan 5% tekjuskatt.

Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 2.400.000 kr. reiknast þeim hvor sinn hluti hins sérstaka tekjuskatts. Sé annað hjóna hins vegar undir 2.400.000 kr. í tekjuskattsstofni reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

Sérstakur tekjuskattur skal lagður á í fyrra skiptið álagningarárið 1994 vegna tekna ársins 1993 og í síðara skiptið álagningarárið 1995 vegna tekna ársins 1994.

Fjárhæðir samkvæmt ákvæði þessu skulu taka breytingum í samræmi við breytingar á skattvísitölu, í fyrsta sinn á álagningarárinu 1994 í samræmi við skattvísitölu þess árs.

Sérstakur tekjuskattur samkvæmt ákvæði þessu skal ekki innheimtur með staðgreiðslu opinberra gjalda.

V.

Fyrirframgreiðsla manna á sérstökum tekjuskatti.

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 1994 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember 1993. Fyrirframgreiðslan skal vera 5% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 1993 vegna tekna á árinu 1992 sem eru umfram 2.400.000 kr. hjá einstaklingi og 4.800.000 kr. hjá hjónum.

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 1995 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember 1994. Fyrirframgreiðslan skal vera 5% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 1994 vegna tekna á árinu 1993 umfram 2.400.000 kr. hjá einstaklingi og 4.800.000 kr. hjá hjónum.

Fjárhæðir skv. 1. og 2. mgr. skulu taka breytingum í samræmi við breytingar á skattvísitölu, í fyrsta sinn á árinu 1994 í samræmi við skattvísitölu þess árs.

Gjald dagar fyrirframgreiðslu skv. 1. og 2. mgr. skulu vera fyrsti dagur mánaðanna ágúst til og með desember. Um framkvæmd fyrirframgreiðslunnar skal kveða nánar á í reglugerð.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 1. eða 2. mgr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema hann geti sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum milli ára. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um þetta atriði.

Nú kemur í ljós við álagningu á sérstökum tekjuskatti að fyrirframgreiðsla samkvæmt ákvæði þessu hefur verið of há, og skal mismunurinn þá taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er við upphaf fyrirframgreiðsluskyldu og 1. júlí á álagningarári.

VI.

Um sérstakan tekjuskatt, sem fjallað er um í bráðabirgðaákvæði IV og V, skulu ákvæði VIII.–XIV. kafla laga 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við getur átt.

VII.

Um ráðstöfun tekjuskatts.

Þrátt fyrir ákvæði 109. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, skal af innheimtum tekjuskatti ársins 1993 renna til sveitarfélaga fjárhæð sem svarar 80% af álögðu aðstöðugjaldi, sbr. 2. mgr.

Þar til álagning aðstöðugjalds liggur fyrir skulu sveitarfélögum greidd með fimm jöfnum greiðslum 40% af álögðu aðstöðugjaldi ársins 1992 sem fyrirframgreiðsla upp í greiðslu skv. 1. mgr. Fyrirframgreiðsla samkvæmt þessari grein skal fara fram fyrsta dag mánaðanna febrúar til júní 1993. Þegar álagning liggur fyrir skulu eftirstöðvar greiðslu skv. 1. mgr. gerðar upp með fimm jöfnum greiðslum mánuðina ágúst til og með desember 1993.

Nánar skal kveðið á um fyrirframgreiðslu þessa og uppgjör með reglugerð.

Leiði breytingar skattstjóra við yfirferð framtala og við úrskurð á kærum á aðstöðugjaldsstofni til þess að sýnilegt er að framlag ríkissjóðs, sbr. 2. mgr., hafi verið of hátt eða of lágt í einstöku sveitarfélagi skal ákvarða að nýju umrætt framlag.

VIII.

Málsmeðferð hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Meðferð þeirra mála, sem nú eru til rannsóknar hjá rannsóknardeild ríkisskattstjóra og er ólokið 1. janúar 1993, skal skattrannsóknarstjóri ríkisins annast.

IX.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981 skal aðstöðugjald, álagt á árinu 1993 vegna rekstrar á árinu 1992 en fellt niður við innheimtu, ekki færast til gjalda sem rekstrarkostnaður.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

24. gr.

2. másl. 4. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Ríkisskattstjóri skal miða viðmiðunarreglur við laun fyrir sambærileg störf í venjulegum vinnutíma að viðbættu 15% álagi.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

- a. Í stað 2. másl. 1. mgr. greinarinnar koma tveir nýir málslíðir er orðast svo: Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða gjald- og skilaskyldu þeirra aðila. Með skattyfirvöldum í þessari grein er átt við skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra.
- b. Orðið „skattrannsóknarstjóri“ í 1. másl. 2. mgr. greinarinnar fellur niður.
- c. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 3. másl. 2. mgr. greinarinnar kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.
- d. Í stað orðanna „Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri“ í upphafi 3. mgr. greinarinnar kemur: Skattyfirvöld.
- e. Á eftir orðinu „ríkisskattstjóri“ í 1. másl. 4. mgr. greinarinnar kemur: eða skattrannsóknarstjóri ríkisins.

26. gr.

26. gr. laganna, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Skatteftirlit, skattrannsóknir.

Skattstjórar annast skatteftirlit hver í sínu umdæmi. Ríkisskattstjóri skal fylgjast með eftirlitsstörfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau, leiðbeina skattstjórum um eftirlitsaðgerðir og veita þeim upplýsingar um atvinnugreinar, atvinnuvegi eða önnur atriði sem þýðingu hafa við skatteftirlit.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar gjald- og skilaskyldu samkvæmt lögum þessum. Hann skal annast rannsóknir í málum sem

skattstjóri eða ríkisskattstjóri vísa til hans, sbr. 5. mgr. 96. gr. og 4. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Þegar aðgerðir skattrannsóknarstjóra ríkisins gefa tilefni til ákvörðunar eða endurákvörðunar á gjald- og skilaskyldu samkvæmt lögum þessum skal ríkisskattstjóri annast ákvörðunina eða endurákvörðunina nema hann feli hana skattstjóra, sbr. 3. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

27. gr.

Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 2. málsl. 1. mgr. 22. gr. laganna kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.

28. gr.

Í stað orðanna „sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara“ í 2. mgr. 23. gr. laganna kemur: 1. júlí 1993.

29. gr.

Ákvæði kafla þessa öðlast gildi 1. janúar 1993.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 49/1985, um húsnæðissparnaðarreikninga.

30. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „er nemur fjórðungi árlegs innleggs“ kemur: skv. 2. mgr.
- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein er hljóðar svo:

Skattafsláttur skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

 1. Á árinu 1994 skal skattafslátturinn vera 20% af innleggi á tekjuárinu 1993.
 2. Á árinu 1995 skal skattafslátturinn vera 15% af innleggi á tekjuárinu 1994.
 3. Á árinu 1996 skal skattafslátturinn vera 10% af innleggi á tekjuárinu 1995.
 4. Á árinu 1997 skal skattafslátturinn vera 5% af innleggi á tekjuárinu 1996.
 5. Eftir árslok 1996 skapa innlegg á húsnæðissparnaðarreikninga ekki rétt til skattafsláttar samkvæmt lögum þessum.

31. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Ákvæði 1. málsl. þessarar málsgreinar skulu ekki gilda þótt maður, sem stofnað hefur húsnæðissparnaðarreikning fyrir 1. janúar 1993, geri ekki skil á öllu umsömdu innleggi sem leggja bar inn eftir þann tíma.

32. gr.

Ákvæði kafla þessa öðlast gildi þegar í stað og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1994 vegna innleggs á húsnæðissparnaðarreikninga á árinu 1993 og eigna í lok þess árs.

Frá 1. janúar 1997 falla brott lög nr. 49/1985, um húsnæðissparnaðarreikninga, þó þannig að við álagningu opinberra gjalda árið 1997 skulu menn njóta skattafsláttar vegna innleggs á árinu 1996.

V. KAFLI

Um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

33. gr.

Eigendur fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1993 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

34. gr.

Skattskylda hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eða lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

35. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1992 á fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgangskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

36. gr.

Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1992.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annars, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

37. gr.

Með skattframtali 1993 skal fylgja skrá yfir eignir sem falla undir lög þessi ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð þeirra, eða eftir atvikum kostnaðarverð í árslok 1992. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál eigna sem um er getið í 2. mgr. 36. gr.

Aðilar, sem skattskyldir eru skv. 34. gr. laga þessara en undanþegnir eru tekjuskatts- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1993 skila skrá m skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

38. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,5% af skattstofni skv. 35. gr. Skattinn skal leggja á í heilum tugum króna þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt, sem ekki nær 4.000 kr., skal fella niður við álagningu.

39. gr.

Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts eftir því sem við á nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

40. gr.

Skatt samkvæmt þessum kafla má draga frá tekjum rekstrarársins 1992 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1993. Þá er skatturinn til frádráttar

eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

41. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd kafla þessa með reglugerð.

42. gr.

Ákvæði kafla þessa öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1993.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald.

43. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Í sérstökum gjaldflokki skulu vera atvinnugreinar sem flokkast undir:

1. Fiskveiðar eða iðnað skv. 1., 2. eða 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.
2. Landbúnað, þar með talið skógrækt, fiskeldi, fiskrækt, jarðræktarframkvæmdir og byggingarframkvæmdir á bújörðum.
3. Ferðaþjónustu, nánar tiltekið hótलगisting, ferðaskrifstofur, veitingarekstur, fólksflutningar og útleiga bifreiða. Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um skiptingu gjaldsins í sérstakt og almennt gjald samkvæmt þessari grein hjá þeim aðilum sem hafa með höndum starfsemi sem fellur bæði undir almennan og sérstakan gjaldflokk.

44. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. 1. tölul. orðast svo: Hvers konar laun og þóknanir, þar með talið ákvæðislaun, biðlaun, nefndarlaun, stjórnarlaun, launauppbætur, staðaruppbætur, orlofsfé og greiðslur fyrir ónotað orlof og framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð umfram 6% af launum.
- b. 2. másl. 3. tölul. orðast svo: Þó skal ekki telja til gjaldstofns greiðslur dagpeninga sem heimilt er að halda utan staðgreiðslu samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, og reglugerðum og starfsreglum sem settar eru með stoð í þeim lögum.

45. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1993 vegna launa á því ári og við álagningu tryggingagjalds á árinu 1994. Ákvæði 43. gr. kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1994 vegna launa á því ári og við álagningu tryggingagjalds á árinu 1995.

VII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

46. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 2. gr. laganna:

- a. 6. tölul. orðast svo: Leiguakstur fólksbifreiða, sbr. lög nr. 77/1989, um leigubifreiðar.

- b. 8. tölul. orðast svo: Fasteignaleiga. Útleiga tjaldstæða og bifreiðastæða. Útleiga hótél- og gistihérbergja og önnur gistipjónusta er þó skattskyld. Sama gildir um sölu á aðstöðu fyrir veitingar og samkomur þegar leigt er til skemmri tíma en eins mánaðar.
- c. 13. tölul. fellur brott.

47. gr.

2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Samvinnufélögum, svo og öðrum félögum og stofnunum, enda þótt þau séu undanþegin skattskyldu samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eða sérstökum lögum, að því leyti sem þessir aðilar selja vörur eða skattskylda þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Skattskyldan tekur einnig til þess þegar einungis er selt félagsmönnum eða eingöngu eru seldar skattskyldar vörur og þjónusta félagsmanna.

48. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 12. gr. laganna:

- a. 6. tölul. orðast svo: Sala og útleiga loftfara og skipa. Undanþága þessi nær þó ekki til skipa sem eru undir 6 metrum að lengd, skemmtibáta eða einkaloffara.
- b. Síðari málslíður 7. tölul. orðast svo: Undanþága þessi nær þó ekki til skipa sem eru undir 6 metrum að lengd, skemmtibáta eða einkaloffara.
- c. 9. tölul. fellur brott.
- d. 10. tölul. fellur brott.
- e. 11. tölul. fellur brott.

49. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

- a. 2. mgr. orðast svo:
Ef gefinn er út reikningur vegna afhendingar telst hún hafa farið fram á útgáfudegi reiknings, enda sé reikningur gefinn út fyrir eða samtímis afhendingu.
- b. Við 3. mgr. bætist: eða 87,72% þegar um er að ræða sölu skv. 2. mgr. 14. gr.
- c. Við 1. tölul. 5 mgr. bætist: eða 87,72% þegar um er að ræða sölu skv. 2. mgr. 14. gr.
- d. Við fyrri málslíð 2. tölul. 5. mgr. bætist: eða 87,72% þegar um er að ræða sölu skv. 2. mgr. 14. gr.
- e. Við síðari málslíð 2. tölul. 5 mgr. bætist: eða 87,72% þegar um er að ræða sölu skv. 2. mgr. 14. gr.

50. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal virðisaukaskattur af sölu á eftirtalinni vöru og þjónustu vera 14%:

- 1. Fólksflutningar, að frátöldum leiguakstri fólksbifreiða, sbr. lög nr. 77/1989, um leigubifreiðar.
- 2. Útleiga hótél- og gistihérbergja og önnur gistipjónusta.
- 3. Milliganga um ferðapjónustu.
- 4. Afnotagjöld útvarpsstöðva.
- 5. Sala tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða.
- 6. Sala bóka á íslenskri tungu, jafnt frumsaminna sem þýðdra.
- 7. Sala á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns.

51. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Skattskyldum aðilum er skylt, eftir nánari reglum sem fjármálaráðherra setur með reglugerð, að auðkenna ökutæki sín þegar virðisaukaskattur af öflun þeirra eða leigu telst til innskatts.

52. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

- a. Við 5. málsl. 1. mgr. bætist: eða 12,28% þegar um er að ræða sölu skv. 2. mgr. 14. gr.
- b. 4. mgr. orðast svo:

Við sölu, sem er að hluta til skattskyld og að hluta til undanþegin skatti, skal halda viðskiptum, sem eru skattskyld, greinilega aðgreindum á reikningi frá öðrum viðskiptum. Jafnframt skal á reikningi aðgreina skattskylda sölu eftir skatthlutföllum, þannig að heildarverð vöru og þjónustu ásamt virðisaukaskatti komi sérstaklega fram vegna hvors skatthlutfalls.

53. gr.

8. mgr. 27. gr. laganna orðast svo:

Hafi skattstjóri grun um að skattsvik hafi átt sér stað skal hann tilkynna það skatt-
rannsóknarstjóra ríkisins sem ákveður um framhald málsins.

54. gr.

Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 28. gr. laganna kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.

55. gr.

Við 36. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Fjármálaráðherra getur með reglugerð veitt undanþágu frá skattskyldu vegna innflutnings á prentuðu máli enda sé innflutningur ekki í viðskiptaskyni.

56. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

- a. Í stað 2. málsl. 1. mgr. koma tveir nýir málslíðir er orðast svo: Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða gjald- og skilaskyldu þeirra aðila eða eftirlit með eða rannsókn á henni. Með skattyfirvöldum í þessari grein er átt við skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra.
- b. Orðið „skattrannsóknarstjóri“ í 1. málsl. 3. mgr. fellur niður.
- c. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.
- d. 4. mgr. orðast svo:
Skattyfirvöld hafa enn fremur þær heimildir sem um getur í 3. mgr. gagnvart þeim aðilum sem ekki eru virðisaukaskattsskyldir.
- e. Á eftir orðinu „ríkisskattstjóri“ í 1. málsl. 5. mgr. koma orðin: eða skattrannsóknarstjóri ríkisins.

57. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „skattrannsókna­r­stjóri“ í 3. mgr. kemur: ríkisskattstjóri.
- b. Í stað orðsins „skattrannsókna­r­stjóri“ í 4. mgr. kemur: skattrannsókna­r­stjóri ríkisins.
- c. Í stað orðsins „skattrannsókna­r­stjóra“ í 5. mgr. kemur: skattrannsókna­r­stjóra ríkisins.

58. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „skattrannsókna­r­stjóri“ í 1. og 2. mgr. kemur: skattrannsókna­r­stjóri ríkisins.
- b. Í stað orðsins „skattrannsókna­r­stjóra“ í 4. mgr. kemur: skattrannsókna­r­stjóra ríkisins.

59. gr.

Í stað orðsins „virðisaukaskatt“ í 1. og 3. málsl. 2. mgr. 42. gr. laganna kemur: 60% virðisaukaskatts.

60. gr.

Við 42. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Endurgreiða skal hluta virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og/eða rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns þannig að álagður virðisaukaskattur að frádreginni endurgreiðslu nemi eigi hærrí fjárhæð en 11% af vagnu meðalverði rafveitna og hitaveitna á kílóvattstund. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð, að fenginni tillögu iðnaðarráðherra, nánar um framkvæmd endurgreiðslunnar.

61. gr.

Í stað orðsins „skattrannsókna­r­stjóri“ í 47. gr. laganna kemur: skattrannsókna­r­stjóri ríkisins.

62. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1993. Þó skulu eftirfarandi greinar taka gildi sem hér segir:

- a. 46. gr. og 1., 2. og 3. tölul. 50. gr. laga þessara öðlast gildi frá og með 1. janúar 1994.
- b. C- og d-liðir 48. gr. og 4., 5. og 6. tölul. 50. gr. laga þessara öðlast gildi frá og með 1. júlí 1993.

63. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.**I.**

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 62. gr. laga þessara er þeim aðilum, sem leigja út hótél- og gistiherbergi, heimilt að skrá sig frjálsri skráningu frá 1. janúar 1993 til og með 31. desember 1993.

Aðilar, sem skráðir eru samkvæmt heimild í 1. mgr., skulu greiða virðisaukaskatt af sölu þeirrar þjónustu sem hin frjálsa skráning nær til.

II.

Þeir sem verða skráningarskyldir aðilar samkvæmt ákvæðum 46. gr. laga þessara skulu tilkynna sig til skráningar eigi síðar en 31. október 1993.

III.

Þeim aðilum, sem notið hafa innskattsfrádráttar við öflun og rekstur bifreiðar fyrir 1. janúar 1993, er skylt að auðkenna bifreiðar sínar með sérstöku skráningarkerkjum fyrir 1. júlí 1993.

IV.

Fari afhending skattskyldrar vöru og þjónustu fram eftir gildistöku laga þessara, sbr. 62. gr. laga þessara, skal hún teljast til virðisaukaskattsskyldrar veltu samkvæmt lögum þessum. Þetta gildir án tillits til þess hvort samningur um sölu skattskyldrar vöru og þjónustu hefur verið gerður fyrir gildistöku skv. 62. gr. laga þessara eða greiðsla farið fram þá að hluta eða fullu.

Hafi samningur, sem 1. mgr. þessa ákvæðis tekur til, verið gerður skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna sem svarar virðisaukaskatti samkvæmt lögum þessum, enda sé um að ræða sölu á vöru og þjónustu sem ekki var skattskyld fyrir gildistöku laga þessara, þó ekki ef sannað er að virðisaukaskattur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

VIII. KAFLI**Breyting á lögum nr. 13/1976, um skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs.**

64. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að sambærileg norræn menningarverðlaun falli undir 1. mgr.

65. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast þegar gildi og skulu koma fyrst til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1993 vegna tekna ársins 1992.

IX. KAFLI**Breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.**

66. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Auk bensíngjalds skv. 1. mgr. skal greiða sérstakt bensíngjald sem nemur 1,70 kr. af hverjum lítra af bensíni.

67. gr.

2. másl. 2. gr. laganna orðast svo: Tekjum samkvæmt lögum þessum, að frátöldum tekjum skv. 2. mgr. 1. gr. sem renna í ríkissjóð, skal einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun.

68. gr.

Á eftir orðinu „bensíngjalds“ í 3. másl. 1. mgr. 6. gr. laganna koma orðin: sérstaks bensíngjalds.

69. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1993.

X. KAFLI

Gjald af umboðspóknun í gjaldeyrisviðskiptum.

70. gr.

Lánastofnanir og aðrir aðilar sem versla með erlendan gjaldeyri skulu frá og með 1. janúar 1993 greiða ríkissjóði 45% af þóknun þeirri er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur, hverju nafni sem nefnast, fyrir þjónustu þá sem hér um ræðir.

71. gr.

Frá og með 1. janúar 1994 skal gjald skv. 70. gr. vera 30% og frá og með 1. janúar 1995 skal gjaldið vera 15%.

72. gr.

Seðlabanki Íslands hefur eftirlit með því að gjaldskyldir aðilar skv. 70. gr. inni gjaldið af hendi svo sem mælt er fyrir í lögum þessum.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

73. gr.

Ákvæði kafla þessa öðlast gildi og koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 1993 og gilda til 31. desember 1995. Jafnframt falla úr gildi 1. janúar 1993 lög nr. 52/1984, um gjald af umboðspóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta, með síðari breytingum.

XI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhöfuð og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

74. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „4.930.000“ í 1. málsl. a-liðar 1. mgr. 3. gr. laganna komi: 5.078.000.

75. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu sérstaks eignarskatts á árinu 1993 vegna eignarinnar í lok ársins 1992.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46 27. júní 1985, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. laganna breytast eftirfarandi orðskýringar:

Efri og neðri mörk greiðslumarks eru leyfileg fráviksmörk framleiðslu á lögbyli frá greiðslumarki býlisins án þess að frávikid valdi breytingu á beinum greiðslum úr ríkissjóði nema kveðið sé á um aðrar viðmiðanir í samningum Stéttarsambands bænda og landbúnaðarráðherra skv. a-lið 30. gr. eða í reglugerðum við lög þessi.

Greiðslumark lögbylis er tiltekið magn kindakjöts, mælt í kílógrömmum, eða mjólkur, mælt í lítrum, sem ákveðið er fyrir hvert lögbyli samkvæmt búvörusamningi og veitir rétt til beinnar greiðslu úr ríkissjóði.

Heildargreiðslumark er tiltekið magn kindakjöts mælt í tonnum, eða mjólkur, mælt í lítrum, sem ákveðið er samkvæmt búvörusamningi með tilliti til heildarneyslu innan lands og skiptist milli lögbyla eftir greiðslumarki þeirra.

Verðlagsár er tímabilið frá 1. september til 31. ágúst árið eftir. Þó getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fenginni umsögn Framleiðsluráðs landbúnaðarins, að verðlagsár fylgi almanaksári.

2. gr.

4. másl. 2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Þá skipar stjórn Stéttarsambands bænda tvo menn í Framleiðsluráð, einn samkvæmt tilnefningu Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði og einn samkvæmt tilnefningu Landssamtaka sláturleyfishafa í landinu.

3. gr.

1. másl. 5. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Framleiðsluráð kýs úr sínum hópi aðal- og varamenn í framkvæmdanefnd.

4. gr.

Í 2. mgr. 7. gr. laganna breytist „Búreikningastofu landbúnaðarins“ í „Hagþjónustu landbúnaðarins“.

5. gr.

Í 1. másl. 2. mgr. 11. gr. laganna breytist „Búreikningastofa landbúnaðarins“ í „Hagþjónusta landbúnaðarins“ og í 4. másl. 2. mgr. 11. gr. og í 3. másl. 3. mgr. 11. gr. laganna breytist „Búreikningastofu landbúnaðarins“ í „Hagþjónustu landbúnaðarins“.

6. gr.

20. gr. laganna verður svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra getur heimilað innheimtu verðskerðingargjalds af þeim afurðum sem lög þessi ná til. Það dregst af verði til framleiðenda. Gjald þetta má að hámarki nema 5% af afurðaverði til framleiðenda og skal tekjum af því varið til markaðsaðgerða

innan lands eða utan. Innheimta gjaldsins er háð því að fulltrúafundur Stéttarsambands bænda hafi óskað eftir töku þess og að tillaga um það hafi verið kynnt í fundarboði nema um sé að ræða gjaldtöku til að leiðrétta birgðastöðu skv. 44. eða 51. gr. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um innheimtu og ráðstöfun verðskerðingargjalds.

7. gr.

21. gr. laganna verður svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra getur heimilað innheimtu allt að 5% verðskerðingargjalds af úrvinnslu og heildsölukostnaði afurðastöðva í sama skyni og 20. gr. kveður á um, enda liggja fyrir ósk um gjaldtöku frá landssamtökum viðkomandi afurðastöðva nema um sé að ræða gjaldtöku til að leiðrétta birgðastöðu skv. 44. eða 51. gr.

8. gr.

Á eftir orðunum „til samtaka framleiðenda“ í 25. gr. laganna komi: eða afurðastöðva.

9. gr.

1. másl. 1. mgr. 29. gr. laganna orðast svo: Nú er ákveðið það magn búvöru sem hverjum framleiðanda eru tryggðar beinar greiðslur fyrir samkvæmt heimild í 30. gr. og verð hennar til framleiðanda er ákveðið skv. 8. gr. og er þá afurðastöð skylt að greiða framleiðanda fullt verð innan greiðslumarks samkvæmt gildandi verðlagsgrundvelli á innleggsdegi, sbr. þó 22. gr., fyrir búvöru, aðrar en þær sauðfjárafurðir sem lagðar eru inn í haustsláturtíð, 1. september til 30. nóvember.

10. gr.

Í 1. tölul. 1. mgr. 29. gr. laganna breytist dagsetningin „15. október“ í: 25. október.

11. gr.

4. mgr. 29. gr. laganna orðast svo:

Um greiðsluskyldu afurðastöðva fyrir innlegg umfram greiðslumark, en innan efri marka þess, fer eftir gildandi samningum landbúnaðarráðherra og Stéttarsambands bænda skv. a-lið 30. gr.

12. gr.

Á eftir 5. mgr. 29. gr. laganna kemur ný málsgrein er verður 6. mgr., svohljóðandi:

Taki mjólkursamlag við mjólk umfram greiðslumark framleiðanda sem verður utan heildargreiðslumarks við lokauppgjör skal samsvarandi magn mjólkurafurða markaðsfært erlendis á ábyrgð mjólkursamlags og framleiðanda. Framleiðsluráð landbúnaðarins getur þó heimilað sölu þeirra innan lands ef gengið hefur á birgðir og skortur á mjólkurvörum er því fyrirjáanlegur.

13. gr.

6. mgr. 29. gr. laganna orðast svo:

Hafi verið tekin ákvörðun um verðskerðingu skv. 20.–21. gr. er afurðastöð skylt að halda henni eftir við uppgjör og standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á hinu innheimta verðskerðingarfé.

14. gr.

2. mgr. a-liðar og b-liður 30. gr. laganna falla brott og breytist stafliðaröð í greininni til samræmis við það.

15. gr.

31. gr. laganna fellur brott.

16. gr.

Við 39. gr. laganna, sbr. a-lið 7. gr. laga nr. 5/1992, bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Greiðslur vegna niðurfærslu fullvirðisréttar til framleiðslu sauðfjárafurða skulu greiddar handhafa réttar til beinna greiðslna á lögbýlinu vegna framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1993–1994 samkvæmt skráum Framleiðsluráðs landbúnaðarins 31. janúar 1993. Þetta gildir þó ekki ef gert er samkomulag á milli ábúanda og eiganda lögbýlis, þegar ekki er um sömu aðila að ræða, um annan hátt á greiðslum, enda berist tilkynning þess efnis til landbúnaðarráðuneytisins fyrir 31. janúar 1993.

Taki leiguliði við greiðslunum getur eigandi lögbýlis óskað eftir því við ábúðarlok að tekið verði tillit til þeirra við mat skv. 16. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, að því marki sem þær teljast bætur fyrir skerðingu á búrekstraraðstöðu eftir lok ábúðartímans.

17. gr.

Við 41. gr. laganna, sbr. c-lið 7. gr. laga nr. 5/1992, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nýti réttthafi greiðslumarks það ekki til framleiðslu að neinu leyti í full tvö ár er landbúnaðarráðherra heimilt að fella það niður, enda hafi viðkomandi réttthafa verið tilkynnt um það og honum gefinn kostur á að leggja greiðslumarkið inn til geymslu.

18. gr.

2. og 3. másl. 1. mgr. 44. gr. laganna, sbr. f-lið 7. gr. laga nr. 5/1992, verða svohljóðandi: Verði birgðir kindakjöts í lok verðlagsárs umfram þriggja vikna sölu skulu þær markaðsfærðar innan lands eða utan með markaðsstuðningi sem kostaður skal með innheimtu verðskerðingargjalds, sbr. 20. og 21. gr., hjá framleiðendum kindakjöts og afurðastöðvum við slátrun og innlegg á því verðlagsári sem birgðirnar verða markaðsfærðar. Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveður, að höfðu samráði við samtök sauðfjárframleiðenda og afurðastöðva, hvernig birgðunum skuli ráðstafað og er afurðastöðvum, framleiðendum og öðrum sem kunna að eiga umrætt kjöt skylt að lúta ákvörðun Framleiðsluráðs.

19. gr.

Á eftir IX. kafla laganna kemur nýr kafli, sem verður X. kafli, með fyrirsögninni: **Um aðlögun og stjórn framleiðslu mjólkur 1992–1998**, og breytist kafla- og greinatala í lögnum til samræmis við það, sbr. 7. gr. laga nr. 5/1992. Kafllinn orðast svo:

a. (47. gr.)

Heildargreiðslumark mjólkur er tiltekið magn mjólkur, mælt í lítrum, sem beinar greiðslur ríkissjóðs miðast við. Við ákvörðun þess skal byggt á neyslu innlendra mjólkurvara sem farið hafa um afurðastöð undanfarandi tólf mánaða tímabil og áætlun Framleiðsluráðs landbúnaðarins fyrir komandi ár að teknu tilliti til birgða. Heildargreiðslumark skiptist í greiðslumark lögbýla. Það skal endanlega ákveðið þremur mánuðum fyrir upphaf verðlagsárs vegna framleiðslu næsta verðlagsárs, en verður 100 milljónir lítra verðlagsárið 1992–1993, að lokinni aðlögun fullvirðisréttar til framleiðslu mjólkur að innanlandsmarkaði. Heimilt er að færa niður heildargreiðslumark mjólkur haustið 1993 eða síðar vegna endurkomu fullvirðisréttar sem leigður hefur verið Framleiðnisjóði landbúnað-

arins. Um greiðslur fyrir niðurfærslu fullvirðisréttar til samræmis við úthlutað greiðslumark fer eftir samningum skv. a-lið 30. gr.

Landbúnaðarráðherra skal, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins, ákveða heildargreiðslumark fyrir hvert verðlagsár og setja í reglugerð nánari ákvæði um skiptingu í greiðslumark lögbýla.

b. (48. gr.)

Greiðslumark skal bundið við lögbýli. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal halda skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beinna greiðslna samkvæmt því. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega.

Greiðslumark hvers lögbýlis fyrir verðlagsárið 1992–1993 skal vera jafnt fullvirðisrétti þess eins og hann er að lokinni aðlögun hans að innanlandsmarkaði haustið 1992.

Greiðslumark þaðan í frá breytist í hlutfalli við breytingar á heildargreiðslumarki. Greiðslumark lögbýlis breytist ekki þótt innlegg þess í afurðastöð fari umfram greiðslumarkið.

Nýti réttthafi greiðslumarks það ekki til framleiðslu að neinu leyti í full tvö ár er landbúnaðarráðherra heimilt að fella það niður, enda sé viðkomandi réttthafa tilkynnt um það, gefinn kostur á að leggja greiðslumarkið inn til geymslu og hann hafi staðfest samþykki sitt við þessari ráðstöfun.

c. (49. gr.)

Heimil eru aðilaskipti greiðslumarks á milli lögbýla, enda séu uppfyllt skilyrði þau sem ráðherra setur í reglugerð. Heimilt er þar að kveða á um að sala greiðslumarks, sem framleiðandi hefur leigt Framleiðnisjóði eða öðrum framleiðanda, sé háð því að það hafi verið nýtt til innleggs á lögbýli leigusala í allt að tvö ár fyrir sölu.

Slík aðilaskipti taka ekki gildi fyrr en staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir. Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi þess þarf samþykki beggja fyrir flutningi greiðslumarks frá lögbýli.

Leiguliða er heimilt að kaupa greiðslumark á lögbýlið á sama hátt og kveðið er á um í 2. mgr. 42. gr.

Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um aðilaskipti með greiðslumark og skráningu þess.

d. (50. gr.)

Bein greiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðanda mjólkur og skal svara til 47,1% af framleiðslukostnaði mjólkur samkvæmt verðlagsgrundvelli á innleggsdegi. Hún greiðist samkvæmt greiðslumarki hvers lögbýlis.

Landbúnaðarráðherra skal að undangengnum samningum við Stéttarsamband bænda setja nánari reglur um beinar greiðslur, m.a. um framkvæmd þeirra, greiðslutilhögun, fráviksmörk og ráðstöfun beinna greiðslna vegna ónýtt greiðslumarks. Heimilt er að ákveða misháar beinar greiðslur eftir árstímum.

e. (51. gr.)

Framleiðsla innan heildargreiðslumarks skal notuð til að fullnægja þörfum innlenda markaðarins. Verði birgðir mjólkurafurða í lok verðlagsárs of miklar að mati Framleiðsluráðs landbúnaðarins skulu þær markaðsfærðar innan lands eða utan með markaðsstuðningi sem kostaður skal með innheimtu verðskerðingar, sbr. 20. og 21. gr., hjá mjólkur-

framleiðendum og mjólkursamlögum við innlegg á því verðlagsári sem birgðirnar verða markaðsfærðar. Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveður, að höfðu samráði við samtök mjólkurframleiðenda og afurðastöðva, hvernig birgðunum skuli ráðstafað og er afurðastöðvum, framleiðendum og öðrum, sem kunna að eiga umræddar afurðir, skylt að lúta ákvörðun Framleiðsluráðs. Ákvæði 24., 26. og 27. gr. gilda um innheimtu verðskerðingargjalds.

Safnist upp birgðir vegna samdráttar í neyslu skal landbúnaðarráðherra, í samráði við Stéttarsamband bænda, ákveða sérstaka lækkun á heildargreiðslumarki næsta verðlagsárs til að koma birgðastöðu í jafnvægi á allt að tveimur árum. Heimilt er að verja fjármunum sem sparast vegna þessa til að draga úr tekjuskerðingu framleiðenda eða til söluátaks á birgðum innan lands.

f. (52. gr.)

Ákvæði 45. gr. um úrskurðarnefnd gildir einnig um ágreining vegna ákvörðunar á greiðslumarki lögbýla samkvæmt þessum kafla.

Allir þeir sem hafa fullvirðisrétt/greiðslumark til ráðstöfunar eða hagnýtingar eða hafa með höndum framleiðslu mjólkur eru háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lög þessi hafa í för með sér.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um aðlögun og stjórn framleiðslu mjólkur.

20. gr.

56. gr. laganna verður svohljóðandi:

Framleiðsluráði landbúnaðarins og afurðastöðvum í mjólkuriðnaði er heimilt að gera samkomulag um verkaskiptingu milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara fyrir innlendan og erlendan markað. Í slíku samkomulagi er heimilt að kveða á um verðtilfærslu til að jafna framlegð mismunandi framleiðslutegunda á milli mjólkurbúa. Fimmannanefnd getur gripið inn í verðtilfærslu milli afurða telji hún það nauðsynlegt. Verðtilfærsla má aldrei verða hærri fjárhæð en sem svarar hráefnisverði hvernir afurðar. Samkomulagið öðlast ekki gildi fyrir en landbúnaðarráðherra hefur staðfest það.

21. gr.

Stafliðir A til K í ákvæðum til bráðabirgða falla brott og í stað þeirra koma:

A.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal bera kostnað við sölu á kindakjöti sem fellur til haustið 1992 vegna reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur skv. 5. mgr. 39. gr. laganna um mismunandi niðurfærslur eftir landsvæðum.

B.

